


birta
BJARNI ÁRMANNSSON
*Hleypur til góðs*
matur tíska tíðarandi
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SKÓLABLAÐIÐ
*Gæðadrykkurinn Mjús frá VMA*
Sérblað um skóla og námskeið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







A6VM
30 ÞÚS. KRÓNA AFSLÁTUR !
EIN MEÐ ÖLLU
SKÓLATILBOÐS-VERÐSPRENGJA !
VERÐ ÁÐUR KR. 139.900,-
VERÐ NÚ KR. 109.900,-
AÐEINS 50 STK.
SJÁ Á BLS. 21 Í SKÓLABLAÐINU



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. ágúst 2006 — 220. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Stjórnar skemmtiþætti í beinni



Hermann Gunnarsson stýrir nýjum skemmtiþætti á Stöð 2 sem ber heitið Í sjöunda himni og verður í beinni útsendingu frá Nasa við Austurvöll.

FÓLK 54

### Hattar, smekkir og krabbar

Á Menningarnótt verður boðið til sænskrar veislu þar sem vatnakrabbar verða á boðstólum en í Svíþjóð er til siðs að bjóða upp á vatnakrabba í ágúst.

TÍMAMÓT 32

### Listrænn liðsauki frá Litháen



Anne Gallien segir Íslendinga eiga sitthvað sammerkt með Litháum og vill stuðla að meiri samvinnu landanna. Hún skipuleggur framlag þeirra til Menningarnætur og segir frá listflugi, lúðrasveit og ljósmyndasýningu frá föðurlandinu.

MENNING 39

### Hólmar fer til Silkiborgar



Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson hefur skrifað undir samning við danska úrvalsdeildarfélagið Silkeborg og tekur hann gildi um áramótin. Keflavík og Silkiborg eiga sem stendur í viðræðum um hvort Hólmar fari fyrir næstu mánaðamót.

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI AUSTAN TIL** - I dag verður hæg suðvestlæg átt. Dálítil súld vestan til en bjartviðri á austurhluta landsins. Hiti 11-22 stig, hlýjast til landsins á Norður- og Austurlandi.

VEÐUR 4






**GENGIÐ NIÐUR STÍFLUVEGGINN** Kínverskir verkamenn ganga niður steyptan stífluvegg Kárahnjúkavirkjunar, en hann er með 35 gráðu halla. Málefni Kárahnjúkavirkjunar hafa verið mikið í umræðunni undanfarnar vikur og hafa sérfræðingar deilt um styrk stíflunnar og hvort hún þoli hugsanlegar jarðhreyfingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kennarar gagnrýna stefnu borgarinnar

**Kennarasamband Íslands segir engin fagleg rök fyrir því að kljúfa menntaráð. Stofnun nýs leikskólaráðs var samþykkt á borgarráðsfundi í gær. Sjö hundruð starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar skrifuðu undir mótmælayfirlýsingu.**

**LEIKSKÓLI** Stjórn Kennarasambands Íslands fordæmir vinnubrögð meirihluta borgarráðs um stofnun nýs leikskólaráðs. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá félaginu. Borgarráð samþykkti á fundi í gær að kljúfa menntaráð og stofna nýtt leikskólaráð.

Í yfirlýsingunni segir að engin fagleg rök hafi verið færð fyrir þessari ákvörðun þótt eftir því hefði verið leitað. Ekkert samráð hafi heldur verið haft við fagstéttir eða foreldra um þessa ákvörðun. Væntir stjórn sambandsins þess að borgarstjórn endurskoði þessa ákvörðun.

Áður en fundur borgarráðs hófst í gær var Birni Inga Hrafnssyni formanni afhentur undirskriftalisti þar sem rúmlega sjö hundruð starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar mótmæltu ákvörðuninni. Um átján hundruð manns störfuðu á leikskólum borgarinnar í fyrra.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í borgarráði, segist fordæma fyrirætlanir um að kljúfa menntaráð.

„Það er ótrúlegt hvernig komið hefur verið fram við fagfólk, leikskólakennara og leikskólastjóra," segir hún.

Særún Ármannsdóttir, varaformaður Reykjavíkurdeildar Félags leikskólakennara, segir það vonbrigði að ekki hafi verið hlustað á raddir þeirra sem mótmæltu. „Það segir sitt að yfir sjö hundruð manns hafi skrifað undir á þremur dögum. Mér finnst hafa verið gengið fram hjá þeim öllum."

„Það var fjallað um þennan undirskriftalista en það breytir því ekki að þessi pólitíska ákvörðun var tekin, hún var kynnt fyrsta daginn eftir að nýr meirihluti tók við í borginni. Það stóð svart á hvítu að það stæði til að stofna nýtt leikskólaráð," segir Björn Ingi. „Þó þessar breytingar hjá starfsfólki leikskóla en við höfum bent á að það var heilmikil andstaða hjá sama fólki fyrir einu og hálfu ári þegar leikskólaráð var lagt niður."

- sþs

Mikil velta í hlutabréfum:

# Bankar leiddu hækkanir

**VIÐSKIPTI** Mikil viðskipti voru á hlutabréfamarkaði í gær og fór veltan í gær yfir tuttugu milljarða annan daginn í röð. Hækkaði Úrvalsvísitalan um 2,05 prósent.

Fjármálafyrirtæki og fjárfestingafélög voru í sérflokki hækkana og veltu. Landsbankinn hækkaði um 4,6 prósent, FL Group um 4,4 prósent og KB banki um 3,4 prósent. Bréf Glitnis hækkuðu um 1,1 prósent en Straumur stóð í stað.

Gengi hlutabréfa í Dagsbrún lækkaði hins vegar um tíu prósent í kjölfar sex mánaða uppgjörs sem var undir væntingum markaðsaðila.

- eþa

Flokksþing Framsóknarflokksins hefst á Hótel Loftleiðum síðdegis í dag:

# Þrengsli helsta vandamálið

**STJÓRNMÁL** Þröngt verður um þingfulltrúa á flokksþingi Framsóknarflokksins sem hefst síðdegis í dag á Hótel Loftleiðum. Um miðjan dag í gær hafði 841 flokksmaður boðað setu sína en 878 hafa seturétt.

Þingið er haldið í þingsal Loftleiða sem tekur um fimm hundruð manns og því augljóst að fullt verður út úr dyrum og rúmlega það. „Þingið var ákveðið með ekki löngum fyrirvara og þá á maður ekki marga kosti," segir Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, um húsnæðismálin. Hann bendir þó á að óvíst sé að allir sitji allt þingið. Halldór Ásgrímsson, fráfarandi formaður, flytur ræðu sína upp úr klukkan fimm í dag og er búist við að hann geri þar upp samofna pólitíska sögu sína og flokksins síðustu 30 ár. Kosning til formannsembættisins hefst klukkan hálf tíu á morgun og er reiknað með að úrslit liggi fyrir um klukkan ellefu. Í kjölfarið hefja svo kosningar til embætta varaformanns og ritara.

- bþs






## SPURNING DAGSINS

*Geir, þið hafið ekki leyft Spánverjunum að vera í biluðu sætunum?*

„Ég bara veit ekki hvort þeir voru þar eða ekki. En ég vona að við náum að herða íslensku steypuna.“

Sextíu sæti hrundu á gólf nýju stúkunnar á Laugardalsvelli á landsleik Íslendinga og Spánverja á þriðjudag. Geir Þorsteinsson er framkvæmdastjóri KSÍ.

Rannsókn á kynferðisbrotamáli stopp milli Hvolsvallar og Reykjavíkur:

# Enginn að rannsaka málið

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á máli karlmanns sem kærður hefur verið fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum á samkomu línudansara um verslunarmannahelgina stendur ekki yfir eins er. Málið var í rannsókn hjá lögreglunni á Hvolsvelli en að sögn Gils Jóhannssonar varðstjóra var rannsókn málsins flutt til Reykjavíkur einhvern tíma á dögunum.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson, yfirmaður ofbeldis- og kynferðisbrotadeildar lögreglunnar í Reykjavík, kannast ekki við að hafa fengið þetta mál inn á borð til sín. „Ég hef ekki séð nein málsgögn. Þau kunna að vera á leiðinni en þetta getur tekið einhverja daga.“ Maðurinn sem um ræðir hafði að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli ekki verið yfirheyrður þegar rannsókn málsins var send til Reykjavíkur. Þó sé vitað hver hann er og að hann sé ekki í felum.

Hann er grunaður um að hafa berað kynfæri sín fyrir framan þrjár 8 til 12 ára stúlkur og leitað á að minnsta kosti eina þeirra á samkomu línudansara á Heimalandi í Rangárþingi eystra um verslunarmannahelgina. Maðurinn mun hafa verið ölvaður þegar meint brot átti sér stað. Hann flúði svo af vettvangi þegar ein stúlkan hótaði að kalla í föður sinn. - sþs



**HVOLSVÖLLUR** Lögreglan á Hvolsvelli hafði ekki yfirheyrt manninn þegar rannsókn málsins var send til Reykjavíkur. Yfirmaður ofbeldis- og kynferðisbrotadeildar lögreglunnar í Reykjavík kannast ekki við að hafa fengið málið inn á borð til sín.

Fyrrverandi CIA-maður:

## Sakfelldur fyrir barsmíðar

**BANDARÍKIN, AP** Fyrrverandi leyniþjónustumaður, sem starfaði sem verktaki bandarísku leyniþjónustunnar CIA við yfirheyrslur í fangelsi í Afganistan árið 2003, var í gær sakfelldur fyrir líkamsárás af kviðdómi í Norður-Karólínu.

Fanginn sem hinn sakfelldi, David Passaro, lamdi dó í kjölfar barsmíðanna, en Passaro var þó ekki ákærður fyrir að hafa valdið dauða hans. Passaro á allt að ellefu og hálfs árs fangelsisdóm yfir höfði sér. Hann er fyrsti borgaralegi Bandaríkjamaðurinn sem er dreginn fyrir rétt vegna illrar meðferðar á föngum frá því Bandaríkjaher réðst inn í Afganistan og Írak. - aa



JÓHANN FANNAR INGIBJÖRNSSON



GUÐMUNDUR ADAM ÓMARSSON

Banaslys á Garðskagavegi:

## Nöfn þeirra sem létust

Mennirnir sem létust í umferðarslysi á Garðskagavegi norðan við Sandgerði í fyrradag, hétu Jóhann Fannar Ingibjörnsson og Guðmundur Adam Ómarsson.

Jóhann Fannar var fæddur þann 17. júní árið 1972 og var 34 ára. Hann var til heimilis að Lómatjörn 40 í Njarðvík. Hann lætur eftir sig konu og þrjú börn.

Guðmundur Adam var fæddur þann 11. október árið 1984 og var 21 árs. Hann var til heimilis að Hlíðargötu 1 í Sandgerði.

Banaslys á Vesturlandsvegi:

## Nafn stúlkunnar sem lést



LINDA BJÖRG RAFNSDÓTTIR

Stúlkan sem lést í umferðarslysi á Vesturlandsvegi á Kjalarnesi í fyrradag hét Linda Björg Rafnsdóttir.

Linda Björg var fædd 14. ágúst 1990. Hún bjó í Klukkurima 49 í Reykjavík.

### LÖGREGLUFRÉTT

**Mikill hraði á ferðamönnum** Níu ökumenn voru stöðvaðir fyrir hraðakstur við Vík í gær. Þar af voru sex erlendir ferðamenn á bílaleigubílum. Sá sem hraðast ók mældist á liðlega 140 kílómetra hraða.

# Gert að þegja um Kárahnjúkavirkjun

**Yfirmenn Gríms Björnssonar hjá Orkuveitu Reykjavíkur hafa bannað honum að tjá sig um framkvæmdirnar á Kárahnjúkasvæðinu. Vinnuregla að tjá sig ekki um samkeppnisaðila á markaði, segir talsmaður Orkuveitu Reykjavíkur.**

**DEILUR** Yfirmenn Orkuveitu Reykjavíkur hafa biðlað til Gríms Björnssonar, jarðeðlisfræðings og sérfræðings í forðafræði jarðhita, að tjá sig ekki opinberlega um málefni tengd Kárahnjúkavirkjun. Grímur var til viðtals í Fréttablaðinu 29. júlí síðastliðinn og sagðist hann hafa „mikla ónotatilfinningu fyrir stíflustæði Kárahnjúkavirkjunar“, vegna niðurstaðna sem jarðfræðingarnir Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson leiddu í ljós með rannsóknum á sprungum við framkvæmdasvæðið við Kárahnjúka í júlí og ágúst í fyrra.

Guðjón Magnússon, sviðsstjóri hjá Orkuveitunni og talsmaður fyrirtækisins í fjarveru Eiríks Hjálmarssonar upplýsingafulltrúa og Guðmundar Þóroddssonar forstjóra, segir starfsreglur Orkuveitunnar skýrar. „Það er starfsregla hjá Orkuveitu Reykjavíkur að tjá sig ekki um málefni samkeppnisaðila á markaði. Starfsmenn fyrirtækisins eiga ekki að gera það. Það er mat í hvert skipti hvar mörkin liggja og við tjáum okkur ekki um þessi mál, sérstaklega eftir að raforkusala var gefin frjáls í landinu.“

Grímur Björnsson staðfestir að honum hafi verið gert að tjá sig ekki um málefni Kárahnjúkavirkjunar. „Yfirmenn mínir hafa óskað eftir því að ég tjái mig ekki um málefni samkeppnisaðila, nema með leyfi forstjóra fyrirtækisins.“

Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir yfirmenn Orkuveitunnar hafa tjáð sér að starfsmenn fyrirtækisins ættu ekki að tjá sig um málefni samkeppnisaðila. „Grímur Björnsson gerði grein fyrir athugasemdum sínum vegna framkvæmdanna á Kárahnjúkasvæðinu á stjórnarfundi hjá Landsvirkjun. Nýlega hafa yfirmenn hans hjá Orkuveitunni upplýst mig um að það sé verklag Orkuveitunnar að starfsmenn fyrirtækisins tjái sig ekki um málefni samkeppnisaðila.“

Ekki náðist í Guðmund Þóroddsson, forstjóra Orkuveitunnar, en hann var erlendis þegar leitað var eftir viðtali við hann. - mh



**FRÁ KÁRAHNJÚKASVÆÐINU** Grímur Björnsson hefur lýst yfir efasemdum um stíflustæðið við Kárahnjúka vegna jarðvirkni á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GRÍMUR BJÖRNSSON



FRIÐRIK SOPHUSSON



**ÍÞRÓTTAÁLFURINN** Börnin á Tjarnarborg hituðu upp með álfinum.

Reykjavíkurmaraþonið:

## Metþátttaka í maraþoni

**MARAÞON** Um fimm þúsund og sex hundruð manns hafa skráð sig í Reykjavíkurmaraþonið sem fram fer á laugardag en það er metþátttaka. 1.744 börn hafa skráð sig til þátttöku í Latabæjarmaraþoninu sem er einn og hálfur kílómetri.

Íþróttaálfurinn úr Latabæ brá undir sig betri fætinum í gær og heimsótti börnin á leikskólanum Tjarnarborg í Reykjavík til að hita upp fyrir Latabæjarmaraþonið. Íþróttaálfurinn gerði nokkrar æfingar með krökkunum sem voru að vonum ánægð með komu hans og léku þau á als oddi með kappanum í sólinni. Íþróttaálfurinn og vinir hans munu sjá um upphitun fyrir Latabæjarmaraþonið. -rsg

Banaslys við Hrafntinnusker:

## Nafn mannsins sem lést

Maðurinn sem lést af slysförum í íshelli við Hrafntinnusker í fyrradag var þýskur ferðamaður og hét Oliver Meisner.

Oliver var fæddur 5. september árið 1968 og var því 37 ára gamall þegar hann lést. Hann lætur eftir sig eiginkonu.

Opið hús
Laugardaginn 19. ágúst frá 13 -16
Stuttar kynningar á öllum námskeiðum skólans á hálftíma fresti.
10 heppnir gestir fá gjafabréf að verðmæti 25.000.-
ntv.is
Hlíðasmára 9 - 201 Kópavogur - Sími 544 4500

Deilur einkenna þjóðlífið á Srí Lanka:

# Átök á friðarsamkomu

**SRÍ LANKA, AP** Sex til sjö búddamunkar trufluðu friðsamleg mótmæli í höfuðborg Srí Lanka í gær. Munkarnir, sem einnig halda úti hægrisinnuðum stjórnmálaflokki, ruddust upp á svið þegar srílanskur þingmaður hélt tölu og hvöttu ákaft til stríðs gegn Tamíltígrunum. Þátttakendur í mótmælunum ókyrrðust og ráku munkana að lokum á brott. Engin slys urðu á mönnum.

Áköll um frið á Srí Lanka bárust í gær frá utanríkisráðuneytum Bandaríkjanna og Finnlands, en Finnar fara nú með formennsku í Evrópusambandinu. ESB heitir „fullum stuðningi“ við friðarferlið og sáttatilraunir Norðmanna, og Bandaríkjamenn fara fram á að vopnahléið verði „tafarlaust“ virt á nýjan leik.

Forseti landsins tilkynnti á miðvikudaginn að ekki yrði látið undan kröfum Tamíltígra um að stjórnarherinn hafi sig á brott af Jaffna-skaga, en í átökunum þar létust um átta hundruð manns í síðustu viku. Þorfinnur Ómarsson segir að norræna eftirlitssveitin hafi nú fært bækistöðvar sínar frá Trincomalee vegna sprenginga þar og eru eftirlitsmennirnir nú í öruggri fjarlægð frá átökunum. „Okkur er ætlað að fylgjast með vopnahléi en ekki stríði,“ sagði Þorfinnur í samtali við *AP* í gær. - kóþ



**HERSKÁIR BÚDDAMUNKAR** Galafodaatte Ganasara, leiðtogi búddamunkanna, sést hér dreginn út úr átökunum af samherjum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

120 1886 2006

Landsbankinn

Máttarstólpi Menningarnætur

# Menningarnótt **19. ágúst**
# Dagskrá Landsbankans

## Austurstræti 11 – Aðalsviðið

21.30 **Mezzoforte**
í fyrsta sinn á Íslandi í 20 ár
í upprunalegri mynd

21.00 **Benni Hemm Hemm**

20.30 **Baggalútur**
ásamt gestum

20.00 **Gunni og Felix ásamt Sprota**
skemmta börnum og fullorðnum
á útisviði

19.30 **Þjóðleikhúsið**
Brúðuleikhús fyrir fullorðna
Umbreyting - Ljóð á hreyfingu

19.00 **Guitar Islancio**

18.30 **Íslenski dansflokkurinn**

18.00 **Gunni og Felix ásamt Sprota**
skemmta börnum og fullorðnum

16.00 **Listaverkaganga um Aðalbanka**
Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur
sýnir og segir frá listaverkum í eigu
bankans

Kynnir: Gísli Einarsson „Út og suður"

## Laugavegur 77 – Hitt sviðið

17.15 **Jeff Who?**

16.50 **Reykjavík!**

16.25 **Hairdoctor**

16.00 **Skátar**

15.35 **Jakobínarína**

15.10 **Jan Mayen**

14.45 **Bogomil og Flís**

14.20 **Benny Crespos Band**

14.00 **Capybara**



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 33608 08/2006

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 17.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,03 | 69,35 |
| Sterlingspund | 130,84 | 131,48 |
| Evra | 88,79 | 89,29 |
| Dönsk króna | 11,898 | 11,968 |
| Norsk króna | 10,991 | 11,055 |
| Sænsk króna | 9,663 | 9,719 |
| Japanskt jen | 0,5983 | 0,6017 |
| SDR | 102,81 | 103,43 |

*Gengisvísitala krónunnar*
122,4788

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gæsluvarðhald staðfest yfir manni sem grunaður er um stórfellt fíkniefnasmygl:

# Talinn vera höfuðpaurinn

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands staðfesti í gær gæsluvarðhald yfir manni sem grunaður er um að hafa skipulagt stórfellt kókaínsmygl.

Lögregla handtók fjórmenninga í Leifsstöð 9. ágúst síðastliðinn. Kona um tvítugt, sem var að koma frá Spáni, var stöðvuð við reglubundið eftirlit tollgæslunnar í Leifsstöð og við leit á henni fundust fíkniefni. Í kjölfarið var ferðafélagi hennar, ungur maður um tvítugt handtekinn í flugstöðinni eftir að hafa farið í gegnum hlið tollgæslunnar. Aðrir tveir einstaklingar voru þá handteknir í biðsal flugstöðvarinnar. Alls fundust tæp tvö kíló af kókaíni á parinu. Maðurinn sem var úrskurðaður í gæsluvarðhald í gær er grunaður um skipulagningu og fjármögnun ferðarinnar. Ákæruvaldið krafðist þess að maðurinn sæti í gæsluvarðhaldi til 29. ágúst. Lögreglu grunar að maðurinn eigi sér vitorðsmenn, mögulega bæði hér á landi og erlendis, sem kunna að tengjast fjármögnun, kaupum á fíkniefnunum og ætlaðri móttöku og dreifingu efnanna hér á landi.

Söluandvirði efnisins er um þrjátíu til fjörutíu milljónir króna, að sögn Jóhanns R. Benediktssonar, sýslumanns á Keflavíkurflugvelli. **- æþe**



**SÝSLUMAÐURINN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Jóhann segir söluandvirði kókaínsins vera um 30 til 40 milljónir króna.

Um helmingur barna bíður:

# Enn vantar 75 starfsmenn

**FRÍSTUNDAHEIMILI** Enn á eftir að útvega tæplega helmingi barna pláss á frístundaheimilum í Reykjavík, en þau taka til starfa eftir tæpa viku. Alls hafa 2.356 umsóknir borist um vistun fyrir börn á frístundaheimili og þar af er búið að útvega 1.282 börnum pláss.

Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri hjá ÍTR, segir að nú vanti 75 starfsmenn á frístundaheimilin en verið sé að fara yfir þær umsóknir sem liggi fyrir. Steingerður segir að börnum verði ekki forgangsraðað á biðlistana heldur verði þeim útvegað pláss eftir röð umsókna. **- hs**



**Á SKRIFSTOFU HÖNNUNAR** Mótmælendur ruddust nývérið inn á skrifstofu Hönnunar og héldu starfsfólki í gíslingu.

Héraðsdómur Austurlands:

# Mótmælendur ákærðir í gær

**DÓMSMÁL** Mótmælendur sem staðið hafa fyrir aðgerðum víða um Austurland voru færðir fyrir dómara í Héraðsdómi Austurlands í gær.

Ríkissaksóknari ákærði þá sem aðild áttu að aðgerðum í húsakynnum Hönnunar á Reyðarfirði, en þar ruddust mótmælendur inn og héldu starfsfólki í gíslingu. Sýslumaðurinn á Eskifirði ákærði mótmælendur fyrir aðgerðir þeirra á byggingarsvæði álvers Alcoa á Reyðarfirði á miðvikudag, þar sem 13 mótmælendur fóru inn á vinnusvæðið og urðu til þess að vinna lá niðri í átta tíma. Þá ákærði sýslumaðurinn á Seyðisfirði mótmælendur sem ekki höfðu hlýtt tilskipunum lögreglu og farið inn á lokað vinnusvæði. **- öhö**

Hert skilyrði til meiraprófs:

# Aldursmörkin hækkuð

**ÖKURÉTTINDI** Til að fá réttindi til aksturs vörubíla í atvinnuskyni þurfa bílstjórar að vera orðnir 21 árs í stað 18 eins og nú er og til aksturs hópferðabíla þurfa ökumenn að vera orðnir 23 ára í stað 21 árs.

Ný reglugerð sem er í smíðum í samgönguráðuneytinu miðar að þessu. Þá er ráðgert að endurnýjun meiraprófsins fari fram á fimm ára fresti í stað tíu áður. **- bþs**

# Rúmlega eitthundrað hafa látist í umferðinni frá 2002

**Alls hafa fimmtán látist í fjórtán umferðarslysum á árinu, níu karlmenn og sex konur. Frá árinu 2002 hafa 109 látist í umferðinni, þar af eru fjórtán útlendingar. Að meðaltali látast árlega 24 í umferðarslysum.**

**DAUÐSFÖLL** Tvö banaslys urðu í umferðinni í fyrradag, þar sem þrennt lést. Með því hækkaði tala látinna í umferðinni þetta árið upp í fimmtán og eru banaslysin orðin fjórtán talsins. Frá því árið 2002 hafa 109 látist í 92 banaslysum hér á landi, 66 karlmenn, 37 konur og 6 börn. Þarna á meðal eru fjórtán útlendingar.

Á þessu tímabili létust fæstir árið 2005, eða nítján einstaklingar í sextán umferðarslysum. Þar af voru þrettán karlmenn og sex konur. Þá létust tveir erlendir vegfarendur það ár.

Banaslys í umferð eru skilgreind þannig að látist maður af völdum áverka sem hann hlýtur í umferðarslysi innan þrjátíu daga frá því að slysið átti sér stað, telst hann hafa látist vegna umferðarslyss. Talan yfir banaslys og fjölda látinna er tengd en er ekki sú sama, þar sem stundum farast fleiri en einn einstaklingur í hverju banaslysi.



**BANASLYS Á GARÐSKAGAVEGI** Tveir menn létust í fyrrakvöld eftir árekstur tveggja bíla á Garðskagavegi skammt frá Sandgerði.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

**Fjöldi banaslysa og látinna 2002 til nú**




*til dagsins í dag

Alls hafa fjórtán útlendingar látist í umferðinni á þessu tímabili.

HEIMILD: UMFERÐARSTOFA

Kjartan Þórðarson, sérfræðingur hjá Umferðarstofu, segir að ekki stefni í metár hvað fjölda látinna varðar. Hann segir atvikið í fyrradag þó hafa breytt tölunni mikið, en árið í ár sé ekki það frábrugðið síðustu árum. Að meðaltali hafi um 24 látist á ári í umferðinni frá árinu 2002.

„Það stefnir ekki í metár held ég. Fyrripartur ársins var mjög góður og fram á vorið höfðu tæplega tíu manns látist í umferðinni. En ekki má gleyma að skjótt skipast veður í lofti og þessi þrjú dauðsföll í fyrradag breyttu stöðunni mikið,“ segir Kjartan.

Í ár hefur einn útlendingur látið lífið í umferðinni það sem af er. Á tímabilinu 2002 til dagsins í dag hafa að meðaltali þrír útlendingar látist í umferðinni hér á landi árlega.

„Það eru alltaf nokkrir útlendingar sem látast í umferðinni hér á landi árlega og við höfum reynt að bregðast sérstaklega við því. Við höfum meðal annars gefið út fræðsluefni fyrir útlendinga sem við höfum beðið bílaleigurnar um að dreifa. Svo höfum við birt leiðbeiningar í blöðum sem útlendingar geta lesið hér á landi og svo framvegis,“ segir Kjartan. „Meginvandamálið hjá þeim er að aka á malarvegunum, sem þekkjast varla úti. Þar eru jú til vegir utan alfaraleiðar, en ekki með þessari rúllandi möl eins og þekkist hér á landi.“

Markviss skráning umferðarslysa hófst hér á landi árið 1966. Samkvæmt tölum frá Umferðarstofu létust 37 einstaklingar í 33 banaslysum í umferðinni árið 1977, eða fyrir 29 árum. Árið 1996 létust tíu manns í tíu banaslysum.

**aegir@frettabladid.is**

**BÍLL DAGSINS**

**OPEL CORSA 1,2**

Nýskr. 05.03 - Beinskiptur - Ekinn 60 þús. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MENNING Í MENNINGARVEÐRI !!**

Því er vart hægt að neita að blessuð rigningin er samofin menningu og sögu þessa lands. Á morgun hefst hin stóra og mikla hátíð - Menningarnótt í Reykjavík. Vel horfir með veður enda mildar suðlægar áttir en þó verður að viðurkennast að það er að sjá einhverja vætu í kortunum. Hún fellur þó að líkindum fyrripartinn og úrkomulítið um kvöldið - gangi spár eftir.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg suðvestlæg átt. Skýjað og þurrt að kalla. Hiti 11-14 stig.

## VEÐURSPÁ

*um hádegi »*




*» á morgun*




Sunnan 5-8 m/s vestan til, annars hægari

*» sunnudagur*




Hæg suðlæg eða breytileg átt

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 24°C skúrir | London | 22°C skúrir | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Billund | 22°C skúrir | París | 23°C skúrir | Mallorca | 26°C léttskýjað |
| Osló | 24°C skúrir | Frankfurt | 25°C skúrir | Algarve | 31°C skúrir |
| Stokkhólmur | 26°C heiðskírt | Friedrichshafen | 29°C hálfskýjað | Krít | 32°C heiðskírt |
| Gautaborg | 22°C léttskýjað | Berlín | 21°C rigning | Las Palmas | 27°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Ragnar Ómarsson
Yfirmatreiðslumeistari á Salt, Radisson 1919
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

# KJÚKLINGABRINGUR

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA
## með fetaosts- og ólífufyllingu

4 stk. kjúklingabringur
1 dl fetaostur
1 dl grænar ólífur
1/3 búnt steinselja
Salt og pipar
tannstönglar

Saxið ólífur og steinselju. Myljið fetaost og blandið þessu þrennu saman. Ristið í hliðina á kjúklingabringunum með hníf þannig að vasi myndist, setjið fyllinguna inn í og lokið fyrir með tannstönglum. Kryddið bringurnar með salti og pipar og steikið á heitri pönnu, á báðum hliðum. Setjið síðan inn í 180°C heitan ofn í 6 mínútur eða þar til osturinn er bráðnaður.




Frosnar **Kjúklingabringur**

TILBOÐ 1.599 kr/pk
Verð áður 1.899,-

Kjöt & fisktorgið



25% afsláttur

Ferskar **svínalundir** úr kjötborði

TILBOÐ 1.912 kr/kg
Verð áður 2.549,-

Kjöt & fisktorgið



25% afsláttur

Ferskar **nautalundir** úr kjötborði

TILBOÐ 2.998 kr/kg
Verð áður 3.998,-

Jói FEL



**Við kynnum með stolti þrjár nýjungar frá Jóa Fel, sósur sem frábært er að nota:**

- á salatið
- sem brauðdýfu
- á reyktan og grafinn lax




TILBOÐ 299 kr/stk
Verð áður 439,-

**Freschetta Roma pizzur**
- fljótlegt og gott

Nýtt í Hagkaupum




TILBOÐ 399 kr/pk
Verð áður 518,-

**Daloon Shoo Van rúllur**
- nýjar vorrúllur frá Daloon

Nýtt í Hagkaupum




**Ítalía kaffi**
- beint frá Ítalíu, 3 tegundir
Njóttu þess besta!

Gildir til 20. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Ert þú fylgjandi hrefnuveiðum í vísindaskyni?*

| | |
|---|---|
| Já | 78,5 % |
| Nei | 21,5 % |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að hækka bílprófsaldur í 18 ár?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

visir

Litháar votta Íslendingum þakklæti fyrir stuðninginn í sjálfstæðisbaráttunni:

# Vinabönd þjóðanna treyst

**STJÓRNMÁL** Þakklætisskjal með undirskriftum meira en tvö hundruð þúsund Litháa verður afhent Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, á Bessastöðum á morgun. Með skjalinu er Íslendingum þakkaður stuðningurinn í sjálfstæðisbaráttu Litháen, Lettlands og Eistlands fyrir fimmtán árum en Íslendingar gengu fram fyrir skjöldu og viðurkenndu sjálfstæði baltnesku þjóðanna þvert gegn vilja stjórnvalda í Moskvu.

Í tilefni þessa eru á annað hundrað Litháar komnir til Íslands og verða þeir áberandi í dagskrá Menningarnætur í Reykjavík með tónlistarflutningi og listflugi.



**JÓN BALDVIN Í LITHÁEN** Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra, heimsótti Litháen í janúar 1991. Með honum á myndinni er Vytautas Landsbergis, forseti litháíska þingsins.

Þá verður ljósmyndasýning opnuð síðdegis í dag í sal Tryggingamiðstöðvarinnar við Aðalstræti 6, þar sem daglegu lífi í Litháen er lýst. Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, opnar sýninguna en hann kom mjög við sögu sjálfstæðisbaráttu ríkjanna þriggja á sínum tíma.

Að auki verður vinabæjarsáttmáli milli Reykjavíkur og Vilníus, höfuðborgar Litháen, undirritaður á Bessastöðum á morgun.

Gintautas Babravicius, fyrrverandi þingmaður í Litháen, skipuleggur Íslandsförina að tilstuðlan Valdasar Adamkus, forseta landsins. -bþs / sjá síðu 39

Flugfélög búast til varnar:

# Vilja höfða skaðabótamál

**BRETLAND, AP** Nú er draga tekur úr viðbúnaði af völdum hryðjuverkasamsærisins, sem tókst að koma í veg fyrir í Bretlandi eru lögfræðingar flugfélaga í óða önn að safna gögnum um fjárhagstjónið sem þau hafa orðið fyrir af völdum viðbúnaðarins og íhuga hvern gera skuli ábyrgan fyrir því.

Spjót British Airways beinast einkum og sér í lagi að BAA, sem hefur yfirumsjón með rekstri flugvalla. Talsmenn flugfélaga halda því fram að stofnunin hafi brugðist illa við neyðarástandinu sem leiddi til þess að hundruðum áætlunarflugferða var aflýst eða seinkað mjög mikið. - aa








**MISMUNANDI TILGANGUR** Hljóðritun símtala til fyrirtækja og stofnana snýr meðal annars að verndun hagsmuna viðskiptavina, fyrirtækjanna sjálfra og öryggi starfsmanna þeirra.

# Símtöl til fleiri stofnana hljóðrituð

**Hljóðritun símtala til fyrirtækja og stofnana eru ekki háðar leyfi Persónuverndar. Þó skal tilkynna um þær eigi að nota þær til að meta frammistöðu starfsmanna. Barnaspítali Hringsins og Síminn vakta símtöl sem þangað berast.**

**FJARSKIPTI** Símtöl á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins eru hljóðrituð, að því er fram kemur í tilkynningu frá Landspítala - háskólasjúkrahúsi til Persónuverndar . Þá hefur Síminn tilkynnt um reglubundna vöktun á símtölum til þjónustuvers og í upplýsingar um símanúmer. Símtöl til Barnaspítalans eru meðal annars hljóðrituð ef skaðabótamál kynnu að vera höfðuð gegn LSH. Vöktun Símans miðar að því að bæta þjónustu starfsmanna.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru öll símtöl til þjónustuvers Orkuveitu hljóðrituð meðal annars vegra alvarlegra hótana innhringjenda við starfsmenn OR.

„Persónuvernd hefur ekki gefið út leyfi fyrir hljóðritunum símtala hjá Orkuveitunni, enda er slík hljóðritun ekki háð leyfi stofnunarinnar," segir Særún María Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd. „Hún þarf hins vegar að uppfylla skilyrði fjarskiptalaga, sem mæla fyrir um skyldu til að tilkynna um hljóðritun í upphafi símtals, og laga um persónuvernd um ýmis atriði sem fyrst og fremst snúa að meðferð og úrvinnslu upptökunnar."

Særún María segir samskipti Persónuverndar og Orkuveitunnar hafa verið þau að OR hafi sent inn tilkynningu um hljóðritunina og óskað eftir nánari ráðleggingum vegna varðveislu og meðhöndlunar á upptökunum. Tilkynningin hafi síðan verið birt á heimasíðu Persónuverndar þar sem hana sé að finna. Þá hafi fyrirtækinu verið veittar umbeðnar leiðbeiningar um ýmis atriði svo sem varðveislutíma, fræðslu til starfsmanna og rétt til að hlusta á hljóðupptökur.

„Í niðurlagi bréfs Persónuverndar til OR sagði, að einungis hafi verið veittar leiðbeiningar um það lagaumhverfi sem gildir varðandi hljóðupptökur símtala, en engin efnislega afstaða Persónuverndar hefur verið tekin um hana," segir Særún María. Hún bætir við að Persónuvernd hafi því miður ekki góða yfirsýn yfir hve algeng hljóðritun símtala sé hjá fyrirtækjum og stofnunum. Það stafi af því að hljóðritun símtala sé ekki tilkynningaskyld nema að vissum skilyrðum uppfylltum, til að mynda ef þær á að nota til að meta frammistöðu starfsmanna. Særún María segir að vel komi til greina að gera breytingu þar á. Það hafi verið rætt innan Persónuverndar en engin ákvörðun verið tekin um það ennþá.

jss@frettabladid.is





HLAUPARAR ATHUGIÐ!

Sækið keppnisgögn í Laugardalshöllina í dag kl. 12.00–21.00. Þeir sem ekki hafa skráð sig geta gengið frá skráningu þar.

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 19. ÁGÚST

Nánari upplýsingar á marathon.is.

ICELANDAIR GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ Reykjavíkurborg marathon.is asics SUZUKI POWERADE Margt smátt

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Lögregla lagði hald á umtalsvert magn af fíkniefnum við húsleit:

# Sex karlmenn handteknir

**LÖGREGLA** Sex karlmenn á þrítugsaldri voru handteknir í gær fyrir vörslu umtalsverðs magns fíkniefna.

Fjórir mannanna voru handteknir í heimahúsi í Reykjavík. Við leit lögreglu í húsinu fundust um sex hundruð grömm af hassi, hundrað grömm af ætluðu amfetamíni, eitthvað magn e-pilla og hnúajárn. Tveir menn voru handteknir til viðbótar annars staðar í borginni.

Mennirnir voru handteknir í sameiginlegri aðgerð lögreglunnar í Hafnarfirði og Kópavogi. Að sögn lögreglu komst hún á snoðir um mennina eftir eðlilega upplýsingaöflun í tengslum við rannsókn á öðrum fíkniefnamálum.



**HASS** Lögreglan fann um sex hundruð grömm af hassi við húsleit.

Lögregla hefur grun um að fíkniefnin hafi verið ætluð til sölu og dreifingar. Söluandvirði fíkniefnanna sem hald var lagt á er að minnsta kosti rúm ein og hálf milljón króna.

Að sögn lögreglu hafa nokkrir mannanna ekki komið við sögu lögreglunnar áður. Mennirnir játuðu allir við yfirheyrslur og var þeim sleppt að þeim loknum. Málið telst upplýst. - æþe


Herrar
Heimilið
Börn
Snyrtivörur
Dömur
Debenhams 5 ára
Ný verslun
á sama stað
Ný merki, nýtt skipulag!
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33708 08/2006



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er framkvæmdastjóri Heimilis og skóla?*

2 *Á hvaða skemmtistað í Reykjavík voru flottustu yfirvaraskegg landsins verðlaunuð í gær?*

3 *Hvað heitir nýjasta mynd Samuels L. Jackson?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Flugmálastjóri svarar spurningum Félags íslenskra flugumferðarstjóra:

# Var ekki neyddur til að vinna

**KJARAMÁL** Flugmálastjóri segir fráleitt að veikur flugumferðarstjóri hafi verið neyddur til að vinna hinn 31. júlí síðastliðinn. Þetta kemur fram í svari Þorgeirs Pálssonar flugmálastjóra við spurningum frá Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Þar var Þorgeir meðal annars spurður hvort hann teldi að flugumferðarstjóri sem teldi sig tímabundið óhæfan til að sinna starfi sínu ætti samt að mæta til vinnu.

Í svari Þorgeirs segir að tveir trúnaðarlæknar Flugmálastjórnar hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekkert væri því til fyrirstöðu að starfsmaðurinn kæmi til starfa. Í kjölfar þess hafi yfirmaður starfsmannsins óskað eftir að hann kæmi til starfa. Ekki hafi verið um neins konar nauðung að ræða.

Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir engan vafa á að þessi starfsmaður hafi verið neyddur til vinnu. „Hann var hvorki sóttur af lögreglu né voru lagðar á hann hendur en það fór ekki á milli mála að til þess var ætlast að hann kæmi til vinnu. Hann skynjaði það þannig að það hefði alvarlegar afleiðingar ef hann kæmi ekki.“ Loftur segir yfirlýsingu frá starfsmanninum sem um ræðir væntanlega á allra næstu dögum. **- sþs**



**FLUGUMFERÐARSTJÓRI AÐ STÖRFUM** Flugmálastjóri segir fráleitt að halda því fram að veikur flugumferðarstjóri hafi verið neyddur til að vinna 31. júlí. Maðurinn á myndinni tengist fréttinni ekki.

Flugumferðarstjóri svarar:

# Segist hafa verið þvingaður

**KJARAMÁL** Jón Guðmundsson flugumferðarstjóri segist hafa verið kallaður til vinnu hinn 31. júlí án þess að vera hæfur til slíks af heilsufarsástæðum. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Félag íslenskra flugumferðarstjóra sendi fyrir hans hönd.

Hann segist ekki hafa viljað stefna starfsréttindum sínum og starfsöryggi í voða með því að hunsa kvaðningu til vinnu. Þess vegna líti hann svo á að hann hafi verið þvingaður til starfa. Í bréfinu segir að flugmálastjóri fari með staðlausa stafi í svari sínu við spurningum Félags íslenskra flugumferðarstjóra varðandi flugöryggi. **- sþs**

Fundur Vestnorræna ráðsins:

# Rætt um ferða- og loftslagsmál

**STJÓRNMÁL** Ferða- og umhverfismál eru helstu málefni ársfundar Vestnorræna ráðsins sem hefst í Þórshöfn í Færeyjum í dag.

Þingið sækja þingmenn frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og eru fulltrúar Alþingis þau Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Halldór Blöndal, Hjálmar Árnason, Sigurjón Þórðarson og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Þá verður rætt um fríverslunarsamninga, stöðu kvenna, heilbrigðismál og aukna samvinnu Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs. **- bþs**

Gúmmíbelti undir allar vélar
LINSER INDUSTRI SERVISE

impex EHF
Viðurkend vara - gott verð
Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is

# Verjast hrakspám um andvana fæðingu

**Forsvarsmenn Nyhedsavisen vísuðu í gær á bug dönskum fréttum um fjárskort að baki útgáfunni. Aldrei hefði staðið annað til en að fleiri fjárfestar en Dagsbrún kæmu að verkefninu. Yfir fjögurra milljarða króna hlutafé sagt tryggt.**

**DANMÖRK** Í dönskum fjölmiðlum var því slegið upp í gær að Dagsbrún, móðurfélag 365 Media Scandinavia sem undirbýr útgáfu fríblaðsins Nyhedsavisen í Danmörku, væri hætt við að standa eitt að útgáfunni. Danskir fjölmiðlamarkaðsrýnar voru sumir fljótir til að spá því að Nyhedsavisen myndi aldrei koma út.

En forsvarsmenn Nyhedsavisen fullvissuðu bæði eigið starfsfólk og fulltrúa annarra miðla í gær um að ekkert væri að óttast; af hálfu Dagsbrúnar hefði aldrei annað staðið til en að fleiri fjárfestar kæmu að verkefninu og alls væri búið að safna hlutafé upp á um 350 milljónir danskra króna, andvirði um 4,3 milljarða íslenskra. Blaðið myndi hefja göngu sína samkvæmt áætlun. Engin dagsetning var þó nefnd hvenær af því yrði. Fréttavefur Berlingske Tidende hafði eftir ónafngreindum starfsmanni Nyhedsavisen að það yrði „fljótlega“. Nú í vikunni komu á markað í Danmörku tvö blöð sem stofnuð voru gagngert til höfuðs Nyhedsavisen, dato og 24timer.

Kveikjan að þessum fréttaflutningi er rakin til hálfsársuppgjörs Dagsbrúnar, sem birt var í gær, en í því kemur fram að rekstrartap Dagsbrúnar á fyrri helmingi ársins hafi numið 1.849 milljónum íslenskra króna. Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að Dagsbrún ætlaði sér að vera minnihlutaeigandi að Nyhedsavisen, í gegnum nýjan eignarhaldssjóð sem félagið myndi leggja til 600 milljónir íslenskra króna. Þessar fréttir ollu því að í dönskum miðlum var í fyrstu dregin sú ályktun að Dagsbrún væri að draga sig út úr Nyhedsavisen-verkefninu vegna fjárhagsörðugleika.

En bæði Svenn Damm, forstjóri 365 Media Scandinavia, og Gunnar Smári, forstjóri Dagsbrúnar, vísuðu þessu á bug í viðtölum í gær. „Við höfum fjármagn að baki okkur og blaðið kemur út samkvæmt áætlun. 350 milljónir [danskra króna] geta dugað í dágóðan tíma,“ tjáði Damm fréttavef Politiken.

„Hvorki Det Berlingske Officin [útgáfufélag Berlingske Tidende og dato] né JP/Politiken [útgáfufélag Jyllands-Posten, Politiken og 24timer] hafa efni á að tapa miklu fé í þessu dagblaðastríði. Það höfum við hins vegar. Við völdum einmitt að leggja til atlögu í Danmörku vegna þess að stóru blaðaútgáfurnar standa veikt. Við erum þvert á móti vissir um, að við höfum bolmagn til að vinna langvinnt stríð,“ sagði Gunnar Smári í samtali við fréttavef Berlingske.

**audunn@frettabladid.is**



**SEGJAST KLÁRIR Í SLAGINN** Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, og Svenn Damm, forstjóri 365 Media Scandinavia, keikir í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOB BOSERUP



**Á FLÓTTA** Maður sem býr í hlíðum eldfjallsins Tungurahua gengur fram hjá hálfstorknuðu hrauni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eldgos í Ekvador:

# Tuga þorpsbúa er saknað

**EKVADOR, AP** Eldgos í eldfjallinu Tungurahua í Andesfjöllum í Ekvador hefur banað einum íbúa þorps í fjallshlíðinni og sextíu er saknað. Aðrir íbúar áttu fótum sínum fjör að launa og hlutu sumir brunasár af völdum gosöskunnar.

Yfirvöld höfðu á miðvikudag gert íbúum þriggja þorpa í fjallinu að rýma heimili sín vegna yfirvofandi eldgoss. Aðeins sumir þeirra önsuðu því kalli. **- aa**

Hústökufólk í París:

# Eitt þúsund í einni byggingu

**FRAKKLAND, AP** Franska lögreglan vísaði yfir eitt þúsund manns úr húsi í suðurhluta Parísar í gær, en fólkið hafði tekið bygginguna hústöku. Margir íbúanna voru ólöglegir innflytjendur frá Afríku.

Byggingin er niðurnídd og var rýming hússins fyrirskipuð af yfirvöldum sem óttuðust eldsvoða, minnug þess að fimmtíu manns fórust þegar eldar komu upp í gömlum húsum í fyrra. Fjölmörg hjálparsamtök hafa mótmælt rýmingu hússins og gagnrýnt stjórn Parísar harðlega **- smk**

IMPREZA SUBARU


SUBARU IMPREZA SUMARTILBOÐ:
Beinskiptur Sedan 1.990.000 kr.
Sjálfskiptur Sedan 2.140.000 kr.
Beinskiptur Wagon 2.060.000 kr.
Sjálfskiptur Wagon 2.190.000 kr.
STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16” ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.
Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00.
Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453
Aukahlutir á mynd: 17” álfelgur
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA


Fíton/SÍA FI013932
USS!
Með USS!-kortinu getur þú sent 30 SMS og 30 myndskilaboð á dag, innan kerfis Og Vodafone, án þess að borga krónu fyrir þau aukalega. Notaðu inneignina 1.990 kr. til að tala lengi, lengi, lengi. Kortið gildir í 30 daga.
USS!
ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ TALA FREKAR EN ÞÚ VILT
SMS: 0 KR.
MYNDSKILABOÐ: 0 KR.
1.990 KR. INNEIGN
og vodafone
Heyrumst!
Komdu í Og Vodafone verslun, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



**SÓLBLÓMAMÁLARI** Þessi málari er upprunalega frá Kína, en hann nýtur sín vel í Ohio í Bandaríkjunum þar sem hann málar sólblóm í gríð og erg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Icelandair dregur úr flugi til Bandaríkjanna í vetur en eykur flug til Evrópulanda:

# Hætta tímabundið flugi til tveggja borga

**ÁÆTLUNARFLUG** Icelandair ætlar að fella niður áætlunarflug til tveggja staða í Bandaríkjunum milli janúar og mars á næsta ári. Engar áætlunarferðir verða farnar til Baltimore frá 9. janúar til 8. mars og til Minneapolis frá 10. janúar til 15. mars. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu.

Aukin áhersla verður lögð á flug til áfangastaða í Evrópu í vetur. Flogið verður til Manchester í allan vetur, einnig verður aukið flug til Berlínar, Kaupmannahafnar, St. Pétursborgar í Rússlandi og Salzburg í Austurríki.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, segir niðurfellingu áætlunarflugs til Baltimore og Minnesota ekki tengjast nýlegum uppsögnum á flugmönnum fyrirtækisins. Fjörutíu og fjórum flugmönnum hjá Icelandair var sagt upp um síðustu mánaðamót.

„Þetta er svipað og við höfum verið að gera hingað til, að draga saman seglin í sex vikur yfir háveturinn. Þá er minnst að gera á þessum stöðum,“ segir hann. „Við bjóðum áfram upp á flug til Boston, New York og Orlando. Þetta er hrein framboðsstýring af okkar hálfu, markaðsaðstæður gera það að verkum að við þurfum að draga úr ferðum.“ - sþs



**FLUGVÉL ICELANDAIR** Forstjóri Icelandair segir niðurfellingu áætlunarflugs til tveggja borga í Bandaríkjunum ekki tengjast nýlegum uppsögnum á flugmönnum fyrirtækisins.


Nýjar vörur, haust 06

Skólaföt, náttföt, undirföt.
Sængurgjafir í miklu úrvali.

5 ára afmæli

10% afsláttur

föstudag og laugardag.

IANA

Laugaveg 53 • S. 552 3737 • Opið laugardag 10-10


Offita eykst:

## Fleiri feitir en hungraðir

**BRETLAND** Þeir sem þjást af vannæringu í heiminum í dag eru færri en þeir sem eru of feitir, segir í frétt breska ríkisútvarpsins, BBC.

Að sögn Barry Popkin, bandarísks háskólaprófessors, er yfir milljarður manna of þungir, en vannærðir teljast 800 milljónir. Popkin greindi frá þessu á ráðstefnu landbúnaðarhagfræðinga í Ástralíu fyrr í vikunni.

Popkin sagði breyttar matarvenjur og minnkandi hreyfingu vera helstu ástæðu vandamálsins, og sagði lönd heims hafa vanmetið hættuna sem stafar af offitu fólks. Vandamálið hafi breiðst út til þróunarlandanna, því sífellt fleiri fara nú yfir kjörþyngd meðal fátækari þjóða heims.

Nýlega koma fram í Fréttablaðinu að um 400 Íslendingar þjást af lífshættulegri offitu. - smk



**GRUNNURINN** Grunnur hefur verið tekinn fyrir nýju rannsóknarstofunni og gamalt hús rifið til að rýma fyrir henni. Lengra verður ekki komist að sinni.

# Enn eru tafir á Keldum

**Ekki sér fyrir endann á þeim töfum sem verða á byggingu áhætturannsóknarstofu á Keldum. Menn lýsa áhyggjum sínum vegna hættu á fuglaflensu.**

**RANNSÓKNIR** Sú töf sem orðin er á framkvæmdum við byggingu nýrrar áhætturannsóknarstofu við tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum veldur þungum áhyggjum, að sögn viðmælenda Fréttablaðsins. Ljóst er að þegar er orðin um tveggja mánaða töf, en aðstaðan átti að vera tilbúin 1. febrúar 2007. Ástæðan er stöðvun sem stjórnvöld settu á útboð allra opinberra framkvæmda fyrr í sumar. Fyrri áfangi framkvæmdanna er nú tilbúinn til útboðs.

„Á Keldum var mjög frumstæð rannsóknarstofa sem innréttuð hafði verið til bráðabirgða,“ segir Jarle Reiersen, dýralæknir alifuglasjúkdóma. „Hún hefur nú verið rifin. Ef ekki kemur ný rannsóknarstofa í staðinn þá eru menn í slæmum málum. Spurningin snýst einfaldlega um það hvort aðstaða sé til að vinna úr sýnum eða ekki.“

Jarle tekur undir þá skoðun Halldórs Runólfssonar yfirdýralæknis, sem fram kom í Fréttablaðinu fyrir nokkru vegna tafa á byggingu rannsóknarstofunnar, að hættan á að fuglaflensa berist hingað til lands verði jafnvel meiri á næsta ári heldur en hún var í vetur og vor. Jarle bendir á að hún hafi fengið tækifæri til að breiðast víðar út um Evrópu.

„Það er mikið áhyggjuefni ef ekki verður hægt að fylgjast með þróun mála með því að vinna úr sýnum eftir því sem þörf krefur,“ segir hann.

Sigurður Ingason, forstöðumaður á Keldum, tekur undir að það sé mjög bagalegt að ekki hafi tekist að halda áætlun við byggingu rannsóknarstofunnar.

„Við erum búnir að reyna að fá fjárveitingu í sex til sjö ár,“ segir hann. „Svo loksins í apríl var veitt 87 milljónum í uppbyggingu rannsóknarstofunnar. Okkur var gert að setja verkið í útboð. Á það er nú komin bremsa í fjármálaráðuneytinu, þannig að verkinu var ekki hleypt í útboð. Við bíðum nú eftir að fá klárar upplýsingar um stöðu málsins.“

Sigurður lýsir áhyggjum sínum af framvindu mála vegna fuglaflensunnar, þar sem smit sé á sveimi í nágrannalöndunum, og það muni um hvern dag sem verkið tefst.

Vilhjálmur Lúðvíksson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, segir málið óafgreitt á borði stjórnvalda. Um það sé ekki hægt að segja meira á þessu stigi.

jss@frettabladid.is




Iðnaðar- & bílskúrshurðir

FYRIR FEGURRA UMHVERFI



Þegar fjárfesta á í húseigninni er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 520 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík  Bæjarflöt 4, Reykjavík  Hringhellu 2, Hafnarfirði  Hrísmýri 8, Selfossi  Leiruvogi 8, Reyðarfirði



**UNDANKEPPNI HM**

**A landslið kvenna**
**Ísland - Tékkland**
**Laugardalsvelli**
**Laugardagur 19. ágúst**
**kl. 16:00**
**Ókeypis aðgangur**

**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - TÉKKLAND

Ísland mætir Tékklandi í undankeppni HM 2007 á Laugardalsvelli á laugardaginn kl. 19:00. Nú eru aðeins 3 leikir eftir í riðlinum og við þurfum á stuðningi þínum að halda. Ísland í úrslitakeppni HM gæti orðið að veruleika. Mætum og styðjum stelpurnar! **Aðgangur ókeypis.**

Áhorfendur verða staðsettir í austurstúku og ganga inn um aðgönguhlið við Valbjarnarvöll. Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í stúkunni. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn.

*Alltaf í boltanum*

FIFA *For the Good of the Game*

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn MasterCard Coca-Cola og Vodafone VÍS 1X2 ICELANDAIR

*Allir á völlinn.*
*Áfram Ísland!*

Mál mexíkóskrar konu sem stendur frammi fyrir því að verða send frá Bandaríkjunum vekur athygli:

# Mæðginin hafa leitað skjóls í kirkju

**CHICAGO, AP** Kona um þrítugt, ólöglegur mexíkóskur innflytjandi í Bandaríkjunum, freistar nú þess að komast hjá brottvísun úr landi með aðstoð kirkjunnar manna.

Elvira Arellano á sjö ára son sem hún ól á bandarískri grund og er hann því þarlendur ríkisborgari. Móðirin er hins vegar réttlaus með öllu og stendur frammi fyrir því að þurfa að skilja son sinn eftir í landinu eða taka hann með aftur til Mexíkó.

Þegar hún var boðuð á fund hjá útlendingastofnun Bandaríkjanna, þar sem til stóð að vísa henni úr landi, greip Elvira til þess nýstárlega en þó sígilda ráðs að leita



**ELVIRA ARELLANO OG SONUR HENNAR Í KIRKJUNNI** „Sonur minn er bandarískur ríkisborgari. Hann vill ekki að ég fari úr landi og því verð ég hjá honum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

hælis í kirku einni. Þar dvelst hún með syni sínum undir verndarvæng prests meþódista. Haft er eftir presti að hann sé ósáttur við lög sem aðskilja mæðgin á þennan hátt. Málið hefur og vakið mikla athygli í Bandaríkjunum og margir baráttuhópar hafa lýst yfir stuðningi sínum við málstað mæðginanna.

Útlendingastofnun Bandaríkjanna ætlar þó ekki að endurskoða mál Elviru. Hún hafi gerst brotleg við lögin og verið vísað úr landi áður og því afar slæmt fordæmi fyrir undanþáguveitingu. Að auki finnist engin stoð í bandarískum lögum sem veiti fólki skjól undan laganna vörðum í kirkjum. Fréttaskýrendur eru þó sammála um að yfirvöldum muni reynast óþægilegt að handtaka móðurina í kirkjunni og skilja mæðginin að, fyrir framan sjónvarpsmyndavélar. **- kóþ**



**LÍKBRENNSLA** Íbúar á Balí á Indónesíu grófu upp lík ástvina sinna fyrr í vikunni og brenndu 104 þeirra í hefðbundinni líkbrennslu. Balíbúar trúa því að við þá athöfn leysist sálir hinna látnu undan ánauð og komist inn í betri heim, þar sem þær geta undirbúið sig undir endurholdgun í heimi manna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blaðafulltrúi í Túrkmenistan:

## 17 ára fangelsi

**TÚRKMENISTAN, AP** Fyrrum fjölmiðlafulltrúi Saparmurats Niyazovs, forseta Túrkmenistans, hefur verið dæmdur í sautján ára fangelsi í leynilegum réttarhöldum.

Fjölmiðlafulltrúinn Kakamurat Ballyev var einn af helstu ímyndarsmiðum forsetans og kallaði hann eitt sinn „sólargeisla túrkmensks sjálfstæðis“. Hann mun hafa fallið í ónáð eftir að hópur erlendra blaðamanna var handtekinn í júní vegna meintra njósna, en ekki er vitað hvað Ballyev var gefið að sök. **- kóþ**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ökumaður dreifði húsgögnum** Tilkynning barst lögreglunni á Blönduósi seinnipartinn í gær, um ökumann sem ók bifreið um sveitina og dreifði húsgögnum. Maðurinn ók bifreið með kerru sem á voru húsgögn sem ekki hafði verið gengið frá sem skyldi og því fuku einhverjir húsmunir af á leið mannsins, sem var að koma frá Akureyri. Hann lofaði að gera bragarbót á fráganginum eftir að lögregla hafði afskipti af honum.

**Hjólum stolið** Tveimur motocrosshjólum var stolið utan við heimahús á Akureyri í vikunni. Er talið að þeim hafi verið stolið að næturlagi. Annað hjólið fannst skammt frá en hins er enn leitað. Hjólin eru græn að lit og eru þeir sem hafa orðið varir við þau beðnir að hafa samband við Lögregluna á Akureyri.

**Snúið við í göngunum** Vöruflutningabíl var snúið við í Hvalfjarðargöngunum um miðjan dag í fyrradag eftir að hann rakst lítillega í hæðarrá í gangamunnanum. Talsvert hefur verið um það undanfarið að ekið sé á rárnar á of háum bílum.

## LANDSPÍTALI

**Veirufræðideild gæðavottuð** Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur veitt veirufræðideild Landspítala gæðavottun fyrir afbragðs vinnubrögð við greiningu á mislingum og rauðum hundum.




**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ** Sóttvarnalæknir hvetur fólk til að leita læknis hafi það einkenni sem bent geti til lekandasmits.

Nýjar farsóttarfréttir landlæknisembættisins:

## Lekandatilfellum fjölgar um helming

**HEILBRIGÐISMÁL** Samtals hefur 21 tilfelli af lekanda greinst á fyrstu sjö mánuðum þessa árs, að því er segir í nýjum farsóttafréttum Landlæknisembættisins. Árið 2005 greindust nítján tilfelli, en það var helmingsaukning frá árinu 2004.

Karlmenn eru í meirihluta þeirra sem sýkjast af lekanda. Á þessu ári hafa greinst fimmtán karlmenn og sex konur. Fólkið er flest á aldrinum 20-29 ára.

Svo virðist sem stór hluti þeirra sem sýkst hafa tvö síðastliðin ár hafi smitast hér á landi. Tíðast er smitið í þröngum hópi einstaklinga með sögu um misnotkun fíkniefna, en hluti sjúklinganna er þó utan þess hóps.

Einkenni lekanda eru útferð og sviði frá þvagrás eða leggöngum. Ófrjósemi er vel þekktur fylgikvilli sýkingarinnar, einkum hjá konum. Nokkur hluti fær engin einkenni með sýkingunni og eru konur oftar án einkenna heldur en karlar. Smitið berst við kynmök um leggöng. Bent er á að það berst einnig við munnmök og endaþarmsmök. **- jss**


**Haustútsalan hafin!**

Bjóðum nú síðustu hjólhýsin á einstöku verði á meðan birgðir endast.

126N – Áður kr. ~~1.180.000~~ ,-
**Nú aðeins kr. 990.000,-**

126NT – Áður kr. ~~1.230.000~~,-
**Nú aðeins kr. 1.049.000,-**

126NTL –Áður kr. ~~1.280.000~~,-
**Nú aðeins kr. 1.090.000,-**





NIEWIADOW **Athugið að innifalið í verðunum eru fortjald, gaskútur o.fl.**

**VÉLAR & ÞJÓNUSTA**

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&Þ á Norðurlandi




**EINN MANNANNA** Jesus Vidana, einn sjómannanna sem bjargað var, með eiginkonu sinni og barni.

Ótrúleg björgun af rúmsjó:

## Voru á reki í marga mánuði

**MEXÍKÓ, AP** Þremur mexíkóskum sjómönnum var bjargað við Marshalleyjar í síðustu viku, í um 8.850 kílómetra fjarlægð frá heimabæ þeirra. Mennirnir segjast hafa verið á reki í níu mánuði.

Þeir segjast hafa lagt af stað á hákarlaveiðar frá San Blas í Mexíkó í október, en rok og vélarbilun varð til þess að þá hrakti á haf út. Þeir munu hafa lifað á hráum fiski og regnvatni, lesið Biblíuna á hverjum degi og beðið til guðs. Ekki var unnt að staðfesta brottfarardag mannanna, en ríkisrekna fréttastöðin Notimex ræddi við ættingja mannanna sem sögðu þá eingöngu hafa verið týnda í þrjá mánuði. **- smk**


**EKKI BORGA MEIRA!**

Samanburðarbíll: 2002 árgerð, 990.000 kr., 1800 vél

| | SJÓVÁ | SJÓVÁ-STRAX | VÍS | VÖRÐUR ÍSLANDSTRYGGING | TM | elísabet |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skyldutrygging+Kaskó um 50 þ. kr. sjálfsábyrgð | 108.633 | 95.597 | 90.583 | 96.591 | 89.473 | 71.820 |

Upplýsingar um verð fengust af vefsíðum fyrirtækjanna og með tölvupósti frá þjónustufulltrúum þeirra þann 11. 8. 2006

**Rúmlega 36 þúsund króna verðmunur!**

**Á elisabet.is getur þú reiknað dæmið þitt.**

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.


„NÚTÍMAFÓLK NOTAR TÖLVUR, FORNGRIKKIR NOTUÐU ALLSBERA SENDIBOÐA."
TÖLVUKAUPALÁN ALLT AÐ 300.000 KR.
VEGLEGUR KAUPAUKI FYLGIR HVERRI TÖLVU SEM KEYPT ER Í VERSLUNUM PENNANS OG EJS.
WWW.KBNAMSMENN.IS
NAMUS EST LIFSTILUM
NÁM ER LÍFSSTÍLL
KB BANKI



MILKA SÚKKULAÐI
98 KR.
STYKKIÐ
100g
2 lítrar
BÓNUSÍSINN
159 KR.
2 LÍTRAR!
Bónusfetinn
250g
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
500g
299 KR.
500g
Svínakótelettur, hunangsmarineraðar, úrbeinaðar og léttreyktar frá ALI
30% afsláttur við kassann
ALI REYKTAR SVÍNAKÓTELETTUR
1518 kg KR.
MERKT VERÐ 2168kr.
Allt fyrir
30% afsláttur við kassann
ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI
1189 kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1699kr.
ALI grill svínakótelettur og úrbeinaður svínahnakki
740g
295 KR.
740g
40% afsláttur við kassann
Villibráðarkryddaðar framhryggjarsneiðar með rifi frá KF
FRAMHRYGGJARSNEIÐAR MEÐ RIFI (VILLIKRYDD)
1199 kg KR.
MERKT VERÐ 1998kr.
LAXINN FRÁ NORÐANFISKI
999KR. kg
FROSNIR LAXABITAR
999 KR.
BEINLAUS LAX - GÓÐUR Á GRILLIÐ!
2 lítrar
2 LÍTRAR CHIQUITA
299 KR.
LAMBARIF
259KR. kg
35% afsláttur við kassann
SPIKFEIT OG KRASSANDI RIF
259 KG KR.
MERKT VERÐ 399kr.
Lambarifin feit og fín
SKÖTUSELUR roð- og brjósklaus, 600g
Frábær frosin afurð - frábært verð!
ROÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
998 KR.
600g
Skötuselur
KLÁR Á GRILLIÐ!
Bólurnar burt!
Bólupenni sem þurrkar upp allar bólur!
Fínkorna djúphreinsigel
Rakadagkrem fyrir óhreina húð
Djúphreinsandi andlitsvatn
Hreinsigel með sinki og salisýlsýru
Nýtt í Bónus!
27 mynda einnota myndavél 400 ASA með flassi
MYNDAVÉL
299 KR.
EINNOTA
Klár í stuðið á menningarnótt
Þægileg, lítil og létt
Prentum eftir hendinni: 180g VATNSHELDUR GLANSPAPPÍR
20 A4 blöð
499 KR.
MYNDAPAPPÍR
Ljósmyndapappír 20 blöð -180g A4


Frá morgni til kvölds!
Skyr.is
Bónus Kornbrauð
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
KÍLÓ BRAUÐ
þig í Bónus!
ÍSLANDS GRÍSASTEIK
1118 KR. kg
MERKT VERÐ 2598 KR.
30% afsláttur við kassann
Beinlaus grísasteik með sólþurrkuðum tómötum og basil
Beinlaus lambasteik úr lambalæri
ÍSLANDS LAMBASTEIK
1608 KR. kg
MERKT VERÐ 2298 KR.
HAMBORGARARNIR
5 x 200g
909 KR.
MERKT VERÐ 1299 KR.
10 x 115g
979 KR.
MERKT VERÐ 1399 KR.
10 x 80g
699 KR.
MERKT VERÐ 999 KR.
30% afsláttur við kassann
Bónus hamborgarar 80g - 115g og 200g
30% afsláttur við kassann
FROSNIR OG FÍNIR
12 lítrar á tilboði!
12 lítrar
599 KR.
Coca-Cola light
SAN MARCO PITSA
2 pitsur í kassa
SAN MARCO PITSUR
199 KR.
2 Í KASSA
ERAN/Landlist -tilboð í viku 33
4 XL brauð
98 KR.
XL
4 stór brauð!
KF SALAT
98 KR.
350g
350g
25 CD DISKAR - SAMSUNG
25 diskar
1499 KR.
CD ROM
500 blöð
299 KR.
LJÓSRITUNARPAPPÍR
Ljósritunar pappír 500 blöð
Góðar fyrir systkini skólabarnanna!
Allir þurfa að taka þátt...
608 síður
400 KR.
2 bækur
304 síður + 304 síður
Stórskemmtilegar RISA litabækur
Afþreying fyrir alla!
YATSI
499 KR.
PAKKINN
GALDRA SLANGA
-fyrir ungt töfrafólk
GALDRASLANGA
259 KR.
MAGIC
www.bonus.is



**TÍGRAR SVALA SÉR** Þessi tígrisdýr í dýragarði í Nanking í Austur-Kína kældu sig niður í vatni í sumarhitasvækjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forstöðumaður Hvalasafnsins og forstjóri Icelandair segja hvalveiðar hafa neikvæð áhrif á ferðaiðnaðinn:

# Hvalveiðar hafa neikvæð áhrif nú þegar

**HVALVEIÐAR** „Nú þegar liggur fyrir að ákveðinn hópur erlendra ferðamanna, sem komu hingað sérstaklega til að skoða hvali, er gjörsamlega dottinn upp fyrir," segir Ásbjörn Björgvinsson forstöðumaður Hvalasafnsins á Húsavík. „Þetta voru nokkuð hundruð manns sem komu hingað á vorin og haustin, en koma ekki lengur eftir að hrefnuveiðarnar hófust að nýju."

Ásbjörn segir að hópurinn hafi verið í kringum átta hundruð manns og því sé fjárhagslegt tjón af þessum völdum gífurlegt. „Þetta er tjón upp á tugi milljóna fyrir okkur og aðra sem höfðu tekjur af komu þessa fólks hingað til lands," segir Ásbjörn. „Margfeldisáhrifin eru mikil í þessari grein."



**JÓN KARL ÓLAFSSON**

Ásbjörn segir ennfremur engan markað til fyrir hvalkjöt. „Norðmenn eru að henda kjöti sem ekki selst og það er alls óvíst hvort að Japanar hleypa okkur inn á hvalkjötsmarkaðinn hjá sér, sem er lítill fyrir," segir Ásbjörn.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, segir afstöðu fyrirtækisins skýra í þessum efnum. „Menn verða að íhuga vel að með því að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni á ný, er töluverður möguleiki á að ferðaþjónustan beri töluverðan skaða af," sagði Jón Karl. - æþe




**HVALASKOÐUN** Forstöðumaður Hvalasafnsins á Húsavík segir að vegna hrefnuveiða hafi hópur ferðamanna hætt við að koma til landsins í hvalaskoðun.

„Þorskastríð" við Hokkaido:

## Rússar skutu sjómann til bana

**TÓKÝÓ, AP** Rússneskt varðskip skaut á japanskan fiskibát í gær með þeim afleiðingum að einn sjómaður lést. Fiskibáturinn var við veiðar nálægt Kaigara-eyju, en hún er á hafsvæði Rússa norðaustur af Hokkaido. Japanar gera kröfu til svæðisins og hafa deilt um það við Rússa frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Yfirvöld í Rússlandi harma atvikið og segja það óviljaverk, skotið hafi verið til aðvörunar.

Eftirlifandi skipverjar eru enn í haldi Rússa og hafa játað á sig ólöglegar veiðar, en utanríkisráðherra Japans er á öðru máli. Hann krefst tafarlausrar afsökunarbeiðni frá Rússum og segir óásættanlegt að slíkt gerist á „japönskum miðum". - kóþ

Hjartasjúklingur gagnrýnir stefnu stjórnvalda :

# Bíður í óvissu eftir hjartaþræðingu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég bíð eftir að fá þræðingu einhvern tímann í haust, það er ekki komin dagsetning á það, en þetta er það sem er því miður allt of mikið af," segir Aðalsteinn Valdimarsson, hjartasjúklingur og formaður Hjartaheilla á Austurlandi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á sunnudag bíða um tvö hundruð hjartasjúklingar eftir hjartaþræðingu og í sumum tilfellum þurfa sjúklingar að bíða í allt að sex mánuði eftir að komast að. Aðalsteini finnst ástandið algjörlega óviðunandi. „Mér finnst þannig unnið að þessum málum af yfirvöldum, að þar sé undirliggjandi hugsunargangur um að takmarka aðgengi sjúklinga að þessu í von um að einhverjir detti út af sjálfum sér," segir Aðalsteinn.



**ÓSÁTTUR VIÐ STÖÐU MÁLA** Aðalsteinn Valdimarsson segir ástandið í málefnum hjartasjúklinga óviðunandi.

Aðalsteinn kveðst ekki óttast að hann verði látinn bíða of lengi eftir bót meina sinna. „Nei, ég hef nú alltaf haft þá trú að maður hafi bara ákveðinn tíma hérna og maður verði að njóta hans á meðan maður getur," segir Aðalsteinn.

„Þetta ástand hlýtur að koma mjög óþægilega við þá sem eru að fara í fyrsta skipti. Þeir bíða í von um að þeir komist nægilega fljótt að áður en að það er um seinan. Hinir reyndari vita að hverju þeir eru að ganga, en það er jafn erfitt fyrir þá að bíða engu að síður," segir Aðalsteinn.

Haraldur Finnsson, formaður Hjartaheilla á höfuðborgarsvæðinu, sagði í blaðinu á sunnudaginn biðina eftir aðgerð afar erfiða fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra. „Því miður veit ég dæmi þess að hjartasjúklingar sem bíða aðgerðar lifi biðina ekki af. Svo eru aðrir sem detta út af vinnumarkaðinum vegna veikinda á meðan þeir bíða," segir Haraldur.

Á milli sextán og átján hundruð manns fara í hjartaþræðingu á hjartadeild Landspítalans árlega, þar af fara tæplega sjö hundruð í kransæðavíkkun. - æþe/-hs



Lettneska ríkisstjórnin:

## Ríkisborgarareglur hertar

**LETTLAND** Ríkisstjórn Lettlands hefur ákveðið að herða reglur um ríkisborgararétt til muna og krefjast þess að þeir sem óska eftir að gerast lettneskir ríkisborgarar hafi fullt vald á opinberu tungumáli landsins, lettnesku. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Samkvæmt nýju lögunum verður umsækjendum vísað frá ef þeir falla þrisvar sinnum á tungumálaprófi.

Lettneska var gerð að opinberu tungumáli landsins eftir að það fékk sjálfstæði frá Sovétríkjunum árið 1991, en enn er rússneska móðurmál að minnsta kosti fjórðungs íbúa landsins. **- smk**

Fangelsisvist hryðjuverkamanna í Indónesíu stytt:

# Liður í þjóðhátíðarhaldinu

**INDÓNESÍA, AP** Einum fanga, sem dæmdur var fyrir hryðjuverk á Balí í Indónesíu árið 2002 sem urðu 202 manns að bana, var sleppt úr fangelsi í gær, og var fangavistin stytt hjá ellefu öðrum föngum.

Aðgerðin, sem er liður í hefðbundinni fangavistarstyttingu á þjóðhátíðardag Indónesa, vakti gríðarlega reiði í Ástralíu, en 88 Ástralar fórust í sprengingunum sem sprungu á tveimur skemmtistöðum.

„Þetta sýnir að Indónesum er ekki alvara með að berjast gegn hryðjuverkum,“ sagði Brian Deegan, Ástrali sem missti 21 árs gamlan son sinn í sprengingunum, í samtali við fréttamenn.



**FRÁ BALÍ** Fjöldi vestrænna ferðamanna fórust í sprengingunum á Balí árið 2002. NORDICPHOTOS/AFP

Á síðustu árum hafa lögregluyfirvöld í Indónesíu handtekið hundruð manna sem talið er að tengist al-Kaída hryðjuverkanetinu og dæmt 33 þeirra í fangelsi vegna hryðjuverkanna í Balí fyrir fjórum árum. Þrír þeirra verða teknir af lífi síðar í þessum mánuði og þrír til viðbótar sitja í lífstíðarfangelsi.

Mennirnir sem fengu fangavist sína stytta voru dæmdir fyrir að veita höfuðpaurunum minniháttar aðstoð, svo sem að sinna ránum til að fjármagna samtökin og að hafa falið hryðjuverkamennina á heimilum sínum.

Alls var fangavist stytt hjá 54 þúsund föngum í indónesískum fangelsum í gær, og af þeim voru 6 þúsund látnir lausir. **- smk**



**AFBRAGÐSGÓÐUR ÍS** Miklir hitar ríkja nú í austurhluta Kína og fengu þessir íkornaapar, sem búa í dýragarði, afar gómsætan ávaxtaís til að gæða sér á í hitasvækjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### SÝRLAND

**Hlakkar í Sýrlandsforseta** Eftir að Ísraelsher mistókst að knésetja Hizbollah í Líbanon segir forseti Sýrlands að stefna Bandaríkjanna í Mið-Austurlöndum hafi beðið skipbrot. Friðar sé þó ekki að vænta í þessum heimshluta svo lengi sem Bandaríkjamenn haldi áfram afskiptum sínum.

### SVÍÞJÓÐ

**Dekkjarassía** Sænska lögreglan hefur hafið umferðarátak sem ætlað er að betrumbæta dekkjaeign þjóðarinnar. Samkvæmt rannsóknum lögreglunnar er þriðji hver sænskur bíll á of slitnum dekkjum, þar sem dekkjamunstrið er orðið grynnra en hinir lögboðnu þrír millimetrar.

### SPÁNN

**Eldar slökktir** Tekist hefur að slökkva skógarelda sem hafa logað víða um norðvesturhluta Spánar síðasta hálfa mánuðinn. Talið er að sjötíu þúsund hektarar skóglendis hafi brunnið. Þrjátíu menn eru í haldi lögreglunnar, grunaðir um íkveikju.

Banamaður barnungrar fegurðardrottningar handtekinn í Taílandi:

# Játaði að hafa myrt JonBenet Ramsey

**TAÍLAND, AP** Bandarískur barnakennari játaði í gær að hafa orðið sex ára gamalli fegurðardrottningu að bana í Bandaríkjunum fyrir tíu árum síðan. John Mark Karr var handtekinn í Taílandi, en lögreglan þar í landi var í samstarfi við bandarísku lögregluna í tengslum við málið.



**JONBENET RAMSEY**

JonBenet Ramsey fannst látin í kjallara heimilis fjölskyldu sinnar í Boulder, Kólóradó, árið 1996. Sýndi krufning að hún hafði verið barin og kyrkt.

Á blaðamannafundi í Bangkok í gær, sagðist Karr hafa verið með JonBenet þegar hún lést, en að dauði hennar hefði verið slys. Spurður hvort hann væri saklaus, svaraði hann, „nei.“ Jafnframt sagðist hann „hafa verið ástfanginn“ af JonBenet.

Að sögn taílensku lögreglunnar viðurkenndi Karr að hafa ætlað sér að ræna JonBenet, en ekki myrða hana. Ramsey-fjölskyldan hefur lengi barist við að hreinsa nafn sitt af ásökunum um að hafa banað telpunni, en morð JonBenet vakti mikla athygli víðs vegar um heim og deildu margir um siðfræðina á bak við fegurðarsamkeppnir barna.

Ramsey-fjölskyldan frétti af leit lögreglunnar að Karr að minnsta kosti mánuði fyrir lát móðurinnar, Patsy, en hún lést úr krabbameini í júní.

Karr verður fluttur til Bandaríkjanna á næstu dögum þar sem hann mun mæta fyrir dóm. **- smk**



**JOHN MARK KARR** Bandaríski barnakennarinn hefur játað að hafa banað JonBenet Ramsey, sex ára gamalli fegurðardrottningu, fyrir áratug. Karr segist hafa verið ástfanginn af barninu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


## Hámarksafköst – Hámarksframmistaða

intel Centrino Duo
Dual-core. Do more.



**HP Compaq nx6325**

- AMD Sempron 3500 örgjörvi
- 15" XGA skjár1024x768
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- ATI Mobility Radeon skjákort með allt að 128MB
- Bíómetrískur fingrafaralesari

**verð kr. 129.900**



**HP Pavilion dv1599**

- Intel Pentium M 760, 2GHz örgjörvi
- 14" skjár WXGA 1280x768
- 1024MB DDR vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- Intel skjákort með allt að 128MB

**verð kr. 155.900**



**HP Compaq nc6320**

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 15" TFT skjár 1400x1050
- 512MB DDR2 vinnsluminni
- 80GB harður diskur SMART SATA
- 16X LightScribe DVD+/-RW Double Layer geislaskrifari
- Intel skjákort með allt að 128MB:
- Engar áhyggjur ábyrgð

**verð kr. 199.900**



**HP Compaq nx9420**

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 17" TFT WSXGA breiðtjaldsskjár 1680x1050
- 1024MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW SuperMulti Double Layer geislaskrifari
- ATI skjákort með allt að 256M

**verð kr. 224.900**

**Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Office 1 Superstore um land allt | Sími 550 4100 | Tölvuþjónustan, Akranesi | Sími 575 9200 |
| Oddi skrifstofuvörur um land allt | Sími 515 5000 | Netheimar, Ísafirði | Sími 456 5006 |
| Samhæfni, Reykjanesbæ | Sími 421 7755 | Eyjatölvur, Vestmannaeyjar | Sími 481 3930 |
| TRS, Selfossi | Sími 480 3300 | Bókabúð Þórarins Stefánssonar, Húsavík | Sími 464 1234 |
| Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkróki | Sími 550 4100 | Start, Kópavogi | Sími 544 2350 |

hp ®

## „ORÐRÉTT“

### Svartur blettur

**„Við náðum að standa upp áður en okkar röð hrundi alveg, það voru tvær búnar að hrynja fyrir neðan okkur. Þetta setti svartan blett á annars frábæran leik.“**

MAGNÚS ÁSKELSON VAR EINN ÞEIRRA SEXTÍU SEM LENTU Í ÞVÍ AÐ SÆTI UNDAN ÞEIM HRUNDI NIÐUR Á GÓLF Á LEIK ÍSLENDINGA OG SPÁNVERJA Á ÞRIÐJUDAG. FRÉTTABLAÐIÐ, 16. ÁGÚST.

### Furðulegt viðtal

**„Við hjá Landsvirkjun sem eigum og stýrum byggingu á þessu mannvirki urðum mjög undrandi á þessu viðtali.“**

SIGURÐUR ARNALDS, TALSMAÐUR KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR, FURÐAST Á VIÐTALI VIÐ DESIREE D. TULLOS Í MORGUNBLAÐINU UM HÖNNUN KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR. MORGUNBLAÐIÐ, 16. ÁGÚST.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ARNA SCHRAM, FORMAÐUR BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

## Hlakka til að þingið hefjist á ný



„Það er ekkert að frétta af mér, engar spennandi fréttir héðan að þessu sinni,“ segir Arna Schram, blaðamaður og formaður Blaðamannafélags Íslands, hlæjandi.

Þegar blaðamaður náði tali af Örnu var hún í miðju þriggja mánaða fríi frá Morgunblaðinu. Þetta langa frí hefur Arna meðal annars notað til þess að heimsækja vini sína í Evrópu. „Ég er búin að ferðast til útlanda og hef heimsótt vini í London, París og í Norður-Frakklandi,“ segir hún.

Arna sótti tungumálanámskeið hér heima á Fróni í sumar. Þar lagði hún stund á spænsku. „Mig hefur alltaf langað til að læra spænsku og það gekk bara allt í lagi. Ég kann svona undirstöðuatriðin núna,“ segir Arna og vonast til að geta lagt frekara spænskunám fyrir sig í framtíðinni.

Fríið hér heima við hefur Arna notað til að sitja á kaffihúsum og glugga í bókum. „Ég var komin með stóran bunka af bókum á náttborðið sem mig hefur langað til að lesa en ekki haft tíma til og ég er búin að lesa fullt af þeim í fríinu,“ segir Arna. Þessa stundina er hún að lesa bókina Skugga vindsins eftir spænska höfundinn Carlos Ruiz Zafón. „Ég er nú ekki orðin það sleip í spænskunni að ég geti lesið hana á spænsku, svo að ég læt íslensku þýðinguna duga, en bókin er mjög góð og ég mæli með henni,“ segir Arna.

Arna á tæpan mánuð eftir af fríinu og tímann sem eftir lifir ætlar hún að nota til að sinna ýmsum störfum fyrir Blaðamannafélag Íslands, þar sem hún gegnir embætti formanns.

Þrátt fyrir fríið er Arna full tilhlökkunar að hefja aftur störf, en hún hefur sinnt skrifum frá Alþingi fyrir Morgunblaðið. „Ég hef ofboðslega gaman af pólitík. Núna fer í hönd síðasti veturinn fyrir kosningar og þá er skemmtilegasti tíminn í þinginu,“ segir Arna. „Þá lifnar ansi mikið yfir þinginu, þingmenn fara að minna á sig fyrir kosningarnar og mörg hitamál eru rædd. Ég býst við að það verði mjög gaman á þinginu í vetur.“

## SJÓNARHÓLL

### ÖRYGGISEFTIRLIT Á FLUGVÖLLUM

## Lítil trú á gæslunni

„Þrátt fyrir það að það sé eflaust mjög gott og hæft fólk sem vinnur á flugvöllum þá hef satt best að segja mjög takmarkaða trú á því að svona öryggiseftirlit virki,“ segir Atli Bollason, blaða-, tónlistar- og athafnamaður. „Ég held að ef þú ætlir að sprengja upp flugvél og það sé virkilega þinn ásetningur, þá muni þér takast það og að þú finnir alveg leið framhjá því að þér sé bannað að fara með vökva í vélina eða eitthvað slíkt. Ég held að það sé ekki málið. Mér finnst mjög sérstakt, að þeir segja núna að þessar hertu öryggisreglur sem voru settar í Bretlandi muni sennilega verða til frambúðar. Það er talað um að þeir dagar séu bara liðnir þar sem bissnessmenn gátu farið í flug í jakkafötum með skjalatösku og þurftu ekkert annað og það var ekkert vesen á neinum færiböndum. Þeir dagar eru að öllum líkindum á bak og burt. Flug eru löng og mér finnst ömurlegt að það sé verið að gera flug að einhverjum ömurlega leiðinlegum og óþægilegum ferðamáta, sérstaklega þar sem ég held að það sé ekkert öruggara fyrir vikið.“



ATLI BOLLASON PLÖTUÚTGEFANDI



**SNIFFUÐU KÓKAÍN** Heimsþekktir sænskir frjálsíþróttamenn, hástökkvarinn Patrik Sjöberg og grindahlauparinn Sven Nylander, hafa viðurkennt að hafa sniffað kókaín eftir sigurveislu þrístökkvarans Christian Olsson í Gautaborg nýlega. Málið hefur vakið gríðarlega athygli, ekki síst vegna þess að Sven Nylander hefur helgað líf sitt síðustu árin baráttunni gegn eiturlyfjum. NORDIC PHOTOS/AFP

# Kókaínhneyksli hjá helstu frjálsíþróttamönnum Svía

**Þrír heimsþekktir toppíþróttamenn Svía í frjálsum íþróttum voru teknir nýlega fyrir meinta kókaínneyslu, þar á meðal grindahlauparinn Sven Nylander sem hefur helgað líf sitt baráttu gegn eiturlyfjaneyslu. Mennirnir voru handteknir eftir sigurveislu Christian Olssons, sem tryggði sér gull í þrístökki á EM í Gautaborg.**

Hneyksli skekur Svíþjóð. Sænska lögreglan tók nýlega fasta þrjá fyrrverandi landsliðsmenn Svía í frjálsum íþróttum fyrir meinta kókaínneyslu. Tveir mannanna voru með smávegis af kókaíni á sér en það var svo lítið að þeir fá líklega ekki fangelsisdóm fyrir það. Mennirnir tveir hafa játað neyslu.

Mennirnir eru Patrik Sjöberg, fyrrverandi heimsmethafi í hástökki og silfurverðlaunahafi á Ólympíuleikunum 1984 og 1992 sem búið hefur í Brasilíu síðustu ár og Sven Nylander grindahlaupari, sem vann silfur í 400 metra grindahlaupi á EM 1990 og 1994. Þriðji maðurinn er Patrik Lövgren spretthlaupari en óljóst er með þátt hans í málinu.

Þremenningarnir höfðu verið í sigurveislu Christian Olssons, sem varði Evrópumeistaratitil sinn í þrístökki í Gautaborg í byrjun ágúst, að sögn síðdegisblaðanna Aftonbladet og Expressen.

Eftir veislu Olssons fóru þeir ásamt Olsson á veitingastað til að halda fagnaðinum áfram og sniffuðu þá að minnsta kosti Sjöberg og Nylander kókaín inni á klósetti.

Þegar þeir voru teknir voru þeir báðir jafnframt með smáræði af kókaíni í bréfi eða plastpoka í vasanum.

Olsson hafði verið með þremenningunum á veitingastaðnum en hann var ekki tekinn höndum og er ekki talinn blandast í málið. Lögreglan beið með að láta til skarar skríða þar til hann hafði yfirgefið staðinn. Hún tók þá svo höndum, einn í einu, þegar þeir yfirgáfu staðinn.

Málið hefur haft gríðarleg áhrif í Svíþjóð og ljóst að það hefur áhrif á íþróttahreyfinguna, baráttuna gegn eiturlyfjum og líf þessara manna.

Heitasta umræðan hefur verið um þátt Sven Nylanders en hann hefur barist gegn eiturlyfjaneyslu sem framkvæmdastjóri fyrir landssamtök gegn eiturlyfjum, Hreinar íþróttir.

Nylander neitaði í fyrstu að hafa neytt kókaíns þrátt fyrir að þvagsýni lögreglunnar sýndi annað og sagði að kókaíninu hlyti að hafa verið byrlað í drykk sinn og því lætt í vasa sinn en viðurkenndi svo að hafa sniffað kókaín nokkrum sinnum. Þær raddir eru háværar að hann þurfi nú að gefa lögreglunni nafnið á kókaínsalanum.

Nylander hefur sagt af sér sem framkvæmdastjóri samtakanna Hreinar íþróttir og hefur honum jafnframt verið gert að selja hlut sinn í nýjum 700 fermetra veitingastað sem á að opna í haust. Honum hefur verið sagt upp ýmsum hlutastörfum.

Patrik Sjöberg er til nánari skoðunar hjá sænsku lögreglunni og hefur Interpol verið gert viðvart. Lögreglan í Brasilíu hefur bent á að hann hafi farið nokkrar ferðir til Hollands og Venesúela síðustu árin sem geti verið grunsamlegar. Hann á einnig á hættu að missa dvalarleyfi sitt í Brasilíu.

Christian Olsson varð fyrir áfalli þegar hann heyrði fréttirnar og sagðist ekki vita hvort hann vildi líta lengur á þá sem vini sína. Ljóst er að Nylander fer í meðferð og mun hætta að drekka áfengi en ekki er vitað um Patrik Sjöberg. Hann hefur orðspor sem algjör uppreisnarseggur, náungi sem fer gegn straumnum.

ghs@frettabladid.is




# Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir






## NÝJAR & FERSKAR FISKBÚÐIR

Sex nafntogaðar fiskbúðir á höfuðborgarsvæðinu hafa sameinað rekstur sinn undir heitinu FISKISAGA og fljótlega bætast fimm verslanir í hópinn.

Í glæsilegum verslunum er boðið upp á úrval af girnilegum og gómsætum gæðafiskréttum, framandi jafnt sem hefðbundnum og þjóðlegum. Einnig seljum við spriklandi ferskan fisk eftir vigt og saltfisk sem bragð er að. Í FISKISÖGU er líka á boðstólum meðlætið með fiskinum.

Sjóaðir fisksalar starfa hjá FISKISÖGU og leiðbeina þeir viðskiptavinum um allt sem viðkemur hráefni og eldamennsku.

FISKISAGA er á eftirfarandi stöðum:

- Skipholti 70
- Höfðabakka 1
- Vegamótum (Nesvegi 100)
- Sundlaugavegi 12
- Háaleitisbraut 58-60
- JL-húsinu við Hringbraut

Innan skamms verður FISKISAGA líka hér:

Hamraborg • Dalvegi • Ögurhvarfi • Búðarkór • Völlum

## Svona erum við

> Raforkusala til álverksmiðja í gígavattstundum.




Heimild: Hagstofa Íslands.

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FRIÐARGÆSLULIÐAR

# *Bláir hjálmar sem framfylgja friði*

Fimmtán þúsund manna alþjóðlegt friðargæslulið verður sent til Suður-Líbanon á næstunni eftir að vopnahlé komst á. Friðargæsluliðið er í umboði Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, en fyrir eru í landinu friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna.

**Hvað gera friðargæsluliðar?**
Friðargæsla er skilgreind af Sameinuðu þjóðunum sem „leið til að aðstoða stríðshrjáðar þjóðir við að skapa aðstæður þar sem hægt er að viðhalda friði“. Friðargæsluliðar hafa eftirlit með framgangi friðar eftir að bardögum lýkur og aðstoða fyrrum bardagamenn við að framfylgja friðarsamningum sem þeir gætu hafa undirritað. Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna eru oft kallaðir „Bláu hjálmarnir“ vegna ljósblárra hjálma sem þeir bera. Þeir samanstanda af hermönnum, lögreglumönnum og öðrum borgaralegum starfsmönnum.



**Taka friðargæsluliðar þátt í bardögum?**
Friðargæsluliðum hefur aldrei verið ætlað að berjast. Meginreglan er að þeir eru sendir á vettvang þegar vopnahlé hefur tekið gildi og stríðsaðilar hafa gefið samþykki. Slík er raunin með flutning fimmtán þúsund friðargæsluliða til Líbanon á næstunni. Gera þarf greinarmun á friðargæslu og öðrum aðgerðum sem hafa frið að leiðarljósi en eru ólíkar. Aðgerðir á borð við afskipti Atlantshafsbandalagsins af Kosovo-stríðinu flokkast undir friðarþvingun frekar en friðargæslu. Þar var Atlantshafsbandalagið að leitast við að koma á friði í stað þess að viðhalda honum, og þar með sinntu þeir ekki friðargæslu.

**Hvers vegna er friðargæsla nauðsynleg?**
Þegar ófullnægjandi stjórnkerfi veldur töfum á valdaflutningi og óánægðir og viðkvæmir borgarar eru beittir valdi munu bardagar líklega geysa áfram þrátt fyrir friðarsamninga eða vopnahlé. Friðargæsla er mikilvægt tæki til að leysa þessi vandamál.

## SPURT OG SVARAÐ

**FLOKKSÞING FRAMSÓKNARFLOKKSINS**

### *Má rita hvaða nafn sem er*

Flokksþing Framsóknarflokksins fer fram um næstu helgi og hefur hlotið mikla athygli að undanförnu. Fleiri en eitt framboð hafa borist í öll embættin; þrjú í formannsembættið, tvö í varaformann og fjögur í ritara. Sigurður Eyþórsson er framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins.



SIGURÐUR EYÞÓRSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI

**Hverjir eiga aðild að flokksþinginu?**
Þeir 171 sem sitja í miðstjórn eiga fast sæti á þinginu, en svo á hvert hinna 89 flokksfélaga um land allt einn fulltrúa fyrir hverja 15 byrjaða meðlimi.

**Hvernig fer kosning fram?**
Hver maður á þinginu fær auðan seðil í hendur og ritar nafn hvaða flokksbundins framsóknarmanns sem er á hann. Sá sem fær pláss á seðlinum þarf í sjálfu sér ekki að vera búinn að lýsa yfir framboði. Fyrst er kosið um formann, þá varaformann og síðast ritara flokksins. Hver þeirra tekur við embætti um leið og niðurstöður kosningarinnar liggja fyrir. Þá víkur fyrri maður úr embætti og hinn sest við háborðið í salnum í staðinn.

# Frambjóðendur berjast um fylgi

**Spennandi kosningar eru framundan á flokksþingi Framsóknarflokksins um helgina. Níu, þar af fimm þingmenn, gefa kost á sér í embætti formanns, varaformanns og ritara. Halldór Ásgrímsson lætur af embætti sem formaður flokksins, eftir meira en aldarfjórðung í forystusveit flokksins.**




**FORYSTUSVEITIN FAGNAR** Fráfarandi forystusveit sést hér fagna á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins. Siv Friðleifsdóttir, fráfarandi ritari, og Halldór Ásgrímsson, fráfarandi formaður, fallast í faðma eftir að úrslit í formannskjörinu voru ljós. Guðni Ágústsson, varaformaður, fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný forystusveit tekur við stjórnartaumunum í Framsóknarflokknum á morgun. Tæplega níu hundruð þátttakendur á flokksþinginu verða þá búnir að kveða upp úr um það hvernig forysta flokksins verður skipuð.

Flokksþingið er merkilegt fyrir þær sakir að sérstaklega var til þess boðað eftir að Halldór Ásgrímsson, fráfarandi formaður flokksins og ráðherra um áratugaskeið, ákvað að hverfa af vettvangi stjórnmálanna.

**Væringar innan þingflokksins**
Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í vikunni voru miklar væringar innan þingflokksins í júní. Níu af tólf þingmönnum flokksins voru tilbúnir til þess að styðja Jón Sigurðsson sem næsta formann flokksins, með undirskrift. Jón kom hins vegar í veg fyrir að undirskriftasöfnunin yrði að veruleika og gerð opinber.

Siv Friðleifsdóttir, mótframbjóðandi Jóns Sigurðssonar í formannskjörinu, og Guðni Ágústsson voru ekki tilbúin til þess að styðja Jón í júní. Kristinn H. Gunnarsson, sem býður sig fram til ritara, var ekki hafður með í ráðum þegar stuðningur við Jón var kannaður innan þingflokksins.

**Aðstæður hafa breyst**
Þótt skýr afstaða þingflokksins í júní gefi vísbendingar um það hvernig landið liggur innan Framsóknarflokksins, er ekki víst að afstaða þingmanna sé sú sama nú. Siv Friðleifsdóttir hefur tilkynnt um framboð sitt til formanns, auk þess sem Guðni Ágústsson ákvað að bjóða sig fram til varaformennsku á nýjan leik, en lengi vel var búist við því að hann myndi sækjast eftir formannsembættinu.

Líklegt má telja að þessar ákvarðanir Sivjar og Guðna hafi töluverð áhrif á hug flokksmanna og geti mögulega breytt sjónarmiði þeirra þingmanna sem töldu ótvírætt, að farsælast væri fyrir Framsóknarflokkinn að Jón Sigurðsson tæki við formennsku í flokknum.

Í viðtali við Fréttablaðið í vikunni gerði Siv lítið úr stuðningi meirihluta þingmanna við Jón í júní, og sagði þá aðeins vera „tólf atkvæði af 850“, og skírskotaði til heildarfjölda félagsmanna sem hafa rétt til þess að greiða atkvæði á flokksþinginu.

**Málefni og persónur**
Frambjóðendur á flokksþinginu hafa að undanförnu ferðast saman um landið og kynnt fyrir flokksmönnum stefnumál sín og áherslur. Eðlilegt er að álykta að fyrst og fremst séu frambjóðendur að ná tali af fólki og kynnast því beint, frekar en að leggja mikla áherslu á útleggingar á hugsjónum og markmiðum, þar sem ítarlegt málefnastarf flokksins fer fram 23. febrúar á næsta ári. Á þeim forsendum er um persónulegar kosningar að ræða, þar sem flokksmenn gera upp við sig hvernig einstaklinga þeir vilja hafa í framvarðarsveit Framsóknarflokksins, án þess að valið byggist á djúpri og tímafrekri málefnavinnu.

**Bandalög innan flokksins?**
Á þessum forsendum verður til ríkara tilefni til þess að ætla, að frambjóðendur myndi tengsl sín á milli sem byggi fyrst og fremst á persónulegum samskiptum, og skapi með því rými fyrir myndun kosningabandalaga. Frambjóðendur hafa neitað því til þessa að þeir séu að mynda kosningabandalög sín á milli, en ekki er úr vegi að horfa til þess að Halldór Ásgrímsson, fráfarandi formaður Framsóknarflokksins, kynnti Jón Sigurðsson fram á sjónarsvið stjórnmálanna og sagði hann „mann með yfirburðaþekkingu á öllum sviðum þjóðfélagsins“.

Þessi orð benda eindregið til þess að Halldór treysti Jóni Sigurðssyni best af þeim sem í framboði eru til þess að takast á við forystuhlutverk í Framsóknarflokknum. Af þessari stóryrtu stuðningsyfirlýsingu hafa ýmsir dregið þá ályktun að stuðningsmenn Halldórs hafi tekið sig saman um að koma fólki úr sínum röðum að í forystuhlutverkum hjá flokknum. Og nefna í því samhengi Jón sem formann, Jónínu Bjartmarz sem varaformannsefni og annað hvort Sæunni Stefánsdóttur eða Birki Jón Jónsson í embætti ritara.

Á móti þessari sveit draga sumir svo þá ályktun að teflt sé fram Siv sem formannsefni, Guðna sem varaformanni og Kristni H. Gunnarssyni eða Hauki Loga Gunnarssyni sem ritara.

Ljóst er þó að þessar yfirborðskenndu hugmyndir um kosningabandalög milli frambjóðenda á flokksþinginu verða ekki aðalatriði málsins þegar hver og einn flokksmaður gerir upp við sig hvaða frambjóðanda hann kýs til forystuhlutverks. Þar ræður mestu að frambjóðendum sé treyst til þess að sætta ólík sjónarmið í flokknum og efla málefnastarf, með samvinnuhugsjónina í fararbroddi, sem styrki Framsóknarflokkinn til framtíðar.

**FRAMBJÓÐENDUR Á FLOKKSÞINGI**

| | |
|---|---|
| **Til formanns:** | |
| Siv Friðleifsdóttir | Núverandi ritari flokksins og heilbrigðisráðherra |
| Jón Sigurðsson | Iðnaðar- og viðskiptaráðherra |
| Haukur Haraldsson | Flokksmaður |
| **Til varaformanns:** | |
| Jónína Bjartmarz | Þingmaður |
| Guðni Ágústsson | Varaformaður og landbúnaðarráðherra |
| **Til ritara:** | |
| Haukur Logi Karlsson | Fyrrverandi formaður Sambands ungra framsóknarmanna |
| Sæunn Stefánsdóttir | Fyrrverandi aðstoðarkona Jóns Kristjánssonar og þingmaður frá haustþingi |
| Birkir Jón Jónsson | Þingmaður |
| Kristinn H. Gunnarsson | Þingmaður |



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is




„Eftir að ég kláraði Skrifstofu- og tölvunámið hjá NTV í haust hefur lífið verið ævintýri líkast. Ég starfaði áður á leikskóla en gat eftir námið valið á milli þriggja starfa. Í dag hef ég tvöfalt hærri tekjur fyrir sama vinnutíma. Þetta nám er langbesta fjárfesting mín hingað til og hefur breytt öllu fyrir mig og börnin mín. Takk fyrir mig NTV!“

ntv.is

Innritun og skráning í síma 544 4500 og á www.ntv.is



# Ormsteiti

Egilsstaðir
Fellabær
Eiðar
Hallormsstaður
Brúarás

**18. – 28. ágúst**

## Veisla á Héraði



fljotsdalsherad.is



- Íbúafjöldi 4.200
- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðraparadís
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning



Tíu daga taumlaus gleði!



Í dag hefst Ormsteiti, hin mikla menningarhátíð Fljótsdalshéraðs. Allt héraðið verður undirlagt af fjölbreyttum uppákomum og listviðburðum, það er því upplagt tilefni til að skella sér austur á Hérað og kynnast kraftmiklu menningarlífi í fögru umhverfi.

Fjöldi Héraðsbúa stendur að þessari metnaðarfullu dagskrá, auk þess sem von er á mörgum góðum gestum hvaðanæva af landinu.

Meðal atriða eru tónleikar **Baggalúts** í Hallormsstaðarskógi, **Magga Stína** og **Hr.Ingi.R halda** 100 manna tónleika á Menningarnótt á Fjöllum, Stórsveitin **Hjálmar**, leiksýningar, myndlistarsýningar, flugeldasýning og svo mætti lengi telja.



**Við bjóðum alla velkomna að fagna með okkur!**

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is

FITON / SÍA



# landslag

*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** SVEITARFÉLAGIÐ FJARÐABYGGÐ

## *Landi fórnað fyrir betra mannlíf*

Fjarðabyggð varð til við sameiningu Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps 7. júní 1998 og enn stækkar sveitarfélagið því við síðustu sveitarstjórnarkosningar bættust Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Austurbyggð í hópinn. Guðmundur Bjarnason var sveitarstjóri í Neskaupstað frá árinu 1991 en varð svo fyrsti sveitarstjóri Fjarðabyggðar. Hann lætur af embætti í næsta mánuði að eigin ósk svo óhætt er að segja að hann skili búi sem sé frábrugðið því sem hann tók við. „Þetta eru gríðarlegar breytingar sem hafa átt sér hér stað,“ segir hann. „Hér var allt á niðurleið, það var ekkert byggt og fólki fækkaði en nú hefur þessari þróun verið snúið við frá því skrifað var undir samninga árið 2003 um að reisa álver hér.“



Sem dæmi um breytinguna nefnir Guðmundur að einbýlishús sem fyrir áratug hefði kostað um 8 milljónir seljist nú á rúmar tuttugu milljónir. „Fólk er því ekki fangar lengur í eigin íbúð, það getur nú selt og minnkað við sig eins og fjölmargir hafa gert hér. Eins getur fólk nú selt fasteign sína hér og keypt sér aðra á höfuðborgarsvæðinu ef það kýs svo. Svo hefur þróunin einnig orðið til þess að fólk sem fór héðan og náði sér í menntun getur komið til baka og fengið störf við hæfi.“

Um þær gagnrýnisraddir sem heyrast um Kárahnjúkavirkjun segir Guðmundur: „Vissulega erum við að fórna miklu landsvæði fyrir uppistöðulón og það er óafturkræft. En í staðinn fáum við iðandi mannlíf og bjarta framtíð hér á Mið-Austurlandi og það tel ég réttlætanlega fórn.“

## STAÐURINN

**TÖLUR OG STAÐREYNDIR**



### *Reyðarfjörður*

Íbúafjöldi í desember 2005: 1.424
Íbúafjöldi í desember 2000: 632
Íbúafjöldi í desember 1997: 683

Sveitarfélag: Fjarðabyggð

Bæjarstjóri: Guðmundur Bjarnason

Skólar: Grunnskóli Reyðarfjarðar, Leikskólinn Lyngholt, Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar

Vegalengd frá Reykjavík: 677 kílómetrar sé farið Skeiðarársand og Sunnfirði, 631 sé farið Öxi, 687 sé farið um Norðurland.

# Var kominn að suðupottunum

Á túninu hjá Guðmundi Beck bónda á Kollaleiru, sem er ofan til við bæjarjaðarinn, eru um tuttugu gestir, eins og hann kallar þá sjálfur. Þetta eru mótmælendur gegn stóriðju sem heldur betur hafa sett svip sinn á bæinn og fært bæjarbúum eitthvað til að tala um. Þeir höfðu farið inn á skrifstofu verkfræðifyrirtækisins Hönnunar og síðar farið inn á vinnusvæðið þar sem verið er að reisa álver Fjarðaáls og klifrað upp í krana og hengt þar borða með slagorðum og hlekkjað sig við vinnutæki. Sjálfur hafði Guðmundur bóndi látið til sín taka í þessum efnum, klippt á girðingu við vinnusvæðið og hlaupið þar inn svo vinna var stöðvuð.

„Ég var kominn að suðupottunum hjá þeim,“ segir Guðmundur sem kominn var í kerskálann þegar hann var hafður á brott. „Ég var bara að spjalla við þá og spyrja hvað þeir væru eiginlega að gera. Þeir voru bara nokkuð kumpánlegir nema einn öryggisvörðurinn sem vildi að ég yrði strax hafður á brott og stressaðist mjög því það gekk seinlega. En hann tók þó mikið af myndum af mér.

Ég hefði nú alveg komist yfir girðinguna án þess að klippa á þetta en það voru verktakar úr þessum ranni sem klipptu á girðinguna hjá mér hérna fyrir nokkru og það var enginn kærður fyrir það. Ég vildi því aðeins kanna hvort að hér gilti hið fornkveðna að ekki sé sama hvor er, Jón eða séra Jón. Það á víst að kæra mig en mér hefur ekki verið birt kæran svo kannski sannast hið fornkveðna.“




**GUÐMUNDUR BECK** Bóndinn á Kollaleiru var áður varaþingmaður fyrir Alþýðubandalagið og er höfðingi heim að sækja en á túninu sem sést fyrir aftan hann á myndinni dvöldu um tuttugu gestir.





Náman – námsmannaþjónusta Landsbankans

# Sínum augum lítur hver á álið

**Veður er stillt og milt þegar Jón Sigurður Eyjólfsson kemur á vélfáki niður Fagradal. En það er engin stilla yfir samfélaginu við Reyðarfjörð þar sem þróun mála í stóriðju og alþjóðavæðingu krefur bæjarbúa um að taka afstöðu. Milli flestra eru þó gagnvegir góðir þó einnig hafi reynt á vináttuna.**

Fáir bæir á landinu hafa tekið jafn miklum breytingum á undanförnum árum og Reyðarfjörður. Áður voru þar kraftmikil sjávarútvegsfyrirtæki en nú er varla nokkur útgerð þaðan. Blaðamaður fékk þó að líta sporð þegar hann fór um bæinn en pólskir verkamenn frá álverinu sem voru að stytta sér stundir við höfnina drógu vænan kola úr sjó. „Það er fínt að vera hérna en þó svolítið kalt, núna er um þrjátíu stiga hiti í Póllandi,“ segir Sojka Jósef Sosnowiec, sem búið hefur í sjö mánuði í vinnubúðum Bechtel á Reyðarfirði.

### Hryðjuverk og stalínismi

Ekki verður hjá því komist að ræða um stóriðjumál þegar komið er til Reyðarfjarðar. Flestir fagna þeim jákvæðu afleiðingum sem uppbygging álvers Fjarðaráls hefur fyrir bæinn. Það kveður þó við allt annan tón þegar þessi mál eru rædd við Guðmund Beck bónda á Kollaleiru og fyrrverandi varaþingmann. „Það eiga allir að vera svo ánægðir nú þegar þetta álver er komið til að bjarga öllum þannig að vissulega er ég svolítið sér á báti hérna þar sem ég hef andstyggð á þessu félagslega og náttúrulega hryðjuverki sem hér er verið að vinna,“ segir Guðmundur. „Þetta er bara stalínismi að halda það að fólkið hérna láti segja sér við hvað það eigi að vinna. Hér er búið að drepa öll sjávarútvegsfyrirtæki og nú er verið að reyna að bola mér og öðrum bændum úr firðinum því hér á ekkert annað að þrífast en stóriðjan. Svo segja menn að það fjölgi í bænum, það er reyndar rétt að það fjölgar meðan þrælabúðirnar eru hérna en heimamönnum fækkar. Þetta er því ekki björt framtíð því hér verður varla líft því staðsetningin fyrir álverið er afleit. Hér í firðinum hreyfist loftið oft varla svo dögum skiptir og þá munum við anda þessum fjára úr álverinu að okkur. Kannski þurfa þeir ekki að bola manni burt, maður forðar sér eflaust áður en mengunin og stalínisminn hellist yfir.“



**EINAR BJÖRNSSON OG EYÞÓR HAUKSSON** Málin eru rædd í söluskála Shell á Reyðarfirði og af nógu er að taka þegar alþjóðleg fyrirtæki og mótmælendur víða að úr heiminum eru við túnfótinn hjá bæjarbúum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

### Landsvirkjun er í Reykjavík en ekki Reyðarfirði

Ekki þarf að leita langt til að finna viðmælendur sem líta álið allt öðrum augum en Guðmundur eða Mási eins og hann er oftast kallaður. Eins og víða í þorpum og bæjum landsins eru mál sem brenna á bæjarbúum rædd í söluskálanum. „Hann Mási var sá fyrsti til að græða á álverinu svo hann ætti ekki að bíta höndina sem fæðir hann,“ segir Einar Björnsson sem rekur söluskála Shell á Reyðarfirði við Eyþór Hauksson bílstjóra hjá BM Vallá sem kominn er til að kaupa sér tóbak. „Þegar skrifað var undir samningana um að álverið yrði reist var haldin veisla og bakaðar tertur í tonnavís úr eggjum sem keypt voru af honum.“

Svo heldur hann áfram, „þetta álver breytir öllu fyrir samfélagið hér og gerir það að verkum að fólk getur búið hérna. Menn höfðu lengi sagt að við þyrftum eitthvað til að halda uppi atvinnulífinu eftir að sjávarútvegurinn lognaðist út af. Nú er búið að finna lausn sem menn geta að sjálfsögðu haft sínar skoðanir á en hvorki Mási né listaelítan, sem er alltaf að gagnrýna þetta, hafa komið fram með betri lausn.“

Þeir Eyþór og Einar hafa ekki farið varhluta af framgangi mótmælenda og hafa sína skoðun á honum líkt og flestir. „Þetta eru bara krakkar í hippaleik, maður tekur þetta ekkert nærri sér,“ segir Einar. „Hitt er verra þegar sumir stjórnmálamenn, sem ættu að skilja þörfina fyrir uppbygginguna hér, neita að skilja að það verður ekki hætt við núna þegar búið er að samþykkja þetta og framkvæmdir komnar vel á veg.“



**DORGAÐ VIÐ HÖFNINA** Krzysztof Wroclaw og Sojka Jósef Sosnowiec draga einn flatan fisk úr sjó. Það er kærkomið að sjá einhvern hreistraðan á Reyðarfirði en útgerð er nær engin þar lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

„Ég var einu sinni hætt kominn,“ segir Eyþór, „þegar einn mótmælandinn fór fyrir trukkinn hjá mér í fyrra. Þú stöðvar ekki svona tæki einn, tveir og þrír svo ég hefði ekki ráðið við neitt hefði honum skrikað fótur. Svo er nokkuð seint að mótmæla núna og réttast væri að mótmæla hjá þeim sem taka ákvarðanirnar svo ég myndi benda mótmælendum á að Landsvirkjun og Alþingi eru í Reykjavík en ekki á Reyðarfirði.“

Sumir ásaka mótmælendur fyrir að mótmæla einhverju sem þeir hafi enga þekkingu á. Stephan Silbermann og Erasmus Talbot sem blaðamaður spjallaði við á túninu hjá Mása sögðust hafa kynnt sér málin mjög vel og lengi. „Okkur kom hins vegar á óvart að fjölmargir Íslendingar vita í raun og veru ósköp lítið um þessi mál.“



410 4000 | landsbanki.is




**SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN**

| Skeifan | | Bíldshöfði | | Hringbraut | | Breiðholt | | Norðurbrún | | Hvaleyrarbraut | | Mosfellsbær | | Selfoss | | Vestmannaeyjar | | Þorlákshöfn | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | virkir dagar | 11-21 | Allir dagar | 12-23 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 | virkir dagar | 11-19 |
| laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | laugardagar | 11-21 | | | föstudagar | 11-20 | laugardagar | 11-19 | laugardagar | 11-19 |
| sunnudagar | 12-18 | sunnudagar | 12-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | sunnudagar | 12-21 | | | laugardagar | 11-19 | sunnudagar | lokað | sunnudagar | lokað |
| | | | | | | | | | | | | | | sunnudagar | lokað | | | | |


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
40% afsláttur
41% afsláttur
959 kr. kg 1598
Krónu lambaframparts sneiðar þurrkryddaðar
1139 kr. kg 1899
Krónu lambagrillsneiðar þurrkryddaðar úr læri
999 kr. kg 1694
Goði Gourmet grísakótilettur
Krónan alltaf hagstæð!
Zendium barnatannkrem
139 kr/pk
287 kr. kg 478
Goði kryddaðir lambarifjabitar
40% afsláttur
Krónukrydduð lambasteik
998 kr/kg
Ariel þvottaefni 4 teg.
Lenor 2 ltr. fylgir frítt með.
Fylgir frítt með Ariel þvottaefni
Pantene sjampó og hárnæring
289 kr/stk
Flash hreingerninga klútar
299 kr/pk
Alltaf tilboð alla daga

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.557 **+2,05%** **Fjöldi viðskipta:** 322 **Velta:** 25.474 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | +4,59% | **Dagsbrún** | -9,64% |
| **FL Group** | +4,35% | **Marel** | -1,24% |
| **KB banki** | +3,35% | **Alfesca** | -0,94% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,70 -0,47% ... Alfesca 4,21 -0,94% ... Atlantic Petroleum 549,00 -1,08% ... Atorka 5,95 +2,59% ... Avion 32,50 +1,88% ... Bakkavör 51,20 +0,39% ... Dagsbrún 4,78 -9,64% ... FL Group 16,80 +4,35% ... Glitnir 18,10 +1,12% ... KB banki 741,00 +3,35% ... Landsbankinn 22,80 +4,59% ... Marel 80,00 -1,24% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,59% ... Straumur-Burðarás 15,80 +0,00% ... Össur 114,50 +1,33%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



### Að renna á rassinn

Danskir fjölmiðlar fara mikinn í umfjöllun sinni um uppgjör Dagsbrúnar sem birt var á miðvikudag. Sérstaklega er rýnt í þá yfirlýsingu að stofnaður verði sérstakur sjóður um fríblaðið Nyhedsavisen þar sem Dagsbrún verði minnihlutaeigandi. Viðskiptablaðið Börsen segir Dagsbrún með bakþanka varðandi útgáfu blaðsins og gefur jafnvel í skyn að hætt verði við. Sérfræðingur sem Börsen ræðir við segir uppgjör Dagsbrúnar svo slæmt að meira að segja þaulvanur bankamaður gæti ekki fært það í fínan búning. Berlingske Tidende gengur enn lengra og spyr hvenær og hvaðan þeir rúmu fjóru milljarðar, sem Gunnar Smári Egilsson forstjóri segir tilbúna til verksins, eigi að koma.

### Saddam í sóknarhug

Engan bilbug er hins vegar að finna á Dagsbrúnarmönnum. Sven Dam, forstjóri 365 Scandinavia, er einkar harður í horn að taka og gengur raunar undir gælunafninu Saddam í Danmörku. Saddam er greinilega í sóknarhug og sakar keppinautana um brot á dönskum samkeppnislögum. Þannig er mál með vexti að Dato, sem gefið er út af Berlingske, mun til að byrja með ekki verða borið út til áskrifenda Jyllands-Posten og Politiken, sem eru áskriftarblöð keppinautarins JP/Politiken. „Þarna hafa fyrirtæki, sem eiga að vera í samkeppni, með sér samráð um hvernig eigi að standa að útburðarmálum. Slíkt er augljóslega ólöglegt," segir Sven. Hann bætir því síðan við að engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að ekki takist að fjármagna útgáfu Nyhedsavisen. Viðbúið hafi verið að byrjunarkostnaður yrði hár.

### MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Noregs hækkaði í vikunni stýrivexti um 25 punkta, meðal annars vegna þensluáhrifa af olíuverði. Norskir stýrivextir eru 3,0 prósent.

Kögun hf., dótturfélag Dagsbrúnar, tapaði 429 milljónum króna á fyrri helmingi ársins. Á sama tímabili í fyrra skilaði fyrirtækið 223 milljóna króna hagnaði.

Almennrar bjartsýni virðist gæta á hlutabréfamarkaði að mati greiningardeildar Glitnis banka. Þar er sagt gæta áhrifa mildari tóns Seðlabankans varðandi áframhaldandi vaxtahækkanir og væntinga um að verðbólgan sé að ná hámarki sínu.

# Magasin tekur yfir Debenhams í Köben

Unnið er að því að breyta 6.200 fermetra verslun Debenhams í verslunarmiðstöðinni Fields í Kaupmannahöfn í Magasin du Nord. Ný verslun verður opnuð um miðjan september.

Magasin du Nord keypti Debenhams í Danmörku fyrr á árinu en verslanakeðjurnar eru að stórum hluta í eigu Baugs. „Það er verið að vinna með tvö nöfn á sömu hurðinni. Magasin-nafnið verður notað en öll sterku vörumerkin, sem voru inni í Debenhams, verða þarna áfram," segir Jón Björnsson, forstjóri Magasin du Nord. „Það er ákveðinn styrkur í því að nota allt markaðsefni frá Magasin og alla þá kúnna sem versla í Magasin." Einnig bendir Jón á að 130 þúsund korthafar noti Magasin-kortið sem veiti afslátt í verslunum vöruhúsakeðjunnar. **- eþa**




**DEBENHAMS Í FIELDS, KAUPMANNAHÖFN** Verslanakeðjan Magasin du Nord tekur yfir Debenhams í september.

# Sigríður til Símans

Sigríður Olgeirsdóttir hefur verið ráðin til Símans þar sem hún mun stýra sérverkefnum og heyra beint undir forstjóra. „Síminn er í mikilli útrás og í miklu breytingaferli sem ég mun taka þátt í," segir Sigríður sem verður fyrst um sinn að vinna að erlendum og innlendum nýsköpunarverkefnum.

Sigríður hefur verið framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss frá árinu 2001 þar til hún lét af störfum nú nýverið. Hún hefur gegnt ýmsum stjórnunarstörfum innan hugbúnaðargeirans frá árinu 1988 og var meðal annars framkvæmdastjóri Ax Business Intelligence A/S í Danmörku á árunum 1999 til 2001.

Sigríður er með MBA-gráðu í alþjóðastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík. Hún er einnig menntaður rekstrarfræðingur frá Endurmenntun HÍ og kerfisfræðingur frá Óðinsvéum í Danmörku. **- hhs**



**SIGRÍÐUR OLGEIRSDÓTTIR** Hefur verið ráðin til Símans þar sem hún mun heyra beint undir forstjóra og stýra sérverkefnum.


Súpersól til Búlgaríu

24. ágúst frá kr. 29.990

Síðustu sætin

Golden Sands í Búlgaríu hefur sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Terra Nova býður nú síðustu sætin í ágúst á ótrúlegum kjörum. Gríptu tækifærið og skelltu þér til þessa vinsæla sumarleyfisstaðar sem býður þín með frábæra strönd, einstakt loftslag, ótæmandi afþreyingarmöguleika, fjölbreytta veitingastaði og fjörugt næturlíf. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 29.990

Netverð á mann. m.v. 2 fullorðna í hótelherbergi í viku. Súpersólar tilboð 24. ágúst.

TERRA NOVA

Skógarhlíð 18 – 105 Reykjavík – sími 591 9000
Akureyri – sími 461 1099 • Hafnarfirði – sími 510 9500
www.terranova.is




**STJÓRNENDUR DAGSBRÚNAR OG DÓTTURFÉLAGA Á KYNNINGARFUNDI** Ekki verður ráðist í róttækar hagræðingaraðgerðir hjá 365 líkt og gert var við DV. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Boða hagræðingu á 365

**Stjórnendur 365 ætla ekki að ráðast í jafn róttækar aðgerðir og gert var með DV. Unnið er að hagræðingu á Wyndeham og skipulagi auglýsingadeildar og NFS hefur verið breytt. Hlutabréf í Dagsbrún féllu um tæp tíu prósent í gær.**

Stjórnendur Dagsbrúnar boða aðgerðir til lækkunar kostnaðar á innlendum og erlendum fjölmiðlarekstri samsteypunnar, til að bregðast við 1,5 milljarða króna tapi á fyrri hluta árs.

Ari Edwald, forstjóri 365, var spurður hvort félagið hygðist skera einhvern fjölmiðil niður með sama hætti og gert var við DV á árinu. „Nei, svo róttækar aðgerðir eru ekki í pípunum."

Þótt ekki sé greint frá afkomu einstakra félaga bera reikningar Dagsbrúnar það með sér að dótturfélagið 365 er rekið með talsverðu tapi þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Gengistap af erlendum lánum kemur illa við 365 eins og önnur rekstrarfélög. Þá lækkaði framlegðarhlutfall (EBITDA) alls fjölmiðlahlutans um helming milli ára, úr fjórtán prósentum í sjö.

Áfram verður unnið að hagræðingaraðgerðum hjá breska útgáfufyrirtækinu Wyndeham Press, félagi sem Dagsbrún yfirtók í vor. Er áætlað að aðgerðirnar kosti sex hundruð milljónir króna sem skili sér í hálfs milljarðs ábata á ári.

Ari vill ekki fara nákvæmlega út í þær aðgerðir sem farið verður út í. „Við höfum ekkert í hyggju að rifa seglin með þeim hætti sem við gerðum gagnvart DV." Það er viðvarandi verkefni að auka hagkvæmnina í rekstrinum. Ari bendir á að mikill innri vöxtur hafi einkennt ljósvaka- og prentmiðla eða um átján prósent á milli ára. Sterkustu fjölmiðlar 365 eru með verulegan vöxt í auglýsingatekjum á fyrri hluta ársins og sjá stjórnendur Dagsbrúnar engin teikn um það að auglýsingamarkaðurinn sé að veikjast. „Hins vegar höfum við stofnað mikið af nýjum einingum. Þær hafa ekki enn þá skilað þeirri aukningu í auglýsingatekjum sem við höfum verið að vonast eftir."

Hafa auglýsingadeildir verið endurskipulagðar. „Auglýsingatekjur hafa verið að aukast verulega. Við viljum bara sjá þær aukast enn meira," segir Ari.

Einnig hafa breytingar orðið á skipulagi NFS þar sem slegið er saman daglegum fréttum og kvöldfréttum. „Þetta á að leiða til meiri hagkvæmni hjá NFS og öðrum miðlum okkar sem nota fréttirnar." Aðspurður um rekstur NFS segir Ari að tekjur stöðvarinnar hafi verið verulega minni en áætlað var fyrstu mánuðina eftir að hún fór í loftið en nú sjáist mikil batamerki. Þá gangi rekstur hins nýja helgarblaðs DV vel. Í sumar voru gerðar nýjar áætlanir fyrir NFS og aðra miðla 365. Uppgjörið gefur ekki tilefni til breytinga að sögn Ara.

Hlutabréf í Dagsbrún lækkuðu um tæp tíu prósent í gær og hefur gengi bréfanna ekki verið lægra síðan í byrjun nóvember á síðasta ári. 365 er útgefandi Fréttablaðsins. **eggert@frettabladid.is**

# Vill formleg samskipti við Guernsey

Fjármálaeftirlitið hefur regluleg samskipti við yfirvöld á Ermarsundseynni Guernsey, segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri eftirlitsins. Hann segir jafnframt áhuga á að gera formlegan samstarfssamning við yfirvöld á eynni.

Greint var frá því í Markaðnum að félög með aðsetur á Guernsey ættu eignir hér fyrir 41,6 milljarða króna. Heildarfjármunaeign erlendra aðila á Íslandi nemur rúmum 250 milljörðum króna. Á Guernsey búa 65 þúsund manns.

Skattaumhverfi á Guernsey er afar hagstætt og er auðvelt fyrir útlendinga að fá undanþágu frá greiðslu tekjuskatts á fyrirtæki. Eignamenn hafa því gjarnan stofnað svokölluð skúffufyrirtæki á eynni og freistað þess að komast kringum skattalöggjöf heima fyrir.



**JÓNAS FR. JÓNSSON**

Þegar listi yfir tuttugu stærstu eigendur félaga í Kauphöll Íslands er skoðaður kemur í ljós að mörg félaganna eru skráð erlendis og að erfitt er að nálgast upplýsingar um uppruna þeirra.

Ríkisskattstjóri hefur meðal annarra gefið í skyn að mörg þessi félög séu hrein gervifélög, stofnuð í þeim eina tilgangi að komast hjá skattgreiðslum. **- jsk**

# Olían lækkar ennþá snarpt

Heimsmarkaðsverð á hráolíu lækkaði fjórða daginn í röð í gær í fyrstu viðskiptum dagsins á helstu fjármálamörkuðum og hefur verðið ekki verið lægra í tæpa tvo mánuði.



**OLÍUVINNSLUSTÖÐ**

Olía sem afhent verður í næsta mánuði lækkaði um 1,02 bandaríkjadali á markaði í New York í Bandaríkjunum og fór í 70,87 dali á tunnu en verðið hefur lækkað um sjö prósent í vikunni. Þá lækkaði verð á Norðursjávarolíu um 1,09 dali í kauphöll Lundúna og fór í 71,74 dali á tunnu.

Þrátt fyrir tíðar lækkanir síðustu daga hefur heimsmarkaðsverð á hráolíu hækkað um 14 prósent það sem af er árs. **- jab**

# VÍNUPPBOÐ

## Laugardaginn 19. ágúst kl. 16 á Hótel Holti

**H**ið árlega vínuppboð Globus hf. verður haldið í fimmta sinn laugardaginn 19. ágúst í tengslum við Menningarnótt.

**U**ppboðshaldarar: Einar Thoroddsen og Dominique Plédel Jónsson.

**D**agskrá hefst kl. 16.00 með smökkun en uppboðið hefst stundvíslega kl 16.30 í Þingholtsalnum á Hótel Holti og stendur til kl 17.30.

**Þ**átttakendur hafa tækifæri að bragða á nokkrum eðalvínum fyrir uppboðið. Boðin verða upp jafnt ung sem og þroskuð vín víða að úr heiminum.

**Þ**átttakendur verða að hafa náð 20 ára aldri til að taka þátt og ágóði af uppboðinu rennur til menningarmála.

### FJÖLDI STÓRKOSTLEGRA VÍNA VERÐA BOÐIN UPP:

**1986 Ch. La Conseillante Grand Cru Classe AC Pomerol**

**1999-2001 Le Fleur Petrus AC Pomerol**

**2001 Ch. Montrose 2 éme - Saint-Estèphe Magnum 1,5 L**

**1997 Ch. Latour 1 éme - Pauillac**

**1991 Ch. Pichon Baron Long. 2 éme - Pauillac Magnum 1,5 L**

**1999 Ch. Branaire Ducru 4 éme - Saint-Julien**

**1990-2000 Ch. Cantenac Brown 3 éme - Margeaux**

**2003 Ch. Smith Haut Lafitte Grand Cru Classe - Graves**

**2001 Ch. Issan 3 éme - Margeaux**

**2003 Ch. Pichon Baron Long. 2 éme - Pauillac**

**2003 Ch. Branaire Ducru 4 éme - Saint-Julien**

**2000 E. Guigal Côte-Rotie " La Landonne "**

**2000 E. Guigal Côte-Rotie " Mouline"**

**1998 F.E. Trimbach Riesling " Clos Saint Hune "**

**1998 Chateau D'Yquem 375 ml flaska Grand Cru**

**1998 Peter Lehmann Shiraz 3 lítra flaska**

**Camus President's Reserve 1971**

**Camus Pionneau 1969**

**Auk fjölmargra annarra gæðavína**

### MENNINGARMATSEÐILL LISTASAFNSINS Á HÓTEL HOLTI DAGANA 18. - 19. ÁGÚST

**Í** tengslum við uppboðið og í tilefni menningarnætur Reykjavíkurborgar býður Hótel Holt uppá frábæran menningarmatseðil ásamt sérvöldum vínum á einstöku tilboðsverði. Einnig verður tækifærið nýtt til að kynna nýtt útlit Camus sem hefur verið vinsælasta koníak á Íslandi áratugum saman og gestir fá tækifæri til að smakka á eðalkoníaki.

Allir matargestir fá glas af Veuve Clicquot Ponsardin – Brut kampavíni við komu

### MATSEÐILL:

Lystauki

Steiktur hörpudiskur á briochbrauði með vierge sósu
*F.E. Trimbach Pinot Gris Reserve 2002*

Sveppahjúpaður kálfur með parmesankartöflum og kálfasoðkjarna
*Château Cantelys 2001*

Lognarblóma creme carmel með ávaxtasalati og karamelluís
*Grahams 10 ára Tawny Port*

Kaffi og konfekt
*Camus Elegance V.S.O.P.*

Verð án vína 5.500 kr.
Verð með vínum 9.300 kr.

Globus hf
HOTEL HOLT









# skoðun

SJÓNARMIÐ
AUÐUNN ARNÓRSSON

Lærdómar af hryðjuverkasamsæri:

## Takmörk umburðarlyndisins

Hvernig förum við að því, sem opin lýðræðisþjóðfélög, að berjast gegn hryðjuverkaógninni, án þess að ganga á grundvallargildi okkar? Hvernig getum við samhæft réttindi einstaklingsins og almannaréttinn til öryggis?“

Þessara spurninga spyr brezki innanríkisráðherrann John Reid í gestaleiðara sem birtur var í nokkrum evrópskum blöðum í gær. Þessar spurningar snerta sannarlega kjarna þess, hvernig við, sem búum í hinum frjálsu og opnu samfélögum Vesturlanda, bregðumst við ógn á borð við hið meinta hryðjuverkasamsæri ungra múslima, sem brezkum lögreglu- og leyniþjónustumönnum tókst að koma upp um í síðustu viku.

Flugfarþegar sem leið hafa átt um brezka flugvelli síðustu daga hafa fengið að kenna á fyrstu viðbrögðunum, stórhertu öryggiseftirliti, sem valdið hefur ferðalöngum allmiklum óþægindum. Til lengri tíma litið verður saklausu ferðafólki þó varla bannað að taka með sér tannkrem, ilmvatn og drykkjarföng um borð í flugvélar. Enda bann við slíku augljóslega ekki skilvirk leið til að hindra hugsanleg tilræði.

*Mörkin milli réttinda einstaklingsins og þess sem talið er vera nauðsynlegar ráðstafanir í þágu almannaöryggis færast til. En ef of langt er gengið hafa hryðjuverkamennirnir náð fram óverðskulduðum hlutasigri.*

En strangt eftirlit, söfnun persónuupplýsinga í æ víðtækari gagnagrunna og fleiri öryggisráðstafanir eru komnar til að vera. Mörkin milli réttinda einstaklingsins og þess sem talið er vera nauðsynlegar ráðstafanir í þágu almannaöryggis færast eflaust eitthvað til. En ef of langt er gengið, ef vænisýki fær að ráða för og frelsið og mannhelgin er heft meira en góðu hófi gegnir í nafni öryggis, þá hafa hryðjuverkamennirnir náð fram óverðskulduðum hlutasigri í baráttu þeirra gegn gildum hins frjálsa lýðræðissamfélags.

Það sem er þó einna ógnvænlegast við nýjustu hryðjuverkin – þetta á sérstaklega við um hryðjuverkin í jarðlestakerfi Lundúna í fyrrasumar og samsærið sem nú tókst að koma upp um – er að tilræðismennirnir eru flestir heimamenn; fæddir í Bretlandi inn í innflytjendafjölskyldur, nutu brezkrar skólagöngu og velferðarþjónustu og virtust að flestu leyti hafa átt hið bærilegasta líf og aðlagazt nokkuð vel því samfélagi sem þeir ólust upp í.

En sjaldan launar kálfurinn ofeldið, kynnu sumir að segja. Að minnsta kosti má umburðarlyndi og tillitssemi hins opna lýðræðissamfélags ekki ganga svo langt að láta viðgangast að í skjóli „fjölmenningar“ fái hatursmhugmyndafræði hreiðrað um sig „mitt á meðal vor“. Það getur þó ekki verið eingöngu verkefni leyniþjónustu og rannsóknarlögreglu viðkomandi landa að hindra slíkt, heldur verða allir skynsamir og löghlýðnir borgarar, ekki sízt í þessum innflytjendasamfélögum sem hinir heimaöldu hryðjuverkamenn spretta úr, að leggja sitt af mörkum til að menn sem vilja ala á slíkri hatursmhugmyndafræði fái ekki þrifizt í þeirra röðum. Annars heldur spírall hatursins og tortryggninnar stöðugt áfram með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.


Bavaria, hollenskur gæðabjór:




Kom best út í blindprófun

Bavaria bjórinn kom best út í könnun sem hollenska dagblaðið De Telegraaf gerði á dögunum.
10 vinsælar tegundir af bjór voru prófaðar með blindprófi og fékk Bavaria bjórinn hæstu einkunn.

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Bavaria | 7.4 |
| 2 | Grolsch | 6.7 |
| 3 | Best (Dirk) | 6.4 |
| 4 | Dommelsch | 6.1 |
| 5 | Amstel | 6.0 |
| 6 | Vaandel | 5.8 |
| 7 | Euroshopper | 5.0 |
| 8 | Finkbräu | 4.7 |
| 9 | Heineken | 4.6 |
| 10 | Albert Heijn | 4.3 |

LÉTTÖL


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Seinkar Færeyjaför**

Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, þarf að vera á tveimur stöðum um helgina. Á ársfundi Vestnorræna ráðsins í Þórshöfn í Færeyjum og á flokksþingi Framsóknarflokksins á Hótel Loftleiðum. Hjálmar gat vitaskuld ekki hugsað sér að vera fjarstaddur kosningu nýrrar flokksforystu og afréð því að halda ekki utan með öðrum fulltrúum Alþingis á Vestnorræna þingingu í gær heldur flýgur hann í gegnum Kaupmannahöfn á sunnudag. Hjálmar er annars á heimavelli í Færeyjum, hann er kominn af Færeyingum í föðurættina og á fjölda skyldmenna í landinu, meðal annars eigendur Föroya-bjórverksmiðjanna.



**Tímamót**

Flokksþing Framsóknarflokksins nú er hið 29. í röðinni í 90 ára sögu flokksins. Þetta er þó í fyrsta sinn sem nýr formaður er kjörinn á flokksþingi en fram til ársins 1986 var það í höndum miðstjórnar að kjósa til æðstu embætta. Síðan valdið var fært til flokksþingsins hefur í þrígang verið kosið; í embætti varaformanns 1998 og í embætti ritara og varaformanns 2001. Nú verður því í fyrsta sinn í langri sögu flokksins kosið til allra þriggja æðstu embætta hans.

**Siv sjóuð**

Siv Friðleifsdóttir er vön baráttu um embætti í flokksforystunni. 1998 voru hún og Finnur Ingólfsson í framboði til embættis varaformanns. Finnur hafði betur, hlaut tæp 63 prósent atkvæða gegn rúmum 36 prósentum Sivjar. Þremur árum síðar sóttust Siv og Hjálmar Árnason eftir embætti ritara og fór Siv þá með sigur af hólmi, hlaut rúmlega 61 prósent atkvæða gegn tæpum 38 prósentum Hjálmars. Siv þekkir því bæði að sigra og tapa í kosningu á flokksþingi. Jón Sigurðsson þekkir hins vegar hvorugt þar sem hann hefur ekki áður gefið kost á sér til embætta.



bjorn@frettabladid.is

# Hryðjuverkavarnir

Í DAG
HRYÐJUVERK



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Öryggisdeild bresku lögreglunnar telur sig hafa komið upp um ráðabrugg nokkurra öfgamúslima í Bretlandi, sem ætluðu á næstu dögum að sprengja tíu bandarískar farþegaþotur upp yfir miðju Norður-Atlantshafi í því skyni að mótmæla afskiptum Bandaríkjastjórnar af átökunum í Austurlöndum nær. Hryðjuverkamennirnir hugðust lauma eldfimum efnum með handfarangri sínum um borð og setja þar saman úr þeim litlar sprengjur. Þetta átti að gera samtímis í þotunum tíu, enda hefði verið unnt að grípa til ráðstafana gegn þeim, hefði þeim tekist verkið í einni þotunni á undan öðrum. Það þarf ekki fjörugt ímyndunarafl til að sjá, hvað hefði getað komið fyrir. Hér er einn möguleiki:

Þoturnar tíu hefðu farið á loft á misjöfnum tíma, nokkrar tafist, aðrar verið á áætlun. Af þeim sökum og ýmsum öðrum hefðu aðgerðirnar ekki orðið allar samtímis. Sjálfsmorðssveitunum hefði þó tekist að sprengja þrjár þotur upp. Stjórnendum hinna sjö hefði borist vitneskja um ódæðin. Þeir hefðu ákveðið að lenda tafarlaust á næsta flugvelli. Átök hefðu orðið um borð í þotunum sjö. Hryðjuverkamönnunum hefði tekist að ná valdi á þremur þeirra og síðan grandað þeim, en sérþjónustumenn, farþegar og áhöfn í fjórum öðrum getað varist. Keflavíkurflugvöllur hefði verið nálægasti lendingarstaður.

Þetta var raunverulegur möguleiki, ef marka má öryggisdeild bresku lögreglunnar. En þá vaknar spurningin: Hvaða viðbúnað hefðu íslensk stjórnvöld haft, þegar fjórar farþegaþotur með stórhættulega hryðjuverkamenn innanborðs hefðu lent á Keflavíkurflugvelli? Við Íslendingar verðum að átta okkur á, að nýr tími er runninn upp í alþjóðamálum. Vestrænum þjóðum stafar vissulega ekki lengur veruleg hætta af Rússum. Ógnarjafnvægi risaveldanna er úr sögunni. En þótt ófriðarhættan á Atlantshafi hafi minnkað, er heimurinn alls ekki orðinn hættulaus, eins og hið nýlega ráðabrugg í Bretlandi sýnir.

*Sá möguleiki, að fjórar farþegaþotur með sjálfsmorðssveitir innanborðs (jafnvel þótt afvopnaðar væru) hefðu lent fyrirvaralaust á Keflavíkurflugvelli, er aðeins einn af mörgum.*

Jón Sigurðsson forseti sagði í Nýjum félagsritum 1843: „Því verður ekki neitað, að það er hinn mesti galli, að engar varnir eru á landinu.“ Hann hélt áfram: „Það er að vísu enginn kostur á mannkyninu, að hver þjóð skuli verða að vera viðbúin til varnar móti annarri eins og móti villidýrum, og að því leyti betur sem menn eru slægari en dýrin, en svo verður að búa, sem á bæ er títt, meðan þannig stendur, og er sá einn til, að hver sjái sjálfum sér farborða sem best hann má.“ Enn sagði Jón: „Það er alkunnugra en frá þurfi að segja, hversu mjög það dirfir menn og hvetur að kunna að fara með vopn, og að sama skapi mundi það lífga þjóðaranda og hug manna að vita, að sá liðskostur væri í landinu, að það væri ekki uppnæmt fyrir einni hleypiskútu eða fáeinum vopnuðum bófum.“

Því miður virðast Bandaríkjamenn ekki fúsir til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt varnarsamningnum frá 1951. Íslendingar verða því að huga að því af meiri alvöru en áður, hvaða varnarviðbúnað þeir hafa sjálfir í landinu. Í júnílok kynntu tveir sérfræðingar Evrópusambandsins, þeir dr. Niels Bracke og Gerd van den Borg, þá skoðun, að Íslendingar ættu að stofna sérstaka öryggisdeild lögreglunnar. Sömu mennirnir og hafa jafnan tekið með lotningu við öllu, sem frá Brüssel hefur komið, hafa reynt að hlæja þessa tillögu niður. Ég er ekki meiri hernaðarsinni en Jón Sigurðsson forseti. En við Íslendingar erum að búa svo á bæ sem títt er. Þessa tillögu sérfræðinganna evrópsku ber að athuga gaumgæfilega.

Okkar gamla vernd, fjarlægðin, er úr sögunni, eins og Bjarni Benediktsson minnti stundum á. Raunar dugði hún okkur hvorki til að afstýra Tyrkjaráninu 1627 né strandhöggi dansks ævintýramanns 1809. Sá möguleiki, að fjórar farþegaþotur með sjálfsmorðssveitir innanborðs (jafnvel þótt afvopnaðar væru) hefðu lent fyrirvaralaust á Keflavíkurflugvelli, er aðeins einn af mörgum. Og í þessu máli nægir möguleikinn. Maður kaupir sér brunatryggingu og kostar slökkvilið, þótt hann viti, að litlar líkur séu á, að hús hans sjálfs brenni á morgun. Gerðum hans ráða almenn reynslusannindi, ekki vissa um eldsvoða. Á alþjóðavettvangi hefur hættan ekki horfið, heldur breytt um eðli. Hún er ekki lengur af kjarnorkuárás austræns risaveldis, heldur af hryðjuverkum einstakra öfgasveita. Fyrirhyggja er ekki ástæðulaus hræðsla.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## BISTRO Á HEIMSMÆLI-KVARÐA

Þegar gengið er inn um dyrn-ar á B5 í Bankastræti, blasir við fallega innréttaður staður í minimalískum en hlýjum stíl.

MATUR 2



## FRÍKUÐ FÖT OG FYLGIHLUTIR

Fyrir þá sem eru leiðir á fötum úr stóru keðjunum er Laugavegurinn staðurinn.

TÍSKA 6

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[ MATUR TILBOÐ ]**

**Sólartilboð** Brimborgar á Mazdabílum er i fullum gangi. Nýr Mazda6 kostar 2.525 þúsund krónur, eða 34.726 krónur á mánuði með bílasamningi. Ef þú vilt losa þig við gamla bílinn er rétti tíminn nú því Brimborg staðgreiðir gamla bílinn og losar þig þannig við umstangið við að selja gamla jálkinn.

**Lagersala** á tónlist, tölvuleikjum og DVD-myndum fer nú fram í Fellsmúla 28 (gamla World Class húsinu). Hægt er að velja úr hundruðum titla á góðu verði. Opið er frá 11 til 19 alla daga vikunnar.

**Fartölvutilboð** fylla auglýs-ingabæklinga og alla fjölmiðla. Gerðu verðsam-anburð, skoðaðu hvað allir hafa upp á að bjóða og veldu þér svo eina sem hent-ar þér og uppfyllir þínar kröfur.



**Út** að borða á Menningarnótt er góð hugmynd. Það er óþarfi að fara heim og neyðast til að finna bílastæði aftur og eyða tímanum í ferðalög á þessum skemmtileg-asta degi ársins. Margir eru um hituna svo ráðlegt er að panta borð sem fyrst.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 18. ágúst, 230. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.27 | 13.32 | 21.34 |
| Akureyri | 5.02 | 13.16 | 21.28 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Arnar Ingi Gylfason dundar sér við að búa til kjúklingasamlokur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

# Afslöppun í eldhúsinu

***Arnar Ingi Gylfason myndlistarmaður og matreiðsluáhugamaður er skapandi á vinnustofunni sem og í eldhúsinu.***

„Matreiðsluáhugi minn kemur frá mömmu minni sem er gæðakokkur og er aldrei hrædd við að prófa eitthvað nýtt í eldhúsinu. Það má í rauninni segja að það sé ekkert heilagt í eldhúsinu hennar. Mér finnst voða gott að dunda mér í eldhúsinu enda er það hin besta afslöppun. Ég reyni líka að bera matinn fallega fram þar sem matur sem lítur vel út bragðast betur,“ segir Arnar Ingi en hann gefur lesendum uppskrift að kjúklingasamlokum með mexíkósku ívafi.

Þessi réttur er í miklu uppáhaldi hjá systur hans og býður Arnar henni í mat þegar hann vill koma henni í gott skap. Áhuginn á mexíkóskri matreiðslu kviknaði þegar hann bjó í Danmörku. „Ég var með vinnustofu og gallerí í Kaupmannahöfn en vann líka fyrir mér á veitingastað á Nyhavn. Ég byrjaði sem uppvaskari en eftir nokkra mánuði tók ég við eldhúsinu og prófaði mig áfram í eldamennskunni.“

Nú er Arnar búinn að koma sér fyrir á Íslandi með vinnustofu og var að opna sýninguna „Support your local painter“ á Thorvaldsen bar. „Sýningin mun standa yfir í mánuð og á Menningarnótt mun ég vera viðstaddur þannig að gestir og gangandi geta spurt mig út í verkin. Svo er draumurinn að fara til Austur-Evrópu eða Flórens og læra meira. Þá myndi maður að sjálfsögðu læra nýja takta í matreiðslunni í leiðinni,“ segir Arnar Ingi.

Uppskriftin að kjúklingasamlokunum er á bls. 3.

*erlabjorg@frettabladid.is*

## Matseld.is opnar

VEFURINN WWW.MATSELD.IS ER NÚ KOMINN Á NETIÐ.

Vefurinn er fullkomlega gagnvirkur enda er markmið hans að skapa vettvag þar sem notendur geta deilt uppskriftum og skipst á skoðunum á mat, matreiðslu, hráefni, veitingahúsum og fleira.

Á vefsíðunni geta notendur skráð sínar eigin uppskrftir og birt myndir af réttum sem þeir hafa eldað. Þá geta aðrir notendur brugðist við uppskriftum og greinum hinna, til dæmis með einkunna-gjöf og með umræðum á spjallsvæði vefsins.

**-vör**



Notendur geta skipst á uppskriftum og skoðunum á mat, matreiðslu, veitingastöðum og fleiru.



**Hvítlaukurinn** stendur alltaf fyrir sínu og passar næstum í alla matargerð. Svo er hann líka góður til að fyrirbyggja kvef og slen.



# Bistro á heimsmælikvarða

***B5 er rétt rúmlega eins árs bistro-staður í Bankastræti 5 í Reykjavík. Þegar gengið er inn um dyrnar blasir við fallega innréttaður staður í mínimalískum en hlýjum stíl, með góðri lofthæð og þægilegri stemningu.***

Þjónustan á B5 er til fyrirmyndar, þar sem hún einkennist bæði af fagmennsku og hæfilega afslöppuðu viðmóti.

Á matseðli má finna gott úrval ljúffengra rétta, allt frá smáréttum sem koma á óvart til smásteika sem skilja matargesti eftir í sjöunda himni.

Okkur þótti ekki annað hægt en að kanna hvort kokkurinn væri til í að deila nokkrum góðum uppskriftum með lesendum og reyndist það auðsótt.

Meðfylgjandi eru uppskriftir að þriggja rétta máltíð sem á þátt í því að gera B5 að bistro stað á heimsmælikvarða.



Hér sést yfirkokkurinn Alex Franck Laurent Didier útbúa nautasmásteikina.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

**KJÚKLINGASALAT (FYRIR TVO).**

**Salatdressing:**
4 msk. af majónesi
4 msk. af sýrðum rjóma
10 grænar ólífur
ögn af tabasco
smátt saxað hvítlauks rif,
chili, salt og pipar (magn smekkbundið)
nokkrir dropar af sítrónusafa

Blandið saman majónesi og sýrðum rjóma. Setjið grænar ólífur, tabasco, hvítlauk, chili, salt og pipar út í. Allt saman sett í matvinnsluvél. Bætið nokkrum dropum af sítrónusafa út í rétt undir lokin.

Búið til blöndu af ykkar uppáhalds salati og ekki skemmir fyrir að bæta hæfilega miklu af kryddjurtum út í, til dæmis basil eða dilli.

Setjið hæfilegt magn af sósunni út á salatið ásamt nokkrum kjúklingabringum og/eða -lærum, söxuðum ólífum og brauðteningum (crutons). Kryddið í lokin með ferskum pipar og salti.



Nautasmásteikin tilbúin en eins og sést er ekki síður lagt upp úr útliti heldur en matseld.

**NAUTASMÁSTEIK (FYRIR TVO)**

**Basilsósa;**
4 msk. majónes
4 msk. sýrður rjómi
eitt búnt af fersku basil (jafnvel stilkana)
ögn af salti, pipar og sítrónusafa

Hrærið saman majónesi og sýrðum rjóma. Bætið basil út í. Setjið allt saman í matvinnsluvél. Mikilvægt er að blanda vel saman. Bætið við salti og pipar sem og sítrónusafa rétt undir lokin. Sósan á að vera fagurgræn á litinn.

Sjóðið 10 nýjar kartöflur (smælki), skerið í tvennt og steikið þar til þær verða stökkar. Hendið einnig nokkrum kjörsveppum á



Kjúklingasalat hentar vel bæði í forrétt og aðalrétt.



Ananas í kryddsýrópi setur punktinn yfir i-ið.

pönnuna. Notið salt, pipar, hvítlauksmauk og saxaðar kryddjurtir út, en smekkbundið er hversu mikið er notað.

Um það bil 300 g nautalund er létt steikt og látin hvíla í tæpar 10 mín. áður en hún er borin fram. Klettasalat í góðri vínegrettu, hentar vel sem meðlæti.

**ANANAS Í KRYDDSÝRÓPI (FYRIR TVO)**

**Ananas:**
1/2 ferskur ananas
1/4 chilli smátt saxað
ögn af engifer
2 msk. vanillusykri
1 msk. af smjöri
ögn af rommi

Allt sett á pönnu ásamt sykri. Hitið uns sykurinn fer að gyllast. Bætið þá ögn af smjöri út í uns sykurinn verður að léttri karamellu. Bætið ananasbitum þvínæst út í ásamt ögn af rommi. Látið malla á pönnunni uns ananasinn er orðinn meyr.

**Ananaskrap:**
300 g ananassafi
50 g sykur
50 g glúkósi

Öllu blandað saman, leyst upp og síðan fryst. Borið fram með vanilluís.

*roald@frettabladid.is*














„Kräftskiva“ heita hinar rómuðu vatnakrabbahátíðir á sænsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ekta sænsk veisla

***Vatnakrabbaveisla að sænskum sið verður á Óðinstorgi á menningarnótt milli klukkan 18 og 22.***

„Í Svíþjóð er það aldagömul hefð að borða vatnakrabba úti við í ágúst,“ segir Matilda Gregersdóttir formaður Sænska félagsins á Íslandi sem stendur að veislunni, ásamt Norræna félaginu í Reykjavík og Sigga Hall. Það er reyndar Svala Ólafsdóttir, eiginkona Sigga Hall, sem stjórnar matseldinni og hún var einmitt stödd í Svíaríki þegar reynt var að hafa samband við hana. En Matilda er öllum hnútum kunnug. „Vökvinn sem vatnakrabbinn er soðinn í er rosalega góður. Hluti af máltíðinni felst í sjúga hann úr öllum glufum krabbans með tilheyrandi soghljóði sem þætti dónalegt í öðrum veislum,“ segir hún glettnislega og bætir við. „Þetta er svolítið subbulegt og fallegi varaliturinn er fljótur að hverfa. En við eigum servíettur á lager.“ Matilda segir brauð og Vesterbotten- og Greveost verða líka á borðum og hún



Matilda Gregersdottir lofar góðri stemningu á Óðinstorgi.

lofar góðri stemningu. „Nokkrir verða í sænskum þjóðbúningum af því það er hátíð og þarna verður sænskt tónlistarfólk að spila og syngja.“ Að lokum raular hún eftirfarandi söng sem sunginn er á milli snafsa:

Helan går
sjung hopp tra ra la la la lei
helan går,
sjung hop tra ra la lei.
Och den som inte helan tar
han heller inte halfan får.
Helan går,
(sopið á)
sjung hopp tra ra la lei.

gun@frettabladid.is

# Frönsk eðalfæða

***Ferskleiki hráefnis, fjölbreytni, bragðgæði og freistandi útlit er aðalsmerki franskrar matargerðar.***

Frakkar hafa alla tíð staðið framarlega í landbúnaði enda landið frjósamt og ræktunarskilyrði hagstæð. Aðgangur að sjó og sjávarfangi er líka fyrir hendi svo enginn skortur er á góðu hráefni. Eðalvara eins og jarðsveppir, skelfiskur, ólífur, hvítlaukur, gæsalifur, camenbertostur og dijonsinnep er meðal þess sem einkennir franskan veislumat. Mikill munur er á matarvenjum í Frakklandi



Ólífur eru eitt af því sem flestir Frakkar kunna vel að meta.

eftir héruðum. Hráefnin sem mest eru framleidd í hverju þeirra fyrir sig hafa haft þar áhrif og skapað hefðir og venjur.

## Uppskrift Arnars Inga }

**KJÚKLINGASAMLOKUR MEÐ MEXÍKÓSKU ÍVAFI.**

**Heimatilbúin salsasósa: (mjög sterk)**
Búnt af söxuðu kóríander
Safi úr einni límónu
2 bakkar af konfekttómötum
2 msk saxað jalapeño
1/2 saxað rautt chili
1 msk blómahunang
1 tsk tómatpuré
3 msk avókadóolía (eða ólífuuolía)
Hrært saman í stórri skál og látið standa í 2-3 tíma.

**Heimatilbúið guacamole:**
1 avókadó
3 hvítlauskrif
1 msk saxað jalapeño
Safi úr einni límónu
1/2 dós sýrður rjómi
Öllu blandað saman í blandara eða matreiðsluvél.

**Kjúklingur:**
4 kjúklingabringur henta fyrir um 5 manns.
Kjúklingur sneiddur í þunnar sneiðar



Kjúklingasamlokur með heimatilbúnu guacamole og salsasósu.

og maríneraður í fersku chili, sítrónusafa, múskati, kúmeni og olíu og síðan steiktur á pönnu.

**Svartar baunir: (má nota hvaða baunir sem er)**
Látnar standa yfir eina nótt í vatni. Svo skipt um vatn og soðið í eina klst.

Sósur, kjúklingur og baunir skammtað á tortilla-pönnukökur eftir smekk og borið fram með ferskum mozarellaosti, papriku, agúrku og salati að eigin vali.

Madonna Ristorante

Þriggja rétta matseðill

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir tvírétta |
|---|---|---|
| **Okkar rómaða humarsúpa** | 990 | |
| **Steiktur skötuselur** með hvítvínssósu | 3.390 | 4.390 |
| **Kjúklingabringa** „a la Italiana“ | 2.950 | 3.890 |
| **Lambafillet** með sherrybættri sveppasósu | 3.390 | 4.390 |
| **Nautalundir** með Chateubriandsósu | 3.700 | 4.690 |
| **Súkkulaðifrauð** | 790 | |

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is




allt tíska
Alla fimmtudaga



**40%** Bónus og Krónan skipta með sér heiðrinum af mesta afslættinum þessa viku. Kofareykt folaldakjöt frá KF lækkar úr 593 krónum í 362 í Bónus og Krónu krydduð lambasteik úr 1.598 í 997 kr.




Þín verslun — **Tilboðin gilda til 23. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambagrillkótilettur þurrkryddaðar | 1.739 | 2.173 | 1.739 | 20 |
| Helgarlamb m/sérv.kryddi f.ísl.lambakjöt | 1.349 | 1.799 | 1.349 | 25 |
| Hrossakjöt saltað úrb. | 504 | 630 | 504 | 20 |
| Freschetta Roma speciale 400 g | 439 | 549 | 1.098 | 20 |
| Freschetta Roma formaggi 400 g | 439 | 549 | 1.098 | 20 |
| Freschetta Roma royale 400 g | 439 | 549 | 1.098 | 20 |
| Chicago town choc. Fudge cake 295 g | 349 | 479 | 1.183 | 25 |
| Chicago town tofee fudge cake 295 g | 349 | 479 | 1.183 | 25 |
| BKI caffé latte 216 g | 269 | 349 | 1.245 | 25 |
| Barilla Pasta | 89 | 99 | 178 | 10 |
| Sacla Bruschettin chili 190 g | 199 | 287 | 1.047 | 30 |
| Sacla Bruschettin olive 190 g | 199 | 287 | 1.047 | 30 |
| Sacla Bruschettin pesto 190 g | 199 | 287 | 1.047 | 30 |
| Sacla Classic carbonara 280 g | 229 | 319 | 818 | 30 |
| Sacla Classic ostasósa 280 g | 229 | 319 | 818 | 30 |
| Sacla Orginal Napolitana 420 g | 249 | 364 | 593 | 30 |
| Sacla Orginal Bologne 420 g | 249 | 364 | 593 | 30 |

Nóatún — **Tilboðin gilda til 20. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambahryggur af nýslátruðu | 1,498 | 1,698 | 1.498 | 10 |
| Lambalæri af nýslátruðu | 1.398 | 1.598 | 1.398 | 12 |
| Lamba Rib-eye hvítlauks/rósmarín | 2.398 | 3.298 | 2.398 | 25 |
| Grísalundir m/sælkerafyllingu | 2.398 | 2.798 | 2.398 | 15 |
| Nautafille í rauðvíns/pipar maríneringu | 2.638 | 3.298 | 2.638 | 20 |
| Lamba súpukjöt af nýslátruðu 1.fl | 498 | 599 | 498 | 15 |
| Lúðusteik m/laukhjúp | 1.698 | 1.998 | 1.698 | 15 |
| Laxasteik m/bernaisehjúp | 1.498 | 1.798 | 1.498 | 15 |
| Sælkerabaka m/plokkfiski 250 g | 299 | 399 | 1.196 | 25 |
| Sælkerabaka m/brokkolifisk 250 g | 299 | 399 | 1.196 | 25 |

Fjarðarkaup — ekki bara verð! — **Tilboðin gilda til 19. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínalundir | 1.698 | 1.998 | 1.698 | 15 |
| Svínakótilettur | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Fjallalambs blandaðar lærisneiðar | 1.394 | 1.992 | 1.394 | 30 |
| Fjallalambs grillsneiðar | 967 | 1.384 | 967 | 30 |
| Fk grill ofnsteik | 1.189 | 1.699 | 1.189 | 30 |
| Beguette hvítlauksbrauð 2x175 g | 99 | 127 | 50 | 20 |
| Kjörís hlunkar 6 í pk | 298 | 398 | 50 | 25 |
| Vatnsmelónur | 109 | 179 | 109 | 40 |
| DDV ís 650 ml | 499 | 579 | 767 | 15 |
| Fyrirtaks frostnar pizzur 350 g | 298 | 448 | 851 | 35 |
| Græn vínber | 298 | 398 | 298 | 25 |

Bónus — **Tilboðin gilda til 20. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ali svínabjúgu 4 stk. | 377 | 539 | 377 | 30 |
| Ali hunangskótilettur | 1.518 | 1.951 | 1.518 | 20 |
| San marco örbylgjupizza 285 g | 199 | 259 | 698 | 25 |
| KF villikryddaðar framhryggjasneiðar | 1.199 | 1.798 | 1.199 | 35 |
| KF folaldakjöt kofareykt | 362 | 593 | 362 | 40 |
| Ali kryddaðar kótilettur | 1.189 | 1.528 | 1.189 | 20 |
| Ali úrb. svínahnakki | 1.189 | 1.528 | 1.189 | 20 |
| Euroshopper hrísgrjón 2 kg | 159 | 169 | 80 | 5 |
| Euroshopper spaghetti 1 kg | 69 | 79 | 69 | 15 |
| Euroshopper örtrefjaklútur | 89 | Nýtt | 89 | |

Krónan — **Tilboðin gilda til 20. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu krydduð lambasteik | 997 | 1.598 | 997 | 40 |
| Krónu skinka 279 g | 160 | 229 | 573 | 30 |
| Krónu hangiálegg 179 g | 279 | 398 | 1.559 | 30 |
| Goða grísakótilettur | 1.186 | 1.694 | 1.186 | 30 |
| Gourmet grísakótilettur léttreyktar | 1.207 | 1.724 | 1.207 | 30 |
| Oetker pizza pepperoni/margarita/skinka 260 g | 149 | 199 | 573 | 25 |
| Flash hreinsiklútar lemon/antibacterial | 299 | 449 | 299 | 35 |
| HD 100% safar appels/epla/multivitamín 2 l | 259 | 299 | 130 | 15 |
| Coke light 1 l | 99 | 140 | 99 | 30 |
| Corny Ch. banana 6 pk. 150 g | 199 | 245 | 33 | 20 |

Hagkaup — Skemmtilegast að versla — **Tilboðin gilda til 20. ágúst**

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nautalundir úr kjötborði | 2.998 | 3.998 | 2.998 | 25 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.912 | 2.549 | 1.912 | 25 |
| Lambalundir úr kjötborði | 2.812 | 3.749 | 2.812 | 25 |
| Myllan tómatbrauð | 249 | 339 | 249 | 25 |
| Baguett hvítlauks/ostabrauð | 299 | 359 | 299 | 15 |
| Daloon kínarúllur 720 g | 399 | 518 | 554 | 25 |
| Hatting filonno durum brauð 420 g | 299 | 349 | 712 | 15 |
| Hatting panino rustico 420 g | 299 | 349 | 712 | 15 |
| Freschetta roma pizzur 400 g | 299 | 439 | 748 | 30 |

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**Nýtt** 6. vikna námskeið hefst **22. ágúst** **(dagnámskeið)**
NÝTT!! 3 vikna hraðnámskeið **21. september**
**AKUREYRI 31. ágúst** og **SUÐURNES 12. október**
**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.




**Öflugasta**
sjónvarpsdagskráin
**birta**

# Vönduð gjafavara

***Verslunin Kúnígúnd veitir fimmtán prósenta afslátt af öllum vörum um helgina.***

Kúnígúnd er sérverslun með vandaðar gjafavörur. Hún hefur verið við lýði frá árinu 1982 þegar eigandi hennar, Sigurveig Lúðvíksdóttir, stofnaði hana í Hafnarstræti 9. Síðan þá hefur verslunin vaxið og dafnað en vöruvalið í búðinni hefur breyst talsvert frá upphafi. Í fyrstu var verslunin þekktust fyrir svarta potta og íslenskan leir, en í dag er þar boðið upp á mikið úrval gjafavara frá þekktustu framleiðendum Danmerkur.

Kúnígúnd leggur áherslu á góða þjónustu, vöruúrval og fallegan frágang til viðskiptavina.

Verslunin hefur sett á laggirnar þjónustu fyrir fyrirtæki sem vilja gera gott við starfsmenn sína. Geta fyrirtæki gert tilboð í tækifærisgjafir innpakkaðar og afhentum upp að dyrum.


Gott úrval er af vörum frá þekktum dönskum hönnuðum.

Þá eru brúðargjafalistar í gangi allt árið um kring í Kúnígúnd. Þar geta tilvonandi brúðhjón sett saman lista af því sem þau langar til að eignast.

Í dag er verslunin á Laugavegi 53 og af tilefni Menningarnætur verður opið til klukkan 22.00 á laugardaginn.

## Dúndrandi tilboð í Hljóðfærahúsinu

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ BÝÐUR TROMMUSETT Á TÆPAR ÞRJÁTÍU ÞÚSUND KRÓNUR.

Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 hefur nú Pacific EX Trommusett eða PDP frá DW trommuframleiðandanum á einstöku tilboðsverði.

Trommusettið sem kemur með öllum statífum, Hi-hat, kicker og svokölluðum crash disk kostar aðeins 29.900 krónur og er aðeins til í takmörkuðu magni.
**-vör**


Hið ódýra trommusett er tilvalið fyrir upprennandi trommuleikara sem hafa unun af að berja á húðir.

## Risaútsala í Blómavali

NÚ ER TÍMINN TIL AÐ KAUPA FROSTÞOLNA ÚTIPOTTA.



Útsala stendur nú yfir í verslunum Blómavals fram á sunnudag. Allar pottaplöntur eru á útsölu með allt að 70 prósenta afslætti. Gróðurmold, 10 lítra, er á 199 kr. og Substral blómaáburður á tilboði kostar 399 kr. Frostþolnir útipottar fást með 25 prósenta afslætti, afskorin blóm með 30 prósenta afslætti og öll kerti með 30 prósenta afslætti. Þá er ekki allt upptalið, og um að gera að kíkja á úrvalið.

## Rýmingarsala

VERSLUNIN HÚSGÖGNIN HEIM SELUR FLESTA GJAFAVÖRU Á HELMINGS AFSLÆTTI ÞESSA DAGANA.


Bastkörfur eru á 50 prósenta afslætti.

Afslátturinn er meiri á sumum vörum eða allt að sjötíu prósentum. Meðal þess sem á afslætti er eru kristalstaup, matarstell, bastkörfur, og ljósakrónur.

Allt á að seljast því rýma á fyrir nýjum vörum í kjölfar áherslubreytinga í gjafavörudeild. Húsgögnin heim er til húsa á Dalsbraut 1 á Akureyri. Mánudaga til föstudaga er opið frá 10 til 18 og laugardaga frá 11 til 16. Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 461 5200.

## Hjólað inn í haustið

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ KAUPA REIÐHJÓL Á GÓÐU VERÐI.

Þessa dagana stendur yfir útsala í reiðhjólaverslunninni Erninum. Þótt flestir kjósi kannski að kaupa reiðhjól að vori til þá er haustið ekki síðri tími, enda má þá oft finna nýjustu reiðhjólin á niðursettu verði. Í Erninum er 20 til 50 prósenta afsláttur af hjólum, línuskautum, hjólafatnaði, golfkerrum og fleiru og því tilvalið að kaupa sér útbúnað sem hægt er að nota fram á haustið og síðan allt næsta sumar.
Þá eru einnig allir reiðhjólahjálmar á tilboði og kosta 2.990 krónur.
Örninn er til húsa í Skeifunni 11.


Á útsölunni í Erninum er 20-50 prósenta afsláttur.

# Veiðileyfið borgaði sig

***Gunnar Örlygsson alþingismaður er mikill veiðiáhugamaður og tengjast mörg hans bestu kaup veiðinni. Hann segist hins vegar vanda valið vel áður en hann festir kaup á hlutum og því hafi hann aldrei gert sérstaklega léleg kaup.***


Gunnar Örlygsson hefur gert góð kaup sem tengjast veiði.

Það tók Gunnar ekki langan tíma að svara spurningunni hver væru bestu kaup sem hann hefði gert nýlega, það var engu líkara en hann ætti von á þessu símtali frá blaðamanni. „Bestu kaup sem ég hef gert er að kaupa veiðileyfi í Stóru-Laxá í Hreppum, það er það sem mér dettur alveg strax í hug. Verðlag samanborið við gæði er bara með ólíkindum. Það sem áin hefur upp á að bjóða, umhverfið í kringum hana og laxarnir er líka með ólíkindum,“ segir Gunnar sem hefur farið tvisvar í veiði þar í sumar. „Ég veiddi alveg þokkalega í ánni, ég veiddi vel af silungi og eitthvað af laxi líka. Ég ætla að fara þangað aftur í september,“ segir hann og skýtur því inn í að hrefnukjöt á grillið séu að hans mati líka alveg frábær kaup.

Gunnar var ekki eins fljótur með svör þegar hann var spurður hvort hann hefði gert einhver sérstaklega slæm kaup upp á síðkastið. „Ekkert sem ég man eftir í augnablikinu, ég hef yfirleitt reynt að vanda valið áður en ég hef látið til skarar skríða.“

Gunnar segist ekki vera alveg nógu duglegur að spara til heimilisins en hann segir það þó árstíðabundið. „Ég geri kannski of lítið afþví og þá sérstaklega yfir sumartímann. Ég losa aðeins um beltið yfir sumartímann en herði að því aftur á haustin. En ef ég ætla að vera hagkvæmur þá reyni ég auðvitað að slaka á ferðalögum ytra enda getur það verið dýr pakki fyrir fjölskylduna. Svo reyni ég að borða mikinn fisk enda með góð sambönd í þeim geira, þannig reyni ég að hafa matinn eins einfaldan og ódýran og ég get,“ segir Gunnar.

*valgeir@frettabladid.is*




**Falleg undirföt**
eru ekki bara fyrir makann heldur líka fyrir þig sjálfa/n.















# Fríkuð föt og fylgihlutir

***Fyrir þá sem eru leiðir á fötum úr stóru keðjunum er Laugavegurinn staðurinn.***

Fjöldi skemmtilega öðruvísi verslana hefur varla farið framhjá nokkrum sem hefur nýlega farið niður Laugaveg, Skólavörðustíg og Austurstræti. Þar hefur hver verslunin á fætur annarri verið opnuð á síðastliðnum tveimur til þremur árum, sem sérhæfir sig ýmist í sölu á sérvöru, notuðum flíkum, sérhönnuðum fatnaði og/eða fylgihlutum.

Það er því um að gera að kíkja á það sem er í boði í miðbænum en þar er að finna allt frá framúrstefnulegri fatahönnun upp í sérsmíðaða skartgripi. Meðfylgjandi myndir ættu að gefa nokkrar hugmyndir.

*roald@frettabladid.is*



Þessi svarta kvenpeysa fæst í Glamúr og kostar 4.500 kr.

Þessi blái bolur, munstraði kjóll, rauða pils og guli kjóll eru einnig úr Gyllta kettinum.

Þessir rauðu kvenskór kosta 3.200 kr. í Gyllta kettinum.

Bleikt er alltaf í tísku í Glamúr.

Í Gyllta kettinum eru líka sundbolir.

Í Glamúr er að finna úrval fylgihluta.

Herrarnir geta líka fundið eitthvað við sitt hæfi í Gyllta kettinum. Skyrtan kostar 3.200 kr. en jakkinn 4.800 kr.

Kjólar og pils við allra hæfi fást í Glamúr.

Rauð kvenpeysa með smellukraga úr Glamúr kostar 4.500 kr.



Herratískan er orðin afslappaðri. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Herratískan í París

***Sportleg föt, mattir litir, silfur og gull er það sem stendur upp úr í herratísku sumarsins í París.***

Fötin sem sést hafa á sýningarpöllum Parísarborgar í sumar eru afslöppuð en jafnframt fáguð. Klæðskerasniðin hafa vikið fyrir þægindum og sportlegri föt virðast hafa tekið við forystuhlutverkinu.

Við jakkaföt og rjómakenndir litir einkenndu sýningu Paul Snith á meðan sýning Lanvins, sem margir vilja meina að hafi verið sú eftirtektarverðasta, var uppfull af safarí-jökkum, leðri og mjúkum prjónapeysum. Glingur er alltaf vinsælt og ef marka má sýningu Louis Vuitton verður næsta ár ár gulls og silfurs, sama hvort um er að ræða jakka, peysur eða buxur.

**- tg**









Kremið inniheldur efni sem losa um dauðar húðfrumur.

# Hrukkurnar burt

***Anti-Rides Line Peel-kremið frá Biotherm Homme er nýtt krem fyrir karlmenn gegn öldrun.***

Kremið er með léttum ilmi, hentar öllum húðgerðum og gengur samstundis inn í húðina. Með kreminu minnka hrukkur, húðin endurnýjast og fær jafnari áferð og notkun kremsins dregur einnig úr inngrónum hárum.

Kremið er borið á hreina húð kvölds og morgna en má einnig nota eftir rakstur.





## FALLEG SKÓLAFÖT

*Það líður að árlegri búðarferð foreldra sem vilja að börnin séu vel til fara í upphafi skólaárs.* SJÁ BLS. 10




## GÆÐADRYKKURINN MJÚS FRÁ VMA

*Frumkvöðlakeppni í Sviss.*

SJÁ BLS. 22

[ SÉRBLAÐ UM SKÓLA OG NÁMSKEIÐ – FÖSTUDAGUR 18. ÁGÚST 2006 ]

# skólablaðið



MYND/HEIÐA.IS

## EFNISYFIRLIT


MIKILVÆGT AÐ VELJA RÉTTA TÖSKU
*Skólatöskur* BLS. 2

ÍSLENSKUR TÖLVULEIKUR FYRIR BÖRN
*Tákn með tali* BLS. 2

STÖÐUG VINNA SKILAR ÁRANGRI
*Meistaranám í HR* BLS. 4

HEFUR ÁHUGA Á LEIKSTJÓRN
*Kolbrún Björt Sigfúsdóttir* BLS. 4

ÆVINTÝRALEGT SKÓLASTARF
*Nám á Akureyri* BLS. 6

SJÁLFSÖRYGGIÐ SKIPTIR MESTU
*Mímir símenntun* BLS. 8

FÆR BARBIETÖSKU Í AFMÆLISGJÖF
*Helga Kristín Sigurðardóttir* BLS. 8

HARÐKJARNAMÁLFRÆÐI SKEMMTILEG
*Elmar Geir Unnsteinsson* BLS. 10

SÉRHÆFT TÓNSMÍÐANÁM
*Nám við LHÍ* BLS. 16

HAGFRÆÐIN HEILLAÐI MEST
*Pálína Sigurbjört Magnúsdóttir* BLS. 18



KOMDU ÚT Í PLÚS með CASIO skólatilboði!




**Casio FX9750Gplus**
- 21 stafur x 8 línur á skjá
- 26KB minni / 759 aðgerðir
- Fjármálaföll
- Hægt að tengja við PC og aðrar reiknivélar
- Jöfnuútreikningar

VERÐ kr. ~~13.995~~
**TILBOÐ kr. 8.995**



**Casio FX350ES**
- 249 aðgerðir
- Text book skjár sem sýnir aðgerðir s.s rætur og brot eins og í bókum
- Gengur fyrir rafhlöðum
- Harðplast umgjörð með renndu loki
- Stór örvahnappur til að leiðrétta og kalla fram útreikninga

VERÐ kr. ~~2.995~~
**TILBOÐ kr. 2.495**



**Casio FX570ES**
- Sérlega öflugur vasareiknir
- 403 aðgerðir
- Text book skjár
- Gengur fyrir rafhlöðum
- Harðplast umgjörð með renndu loki
- Stór örvahnappur til að leiðrétta og kalla fram útreikninga

VERÐ kr. ~~4.995~~
**TILBOÐ kr. 3.995**

ODDI Office1 Superstore PENNINN

Heimilistæki
www.ht.is
SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT



Námsflokkar Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

# Bæði í gamni og alvöru

Síðastliðin tvö ár hafa Námsflokkar Hafnarfjarðar - Miðstöð símenntunar aukið verulega við fjölbreytni námskeiða sinna og um leið byggt upp samstarf við ýmsa fræðsluaðila og stofnanir.

Miðstöð símenntunar leggur mikla áherslu á fjölbreytileika í framboði námskeiða og stefnt er markvisst að því að koma til móts við sem flesta. Meðal námskeiða sem kennd eru má nefna námskeið fyrir dýraeigendur, námskeið í hönnun, hraðlestrarnámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið, töfrabragðanámskeið, fluguhnýtingar, lækningajurtir og margt, margt fleira.

Námsflokkarnir bjóða ekki einungis upp á námskeið í húsnæði sínu í Menntasetrinu við Lækinn því einnig er hægt að leggja stund á fjarnám í kennaradeild, bæði grunnskólabraut og leikskólabraut, í auðlindadeild og rekstrar- og viðskiptadeild. Fjarnámið er í samstarfi við Háskólann á Akureyri og nýta nú 200 nemendur þessa þjónustu.

Tónlistardeild námsflokkanna hefur stækkað mikið undanfarnar annir og í boði eru fjölmörg námskeið á fjöldann allan af hljóðfærum. Nemendum gefst tækifæri til að stunda tónlistarnám í formi hefðbundins frístundanáms og þurfa þátttakendur ekki að skuldbinda sig í langt nám í tónlistarskóla. Námskeiðin eru alla jafna 8 vikna löng og skipulögð þannig að það skapist góður grunnur að frekara tónlistarnámi. Meðal námskeiða sem boðið er upp á innan tónlistardeildarinnar er gítarkennsla, kennsla á hljómborð, trommur, saxófón, fiðlu, rafmagnsbassa, blokkflautu og söngnám svo eitthvað sé nefnt.

Vert er að vekja athygli á ensku talmálsnámskeiði í samstarfi við Enskuskólann. Áhersla er lögð á talað mál og markmið námskeiðanna er að byggja upp góðan orðaforða og auka öryggi í ensku talmáli. Kennsla fer fram í litlum hópum þar sem settar eru upp aðstæður sem vekja áhuga nemenda og eru raunverulegar. Nemendum er skipt niður í sex kunnáttustig þannig að allir sitji við sama borð. Aldrei eru fleiri en tíu í bekk. Allir kennarar skólans eru sérmenntaðir og hafa ensku að móðurmáli.

Öll kennsla Námsflokka Hafnarfjarðar, nema fjarkennsla, fer fram í Menntasetrinu við Lækinn (gamla Lækjarskóla) í byggingu miðsvæðis í Hafnarfirði í notalegri og skemmtilegri stemningu. Allar upplýsingar um námskeið eru veittar á skrifstofu skólans í síma 585 5860 en námskeið á haustönn 2006 hefjast 25. september. Ný námskrá kemur út 12. september og verður hún aðgengileg á www.namsflokkar.hafnarfjordur.is. auk þess sem henni verður dreift um allt höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin.

*tryggvi@frettabladid.is*




Tumi er aðalsöguhetja leiksins en hann er skapaður af Hafþóri Helga Helgasyni hreyfimyndateiknara sem sá um útlitshönnun leiksins.

# Íslenskur tölvuleikur fyrir börn

Tákn með tali er íslenskur tölvuleikur fyrir 3 til 6 ára börn sem stríða við málörðugleika.

Leikurinn er hugarfóstur þeirra Guðrúnar Eiríksdóttur og Sunnu Bjargar Sigurjónsdóttur en hann byggist á tjáningarforminu Tákn með tali sem ætlað er heyrandi einstaklingum sem eiga við málog talörðugleika að stríða. Kerfið er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Táknunum er skipt í náttúruleg tákn sem byggjast á því að athöfn er leikin eða eiginleikum lýst annars vegar, og eiginleg eða samræmd tákn sem flest eru fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra hins vegar. Táknin eru alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hverrar setningar, eitt eða fleiri, eru táknuð. Kerfið er þannig leið til tjáskipta jafnframt því sem það örvar málvitund og málskilning barna.

Vonir standa til að leikurinn geti hjálpað börnum að læra Tákn með tali-kerfið en mikil vöntun er á slíku kennsluefni og hjálpargögnum hérlendis. Leikurinn er ekki einungis ætlaður börnum sem stríða við málörðugleika heldur á hann að vera skemmtilegur og fræðandi fyrir öll börn. *- tg*



Kristjana Milla segir höfuðatriði að velja rétta tösku og að nemendur beri ekki meira en nauðsynlegt er fyrir hvern skóladag. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Mikilvægt að velja rétta tösku

Skólatöskur þurfa að vera í réttri stærð, leggjast rétt að líkamanum og vera með góðum og bólstruðum ólum.

„Fyrst þarf að hugsa um stærð töskunnar,“ segir Kristjana Milla Snorradóttir iðjuþjálfi um val á skólatöskum. „Taskan á að hvíla fyrir ofan rassinn, á mjóbakinu. Svo þarf að passa að bakið á töskunni hindri ekki eðlilegar hreyfingar handleggjanna og að taskan fari ekki í höfuðið.

Bak töskunnar þarf að vera bólstrað og falla þétt að bakinu á þeim sem er með hana. Axlarólarnar þurfa líka að vera breiðar og bólstraðar og falla þétt að bakinu. Þær ættu líka að vera stillanlegar svo að þær henti hverjum og einum. Botninn á töskunni ætti að vera stífur, þannig að það fari vel um bækurnar, en líka til að hann sígi ekki og valdi óeðlilegu álagi.

Brjóstól er góð og mjaðmaól enn betri, þær minnka álagið á bak og herðar og með mjaðmaól hvílir taskan á mjöðmunum sem er stærra og sterkara bein en axlirnar og dreifa því álaginu betur.“

Kristjana segir axlatöskur enn sjást en hún gefur ekki mikið fyrir þær. „Út frá mínu sjónarmiði skekkja þær hryggsúluna, valda óeðlilegu álagi á axlirnar og þreytu.“

Einkenni á borð við þreytu í baki og öxlum, doða í höndum eða hreinlega óþægindi undan skólatösku gefa vísbendingu um að tími sé kominn til að skipta um tösku. „Og númer eitt, tvö og þrjú er að vera ekki að bera of þunga tösku,“ segir Kristjana. „Hún ætti helst ekki að vera þyngri en 10 prósent af líkamsþyngd, og alls ekki þyngri en 20 prósent. Þyngstu hlutina á að hafa sem næst bakinu og á hverjum degi ætti að fara yfir það sem er í töskunni svo ekki sé verið að bera óþarfa hluti. Taka bara þau blöð og bækur sem þarf á hverjum degi,“ segir Kristjana að lokum.

*einareli@frettabladid.is*

EYMUNDSSON: Vinsælustu töskurnar fyrir yngra fólkið eru Jeva-töskurnar sem Penninn hefur flutt inn í mörg ár. Þær eru með öllum eiginleikum sem iðjuþjálfar og aðrir leggja áherslu á. Sama er hægt að segja um Beckmann-töskurnar og Eastbak-töskurnar sem eru vinsælar hjá unglingunum. Nýjasta nýtt er svo grind á hjólum til að þurfa ekki að bera töskuna á bakinu. Jeva-töskurnar kosta 9.950 kr., Eastbak-pokinn kostar 7.950 og bakpokinn á hjólunum er á 6.995 kr.





GRIFFILL: Jeva hefur lengi verið vinsælast fyrir yngra fólkið enda góðar töskur og vitund fólks um hvað er gott fyrir bakið mikið að aukast. Hjá unglingunum er útlitið þó enn allsráðandi. Fartölvutöskur eru orðnar vinsælli og mikilvægt að vera ekki með rándýrar tölvur í venjulegum töskum sem vernda þær ekki. Yngri börnin vilja skrautlegar töskur. Eastbak og Jansport virkar á unglingana.
Rauði Aquip fartölvupokinn er á 2.990 kr. og græni Herlitz pokinn á 3.990 kr.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

OFFICE 1: Schoolyard er glæný vörulína af skólatöskum sem Office 1 hefur látið sérframleiða fyrir íslensk skólabörn. Töskurnar eru hannaðar á Íslandi og tekið er sérstakt mið af íslenskum aðstæðum og þörfum barnanna. Bakstuðningur er vandaður og þess hefur verið gætt að rýmið í töskunum sé nægilegt fyrir þær skólavörur sem börn þurfa með sér daglega í skólann.
Schoolyard-töskurnar fást í þrem stærðum og kosta frá 4.990 kr.




ÉG NENNI AÐ PÆLA Í ÞESSU AF ÞVÍ AÐ ÉG NENNI AÐ EIGA PENINGA
SPRON NÁMSMENN
Þegar þú gerist félagi í SPRON NÁMSMENN átt þú möguleika á eftirfarandi:
FRÍU DEBETKORTI
150 FRÍUM DEBETKORTAFÆRSLUM Á ÁRI
BÓKAÁVÍSUN SPRON (GILDIR Í GRIFFLI)
DESEMBERUPPBÓT
NÁMS- OG BÓKASTYRKJUM
TÖLVUKAUPALÁNI*
NÁMSLOKALÁNI*
EGO-KREDITKORTI MEÐ 5.000 KR. FERÐAÁVÍSUN OG 2.000 KR. BENSÍNENDURGREIÐSLU**
OG MÖRGU FLEIRU…
ALLIR SEM SKRÁ SIG Í SPRON NÁMSMENN FÁ FLOTTAN FARTÖLVUBAKPOKA OG EINKAKLÚBBSKORT
*SAMKVÆMT ÚTLÁNAREGLUM SPRON **GILDIR TIL 17. SEPTEMBER - BENSÍNENDURGREIÐSLAN VERÐUR 2. OKTÓBER
ÞITT ER VALIÐ - KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á SPRON.IS
spron NÁMSMENN

# Lána allan búnað

Þeim fjölgar ört sem leggja stund á kajakróður og eru mörg tækifæri í boði fyrir þá sem hafa hug á því að taka sín fyrstu áratök í þessari skemmtilegu íþrótt.

Kajakklúbburinn í Reykjavík stendur fyrir reglulegum byrjendanámskeiðum í nýju innilauginni í Laugardalslaug. Að sögn Þorsteins Guðmundssonar, fyrrverandi formanns Kajakklúbbsins, geta áhugasamir einnig skráð sig í klúbbinn og mætt á félagsæfingar á mánudagskvöldum þar sem fólki stendur til boða að fá allan búnað að láni og æfa sig sjálft en fá leiðsögn frá vanari ræðurum um. „Við erum einnig með fasta félagsróðra einu sinni í viku út frá Geldinganesi allt árið um kring. Áhugasamir geta fengið lánaðan bát þar og komið með í róður til þess að æfa sig á sjónum með okkur,“ segir hann. „Námskeiðin eru þó sennilega betri leið til þess að læra grunntökin. Þar fer kennari í gegnum öryggisatriði og er veltan kynnt fyrir þátttakendum.“

Þorsteinn Sigurlaugsson, hjá kajakleigunni Seakayak Iceland, býður einnig upp á byrjendanámskeið. „Námskeiðin eru þríþætt, einn hluti fer fram í sundlaug og tveir hlutar á sjó. Námskeiðin okkar eru eftir British Canoe Union-kerfinu, sem er bresk stofnun sem stendur á bakvið útbreiddasta kajakkennslukerfi heims. Kerfið er staðlað fyrir persónulega getu, kennslu og prófgráður. Þetta er mjög vel uppsett og árangursríkt kerfi.“

Vefsíður: (www.kayakklubburinn.is), (www.seakayakiceland.com)

*- vör*



Frá æfingu í Laugardalslauginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

grunnskóli - framhaldsskóli - háskóli
NÁMSAÐSTOÐ
íslenska • franska • spænska • stærðfræði
enska • þýska • danska • efnafræði • eðlisfræði
greining á lestrarerfiðleikum
Nemendaþjónustan sf
s. 557 9233 www.namsadstod.is







Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði við Háskólann í Reykjavík, fylgist vel með því að nemendur hans séu á réttri leið í náminu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stöðug vinna skilar árangri

Í Háskólanum í Reykjavík er boðið upp á meistaranám í stærðfræði og kennslufræði. Einar Steingrímsson, prófessor í stærðfræði, hefur umsjón með náminu og notar sérstakar aðferðir við kennsluna.

Meistaranám í stærðfræði og kennslufræði er nýtt tveggja ára nám í Háskólanum í Reykjavík en fyrsti hópurinn byrjaði í síðastliðið haust. „Við vorum með um það bil tuttugu nemendur síðasta vetur sem halda áfram næsta vetur og svo byrjar nýr hópur í haust sem verður sennilega álíka stór,“ segir Einar.

Markmiðið með meistaranáminu er að sögn Einars að efla stærðfræðikennslu í grunnskólum og framhaldsskólum. „Til að verða góður stærðfræðikennari þarf maður að vera með góða menntun í stærðfræði. Nemendur okkar eru að stórum hluta grunnskólakennarar sem eru með kennarapróf en ekki neina sérstaka stærðfræðimenntun. Þetta nám er sérstaklega ætlað fyrir fólk sem er eða vill verða stærðfræðikennarar en hefur ekki lært stærðfræði á háskólastigi áður.“

Við kennsluna notar Einar sérstakar aðferðir sem hafa gefist vel. „Við erum auðvitað með fyrirlestra eins og gengur og gerist en ekki svona hefðbundna dæmatíma og lista af dæmum sem nemendur þurfa að leysa eins og venjan er í stærðfræðikennslu. Yfirleitt eru verkefnin sem nemendurnir eiga að leysa hjá okkur stærri og opnari og allt sem nemendur eiga að læra í tilteknu námskeiði er innifalið í þeim. Þetta eru einstaklingsverkefni en nemendurnir mega leysa þau hvernig sem þeir vilja og við hvetjum þá til þess að vinna saman í smá hópum og fá aðstoð frá kennurum en svo verður hver og einn að skrifa sínar eigin lausnir og standa skil á þeim á munnlegu prófi.“

Einar lærði sjálfur stærðfræði í Bandaríkjunum og hefur verið að kenna hana síðan. Hann velti því fyrir sér hvernig hann hefði sjálfur viljað hafa kennsluna þegar hann var í sínu námi og komst að þeirri niðurstöðu að þessi aðferð gæti gefist vel. „Þetta snýst um það að finna bestu leiðina til þess að kenna nemendum það sem maður vill að þeir læri. Ég var að kenna stærðfræði í Gautaborg í fimmtán ár áður en ég fór að kenna í Háskólanum í Reykjavík og síðustu sjö til átta árin notaði ég þessa aðferð og hún reyndist vel. Nemendur mínir hafa notfært sér það mikið að fá að vinna saman og fyrir nánast alla er það miklu skilvirkara að vinna svona en að sitja hver í sínu horni.“

Í meistaranáminu þurfa nemendur að skila verkefnum jafnt og þétt yfir veturinn og verkefnaskil gilda sem hluti af lokaeinkunn. „Ég held að flestir stærðfræðikennarar séu sammála um það að nemendur læra best á því að vinna stöðugt og það er það sem gera hjá okkur. Með því að hafa regluleg verkefnaskil og aðstoða nemendur í vinnutímum getum við líka fylgst með því hvernig hver og einn stendur og séð hvort nemendurnir eru á réttri leið sem er mjög mikilvægt,“ segir Einar. *emilia@frettabladid.is*

# Hefur áhuga á leikstjórn

Listaháskóli Íslands byrjaði með nýtt nám síðasta haust sem heitir „Fræði og framkvæmd“. Kolbrún Björt Sigfúsdóttir er nú að hefja sitt annað ár í náminu og líkar vel.

„Námið gengur út á allt í kringum leikhús nema að leika. Til dæmis leikstjórn, handritagerð, að setja upp ljós, keyra þau, hanna rými svo dæmi séu tekin. Svo lærum við líka fræðilegu hliðina eins og hugmyndafræði, strauma og stefnur í leiklist, heimspeki og leiklistarsögu,“ segir Kolbrún Björt en námið er 90 eininga BA nám og það þarf að taka inntökupróf til að komast að.

Námið á að búa nemendur undir störf eða framhaldsnám í leiklist með því að auka sérþekkingu þeirra og hvetja til frumsköpunar. Í rauninni er ekki verið að mennta nemendur í sérstök störf heldur búa til ákveðinn grunn sem opnar margar nýjar leiðir. „Ég myndi hafa áhuga á því að fara út og læra leikstjórn í framhaldi af þessu námi. Ég hef engan áhuga á því að verða leikkona en langar samt að vinna við leikhús. Það er hægt að fara margar leiðir, til dæmis að verða leikskáld, listrænn stjórnandi, gagnrýnandi eða leiklistarfræðingur svo eitthvað sé nefnt.“ Kolbrún Björt er strax byrjuð að nýta sér menntun sína og hefur í sumar leikstýrt sýningunni „Kjöt“ sem sýnt er á ArtFart sviðslistahátíðinni sem er í fullum gangi þessa dagana. *- ebg*



Kolbrún Björt Sigfúsdóttir er að byrja á öðru ári í náminu „Fræði og framkvæmd“, sem kennt er við LHÍ.

**lenovo**

# Frábær skólafélagi!

## Sú heitasta í dag – með fullkomnu kælikerfi



Lenovo 3000

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
INNBYGGÐUR MINNISKORTALESARI
FINGRAFARALESARI
VIBRANTVIEW LCD SKJÁR
AFAR EINFALT AÐ TENGJAST NETKERFUM

**Taktu þátt í Lenovo-leiknum á www.lenovo.is!**

Þú gætir unnið glæsilega Lenovo-fartölvu eða aðra verðmæta vinninga. Dregið í beinni á Bylgjunni næstu daga.



| Lenovo 3000 N100 | Lenovo 3000 N100 | Lenovo 3000 V100 | Lenovo 3000 N100 |
|---|---|---|---|
| Intel Celeron M 1,46GHz | Intel Core Duo T2300 1,66GHz | Intel Core Duo T2300 1,66GHz | Intel Core Duo T2500 2,0GHz |
| 512MB minni (stækkanlegt í 2GB) | 512MB minni (stækkanlegt í 2GB) | 512MB minni (stækkanlegt í 2GB) | 1GB minni (stækkanlegt í 2GB) |
| 80GB 5400sn harður diskur | 80GB 5400sn SATA harður diskur | 80GB 5400sn SATA harður diskur | 100GB 5400sn SATA harður diskur |
| 14,1" skjár / 1280x800 upplausn Intel GMA 950 allt að 128MB | 15,4" skjár / 1280x800 upplausn Intel GMA 950 allt að 128MB | 12,1" skjár / 1280x800 upplausn Intel GMA 950 allt að 128MB | 15,4" skjár / 1680x1050 upplausn nVidia GeForce FX 128MB skjákort |
| DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 4x USB 2.0 | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 4x USB 2.0 | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 3x USB 2.0 | DVD-RW / WiFi / Bluetooth / FireWire / 4x USB 2.0 |
| Fingrafaralesari & vefmyndavél | Fingrafaralesari & vefmyndavél | Fingrafaralesari & vefmyndavél | Fingrafaralesari & vefmyndavél |
| Kortalesari fyrir minniskort | Kortalesari fyrir minniskort | Kortalesari fyrir minniskort | Kortalesari fyrir minniskort |
| Þyngd frá 2.5 kg | Þyngd frá 2.8 kg | Þyngd frá 1.8 kg | Þyngd frá 2.8 kg |
| Windows® XP Home*** stýrikerfi | Windows® XP Pro stýrikerfi | Windows® XP Pro stýrikerfi | Windows® XP Home*** stýrikerfi |
| Mánaðarlegar greiðslur*: 3.780 kr. | Mánaðarlegar greiðslur*: 4.812 kr. | Mánaðarlegar greiðslur*: 5.156 kr. | Mánaðarlegar greiðslur*: 6.188 kr. |
| Verð: 109.900 kr. | Verð: 139.900 kr. | Verð: 149.900 kr. | Verð: 179.900 kr. |

FYLGIR FRÍTT MEÐ



### Plantronics Explorer 320

Bluetooth þráðlaust heyrnartól
Tengjanlegt við tölvusíma eða GSM

Ef þú kaupir Lenovo 3000 eða ThinkPad fartölvu hjá Nýherja **færðu Plantronics heyrnartól frítt með.**

### Canon iP5200 bleksprautuprentari

Gæði, hraði og hagkvæmni
Single Ink - sér hylki fyrir hvern lit

Tilboðsverð**: 15.900 kr.
Listaverð: 19.900 kr.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

**NÝHERJI**

www.lenovo.is | Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is

* Mánaðarlegar greiðslur miðast við tölvulán til 36 mánaða hjá Landsbankanum, miðað við upplýsingar af www.landsbanki.is 18. júlí 2006. / ** Tilboð gildir aðeins fyrir þá sem kaupa ThinkPad eða Lenovo 3000 fartölvu. / *** Nýherji mælir með Windows XP Pro.

## Fróðleiksmoli

# Skólaskylda á Íslandi

Skólaskylda var lögleidd á Íslandi árið 1907 og náði þá aðeins til barna á aldrinum 10 til 14 ára. Fram að þeim tíma hafði verið mikið um heimafræðslu eða farskóla þar sem börnum í sveitinni var safnað saman á einn bæ og kennt þar um stund. Árið 1936 var skólaskyldan færð niður í sjö ára aldur og tíu árum síðar var hún lengd í hinn endann svo börn luku grunnskólanámi við 15 ára aldur. Árið 1974 var skólaskyldan lengd upp að 16 ára aldri en það var ekki fyrr en árið 1990 sem skólaskyldan var færð niður í sex ára aldur.








allt matur
Alla föstudaga



Þær Svanhvít og Anna kunna sannarlega að bregða á leik. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Ævintýralegt skólastarf í uppsiglingu á Akureyri

Svanhvít Magnúsdóttir kennari og Anna Richardsdóttir, íþróttafræðingur og fjöllistakona, eru með glænýja skólastarfsemi á Akureyri sem heitir 7 stafir.

„Við ætlum að vera með skóla eftir skóla fyrir börn í 1. og 2. bekk og leggjum mikið upp úr tjáningu og gleði," segir Anna fjörlega þegar forvitnast er um fyrirkomulag 7 stafa. „Ætlunin er að efla hina skapandi hugsun barnanna, sjálfsstyrk og innri aga. Aðferðirnar eru þær sömu og í vísindum, að virkja ímyndunaraflið og leita að lausnum. Sú aðferð er börnunum töm. Þau eru síleitandi frá náttúrunnar hendi og fá ógrynni af nýjum hugmyndum. Þau prófa til dæmis alls kyns furðuhreyfingar og sem nútímadansari sé ég oft nýjustu tæknina í verki hjá þeim."

Skólinn 7 stafir er í raðhúsi við Furulund 2c. Þar eru engir stólar eða borð og ekki hefðbundnar skólabækur. „Þetta er tilraunastarfsemi og við erum í samstarfi við Akureyrarbæ," segir Svanhvít. Hún tekur fram að auk þess að vinna með tungumálið og fara í könnunarleiðangra með orð, verði margs kyns listform notuð, tónar, litir og hreyfingar svo nokkuð sé nefnt. „Við leggjum ríka áherslu á að hlusta á börnin og gefa hverju og einu tækifæri til að viðra sínar hugmyndir og standa með þeim. Jafnvel hrinda þeim í framkvæmd. Svo verður smám saman hægt að bjóða foreldrunum á sýningu sem unnin er frá grunni af krökkunum en kannski út frá einhverju ævintýri eða vísu."

Hér tekur Anna við þræðinum. „Þó við leggjum upp með sögu eins og ævintýrið um Rauðhettu þá verður sýningin alls ekki endilega hefðbundið Rauðhettuleikrit. Raunar er markmiðið að börnin verði það sjálfstæð að þau þrói eigið Rauðhettuleikrit sem getur verið alls ólíkt upphaflegu hugmyndinni.

Sjálfsstyrkurinn felst í að velja lausnir og þola það að öðrum lausnum sé hafnað. Bara eins og í íþróttunum þegar ekki er alltaf hægt að skora mark. Þannig fæst dýrmæt tegund af aga sem kemur innan frá. Markmiðið er að börnin læri að þekkja styrk sinn og kunni og þori að tjá sig á sem víðtækastan hátt."

*gun@frettabladid.is*

## Ný bók




Bókin Höndlaðu hamingjuna á unglingsárunum kom út á dögunum. Um er að ræða sniðuga bók sem hentar vel fyrir alla unglinga og ekki síður foreldra. Í bókinni er farið í gegnum flest það sem þýtur í gegnum huga unglingsins á táningsárunum og bókin er gagnleg lesning fyrir hvern þann sem er að leita að sjálfum sér.

Bókin er eftir Andrew Matthews sem teiknar einnig myndirnar sem prýða hana. Björn Kristján Arnarson þýddi.




# Ótrúlegt verð á skólavörum





**Úlpa**
svört, dökkblá, dökkgrá
st. 7/8-13/14
**3.999kr**

**Úlpa**
dökkgræn, svört, hvít
st. 7/8-13/14
**3.999kr**

**Kanvas skór**
margar gerðir
st. 24-45
verð frá **2.999kr**



**1 kr/stk**
aðeins 2 stk. á mann

Strokleður



Vinsælar skólavörur í úrvali



**1 kr/pk**
aðeins 2 pk. á mann

Vaxlitir 24 stk. í pakka



Vandaðar skólatöskur í úrvali

Gildir 18. ágúst eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



Hulda segir ýmsar nýjungar á döfinni hjá Mími á haustönninni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Sjálfsöryggið skiptir mestu

Mímir símenntun heldur í hefðirnar með ákveðinn hluta námskeiða en býður einnig upp á nýjungar. Nú er skólinn líka að flytja milli húsa.

„Haustið framundan er spennandi, meðal annars af því að við erum að flytja. Eftir að hafa verið í þessu húsnæði hér á Grensásveginum í áratugi þá erum við að færa okkur yfir í Skeifuna 8," segir Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis, glaðlega. Af hefðbundnum greinum segir hún tungumálanámskeiðin langmest sótt og upplýsir að kennd séu 19 tungumál í skólanum. „En við reynum líka að vera svolítið nálægt því sem er að gerast í heiminum og nú ætlar Jóhanna Kristjónsdóttir að vera með nýtt námskeið um ástandið í Líbanon, Ísrael og Palestínu," segir hún. Hún vekur líka athygli á nýjum námsleiðum fyrir vinnandi fólk sem af einhverjum ástæðum hætti í skóla en vill taka upp þráðinn aftur. „Þessar námsleiðir gerbreyta stöðu fólks á vinnumarkaðnum til að afla sér viðbótarþekkingar," segir hún. „Ein þeirra heitir Grunnmenntaskóli og er fyrir þá sem hafa hætt í námi eftir grunnskóla. Landnemaskólinn er fyrir útlendinga sem hafa fengið grunnfræðslu í íslensku og sú þriðja heitir Aftur í nám og er fyrir lesblinda. Þetta eru námsleiðir sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað því eftir síðustu samninga ASÍ og SA veitti ríkið 100 milljónum í fullorðinsfræðslu. Það fé fer í þennan farveg og er virkilega að nýtast."

Hulda segir lesblindunámskeiðin hafa mælst mjög vel fyrir. Tvö eru á haustönninni, bæði fullskipuð en tekin eru niður nöfn á biðlista. „Það er gífurleg aðsókn að námskeiðum fyrir lesblinda," segir hún. „Við höfum verið að fá þar inn frábært fólk sem hefur verið haldið þeirri grillu að það væri illa gefið og það er stórkostlegt að sjá það útskrifast, upplitsdjarft og glatt. Við kennum eftir aðferðafræði Bandaríkjamanns að nafni Ron Davis. Fólk byrjar á að fara í sjálfstyrkingu því það þarf að yfirvinna margra ára upplifun af því að vera annars flokks þegar kemur að námi. Síðan taka við 30-40 klukkustunda einkatímar. Fólk lærir að búa til stafina með leir. Þar er verið að nýta styrkleika lesblindra sem er formsköpunin. Síðan er farið í málfræði og stafsetningu. Það er líka kennt á tölvu og þau hjálpartæki sem þar nýtast þeim sem eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þetta er enginn hókus pókus og fólk þarf fyrir hlutunum að hafa en það skilar sér. Þetta er níutíu og fimm stunda nám og fólk fær ákveðnar einingar metnar upp í framhaldsskóla en það sem mestu skiptir er sjálfsöryggið." Bæklingur með tómstunda- og frístundanámskeiðum Mímis mun koma út 5. september.

*gun@frettabladid.is*




FOCAL SOFTWARE & CONSULTING

GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN

*Býður upp á 10 vikna nám með vinnu í*

HAGNÝTRI GÆÐASTJÓRNUN

...hefst 12. september

MARKMIÐ námsins er veita nemendum heildaryfirsýn yfir aðferðafræði gæðastjórnunar.



Svala Rún Sigurðardóttir
Ábyrgðarmaður

Halldóra Káradóttir
Fagstjóri

Á NÁMSKEIÐINU verður m.a. farið yfir:

- Hvað er gæðastjórnun?
- Gæðakostnað
- Stefnumótun og stjórnun gæðamála
- Hvað er gæðakerfi?
- ISO-staðla
- Ferlastjórnun og mælingar á ferlum
- Innri úttektir
- Verkefnastjórnun og umbótaverkefni
- Rafræna gæða– og skjalastjórnun

KENNARAR SKÓLANS hafa mikla reynslu af gæðastjórnun bæði sem stjórnendur, ráðgjafar og kennarar á háskólastigi.

KENNT verður á þriðjudögum frá kl. 13:00-17:00
SKRÁNING og nánari upplýsingar eru í síma 540-0900 og á www.focal.is, þar má einnig sjá yfirlit yfir fjölda annarra námskeiða.


## Skólabörn

# Fær Barbietösku í afmælisgjöf

HELGA KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR VERÐUR FIMM ÁRA Á MORGUN OG BYRJAR Í ÍSAKSSKÓLA Í HAUST.

*Máttu byrja í skólanum fimm ára?*
Já, ég fer í fimm ára skóla.
*Hvað ætlarðu að læra í skólanum?*
Ég ætla að læra að skrifa og reikna.
*Ætlarðu líka að læra að lesa?*
Já, kannski.
*Kanntu kannski að lesa?*
Já, en ekki alveg allt.
*En kanntu alla stafina?*
Já.
*Ertu búin að fá skólatösku?*
Nei, en mig langar í Barbietösku sem ég sá í blaðinu. Ég held að mamma ætli að kaupa svona skólatösku handa mér í afmælisgjöf.
*Hvað langar þig að verða þegar þú verður orðin stór og ert búin í skólanum?*
Mig langar að verða söngkona.
*Helduðu að þú fáir eitthvað að syngja í skólanum?*
Ég veit það ekki.
*Áttu þér uppáhaldslag?*
Já, Til hamingju Ísland.
*Langar þig þá til að syngja í Eurovision þegar þú verður stærri?*
Kannski, en ég get ekki sungið Til hamingju Ísland því að það má ekki syngja það aftur en mig langar að syngja það.



Helga kann aðeins að lesa þó að hún sé bara að verða fimm ára. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

## Ómissandi fyrir skólann

Fátt er skemmtilegra en að fara í bókabúð á haustin og kaupa allt sem maður þarf fyrir skólann. Þá skiptir engu hvort maður er sex ára að hefja skólagönguna eða á þrítugsaldri í háskólanum. Skóladótið er alltaf jafn spennandi.

Námsmenn þurfa svo sem ekki marga hluti til að komast í gegnum skólann en það er alltaf gaman að luma á einhverju litríku og skemmtilegu í skólatöskunni til að hressa upp á skóladaginn. Hér eru nokkrir hlutir sem allir námsmenn ættu að eiga.



Plastmöppur í öllum regnbogans litum fyrir glósur og blöð.



Epli ætti alltaf að vera í skólatöskunni. Aldrei að vita hvenær maður þarf að múta kennaranum.



Litríkt og skemmtilegt pennaveski hressir upp á tilveruna. Hvort sem maður er gamall prófessor eða lítil skólastelpa.



Skrautlegar minnisbækur til að skrifa niður allt sem þarf að muna í skólanum.



Það er alveg bannað að mæta of seint í tíma. Flott vekjaraklukka ætti að vera á hverju náttborði.


„NÚTÍMAFÓLK NOTAR TÖLVUR, FORNGRIKKIR NOTUÐU ALLSBERA SENDIBOÐA."
TÖLVUKAUPALÁN ALLT AÐ 300.000 KR.
VEGLEGUR KAUPAUKI FYLGIR HVERRI TÖLVU SEM KEYPT ER Í VERSLUNUM PENNANS OG EJS.
WWW.KBNAMSMENN.IS
NAMUS EST LIFSTILUM
NÁM ER LÍFSSTÍLL
KB BANKI

# Falleg og þægileg skólaföt

Það líður að árlegri ferð foreldra í búðir með börnin með sér til þess að finna skólaföt fyrir veturinn. Búðir eru stútfullar af nýjum vörum, peysum, buxum og úlpum, og því nóg um að velja. Það er gaman að eiga falleg föt en mikilvægara er þó að fötin séu þægileg og henti íslensku veðurfari. Stífar buxur með of þröngum streng eða þunnur gerviefnabolur eru ekki bestu flíkurnar til að klæðast á annasömum skóladegi. Sem betur fer er úrvalið svo gott í búðunum í dag að hægt er að kaupa bæði falleg og þægileg föt án þess að þau séu rándýr.





Í Benetton fást einnig klassísk skólaföt fyrir stelpur. Þægilegt ullarpils og milliþykk hneppt peysa í stíl.

Íþróttagallar eru tilvaldir í skólann. Börnin eru frjálsleg í þeim og þeir eru mátulega hlýir. Þessi galli fæst í Zöru. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN.

Fallegar húfur, vettlingar og treflar í stíl fást í Benetton í alls kyns litum.

Íslenskar lopapeysur fyrir börnin fást í Hagkaupum á góðu verði.

Dúnvesti eru hentug í haustinu þegar enn er milt í veðri. Gallabuxur, prjónapeysa og dúnvesti er alltaf flott samsetning og fæst í Zöru.

Dökkar mjúkar buxur, bómullarbolur og tíglavesti yfir. Þessi klassíski skólafatnaður fæst í Benetton.

Í Zink eru gott úrval af úlpum og húfum fyrir stelpur og stráka á aldrinum 8-16 ára.

Í Hagkaupum er mikið úrval skólafatnaðar fyrir börn á öllum aldri. Gallabuxur og hettupeysa er alltaf vinsæl samsetning, bæði fyrir stelpur og stráka.




„Ég get meira eftir að ég tók námskeið í verðbréfaviðskiptum hjá Símennt HR. Kennararnir eru framúrskarandi og námið er bæði krefjandi og skemmtilegt. Nú hef ég þekkingu og kraft til að leysa verkefni betur og takast á við nýjar áskoranir.“

– Björg Arnardóttir
útlánasérfræðingur hjá Lánstrausti hf.

SÍMENNT HR
Styrktu stöðu þína

Símennt Háskólans í Reykjavík býður upp á fjölbreytt framboð af styttri og lengri námskeiðum fyrir starfsfólk og sérfræðinga í íslensku atvinnulífi. Hlutverk Símenntar HR er að efla þá einstaklinga sem sækja námskeið Símenntar til árangurs í lífi og starfi – og styrkja þannig samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

**Kíktu á heimasíðu Símenntar HR, www.hr.is/simennt, og skráðu þig á póstlista.**

Starfsfólk Símenntar Háskólans í Reykjavík veitir allar nánari upplýsingar.

**Símennt HR**
**Ofanleiti 2**
**103 Reykjavík**
**Sími: 599 6200**
**Fax: 599 6201**
**www.hr.is/simennt**

Lilja Ósk Snorradóttir
Sími: 599 63 63
lilja@ru.is

Þórunn Sigurðardóttir
Sími: 599 6353
thorunns@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is


## Skólabörn

# Ætlar að læra rosa mikið í skólanum

GUNNLAUGUR HEIÐARSSON ER SEX ÁRA OG BYRJAR Í LANGHOLTSSKÓLA Í HAUST.

*Hlakkarðu til að byrja í skólanum?*
Já.
*Hvað ætlarðu að læra í skólanum?*
Stærðfræði og rosa mikið.
*Ætlarðu líka að læra að lesa?*
Já.
*Ertu búinn að fá skólatösku?*
Já, svona fótbolta.
*Finnst þér gaman í fótbolta.*
Já. Ég er búinn að fara á námskeið. Ég ætla að verða fótboltamaður.
*Eru einhverjir vinir þínir að fara í sama skóla og þú?*
Já, mjög margir.



Gunnlaugur á marga vini sem eru líka að byrja í Langholtsskóla.



SKÓLINN ER AÐ BYRJA
Laugardagar eru NAMMIDAGAR
Þeir sem versla hjá Office 1 laugardaginn 19. ágúst fá Office 1 íþróttapoka, Hrís súkkulaði frá Freyju, Svala og bíómiða fyrir tvo á Gretti 2 eins lengi og birgðir endast.
Frumsýnd 25. ágúst m/íslensku og ensku tali.
STÍLABÓK
Office 1
5 gorma stílabækur
Aðeins 399.-
5 í pakka
AIRIS Fartölva
Vörunúmer: N930
• Örgjörvi: Intel Pentium M 740 1,73 GHz 2MB cache
• Skjár: 15,4 SXGA Widescreen (1280x800)
• Vinnsluminni: 512 MB DDR2-SDRAM, 533 MHz
• Harður diskur: 75 GB (5400 RPM)
• Skjákort: Mobile Intel 915 Express
• Drif: DVD+/-RW (+R duallayer)
• Netkort:
-Netkort Broadcom 10/100
-Intel pro þráðlaust 802.11 b/g (54 Mbps)
• Rafhlaða: 6 cell Lithium-Ion
• Rafhlöðuending: Allt að 3,5 tímar
• Tengi: 4x USB2.0, 1x Firewire(1394), Jack og Mic, 1x VGA, 1x SVHS, 1x RJ11, 1x RJ45
• Annað: Minniskortalesari fyrir 4 gerðir minniskorta
• Stýrikerfi: Microsoft Windows XP pro
• Fartölvutaska
• Ábyrgð: 2 ára ábyrgð
TASKA FYLGIR
Tölvukaupalán SPRON 3.642.- í 36 mánuði
Office 1 99.990.-
Harður diskur: 75 GB (5400 RPM)
Vinnsluminni: 512 MB DDR2-SDRAM, 533 MHz
Ábyrgð Tveggja ára ábyrgð.
Opið til kl. 20 virka daga í ágúst og til kl. 18 um helgar í Skeifunni 17
BESTA VERÐIÐ*
*ÓDÝRAST HJÁ OFFICE 1
samkvæmt verðkönnun fréttastofu NFS þann 15. ágúst 2006
Skiptibókamarkaður Office 1
Afgreiðslutímar í ágúst
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-20
Laugardaga frá 10-18
Sunnudaga 10-18
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sunnudaga 13-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-16
Sunnudaga 13-17
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Föstudaga 10-19
Laugardaga frá 11-16
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-16
Sunnudaga 13-17
Skiptibóka-markaður Office 1
Office 1 Skeifunni 17
Office 1 Akureyri
Office 1 Ísafirði
Office 1 Vestmannaeyjum
Allt fyrir skólann undir 1 þaki!
Í ágúst:
Skólaleikur Office 1
Aukaleikur Office 1 og Skór.is
Kynntu þér málið hjá Office 1
HÚSASMIÐJAN
Skútuvogur 525 3160 opið: mán - fös 8 - 19, lau 9 - 19, sun 10 - 19
Grafarholt 520 3900 opið: mán - fös 8 - 19, lau 9 - 19, sun 10 - 19
Keflavík 421 6500 opið: mán - fös 8 - 18, lau 9 - 13
Selfoss 4 800 800 opið: mán - fös 8 - 18, lau 9 - 16, sun 12 - 16
Akureyri 460 3500 opið: mán - fös 8 - 18, lau 10 - 16
Skólamarkaður Office 1 er líka í Húsasmiðjunni
Office 1 Superstore

# Lært að syngja

Kór Langholtskirkju heldur söngnámskeið.

„Við bjóðum fólki í áheyrnarprufur fyrir kórinn að söngnámskeiði loknu,“ segir Þorgils Völundarson, framkvæmdastjóri Kórs Langholtskirkju, og bætir við að það vanti alltaf góðar raddir í kórinn og þá sérstaklega karla. Námskeiðið, sem stendur yfir í fimm daga, er undir leiðsögn Bergþórs Pálssonar, Hörpu Harðardóttur, Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur, Sesselju Guðmundsdóttur og Signýjar Sæmundsdóttur. Öll kenna þau við Söngskólann í Reykjavík og sjá þau um söngkennslu og þjálfun í tónheyrn og nótnalestur. Jón Stefánsson, stjórnandi kórsins, mun kenna samsöng.


Ólöf Kolbrún Harðardóttir er meðal kennara á námskeiðinu.

„Tímarnir eru með þeim hætti að tveir nemendur eru saman með einum kennara,“ segir Þorgils. Hann segir að sú leið hafi verið valin, fyrst og fremst vegna þess að fólk sé gjarnan feimið við að koma og syngja frammi fyrir stórum hóp fólks. „Þetta hjálpar fólki að þjálfa röddinan áður en haldið er lengra,“ segir Þorgils.

Frekari upplýsingar er að finna hjá Langholtskirkju.


Kór Langholtskirkju heldur söngnámskeið í lok mánaðarins.


## Skemmtileg námskeið



Gítar
Trommur
Bassi
Píanó
Söngur - nýtt

10 vikna skemmtileg hljóðfæranámskeið ætluð börnum og unglingum. Kennt er í litlum hóptímum þar sem þátttakendum er raðað saman eftir aldri og getu.

Upplýsingar og skráning á heimasíðu okkar
www.tonsalir.is

Tónsalir
Tónsalir Bæjarlind 2 sími 534 3700 www.tonsalir.is
Rokk Popp Blús Jass



Elmar Geir Unnsteinsson vinnur að þýðingum á heimspekiritum úr forngrísku yfir á íslensku.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Harðkjarnamálfræði skemmtileg

Elmar Geir Unnsteinsson lærir heimspeki og klassísk fræði í Háskóla Íslands. Í sumar hefur hann unnið við að þýða heimspekirit úr forngrísku yfir á íslensku.

Klassísk fræði í Háskóla Íslands eru forngríska og latína og Elmar tekur þau til þrjátíu eininga á móti sextíu einingum í heimspeki til BA-prófs. „Klassísku fræðin eru frábær viðbót við heimspekina því oft finnst mér heimspekin vera svolítið mikið uppi í háloftunum og engin föst jörð til að stíga á og þá er gott að fara bara að læra harðkjarnamálfræði,“ segir hann og hlær.

Elmar segir að málfræðin sé öll kennd í tveimur grunnnámskeiðum, Forngrísku I og Forngrísku II og í námskeiðunum sem komi í framhaldi af þeim séu svo lesin rit á forngrísku og þau rædd. „Grunnnámskeiðin eru mjög erfið og ég hef aldrei farið í eins erfið námskeið í háskólanum. Maður sökkvir sér ofan í eitthvað rosalega flókið tungumál þar sem maður skilur ekki einu sinni letrið. Margir gefast fljótt upp og það fækkar alltaf jafnt og þétt í hópnum. Það er hins vegar rosalega skemmtilegt þegar maður finnur að maður er að ná tökum á þessu og ég hætti eiginlega aldrei að koma sjálfum mér á óvart og furða mig á því að ég skuli skilja svona mikið hrafnaspark eins og grískan er.“

Í sumar hefur Elmar verið að þýða heimspekirit úr forngrísku yfir á íslensku. „Ég fékk þriggja mánaða styrk frá nýsköpunarsjóði námsmanna til þessa að þýða texta ýmissa forvera Sókratesar eins og Pýþagórasar, Þalesar og Heraklet-osar. Þessir textar hafa aldrei verið þýddir í heild sinni yfir á íslensku en þeir eru allir mjög ólíkir innbyrðis og þó að sumir séu ekkert voðalega erfiðir þá eru aðrir alveg gífurlega flóknir. Líklega verða þessar þýðingar einhvern tímann gefnar út en við vonumst til þess að þær verði notaðar í námskeiði í Háskóla Íslands næsta vor sem heitir Fornaldarheimspeki, en þar hafa þessir textar verið lesnir í áraraðir í enskum þýðingum.“




Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
við Skólabraut, 210 Garðabæ, sími 520-1600, fax 565-1957
vefslóð: http:www.fg.is netfang: fg@fg.is

Gott fjarnám í boði.
Hagstætt verð.

Skoðið heimasíðuna:
www.fg.is


## Skólabörn


Tayo er búinn að fá skólatösku og pennaveski. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Hlakkar til að byrja í skólanum í haust

TAYO ÖRN NORÐFJÖRÐ ER SEX ÁRA OG ER AÐ BYRJA Í HLÍÐASKÓLA.

*Hvað ætlarðu að læra í skólanum?*
Ég veit það ekki. Ég er samt búinn að fara í heimsókn.
*Ætlarðu kannski að læra að lesa?*
Kannski.
*Kanntu alla stafina?*
Nei, ekki alveg alla.
*Ertu búinn að fá skólatösku?*
Já, og ég á pennaveski.
*Hlakkarðu til að byrja í skólanum?*
Já.
*Þekkirðu einhverja sem eru að fara í sama skóla og þú?*
Nei.
*Ætlarðu þá að eignast einhverja nýja vini í skólanum?*
Nei, nei. Ég á vini sem koma í heimsókn.

# Þetta er **tanngarður**





Hjá Námsmannaþjónustu Sparisjóðsins gerir þú mikið úr litlu. Gott dæmi um það er vegleg námsmannamáltíð á Subway fyrir aðeins 500 kr. auk frábærra annarra tilboða. Fáðu góða aðstoð við fjármálin svo þú getir gert mikið úr litlu. Nánari upplýsingar á www.spar.is eða í næsta sparisjóði. Við hlökkum til að heyra frá þér.

Ef þig langar að koma fólki á óvart með nýju og skemmtilegu útliti er litið mál að búa til mjög flottar gervitennur úr appelsínuhýði. Enga feimni, fáðu þér skínandi bros!

Fiton/SÍA

Gerðu **mikið** úr litlu!

SPARISJÓÐURINN
Námsmannaþjónusta



Rannveig segir námið góða undirstöðu fyrir þá sem vilja sinna ritstjórnar- og útgáfustörfum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Nýtt og spennandi nám við Háskóla Íslands sem hentar þeim sem hafa áhuga á ritstjórnar- og útgáfustörfum.

„Námið byggist meðal annars upp á 15 eininga sérnámi sem miðar að undirbúningi ritstjórnar og almennra útgáfustarfa,“ útskýrir Rannveig Sverrisdóttir, skorarformaður bókmenntafræði- og málvísindaskorar, en námið heyrir undir hugvísindadeild við Háskóla Íslands.

Rannveig bætir við að hver og einn nemandi velji sér síðan 15 einingar úr skyldufagi eða fögum. „Loks er það 15 eininga lokaverkefni en þó ekki lokaritgerð eins og tíðkast hefur heldur ritstjórnar- eða útgáfuverkefni sem er unnið í samvinnu við Rannsóknastofnun eða fyrirtæki úti í bæ, það er að segja bókaútgáfu- og fjölmiðlafyrirtæki,“ segir hún.

Að sögn Rannveigar er Hagnýt ritstjórn og útgáfa töluvert ólík öðru meistaranámi sem er í boði bæði þar sem það er styttra, ekki 60 einingar heldur 45, og eins af því að það hentar betur fólki sem ætlar út á atvinnumarkaðinn frekar en í fræðimennsku.

Námið er samvinnuverkefni bókmenntafræði- og málvísindaskorar annars vegar og íslenskuskorar hins vegar. Hugmyndin að því kviknaði hjá starfsmönnum hugvísindadeildar sem vildu, að sögn Rannveigar, veita nemendum sem vilja sinna útgáfu- og ritstjórnarstörfum betri undirstöðu.

Þótt námið tilheyri hugvísindadeild stendur það öllum nemendum til boða sem lokið hafa BA. eða BS. námi, uppfylli þeir öll skilyrði. „Það er brýn þörf fyrir fólk á öllum fagsviðum, ekki síður stjórnmálafræðingum heldur en bókmennta- eða íslenskufræðingum,“ segir Rannveig. „Mestu máli skiptir að geta sinnt ritstörfum og þar ætti BA. eða sambærilegt nám að vera góður undirbúningur.“ *-rve*




## Skemmtileg námskeið

Af nógu er að taka fyrir þá sem vilja skella sér á skemmtilegt námskeið í vetur. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi sama hvar áhuginn liggur.



Hjá Heimilisiðnaðarskólanum eru alls konar þjóðleg og spennandi námskeið í boði þar sem íslenskt handverk er í hávegum haft. Hvernig væri að sauma upphlut, skella sér á bútasaumsnámskeið, læra baldýringu, dúkaprjón og eldsmíði?

Í Tölvuskólanum Þekkingu er boðið upp á fjölmiðlanámskeið fyrir börn. Þar læra þau að skrifa fréttir fyrir blöð, útvarp og sjónvarp, taka upp myndefni og efni fyrir útvarp og gera greinar fyrir birtingu á netinu.



Kvöldskóli Kópavogs er tilvalinn fyrir þá sem vilja víkka sjóndeildarhringinn og gera eitthvað skemmtilegt að kvöldi dags. Hvernig væri til dæmis að fara á matreiðslunámskeið og læra að elda eitthvað framandi og ljúffengt?

Menntasmiðjan á Akureyri stendur svo sannarlega undir nafni. Þar er til dæmis hægt að fara á sjálfstyrkingarnámskeið og læra á tölvu.

Magadanshúsið býður upp á námskeið í súludansi. Þar kallast námskeiðin reyndar „Pole fitness“ sem þykir líklega smekklegra heiti en „súlu líkamsrækt“ eins og það myndi útleggjast á íslensku.

Hvernig væri að læra framandi tungumál eins og rússnesku eða pólsku? Hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar eru alls kyns námskeið í boði - meðal annars í þessum tungumálum.



Endurmenntun Háskóla Íslands er alltaf með sniðug námskeið í gangi. Í haust verður til dæmis sérstakt námskeið um Draumalandið hans Andra Snæs. Þeir sem unna góðum vínum ættu líka endilega að skoða námsskrá Endurmenntunar því í haust er boðið upp á námskeið um vín og vínsmökkun.

LYFJA
- Lifið heil

# Betri byrjun með Nicorette í Lyfju

nicorette®

## Rétt val á nikótínlyfjum með aðstoð starfsfólks Lyfju

Það skiptir miklu máli að meta rétt hvaða nikótínlyf henta best þegar hætta á reykingum. Starfsfólk Lyfju getur aðstoðað þig við að taka prófið og finna hvaða lyfjaform hentar þér best. Fáðu Nicorette bækling þar sem þú færð góðar upplýsingar um öll 5 lyfjaform Nicorette.

**15%** afsláttur af eftirtöldum pakkningastærðum til 31. ágúst



Innsogslyf 18 stk. | Dagplástur 15 mg. 7 stk. | Nefúðalyf | Tungurótartöflur 30 stk. | Nikótíntyggigúmmí 30 stk.

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.

LYFJA
- Lifið heil

Garðatorgi • Grindavík • Keflavík • Lágmúla Laugavegi
Smáratorgi • Setbergi • Smáralind • Spönginni • Höfn
Fáskrúðsfirði • Egilsstaðir Seyðisfirði • Neskaupstað
Eskifirði • Reyðarfirði Ísafirði • Bolungarvík • Patreksfirði
Borgarnesi Grundarfirði • Stykkishólmi • Búðardal
Húsavík • Kópasker • Raufarhöfn • Þórshöfn • Sauðárkróki
Blönduósi • Hvammstanga • Skagaströnd • Selfossi
Laugarási






Kjartan Ólafsson, prófessor í tónsmíðum við LHÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sérhæft tónsmíðanám

Tónlistardeild Listaháskóla Íslands býður nú upp á þá nýjung að nemendur í tónsmíðanámi geta valið mismunandi brautir til að sérhæfa sig í náminu.

„Við bjóðum upp á sérhæfingu á þeim sviðum sem eru til staðar í þjóðfélaginu í dag. Í raun er LHÍ að svara þörfum samfélagsins,“ segir Kjartan Ólafsson prófessor í tónsmíðum. Tónsmíðanámið er 90 eininga BA-nám og á fyrsta ári taka nemendur aðallega kjarnafög. Það er síðan á öðru og þriðja ári sem nemendur leggja áherslu á það sérsvið sem þeir velja sér.

„Nemendur geta sérhæft sig í almennum tónsmíðum þar sem lögð er áhersla á þekkingu og þjálfun í nútímatónsmíðum. Önnur braut kallast „nýmiðlar“ og þar geta nemendur sérhæft sig í samþættingu myndlistar/myndbanda og tónlistar. Svo bjóðum við upp á nám í kvikmyndatónlist og enn fremur sviðstónlist sem er í samvinnu við leiklistardeild háskólans. Að lokum bjóðum við upp á nám í upptökustjórn þar sem hljóðfærafræði og upptökutækni eru veigamiklir áfangar í náminu,“ segir Kjartan.

Þessar nýju brautir hafa vakið mikinn áhuga og gat deildin ekki tekið á móti öllum sem sóttu um. „Við tókum inn á annan tug nemenda fyrir næsta haust. Nemendurnir koma úr öllum geirum tónlistarlífsins. Sumir eru ennþá í námi og aðrir koma úr atvinnulífinu sem vilja þróa og þroska sig sem listamenn. Við leggjum áherslu á að virkja hvern og einn einstakling sem skapandi listamann, og nú með sérstakar áherslur innan tónsmíðanámsins,“ segir Kjartan að lokum. - *ebg*







## Skólabörn



Heiður Anna er mjög ánægð með nýju skólatöskuna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kann að lesa krakkastafi

HEIÐUR ANNA ARNARSDÓTTIR ER SEX ÁRA OG BYRJAR Í WALDORFSKÓLANUM SÓLSTÖFUM Í HAUST.

*Hvað ætlarðu að læra í skólanum?*
Lesa og skrifa og hina fullorðinsstafina.
*Kanntu einhverja fullorðinsstafi?*
Nei. Bara krakka. Ég kann smá að lesa krakkastafi.
*Ertu búin að fá skólatösku?*
Já, með mynd af hausnum á Jack.
*Þekkirðu einhvern sem er að fara í sama skóla og þú?*
Já, Snorra og Jónatan og Völu.
*Voru þau með þér á leikskóla?*
Já, á sömu deild og ég.
*Hlakkarðu til að fara í skólann?*
Nei, ekkert svo. Af því að þegar ég verð nýkomin í skólann þá þekki ég ekki alla þannig að stundum verð ég feimin kannski og eitthvað þannig en svo kynnist ég þeim.



# NÁÐU FRAM ÞVÍ BESTA!

**Við hjálpum þér að:**

- Efla sjálfstraustið
- Ná framúrskarandi árangri í mannlegum samskiptum
- Bæta tjáningarhæfnina
- Efla leiðtogahæfileikana
- Draga úr áhyggjum, streitu og kvíða
- Setja þér raunhæf og krefjandi markmið
- Bæta þig í tímastjórnun

## KYNNINGARFUNDIR -allir velkomnir:

Fimmtudaginn 24. ágúst kl. 20:00-21:15
Miðvikudaginn 30. ágúst kl. 20:00-21:15

Suðurlandsbraut 12, gengið inn á vinstri hlið hússins.

## NÁMSKEIÐ HEFJAST:

5. september
13. september
18. september
21. september, leiðtoga- og samskiptaþjálfun fyrir konur.

**Námskeiðin standa frá kl. 18:00 - 22:00, eitt kvöld í viku í 12 vikur.**

**www.dalecarnegie.is**

***Guðrún Ólafía Tómasdóttir, innheimtustjóri DHL á Íslandi ehf.***

*Í Dale Carnegie þjálfuninni lærði ég að þekkja styrkleika mína. Sjálfstraustið og hugrekkið jókst og ég tileinkaði mér nýjar aðferðir við að sigrast á óþarfa áhyggjum og brjótast í gegnum hindranir!*
*Ég þjálfaði upp áhrifaríkar leiðir til að setja mér markmið reglulega og blása í mig eldmóði til að ná þeim.*
*Ég tók miklum framförum í tjáningu/framsögn og finnst mér nú að ég geti tjáð mig á skýrari og hnitmiðaðri hátt fyrir framan hóp af fólki.*

DALE CARNEGIE©
ÞJÁLFUN
Sími 555 7080



vísir
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT


## Fróðleiksmoli

# Barnaskólar á Íslandi



Í dag eru skólar í hverju hverfi og hverri sveit. Þannig hefur það þó alls ekki alltaf verið og lengi framan af fór menntun bara fram inni á heimilinu eða í svokölluðum farskólum. Fyrsti eiginlegi barnaskólinn á Íslandi var ekki stofnaður í Reykjavík eins og ætla mætti heldur í Vestmannaeyjum. Hann var settur á fót árið 1745 en starfaði aðeins í nokkur ár.

Þegar kom fram á 19. öldina fór þéttbýli að myndast við verslunar- og útgerðarstaði við sjávarsíðuna. Samtímis komu fram kröfur um barnafræðslu á þessum stöðum og í framhaldi af því var farið að stofna skóla. Stofnun skóla vildi þó oft dragast á langinn vegna fjárskorts og takmarkaðs skilning á mikilvægi barnafræðslu.

Árið 1830 var stofnaður barnaskóli í Reykjavík og á Eyrarbakka 1852 en sá skóli er líklega elsti samfellt starfandi skóli á landinu í dag.

Á Þjóðhátíðarárinu, árið 1874, störfuðu aðeins sex barnaskólar á Íslandi. Þeir voru allir í sjávarbyggðum og reknir á ábyrgð og fyrir fé foreldra og sveitarfélaga. Að öðru leyti var það á ábyrgð heimilanna að fræða börnin undir eftirliti presta og aðeins var skylt að kenna lestur, skrift og kristin fræði.



SPENNANDI NÁM
MEÐ GÓÐA ATVINNUMÖGULEIKA

- EINKAFLUGMANNSNÁMSKEIÐ – SEPT. 2006
- ATVINNUFLUGMANNSNÁM – SEPT. 2006
- MCC – SEPT. 2006
- FLUGKENNARAÁRITUN – NÓV. 2006
- UPPRIFJUN FYRIR FLUGKENNARA – OKT. 2006
- TEGUNDARKENNARI TRI(MPA) – OKT. 2006
- FLUGUMSJÓNARNÁM – OKT. 2006
- LOADMASTER – NÓV. 2006

SKRÁNING STENDUR YFIR

zetor



FLUGSKÓLI ÍSLANDS

530 5100 INFO@FLUGSKOLI.IS WWW.FLUGSKOLI.IS




Pálína fékk áhuga á hagfræði í Verslunarskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hagfræðin heillaði mest

**Pálína Sigurbjört Magnúsdóttir er full eftirvæntingar að hefja nám í hagfræði við Háskóla íslands.**

„Mér finnst tilhugsunin spennandi að fá góða innsýn í gangverk samfélagsins," segir Pálína um námið, en hún er sú fyrsta sem leggur stund á hagfræðinám í sinni fjölskyldu. „Áhuginn fyrir hagfræðinni kviknaði reyndar fyrst í Verslunarskóla Íslands þar sem ég kynntist meðal annars rekstarhagræði og þjóðhagfræði," bætir Pálína við, en hún útskrifaðist af viðskiptabraut skólans síðastliðið vor.

BS- og BA-nám í hagfræði tekur þrjú ár við Háskóla Íslands, að sögn Pálínu, að viðbættu einu og hálfu ári fyrir þá sem hyggjast ljúka meistaraprófi. „Fyrsta árið er námið með nokkuð föstu fyrirkomulagi, allir nemendur sækja sömu kúrsa, en valið verður meira eftir því sem líður á," útskýrir hún.

Pálína segist óhrædd við að skipta um fag komi í ljós að hagfræðin henti henni ekki. „Ég lít á hagfræðina sem upphafsreit en ekki endapunkt. Ólíkt sumum jafnöldrum mínum vildi ég ekki taka ársfrí frá skóla eftir stúdentspróf til að fara út á atvinnumarkaðinn, heldur halda námi áfram og fannst gott að byrja einhvers staðar. Hagfræðin varð því fyrir valinu af fyrrgreindum ástæðum, en líki mér ekki námið er margt annað spennandi í boði við Háskóla Íslands."

*- rve*




Bæklingurinn með námskeiðum á haustönn kemur í hús 5. september

Athugið!
1. september flytjum við í
Skeifuna 8

MÍMIR SÍMENNTUN

EINN TVEIR OG ÞRÍR 4.136

Sími 580 1800 • mimir@mimir.is • www.mimir.is

Mest lesna tímaritið*

birta

*Gallup Október 2005

# Bókaverslun námsmanna




## www.boksala.is

**ÞÆGILEGT OG EINFALT**
Þú velur þér bók, smellir á „kaupa“ og innan sólarhrings er bókin á leið til þín í pósti. Með leitarvélinni finnur þú bókina hratt og örugglega. Þú sérð um leið hvort hún er til í búðinni eða hvort þurfi að panta hana.

**FINNDU Á VEFNUM - SKOÐAÐU Í VERSLUNINNI**
Skoðaðu úrvalið á vefnum. Sé bókin til geturðu heimsótt Bóksölu stúdenta í framhaldinu, haldið á bókinni, flett henni og sannfærst um að hún sé sú sem þig vantar. Slíkt er útilokað þegar verslað er í erlendum vefbókabúðum.

**MIKIÐ ÚRVAL**
Á boksala.is eru um 30.000 bókatitlar: Íslenskar og erlendar bókmenntir, námsbækur, fræðirit og bækur til afþreyingar og skemmtunar. Finnir þú ekki bókina sem þú leitar að, sendir þú okkur fyrirspurn og við pöntum hana í hvelli.

**GÆÐI OG ÞJÓNUSTA**
Reynslan sýnir að Bóksala stúdenta er fyllilega samkeppnishæf við erlendar vefbókabúðir þegar tillit er tekið til sendingarkostnaðar og innflutningsgjalda. Verslaðu þar sem verðið er hagstæðast og þjónustan best.

**bóksala stúdenta**

Stúdentaheimilinu v/Hringbraut - sími: 5 700 777

# Framsækin skólastefna á Reykjanesi

Í Reykjanesbæ er hvergi slakað á í uppbyggingu menntamála.

Þegar skólastefna Reykjanesbæjar var fyrst samþykkt árið 1997 þótti margt sem í henni var nýstárlegt og framúrstefnulegt. Í dag hafa sum þessara atriða náð rækilegri fótfestu í skólaumhverfi landsins. Í stefnunni er til dæmis talað um mötuneyti og útibú tónlistarskóla í öllum grunnskólum og frístundaskóla, sem var þá settur fram sem ný hugmynd. Allt hefur þetta ratað inn í skólakerfið í Reykjanesbæ.

„Það hefur ýmist ræst síðan 1996, þegar við byrjuðum að vinna að skólastefnunni," segir Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar. „Frístundaskólinn hefur til dæmis verið rekinn síðustu fjögur árin innan grunnskólanna. Þar er blandað saman tómstunda- og íþróttastarfi við afþreyingu og leik, sem og aðstoð við heimanámið." Frístundaskólinn er fyrir börn í 1. til 4. bekk og stendur til 17.15, en hugmyndin er að börnin séu búin í skólanum um leið og foreldrarnir eru búnir í vinnu.

„Fyrir fulla vistun eru greiddar 8.500 krónur á mánuði og innifalið í því er æfingagjald í einni íþróttagrein. Starfsmenn sjá svo um að keyra börnin á æfingar ef þau komast ekki fótgangandi eða með strætó, þannig að hér er um mikla þjónustu að ræða," segir Eiríkur og bætir við að þetta fyrirkomulag hafi stóraukið íþróttaiðkun barna, einkum og sér í lagi í yngstu árgöngunum. Auk þess sé boðið upp á tómstundanám eins og dans- og tónlistarnám.

Það er ekki bara í grunnskólunum sem nýjungar hafa skotið upp kollinum. Í Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ er boðið upp á háskólanám í íþróttafræðum í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Að auki er innan akademíunnar íþróttaafreksbraut til stúdentsprófs sem boðið er upp á í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þar er stúdentsnám sniðið að þörfum ungs íþróttafólks þannig að æfingatímar þess rúmist innan skóladagsins.

Reykjanesbær er líka þátttakandi í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, samstarfsverkefni sveitarfélaga, verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. „Aðalmarkmiðið er námskeiðahald fyrir verkalýðsfélög og vinnustaði, en smátt og smátt hefur þáttur fjarnáms til háskólaprófs aukist, en fjarnámsnemar hafa vinnuaðstöðu bæði í Íþróttaakademíunni og Símenntunarstöðinni," segir Eiríkur.

Þótt margt hafi gerst í skólamálum Reykjanesbæjar á síðustu árum stendur til að gera enn meira. „Það er ætlun bæjarstjórnar að byggja tónlistarskólann við Stapa og breyta húsinu í allsherjar tónlistar- og ráðstefnumiðstöð. Guðmundur Jónsson arkitekt hefur unnið að hönnun og útfærslu þeirra breytinga. Framkvæmdum við byggingu tónlistarskólans var frestað um átta mánuði vegna tilmæla um aðhald í fjármálum sveitarfélaga og ríkis," segir Eiríkur að lokum.

*- eli*



Í kjölfar skólastefnu sem samþykkt var árið 1997 hefur skólaumhverfið í Reykjanesbæ tekið breytingum og hefur aldrei verið blómlegra en nú.



Eyjólfur Már Sigurðsson, deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar HÍ.

# Rafrænt tungumálanám

Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands hefur, í samstarfi við 23 evrópskar stofnanir, sett á laggirnar tungumálavef sem ber heitið Lingu@net Europa.

„Á síðunni eru upplýsingar um mögulegar leiðir til að læra tungumál, stöðupróf, spjallsvæði og krækjur í rúmlega 3.500 vefsíður sem eru gagnlegar til tungumálanáms. Þetta er eins og rafræn tungumálamiðstöð með mjög góðu gagnasafni," segir Eyjólfur Már Sigurðsson, deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar HÍ, en Tungumálamiðstöðin hefur tekið þátt í að búa til þennan vef síðustu þrjú árin og í maí síðastliðnum var vefurinn opnaður. Verkefnið er styrkt af ESB og koma 24 stofnanir að verkefninu, bæði evrópskar háskólastofnanir og einkafyrirtæki sem koma að tungumálanámi og -kennslu.

„Nemendur geta tekið stöðupróf og látið meta hvers konar námsefni hentar þeim. Síðan eru krækjur í vefsíður sem eru hentugar til tungumálanáms og -kennslu. Þessar síður eru gæðaprófaðar af teyminu sem stendur að baki Lingu@net Europa. Það er farið vandlega yfir þær áður en vísað er í þær, svo sem athugað hvort þær séu uppfærðar reglulega og séu með gagnlegar æfingar. Síðan geta nemendur líka eignast netvini í gegnum spjallsvæðið og æft sig í tungumálinu með netspjalli," segir Eyjólfur Már og bætir því við að vefurinn sé ekki síður fyrir kennara. „Á vefnum er hægt að finna mjög mikið af kennsluefni. Vefsíðurnar sem vísað er í eru stútfullar af verkefnum, hugmyndum og aðferðum sem nýtast vel í tungumálanámi. Það getur farið mikill tími hjá kennurum í að finna verkefni sem hafa beina tengingu við daglega lífið en þarna geta þeir fundið þetta allt á einum stað. Við í Tungumálamiðstöðinni notum síðuna til dæmis mikið þar sem hún er mjög gagnleg í sjálfsnámi."

Tungumálamiðstöðin hefur verið í fararbroddi þróunar sjálfsnáms í tungumálum og því hafa starfsmenn getað notað margra ára reynslu sína sem sinn skerf við þróun tungumálavefsins. Í Tungumálamiðstöðinni er boðið upp á sjálfsnám í sex tungumálum þar sem nemendur skipuleggja sjálfir námið, velja viðfangsefni, setja sér markmið og laga námið að sínum þörfum. Það eru samt alltaf kennarar til aðstoðar og talþjálfun fer fram í litlum hópum. „Þetta er í rauninni klæðskerasniðið nám fyrir hvern og einn og margir leggja áherslu á orðaforðann sem tengist aðalnámsgrein þeirra. Til dæmis læra laganemar orðaforða í lögfræði og svo eru gerð verkefni sem tengjast þessum orðaforða þannig að námið verður mjög praktískt fyrir vikið. Það eru nemendur úr öllum deildum sem sækja þetta nám sem gerir þetta líka skemmtilegra. Það mætti segja að þverskurður nemenda úr HÍ mætist í Tungumálamiðstöðinni, og hver og einn vinnur á sínum eigin forsendum," segir Eyjólfur Már að lokum.

Slóðin á tungumálasíðuna er www.linguanet-europa.org og heimasíða Tungumálamiðstöðvar er www.hi.is/page/tungumalamidstod

*erlabjorg@frettabladid.is*

# Skapa sína eigin listasögubók

Í Myndlistarskóla Kópavogs er boðið upp á alls kyns námskeið fyrir börn og fullorðna. Á barna og unglinganámskeiðinu „verkin mín og þeirra" læra nemendur allt um helstu listastefnurnar og skapa sína eigin listasögubók.

Sigríður Einarsdóttir er skólastjóri Myndlistaskóla Kópavogs og annar tveggja kennara á þessu áhugaverða námskeiði. „Þetta er námskeið sem við fórum af stað með síðasta vetur og ætlum að halda áfram með í ár," segir Sigríður. Námskeiðin eru fyrir krakka á aldrinum 10 til 15 ára og miða að því að kenna börnum um helstu listastefnur í gegnum leik og starf. „Námskeiðið stendur yfir allan veturinn en krakkarnir hafa auðvitað val hvort þau taka báðar annirnar. Á haustönninni er farið yfir allar helstu listastefnur Evrópu frá 1900. Við tökum fyrir impressionisma, kúbisma, popplist og allar helstu stefnurnar. Krakkarnir kynnast stefnunum með því að vinna verk í anda hvers tímabils þannig að þau skynja þetta út frá sinni eigin vinnu. Það skilur svo miklu meira eftir en að læra bara um einhverjar stefnur og strauma í fyrirlestrarformi," útskýrir Sigríður. Á námskeiðinu fá krakkarnir einnig að taka viðtöl við íslenska myndlistarmenn og síðan er allur afraksturinn settur saman í eigulega listasögubók. „Vorönnin fer í að búa til bókina. Forsíðuna hanna þau sjálf en þar er um popplistaverk að ræða," segir Sigríður. Bækurnar eru unnar í tölvu og krakkarnir setja inn myndir af verkum sínum og hanna útlit bókarinnar.

Námskeiðið gekk vel í fyrra og Sigríður á von á því að enn fleiri taki þátt í ár. „Þetta er námskeið sem við höfðum gengið með í maganum lengi. Þegar við fórum af stað með það í fyrra þótti sumum að þetta hlyti að vera of þungt fyrir börnin en í ljós kom að þau höfðu mjög gaman af þessu. Þótt námskeiðið sé að vissu leyti fræðilegt þá er vinna krakkanna samt í aðalhlutverki," segir Sigríður sem hefur kennt svipuð námskeið í grunnslólum. „Það skiptir ekki bara máli að leyfa krökkunum að skapa sín eigin listaverk heldur er mikilvægt að myndlistarkennsla miði að því að hvetja börn til þess að kynna sér listina og læra að skoða listaverk."

Eins og önnur námskeið Myndlistarskólans byrjar námskeiðið í lok september. „Við erum með mikið framboð af alls konar námskeiðum," segir Sigríður. „Barnanámskeiðin eru alltaf vinsæl og svo verða fullorðinsnámskeiðin alltaf vinsælli og vinsælli. Málunin er vinsæl núna og við höfum þurft að bæta við námskeiðum í málun fyrir fullorðna."

*- þo*



Guðbjörg Edda og Rut fóru á námskeiðið í fyrra og bjuggu til sínar eigin listasögubækur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI


BOÐEIND.IS
Bý ÐUR Nú á Sé RSTö KU SKó LATILBOÐI 30 þú S. KRó NA
AFSLá TT AF ASUS A6VM FARTö LVUNNI
VERÐ á ÐUR KR. 139.900,-
VERÐ Nú KR. 109.900,-
SPILAÐU MEÐ BOÐEIND
- Aðeins 50 vélar á þessu frábæra tilboði -
- Pantaðu strax á Bodeind.is -
*MICROSOFT VISTA SAMHæ FÐ
KAUPTU AÐEINS VISTA SAMHæ FÐA FARTö LVU
BOÐEIND - þAR SEM VERÐ OG Gæ ÐI FARA SAMAN
Sé RVERSLUN MEÐ Tö LVUBú NAÐ í 19 á R
*NAUÐSYNLEGT ER AÐ HAFA WINDOWS XP PROFESSIONAL í SKó LANN
SKJá R: 15.4" GLARE TYPE TFT Há SKERPUSKJá R
ÖRGJö RVI: PENTIUM MOBILE DOTHAN 735A @ 1.73AG 2MB L2
SKJá KORT: NVIDIA® GEFORCE™ GO 7300 MEÐ 256MB TURBOCACHE™ MINNI
VINNSLUMINNI: 1024MB DDRII 533
HARÐUR DISKUR: 100GB HDD
KORTALESARI: 4 - 1 (MS, MS PRO, SD, MMC)
MEÐ 1.3MP VEFMYNDAVé L & HLJó ÐNEMI
GEISLADIRF: 8X MULTI SLOT DVD SKRIFARI DUAL DL
NETKORT: WLAN 802.11B/G - 10/100/1000 LAN
AUDIO DJ - SPILAÐU GEILSADISKA á N þESS Að Ræ SA STý RIKERFIÐ
STý RIKERFI: WINDOWS XP PROFESSIONAL
ATH. FARTö LVUTASKA & OPTICAL Mú S FYLGJA FRíTT MEÐ
HUGBú NAÐUR SEM FYLGIR FRíTT
NORTON SYSTEM WORKS VíRUSVö RN -
RAPID RECOVERY - NERO 6 SKRIFARAHUGBú NAÐUR
ASUS POWER DVD XP - POWER DIRECTOR PRO
MEDIA@SHOW - ASUS POWER4 GEAR
ASUS WINFLASH - ASUS LIVE UPDATE
ASUS PROBE - ACROBAT READER -
OPEN OFFICE RITVINNSLUHUGBú NAÐUR FRíR á BODEIND.IS
Almennt verð kr. 139.900,-
Skólatilboð kr. 109.900 stgr.
VISA, TM og VIS staðgr. lán til allt að 36 mánaða
INNBYGGÐ MSN
VEFMYNDAVé L 1,3MP
M. HLJó ÐNEMA
Color Shine
Glare Type Panel
Widescreen
LCD Display
DDR2
Dual Channel Memory
2 Years
Global Warranty
BOÐEIND EHF. - Mö RKIN 6 - 588 2061 - 108 RVK
SALA@BODEIND.IS - THJONUSTA@BODEIND.IS
BOÐEIND Bý ÐUR UPP á Gó ÐA & PERSó NULEGA þJó NUSTU



Það er búsældarlegt að líta yfir mat- og kryddjurtagarð Grasagarðsins.

# Grænt og gott

Námskeið um ræktun og notkun mat- og kryddjurta verður í Grasagarði Reykjavíkur á næstunni.

Uppbygging matjurtagarðs, lífræn ræktun og notkun afurðanna eru meðal atriða sem tekin verða fyrir á námskeiðum í Grasagarðinum í Laugardal. Þau fara fram þriðjudaginn 22. ágúst og fimmtudaginn 24. ágúst klukkan 19-22. Einnig verður ræktun einstakra tegunda rædd, skiptiræktun, sjúkdómar og meindýr. Í mat- og kryddjurtagarði Grasagarðsins eru um 130 tegundir og yrki í ræktun og í sumar var tekinn í notkun nýr krydd- og ilmjurtagarður sem hannaður er í anda gömlu klausturgarðanna. Umgjörðin er ríðuð úr víðigreinum sem dregur fram hið fallega form garðsins.


stofnuð 1986

Námskeið 2006 í Foreldrahúsi:

*Skráning er hafin*

VÍMULAUS ÆSKA

Foreldrahús

www.vimulaus.is

**sími 511 6161**

**Fjölskylduráðgjöf**
Í Fjölskylduráðgjöfinni er lögð áhersla á að aðstoða foreldra og börn þeirra. Boðið er uppá fjölskylduviðtöl, einkaviðtöl og stuðningshópa fyrir foreldra.

**Stuðningshópur foreldra**
***Foreldrahópar***
Fyrir foreldra barna og unglinga sem eru eða hafa verið í neyslu vímuefna.
***Stuðnings- og meðferðarhópar***
Fyrir foreldra barna/ungmenna sem eru í meðferð á vegum Barnaverndarstofu og fleiri aðila.

**Stuðningsmeðferð**
Er ætluð unglingum sem hafa lokið meðferð sem og foreldrum þeirra. Boðið er uppá stuðning í sex mánuði til allt að tveggja ára.

**Öflugt sjálfstraust**
Námskeiðið er ætlað öllum foreldrum sem vilja auka þekkingu sína og færni í mannlegum samskiptum. Hæfni í samskiptum er grundvöllur velgengni bæði í starfi og einkalífi.
*Sálfræðingarnir Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson sömdu námsefnið en starfsfólk Foreldrahúss hefur hlotið þjálfun til að leiðbeina á námskeiðinu.*

**Sjálfsstyrking fyrir 13 – 16 ára unglinga**
Námskeiðinu er ætlað að efla sjálfstraust, sjálfsvirðingu og félagslega færni unglinga á aldrinum 13 – 16 ára.

**Börnin okkar**
Námskeið ætluð börnum 11 – 12 ára. Markmiðið er að hjálpa börnum að tjá sig, styrkja sjálfsvirðinguna og til að skilja eigin líðan og tilfinningar.

**Forvarnaverkefnið „Börn eru líka fólk“**
Námskeið ætlað börnum 6 – 11 ára sem eiga foreldra sem eru alkóhólistar, ofvirkir, með athyglisbrest eða eiga við geðrænan vanda að stríða. Einnig ætlað börnum sem búa við óöryggi af ýmsum toga innan fjölskyldunnar. Þetta námskeið einkennist af virðingu og hlýju en ekki fordómum.

**Geymið þessa upplýsingu**




Skólahljómsveit Mosfellsbæjar ferðast víða en þessi mynd er tekin á tónleikum þeirra og ítölsku sveitarinnar Corpo Bandistico á Ítalíu í sumar. MYND: BIRGIR SVEINSSON

# Gildi tónlistarinnar

Um 35 skólahljómsveitir eru starfræktar víðs vegar um landið. Í þeim kynnast krakkar tónlistinni, læra að skipuleggja sig og upplifa félagsanda sem aðeins myndast þegar hópur af ungu fólki vinnur náið saman.

Birgir D. Sveinsson er einn af frumkvöðlum starfsemi skólahljómsveita á Íslandi. Í 42 ár hefur hann starfað við Skólahljómsveit Mosfellsbæjar sem um árabil hefur verið ein öflugasta lúðrasveit landsins. Í hans huga er markmið starfsins margþætt og gildið ótvírætt. „Tilgangur starfsins í stuttu máli er að gefa eins mörgum og kostur er á möguleika á ódýru og skemmtilegu tónlistarnámi og að sem flestir komist í snertingu við tónlistina,“ segir Birgir. „Gildi þess að vera í skólahljómsveit hefur líka margsannað sig. Það er greinilegt að krakkar sem eru í þessu námi læra að skipuleggja sinn tíma betur enda er mikil ögun fólgin í starfinu.“

Félagslegi þroskinn sem tekin er út í lúðrasveit verður seint vanmetinn. Sú tilfinning að tilheyra hópi með sameiginlegt markmið, hópi þar sem allir eru jafn mikilvægir, er sjaldgæf og að upplifa hana sem barn er bæði þroskandi og styrkjandi. Vináttuböndin sem myndast eru ekki einungis innan hverrar sveitar fyrir sig því skólahljómsveitirnar eru tengdar sterkum böndum sín á milli og ferðalög eru tíð. SÍSL, Samband íslenskra skólalúðrasveita, stendur einnig reglulega fyrir landsmótum þar sem börn frá öllum landshlutum, og jafnvel erlendis frá, hittast og mynda tengsl gegnum tónlist og sameiginleg áhugamál.

Mikið hefur breyst á þeim 42 árum sem Birgir hefur haldið um tónsprotann. Sjálfur hefur hann átt mikinn þátt í þessum breytingum bæði með starfi sínu í Mosfellsbæ og sem formaður SÍSL frá árinu 1985 til 2005. „Öll aðstaða og aðbúnaður er orðinn miklu betri og aðgengi er orðið mikið betra að öllum gögnum og gæðum,“ segir Birgir. „Nú er mun betra að fá viðgerðir fyrir hljóðfærin, aðgengi að nýjum hljóðfærum er allt annað og kennslugögn eru mun fjölbreyttari.“ Þegar Birgir var að byrja þurfti hann að handskrifa upp allar nótur fyrir hljómsveitina ef spila átti íslensk lög. Nú hefur SÍSL látið útsetja og gefið út yfir 100 íslenska titla sem falir eru hverjum sem vill. „Skilningurinn á gildi starfsins hefur líka aukist og það er gott að vita af auknum stuðningi í samfélaginu,“ segir Birgir.

Mikil sigling er á starfi Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar eins og flestra lúðrasveita. Í sumar fór hópur af 12 til 13 ára krökkum til Danmerkur og í kjölfarið gerði annar hópur eldri krakka víðreist á Ítalíu. Ítalirnir launuðu svo heimsóknina síðar um sumarið og nutu gestrisni Mosfellinga. „Það heppnaðist mjög vel og áhugi er fyrir hendi á áframhaldandi samstarfi okkar og ítölsku hljómsveitarinnar Corpo Bandistico,“ segir Birgir hæstánægður yfir því að eftir 42 ár séu enn fjölmargar leiðir til að dýpka og auka fjölbreytni starfsemi lúðrasveitanna.

Aðspurður hvort ekki sé á stefnuskrá skólahljómsveitanna að skila atvinnutónlistarmönnum út í þjóðfélagið segir Birgir að svo sé ekki. „Það er ekkert markmið en þeir einfaldlega koma upp úr þessu. Það er svo mikil breidd og svo margir sem fá tækifærið að það myndast pýramídi þar sem einhverjir toppar skila sér alltaf út í tónlistarlífið,“ segir Birgir. „Langflestir þeirra sem eru toppblásararnir okkar í dag eru komnir úr svona starfi.“

*tryggvi@frettabladid.is*

# Sannkölluð frumkvöðlaferð

Nokkrir nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri tóku nýlega þátt í Evrópukeppni ungra frumkvöðla sem haldin var í Sviss.

„Keppnin fólst í að kynna eigin framleiðslu á alvöru vörusýningu og segja frá vinnunni að baki vörunni. Við vorum þar með nýjan drykk sem unninn er úr mysu, íslensku vatni og appelsínuþykkni og kallast mjús.“ Það er Hilmar Friðjónsson, kennari við VMA, sem hefur orðið. Hann fylgdi krökkunum til Sviss og segir hópinn hafa lent í ýmsum ævintýrum, til dæmis glatað öllum farangrinum. Hann hafi þó komið í leitirnar sólarhring síðar. „Þetta var allt dálítil þolraun,“ segir Hilmar. „Nemendurnir gengu mikið og sváfu í tjaldbúðum sem hefði verið ágætt í góðu veðri en það rigndi stöðugt svo að svefnpokarnir og stundum var lítið um svefn. Það reyndi á krakkana á allan hátt í þessari ferð en þau stóðu sig rosalega vel. Þau lögðu á sig mikla vinnu og þurftu að standa fyrir framan dómara í fjórgang í keppninni. Í einni yfirheyrslunni voru þau uppi á sviði fyrir framan 200 manns.“




Ingunn Hjaltalín Ingólfsdóttir, Símon Hreinn Ólafsson og Hildur Björg Ragnarsdóttir í íslenska básnum þar sem boðið var upp á mjús og harðfisk með.

Keppnin var haldin á vegum Junior Achievement sem eru stór og öflug samtök á evrópska vísu, að sögn Hilmars. VMA vann sér þátttökurétt með því að sigra 14 liða keppni sem Íslandsdeild samtakanna hélt hér á landi í apríl. „Sú keppni fólst í að framleiða vöru, gera viðskiptaáætlun, umbúðir og vörumerki, starta fyrirtæki og reka það. Þá varð mjúsinn til með aðstoð Norðurmjólkur,“ lýsir Hilmar. Hann segir Ísland aldrei hafa áður tekið þátt í Evrópukeppninni og því sé um einstaka reynslu að ræða hjá krökkunum úr VMA. „Þetta var sannkölluð frumkvöðlaferð. Hún var erfið meðan á henni stóð, ekki síst útaf vosbúðinni en þegar við komum heim þá var ánægjan í fyrirrúmi og engin eftirsjá að því að missa af 25 stiga hita á Akureyri og hátíðinni Einni með öllu.“

*gun@frettabladid.is*





# SKRÁNING Á NÝJA NÁMSÖNN ER HAFIN

## SÖNG- OG GÍTARNÁM

Það er hópur valinkunna tónlistarmanna og söngvara sem sér um kennslu hjá Tónvinnsluskólanum. Hægt er að velja úr fjölbreyttum söngnámskeiðum og námskeiðum í gítarleik, bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Námskeiðið Söngur og framkoma er í höndum Selmu Björnsdóttur. Þetta vinsæla námskeið sem nú er haldið í fjórða sinn, kemur inn á söng, framkomu og söng í hljóðveri. Námskeiðið hentar þeim vel sem hyggjast þreyta áheyrnarprufur fyrir söngleiki og sjónvarpsþætti á borð við Rock Star og Idol.

Barna- og unglinganámskeiðið verður á sínum stað í Tónvinnsluskólanum en það hefur notið mikilla vinsælda síðustu misseri. Gestakennarar á þessu námskeiði verða söngorkubomban **Jónsi úr Svörtum fötum** og söng/leikonan og dansarinn **Halla Vilhjálmsdóttir**. Um er að ræða skemmtilegt námskeið fyrir yngri kynslóðina þar sem upprennandi söngvarar fá leiðsögn frá **Heiðu Ólafsdóttur**.

Ein ástsælasta söngkona landsins,Andrea Gylfadóttir, verður í annað sinn með námskeið í jazz og bluessöng. Þetta námskeið er fyrir lengra komna, t.d. fyrir þá sem hafa klárað “söngur og framkoma” eða samskonar námskeið, eða vilja gera alvöru úr söngkunnáttu sinni.

Gítarleikarar njóta leiðsagnar frá Vigni Snæ Vigfússyni (Írafár) og Gunnari Þór Jónssyni (Sól Dögg) og fleirum. Byrjendur sem og lengra komnir njóta góðs af reynslu þessara manna en farið er yfir helstu atriði gítarleiks og nokkur þekktustu rokklög sögunnar tekin fyrir.

## TÓNVINNSLUNÁM

Til að annast tónsmíðar, útsetningar, hljóðritun og eftirvinnu þarf þekkingu, einbeitingu og útsjónarsemi. Á aðalnámsbraut Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er leitast við að gera nemendur fullfæra um að semja eigið lag og koma því frá sér fullunnu.

Nemendur fá ítarlega leiðsögn á Pro Tools og Reason samhliða lagasmíðum og er farið í kjölinn á því sem þarf að vera á hreinu varðandi öll helstu tækniatriði hljóðversins. Að námsbrautinni lokinni ætti hver og einn að þekkja upptökuferlið frá grunni. Hljóðupptökuhluti námskeiðsins fer fram í einu glæsilegasta hljóðveri landsins; Sýrlandi.

Samhliða greinargóðu hljóðupptökunámi eru lagasmíði og upptökustjórn gerð rækileg skil. Nemendur fá nákvæmar leiðbeiningar um helstu atriði þessa krefjandi sviðs frá nokkrum af fremstu hljóðversmönnum landsins.



**FARÐU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ**

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

**Skráningarsími: 534 9090**

www.toyota.is

# BYRJAÐU SKÓLAÁRIÐ Á BÍL SEM ER BÚINN AÐ BRILLERA Á ÖLLUM PRÓFUM

Nú standa yfir tilboðsdagar hjá Toyota - Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir bílar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum námsmönnum, sem og öðrum viðskiptavinum, að sjálfsögðu aðeins bíla sem hafa staðist gæðamat og uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.




**Nissan Primera** sjsk, bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.450.000 kr. Skr.nr. DE080




**Subaru Legacy** 5 gíra, bensín
Á götuna: 02.99 Ekinn: 125.000 km
Verð: 750.000 kr. Skr.nr. DX115




**Opel Corsa** 5 gíra, bensín
Á götuna: 07.04 Ekinn: 39.000 km
Verð: 870.000 kr. Skr.nr. JA837




**Toyota Avensis** 5 gíra, bensín
Á götuna: 02.02 Ekinn: 70.000 km
Verð: 1.360.000 kr. Skr.nr. JT356




**Nissan Micra** sjsk, bensín
Á götuna: 06.04 Ekinn: 66.000 km
Verð: 1.120.000 kr. Skr.nr. MI421




**VW Golf** sjsk, bensín
Á götuna: 10.02 Ekinn: 80.000 km
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. NN420




**Subaru Legacy** sjsk, bensín
Á götuna: 01.99 Ekinn: 117.000 km
Verð: 790.000 kr. Skr.nr. NT822




**Toyota Avensis** 5 gíra, bensín
Á götuna: 06.99 Ekinn: 140.000 km
Verð: 710.000 kr. Skr.nr. OM283

Komdu og kynntu þér sértilboð okkar sem fela í sér meðal annars:
- Vetrardekk frá Sólningu, umfelguð og ásett
- 90% lánshlutfall og lengri lánstíma
- Lægri vexti og allt að 50% afslátt af lántökugjöldum, í boði Glitnis

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

GLITNIR

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33772 08/2006

# HEILSA

## Heilsuvörur




Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Skráðu þig í Heilsuklúbb, fáðu fræðslu & náðu árangri. kolbrunrakel.is 869 7090.

Frír Herbalife upplýsinga- & vöruprufupakki! s.821-2593/ gudrunht@heimsnet.is / www.ja.topdiet.is

## Fæðubótarefni

Ný verslun með fæðubótarefni. Vaxtarvörur ehf. Kaplahrauni 19, Hafnarf. Opið 14-19.

## Nudd

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## Námskeið




Stutt nám, vel launuð störf Kerfisstjóranám Rafiðnaðarskólans hefst 4. sept. www.raf.is s. 863 2186

# HEIMILIÐ

.

## Húsgögn

**Leðursófi til sölu**
**Vínrauður leðursófi til sölu, mjög vel með farinn og afar rúmgóður. Verð 20.000kr**
**Upplýsingar í síma 694 3245.**

Nýr blár Lazyboy stóll, hvítur sjónvarpsskápur, hvítt tölvu/skrifborð, ný stór ljós kommóða og einstaklings rúm til sölu. Uppl. í s. 868 0844.

Til sölu Yamaha rafmagnsorgel með fótspili, nýlegar dýnur frá Ragnari 80x200. Uppl. í s. 567 5940 & 694 9940.

Til sölu leðursófasett, fjórir lausir stólar, 30 ára, gult, gott útlit. S. 899 7133.

## Antík

Óska eftir rúmi og borðstofustólum á góðu verði. Uppl. í s. 8447067.

## Málverk

**Allar Olíumyndir á 50% afslætti!**
Frábærar olíumyndir verða til sölu á menningarnótt 19. ágúst frá kl. 18-22 á hótel PARK INN Ármúla 9. www.artvera.com

## Dýrahald

**Hundaræktin að Dalsmynni auglýsir**
**Pug hvolpar til sölu. Tveir eftir.**
**Uppl. í s. 566 8417.**

Tveir poodle hvolpar til sölu. Uppl. í s. 659 4792.

10 vikna kassavanir svartir og hvítir kettlingar fást gefins á gott heimili. Uppl. í s. 896 6185.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Við bjóðum fallega nýja 2 herb 55 m2 íbúð á Akureyri verð pr. nótt 11.900 kr, fjórða og 6 nótt frí. Bókanir í síma 822 - 9952, sjá myndir á www.hoepfner.is

## Fyrir veiðimenn



















TILBOÐSDAGAR ! Stangir og hjól til sjóveiða, kast- og flugustangir, önglar og allt sem til þarf með góðum afslætti á tilboðsdögum. www.sjoveidi.is , Rafbjörg sími 5814470

Stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Ýmislegt



**Sjóstangaveiði / Fuglaskoðun**
Verktakar - atvinnurekendur! Nú er rétti tíminn til að bóka. www.sjostong.is S. 898-3300

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Viltu leigja í Prag?**
Til leigu 2ja herb. íbúð í 10 mín göngufæri frá miðbæ Prag. S. 893 4903.

2ja herbergja íbúð til leigu í nágrenni við Iðnskólann í Hfj, einnig 24 fm bílskúr, leigist saman eða í sitthvoru lagi. Er að flytja búferlum og hef því til sölu ísskáp, þvottavél, sjónvarp, svefnsófa og fl. Upplýsingar í símum 565 4957 & 695 4957.

Falleg þriggja herb íbúð í Grafarv. leigist með húsg á 130 þús á mán. Eing. reyklaust fólk. Uppl s 8644267.

Til leigu í miðborg Reykjavíkur er Studioíbúð á 1 hæð leiguverð 70.000 pr. mán rafm hiti og hússj. innifalið uppl. í síma 861-0243 milli kl. 1600-1900.

Herbergi til leigu nálægt Iðnskólanum í Reykjavík, sérinngangur, sér bað og eldunaraðstaða. Uppl. í s. 692 5163 & 862 5729.

## Húsnæði óskast

**Okkur vantar stóra íbúð strax.**
**í Garðabæ/Hafnarfirði.**
**Langtímaleiga.**
**Héðnn hf. Sími. 660 2121**

Tvær stúlkur um tvítugt, utan af landi, vantar 3ja herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Reyklausar. Uppl. í s. 891 7086.

## Sumarbústaðir






Til sölu er 24fm sumar/gestahús. Húsið er mjög vandað,byggt úr gegnheilum harðviði. Staðsetning: Hveragerði. Uppsett verð: 2,5 millj. www.kvistas.is S. 893 9503



**SUMARBÚSTAÐAHLIÐ**
Smíðum vönduð hlið fyrir sumarhúsalönd o.fl. Vélsmiðja Ingvars Guðna ehf. www.vig.is vig@vig.is S. 486 1810.

Til sölu fokhelt sumarhús 65 fm með 17 fm svefnlofti. Upplýsingar í síma 691 3935.

3 sumarbústaðalóðir til sölu á besta stað í Búrfelli í Grímsnesi. Uppl. í síma 864 6700.

**Kántrýdagar á Skagaströnd.**
Sumarhús í Snorrabergi laust helgina 18.-20. ágúst. Hagstætt verð. Uppl. í s. 660 0288.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum og einnig rúmgott herbergi við Suðurlandsbraut. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

300 fm kjallari í góðu iðnaðarhúsnæði í Höfðahverfi. Góð lofthæð og innkeyrsludyr. Uppl. í síma 699 5112 og 861 8011.

Til leigu 100 fm á jarðhæð fyrir skrifstofu eða heildverslun og 30 fm geymsluhúsnæði í kjallara á sv. 104. S. 690 0442 & 567 0442.

100 fm iðnaðarhúsnæði til leigu. Sv.104. 1150 per fm. Uppl. í s. 699 5552.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Óskast f gamlan bíl, Rvk svæðið, Kef, Hfj, Self. 40 þ á ári tkatrin@hotmail.com




# TIL SÖLU




**Þýskar álkerrur**



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

**Bæjardekk** Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836












# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Jolli Hafnarfirði**
Vantar þig vinnu í Hafnarfirði og ertu 18 ára eða eldri? Geturðu verið reyklaus þegar þú ert í vinnunni? Viltu vinna í góðu fyrirtæki þar sem gott andrúmsloft skiptir máli? Þá er Jollinn rétti staðurinn fyrir þig. Okkur vantar fólk í fullt- og hlutastarf.
Umsóknareyðiblöð á staðnum. Upplýsingar veitir verslunarstjóri Líney (844-7376) alla virka daga milli 14-18

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
Villtu vinna með duglegu og skemmtilegu fólki? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Óttar (898-2130) milli 9-17.

**American Style á Bíldshöfða og Hafnarfirði**
Afgreiðsla og grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsynleg.
Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00

**Pítan**
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðiblöð á staðnum og www.pitan.is. Upplýsingar veitir rekstrarstjóri Michael (864-9861) alla virka daga milli 14-18
Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.

**Veitingahúsið Nings auglýsir**
Okkur eftir að ráða vaktstjóra. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Upplýsingar í símum 822 8833 / 822 8840 eða á www.nings.is

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu. Vinnutími 07-13 og 13-18.30 virka daga og önnur hver helgi, ekki sumarvinna. Einnig vantar manneskju aðra hvora helgi. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480.

**Veitingahúsið Nings auglýsir:**
**Vantar Þig vinnu með skóla?**
Okkur vantar þjónustulundað starfsfólk í vinnu aðra hvora helgi og eitt til tvö kvöld í viku frá kl 17 til 22. Ekki yngri en 18 ára.
Upplýsingar í símum 822 8833 / 822 8840 eða á www.nings.is

**Kökuhornið Bæjarlind**
Óska eftir að ráða starfsmann í pökkun. Næturvinna.
Einnig vantar fólk í þrif í vinnslusal.
Uppl. í síma 544 5566 & 861 4545.

**Beitningamenn óskast!**
Vanir beitningamenn óskast strax. Möguleiki á húsnæði. Beit er í Grindavík.
Upplýsingar í síma 849 4960

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
Veitingahúsið Lækjarbrekka óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa í eldhúsi. Einnig getum við bætt við okkur matreiðslunemum og aðstoðarfólki í eldhús.
Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-4430 eða á info@laekjarbrekka.is og einnig er hægt að koma við á staðnum milli 14-17 alla daga.

**Óskum eftir vaktstjórum**
Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir vaktstjórum um kvöld og helgar. Á aldrinum 20+
Upplýsingar í síma 864 6112 eða www.keiluhollin.is

**Kaffi Mílanó**
Óskum eftir fólki í fullt starf í sal 20 ára og eldri sem fyrst. Góð laun fyrir duglegt fólk. Skemmtilegur vinnustaður.
Upplýsingar á staðnum Café Milanó, Faxafeni 11.

**Kaffihús Laugavegi 24**
Óskar eftir að ráða kaffibarþjóna, þjóna í sal og starfsfól í eldhús. Krafist er stundvísi og dugnaðar.
Upplýsingar gefur Birgir í s. 898 3085 milli kl. 12 & 18.

**Nemi og sveinn óskast**
Óska eftir nema og meistara/sveini sem allra fyrst. Uppl í s. 511 1552 eða 692 1213 e.kl 19.

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast á veitingastað.
Uppl. í s. 897 4433.

**Loftorka Reykjavík.**
Óskar eftir meiraprófsbílstjóra á vörubíl. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.
Upplýsingar í síma 565 0877 og 892 0525.

**Skelltu þér á samning hjá Jóa Fel**
Jóa Fel óskar eftir nemum til starfa. Einnig óskast hörkuduglegir aðstoðarmenn strax.
Uppl. fást hjá Jóa Fel í s.897 9493 Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 og Smáralind.

**Okkur vantar hressan, jákvæðan og þjónustulundan starfsmann til þjónustustarfa.**
Fullt starf eða aukavinnu um helgar. Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is
Upplýsinga um starfið veiti Sophus s. 893 2323.

**Jolli Hafnarfirði**
Vantar þig vinnu í Hafnarfirði og ertu 18 ára eða eldri? Geturðu verið reyklaus þegar þú ert í vinnunni? Viltu vinna í góðu fyrirtæki þar sem gott andrúmsloft skiptir máli? Þá er Jollinn rétti staðurinn fyrir þig. Okkur vantar fólk í fullt- og hlutastarf.
Umsóknareyðiblöð á staðnum. Upplýsingar veitir verslunarstjóri Líney (844 7376) alla virka daga milli 14-18

**Pítan**
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi getur hafið störf sem fyrst. Umsóknareyðiblöð á staðnum og www.pitan.is. Upplýsingar veitir rekstrarstjóri Michael (864 9861) alla virka daga milli 14-18
Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is.

**American Style í Skipholti og Tryggvagötu**
Afgreiðsla og grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsynleg.
Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00

**Aktu Taktu Afgreiðsla og Vaktstjórn**
Villtu vinna með duglegu og skemmtilegu fólki? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir framkvæmdarstjóri Óttar (898 2130) milli 9-17.

**Bakaríið Austurver**
Leitum að traustu fólki á besta aldri, með ríka þjónustulund til starfa í verslunum okkar.
Upplýsingar í síma 567 1787.

**Ræstingar**
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða strax í ræstingastörf. Laus störf nú þegar í hverfum 104, 105, 109, 110, 112 og 225.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í símum 821 5054 & 821 5059.

**Hressingarskálinn Austurstræti (Hressó)**
Hressó need to hire a helpmade in the kitcen, how can start soon as possible.
More information are aviable at Hressó Austurstræti 101 Rvk or send email to valdi@hresso.is

**Bettís Kópavogi**
Óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Vinnutími 9-17 virka daga. Einnig vantar starfskarft á kvöldin og um helgar. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri.
Uppl. veitir Hrönn í s. 899 8212.

**Devitos pizza**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir kl. 11-18 alla virka daga.
Uppl. í s. 692 4327.

**Hýsing - hurtownia**
„Hýsing" - hurtownia towarów poszukuje pracowników do oznakowywania, liczenia i sortowania odzieży i obuwia. Godziny pracy od 8 - 16:30 oraz oferta pracy w nadgodzinach w najbliższym czasie. „Hýsing" wypłaca wynagrodzenie wyższe niż stawki VR, a także stosuje dodatkowo miesięczny system premiowania, który pozwala na podwyższenie zarobków za dobre wyniki pracy. Wymagana jest minimalna znajomość języka angielskiego w przypadku nieznajomości języka islandzkiego.
Dokładniejszych informacji udziela Júlíus Kristjánsson pod adresem: Skútuvogi 9, 104 Reykjavík

**Leikskólinn Skerjagarður**
Leikskólinn Skerjagarði óskar eftir leikskólakennara, myndlistarkennara eða öðru áhugasömu starfsfólki.
Upplýsingar í s. 822 1919 & 848 5213.

**Veislulist Skútan.**
Óskar eftir starfsmanni í ýmis eldhússtörf. Dagvinna 8-16, Mán - föstud.
Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253

# TIL SÖLU

**Tilboð! 3 fyrir 2!**



Þú velur 3 undirfatasett og greiðir fyrir 2 dýrari.

**Silikonfylltir brjóstahaldarar**



Stærðir 32 -38 A-DD
Verð aðeins 3.490.- og 4490.-

**ÚTSALAN Í FULLUM GANGI.**
Bolir - Pils 1000.- kr
Buxur - kjólar 2000.- kr

SJÁUMST
COS
Glæsibæ S. 588 5575

# ATVINNA

**BM ráðgjöf**
www.bm.is
**Kvöldvinna**
**Akureyri, Reykjavík og Reykjanesbær.**
Vantar starfsfólk 16 ára og eldra til starfa milli kl. 17-22 við fjölbreytt verkefni á sviði inn og úthringiþjónustu.
Góð laun í boði.
Sendið okkur umsókn á bm@bm.is, petur@bm.is eða upplýsingar í síma 590-8000/822-5057

**Ertu hress, stundvís og áttu bíl? Langar þér að vinna á stað þar sem gaman er í vinnunni?**
Ef svo er þá langar okkur að fá þig í vinnu. Vegna mikill anna þurfum við að bæta við nokkrum sendlum. Við bjóðum uppá sveigjanlegan vinnutíma (engin næturvinna). Starfið hentar bæði stelpum og strákum og passar vel með skóla.
Ef þetta er starf sem gæti hentað þér hafðu þá samband við Þröst í síma 534 3460 eða sendu email á justeat@justeat.is

**Leikskólinn Rauðaborg.**
Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa í Leikskólann Rauðaborg Viðarási 9.
Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 567 2185 & 692 4727

**Laust starf**
Í ágúst er laust 100% starf á leikskólanum Undralandi í Kópavogi. Lítill notalegur vinnustaður. Áhugasamir hringi í Bryndísi í s. 862 3029 eða Sonju í s. 899 8654.
Undraland er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, stofnaður 1987, 33 börn eru í skólanum og 7 starfsmenn.

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu.
Vinnutíminn er frá 07:00 - 13:00 eða frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 553 5280.

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

**Mosfellsbakarí**
Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í uppvask, pantanir og pökkun.
Vinnutími frá 06:00 - 14:00 alla virka daga.
Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

**Skilastaða á leikskóla**
Starfsmaður óskast sem fyrst.
Vinnutími 15:30-17:30.
Upplýsingar gefur Helga Alexandersdóttir leikskólastjóri í s. 553 1325 eða 693 9808.

**Foldaskálinn Grafarvogi**
Foldaskálinn sem er grill og söluturn í Grafarvogi óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Gott starf með námi í vetur.
Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.

Fjarðarbakarí Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa. Uppl. í síma 895 8192.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er:07-13 eða 13-18.30. Einnig er unnið aðra hverja helgi. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma:699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 525 0900 og á www.smfr.is

Vantar starfsfólk í límmiðaprentsmiðju Pmt. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir og umsóknir á netfangið vinna@pmt.is

Europris, Starfsfólk óskast, uppl. sima 511 3322 og 533 3360, Europris

Eðalparket óskar eftir starfskrafti. Æskilegt er að viðkomandi sé ábyrgur, vandvirkur og hafi reynslu af parketlögnum og smíðavinnu. Sigurður s. 820 0024.

Pálmatré ehf óskar eftir dugmiklum verkamönnum í byggingarvinnu í Mosfellsbæ. Sími 898 9313.

Óska eftir að ráða vélarmann Bader kunnátta æskileg. Einnig er óskað eftir fólki við beitningu. Uppl. gefur Henning í s. 897 9235, milli 19-21 á kvöldin. Krækir fiskverkun ehf, Dalvík.

Starfskraftur óskast í matvörubúð í miðbænum. Upplýsingar í síma 551 3555.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Einnig virka daga frá 10-15.Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu, og einnig í fullt starf. Unnið er á vöktum. Uppl. á staðnum og í s. 697 8888 Örn.

Óskum eftir röskum, áreiðanlegum starfsmanni til afgreiðslu & lagerstarfa í verkfæraverslun. Uppl. í síma 897 5080.

Ísl hjón á Englandi óska e barngóðri stúlku, eldri en 18, t a gæta 8 mán drengs. Uppl. lapsurg@blueyonder.co.uk

Praca Na Budowie Na okres ok. 3tygodni dla mukrarza i stolarza. Inform. 821 0637.

Góður og duglegur starfskraftur óskast í skólamötuneyti að afgreiða nemendur. Vinnutími 8-16, góð laun í boði. Uppl. í s. 691 5976.

**Krydd & Kavíar óskar eftir**
Starfsfólk óskast í vinnu í eldhúsi í hálft og heilt starf. Uppl. í s. 824 7731 eða sendið umsókn á tölvupóst kryddogkaviar@kryddogkaviar.is

**Kaffihús**
Strarfskraftur óskast til framtíðarstarfa í bakarí og kaffihús. Uppl. gefur Saga í síma 551 3524 Sandholt, Laugavegi.

**Bakarí.**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hverja helgi, ekki yngri en 25 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Vantar starfskraft í dagvinnu og helgarvinnu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 551 7474 & 864 7318.

Heilsunuddari - græðari óskast til starfa á Nuddstofunni Umhyggju. S. 894 0550 & 551 6146.

Hársnyrtistofa í miðbænum leitar eftir hársnyrtum. Langar þig að hefja störf að nýju eftir hlé? Tökum vel á móti öllum. áhugasamir hafið samband við Sigurpál í s. 551 3010 & 896 8544.

Starfsmenn óskast strax tímabundið til gatnamerkinga. Mjög mikil vinna í boði. Upplýsingar í síma 896 5860

Car wax station in Reykjavík needs workers to clean new and used cars. It is preferable that applicants spesk english and they need to have a drivers license. Time of work is 9:00 - 17:30 Monday - Friday. For further information call: 568 0230 or 898 7930.

Óska eftir bílstjóra með meiraprófið, vanan akstri í Rvk. Uppl. í s. 894 5476, Hákon.

Kokk vantar á veitingarstaðinn Hafið Bláa. Frekari uppl. í s. 892 0367.

Stýrimann og háseta vantar á 100 tonna snurvoðabát gerðan út frá Sauðárkróki. Uppl. í s. 854 5566 & 897 6709.

Starfskraftur með meirapróf og vanur viðgerðum óskast til starfa. Húsnæði í boði. Upplýsingar í síma 891 7762.

**Atvinna atvinna**
Kassastarfsfólk óskast í fullt starf sem fyrst. Upplýsingar gefur Eyþór í síma 820 8004 eða á staðnum í Smáratorgi 1, Rúmfatalagerinn.

Vanir smiðir óskast. Næg vinna framundan. S. 660 9797.

Starfsfólk óskast í dag, kvöld og helgarvinnu í söluturn/videoleigu í miðbænum. Uppl. í s. 867 4621.

## Atvinna óskast

29 ára íslensk kona óskar eftir vinnu, ýmislegt kemur til greina. gunnamilla@myway.com

## Viðskiptatækifæri

**Splunkunýtt viðskiptatækifæri**
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál










**Símaspjall 908 2444.**
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Til sölu sambyggð trésmíðavél. sög, hefill, fræsari. 3 fasa uppl í s. 862 6849.

# Óskar eftir:

Hafdís Rafnsdóttir, sölufulltrúi, sími 895-6107, hafdis@remax.is
Ásdís Ósk Valsdóttir, sölufulltrúi, sími 863-0402, asdis@remax.is

- Fjölskylda með hund sem er búin að selja leitar að a.m.k. 4ra herbergja eign með sérgarði. Verður að vera í göngufæri við Ölduselsskóla. Allar eignir koma til greina, íbúðir, hæðir, rað, par og einbýli með eða án aukaíbúð.
- Leigufélag leitar að góðum íbúðum í Reykjavík, helst í Seljahverfi.



RE/MAX Mjódd
Jónas Örn Jónasson hdl. og lögg. fasteignasali



# Háseta og netamann

vantar á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði.
Upplýsingar í síma 659 3593.

# Smiðir - Verktakar

Óskum eftir vönum smiðum eða verktökum í uppslátt með flekamótum. Aðeins vanir menn koma til greina.
Verkið þarf að hefjast fljótlega.
Vinsamlega hafið samband í síma. **844 0678**

# RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf. RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA

## Rafvirkjar óskast

Rafvirki óskast í söludeild, fjölbreytt starf og góð starfsaðstaða.

Rafvirki óskast í þjónustudeild, fjölbreytt starf og góð starfsaðstaða.

Í boði eru góð grunnlaun og ýmis hlunnindi (bifreið - 1/2 fæði - sími og fatnaður). Lámarks menntun er sveinspróf í rafvirkjun eða rafeindavirkjun.

Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra, Bjarni H. Matthíasson með pósti eða á netfang: bjarni@ri-verslun.is

www.ri-verslun.is



**SUMARBÚSTAÐUR Á GÓÐUM STAÐ Í GRÍMSNESINU**

Um er að ræða 58 m² sumarhús að Finnheiðarvegi 11 í landi Norðurkots í Grímsnes- og Grafningshreppi. Húsið stendur á mjög fallegri 1 ha kjarri vaxinni eignarlóð. Eignin telur tvö svefnherbergi, baðherbergi m/sturtuklefa, eldhús m/góðri innréttingu, borðstofu og stofu. Góð timburverönd m/rafmagnshituðum potti. Verð 17,9 m.

Eigandi verður í sumarbústaðnum um helgina og getur sýnt hann til klukkan þrjú á sunnudag. S: 898-5674

**Nánari upplýsingar s.s. myndir og leiðarlýsing á www.log.is**

LÖGMENN SUÐURLANDI
Fasteignasala Lögmanna Suðurlandi
Austurvegi 3, 800 Selfoss 480 2900 - lög.is
Löggiltir fasteignasalar:
Ólafur Björnsson hrl. & Sigurður Sigurjónsson



# Kópavogsbær

## Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

### Skjólbraut 13. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breytu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 13 við Skjólbraut. Í tillögunni felst að timburhús tæplega 110 m2 að flatarmáli, byggt 1943 er rifið og parhús sem verður annars vegar á einni hæð og hinsvegar á tveimur hæðum byggt í þess stað. Gert er ráð fyrir tveimur bílgeymslum á lóðinni. Hámarkshæð er áætluð 5,4 m miðað við aðkomuhæð og nh. 0,59. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 25. júlí 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

### Álfhólsvegur 32. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 32 við Álfhólsveg. Í tillögunni felst að verslunar- og íbúðarhúsnæði byggt 1952 samtals um 520 m2 að gólffleti er rifið og í þess stað byggt 2 og 3 hæða íbúðarhúsnæði með samtals 13 íbúðum (þriðja hæðin er inndregin þakhæð). Stæði fyrir 26 bíla verða í geymslu neðanjarðar. Hámarkshæð miðað við aðkomuhæð er áætluð 9,2; áætlað byggingarmagn verður um 2,100 m2 (án bílgeymslu) og nýtingarhlutfall á bilinu 1,5-1,6. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt skýringarmyndum dags. 16. maí 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

### Bæjarlind 8-10. Deiliskipulags.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi við Bæjarlind 8-10. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 10 hæða verslunar og skrifstofuhúsnæði ásamt tveggja hæða bílageymslu norðan við núverandi byggingar. Afmörkun lóðar breytist í vestur og norður. Enn fremur er gert ráð fyrir inn- og útakstri að fyrirhuguðu bílageymsluhúsi frá nýrri hliðargötu samhliða Fífuhvammsvegi. Hliðargatan tengist Fífuhvammsvegi. Fyrirkomulag bílastæða breytist. Samkvæmt tillögunni er áætlað að lóð hússins stækki um 7,700 m2 verði um 17,400 m2 í stað 9.700 m2; heildar byggingarmagn eykst úr 3,200 m2 í 11,300 m2 eða um 8,000 m2, nýtingarhlutfall hækki úr 0,3 í 0,6; fjöldi bílastæða á lóð fjölgi úr um 90 stæðum í 426 stæði eða um tæplega 340 stæði og fjöldi fermetra á hvert bílastæði á lóð breytist úr 36 m2 á stæði í 26,5 m2 á stæði. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv.1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 30. júní 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

### Lækjarbotnaland 31. Sumarhús. Deiliskipulag

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Lækjarbotnalands 31, „Sel". Í tillögunni felst heimild til að reisa allt að 75m2 sumarhús á landinu. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 13. júlí 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

### Kársnesbraut 102. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi við Kársnesbraut 102. Í tillögunni felst heimild til að byggja við núverandi atvinnuhúsnæði að Kársnesbraut 102 til austurs og norðurs tveggja hæða viðbyggingu. Á neðri hæð viðbyggingarinnar er fyrirhugað iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði og 3 íbúðir á efri hæð. Hámarks hæð fyrirhugaðrar byggingar er ráðgerð 12 metrar og nh. 0,85. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 25. júlí 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

### Langabrekka 2. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi við Löngubrekku 2. Í breytingunni felst að timburhús 178 m2 að flatarmáli (kjallari, hæð og ris) byggt 1950 og stendur á lóðinni er rifið og fjögurra íbúða hús á tveimur hæðum auk kjallara byggt í þess stað. Gert er ráð fyrir 4 bílgeymslum í kjallara með aðkomu frá Laufbrekku. Hámarkshæð miðað við aðkomuhæð er fyrirhuguð 6,1 m, nh. 0,99 og miðað er við tvö bílastæði á hverja íbúð. Fjögur þeirra verða með aðkomu frá Lögnubrekku. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 25. júlí 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

---

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 21. ágúst til 18. september 2006. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 mánudaginn 2. október 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

---

fremstir fyrir bragðið

# Bifreiðastjóri

## Vilt þú öðlast meirapróf ókeypis?

Sláturfélag Suðurlands óskar að ráða bifreiðastjóra til útkeyrslu í verslanir á höfuðborgarsvæðinu.

Leitað er að samviskusömum og duglegum einstaklingi.

Sláturfélagið er tilbúið að kosta meirapróf fyrir starfsmenn gegn ráðningarsamningi til lengri tíma.

Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.

Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri í síma 575-6000 eða 899-1800.

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvæla-fyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 330 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.

---

fremstir fyrir bragðið

# Afgreiðsludeild.

Sláturfélag Suðurlands óskar að ráða fólk til starfa í afgreiðsludeild fyrirtækisins á Fosshálsi í Reykjavík.

Hvort tveggja er um fullt starf að ræða eða hlutastarf. Samningsatriði er hvort hlutastarfið sé unnið fyrir eða eftir hádegi. Vinna getur hafist milli kl. 05:00 og 06:00. Tilvalið fyrir skólafólk eða þá sem vilja auka við sig vinnu.

Umsóknir berist SS, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík.

Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu fyrirtækisins www.ss.is.

Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri í síma 575-6000 eða 899-1800.

Sláturfélag Suðurlands er leiðandi matvæla-fyrirtæki með starfsstöðvar í Reykjavík, á Selfossi og á Hvolsvelli. Hjá félaginu starfa um 330 starfsmenn. Upplýsingar um SS er að finna á heimasíðu fyrirtækisins.

---



Það er gott að búa á austurlandi

# Melgerði 7, Reyðarfjörður.

TIL SÖLU & LEIGU













Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

## 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð. Íbúðirnar verða afhentar kaupendum á árinu 2006 og 2007

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

| 2 herb. verð frá KR. 12.950.000* | 3 herb. verð frá KR. 16.550.000* | 4 herb. verð frá KR. 18.750.000* |
|---|---|---|

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS 567 3400

HÓLL Tákn um traust 475 8000

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# Landmenn ehf

Sími 486 1001 • Gsm 861 0402 • 860 8066
www.landmenn.is • landmenn@landmenn.is

**Sýning á sumarhúsum og sumarhúsalóðum í Grímsnesi laugardaginn 19. ágúst frá kl. 12.00 - 17.00**

**www.bakki.com**

## VISSIR ÞÚ ...

... að stærsta lukkudýr veraldar er í eigu Suður-Ameríkudeildar Duracell? Fyrirtækið lét útbúa tröllaútgáfu af Duracell-kanínunni frægu, 12,6 m á hæð. Kanínan var búin til og mæld í Los Angeles í Kaliforníu 20. apríl 2005.

... að Indónesar hafa oftast hampað Thomas-bikarnum í badminton karla? Þeir hafa þrettán sinnum sigrað í heimsmeistarakeppni karlaliða í badminton, Thomas-bikarnum (1958, 1961, 1964, 1970, 1973, 1976, 1979, 1984, 1994, 1996, 1998, 2000 og 2002).

... að mesti hraði sem mjóhundur hefur mælst á er 67,32 km/klst? Þessari ógnarferð náði hundurinn Star Title í Wyong, Nýju Suður-Wales, Ástralíu, 5. mars 1994.

... að Berjaya Times Square KL-byggingin í Kúala Lúmpúr í Malasíu er stærsta fjölnotabygging veraldar? Gólfflötur hennar er 678.000 m² að flatarmáli. Í henni er að finna 320.000 m² verslunarmiðstöð, innanhússskemmtigarð og tvo 48 hæða turna sem í eru skrifstofur og hótel. Húsið var tekið í notkun árið 2003.

... að lengstu beinu járnbrautarteina heims er að finna á 478 km kafla á Nullarbor-sléttunni í Ástralíu þótt á stöku stað sé hæðarmunur? Kaflinn hefst á 496. mílu - á milli Nurina og Loongana í Vestur-Ástralíu. Orðið „Nullarbor“ þýðir einfaldlega „engin tré“ og vísar til gróðurfátæktarinnar á þessari einmanalegu kalksteinssléttu.

... að Millau-svifbrúin í Frakklandi er hæsta brú mæld frá jörðu að hæstu spíru? Hún var byggð til að létta umferðarþunga í gamla bænum í Millau en hún er 2.460 m löng og liggur yfir ána Tarn í Massif Central-fjallgarðinum. Brúargólfið stendur á sjö steinsteypustólpum og teygir sá hæsti sig upp í 343 m hæð að jörðu.

... að breska söngkonan Rachel Stevens hefur komið fram á flestum tónleikum á einum sólarhring? Hún kom fram á sjö tónleikum í sjö borgum dagana 8.-9. september 2004. Borgirnar sem hún kom fram í voru í þessari röð: Salford, Liverpool, Stoke on-Trent, Birmingham, Bristol, Oxford og London. Hins vegar stóðu engir tónleikanna lengur en í stundarfjórðung.

... að fyrsta teiknimynd sem var sýnd á besta áhorfstíma í Bandaríkjunum voru þættir William Hanna og Joseph Barbara um Steinaldarmennina? Þeir voru frumsýndir á sjónvarpsstöðinni ABC í september 1960.

... að sagt er að dýrasta kúluspil í heimi hafi selst á 7,8 milljónir króna á sínum tíma? Það var framleitt í einu eintaki og selt í Los Angeles, Kaliforníu, í Bandaríkjunum árið 1992. Á núvirði myndi það kosta 10.579.725 kr.

... að Úgandamenn eru yngsta þjóð í heimi? Árið 2003 voru 50,8 prósent þjóðarinnar á aldrinum 0-14 ár.

... að Ítalir eru hins vegar elsta þjóð í heimi (að Páfagarði undanskildum)? Þar eru einungis fjórtán prósent íbúanna á aldrinum 0-14 ára.

# DRAUMAHELGI

## *Horft fram af klettabrún*

„Ég myndi vilja skjótast til einhverrar suðurhafseyju á fyrsta deginum, þar sem ég dveldi á fimm stjörnu hóteli og svamlaði í sjónum til að slappa af,“ segir Friðrik Friðksson leikari um draumahelgina sína, en hann hefur verið önnum kafinn við æfingar á Purpura og undirbúning fyrir tökur á sjónvarpsseríunni Sigtið sem sýnd verður á Skjá einum.

„Ég væri líka til í að kafa, þar sem ég hef ekki prófað það áður, og fara eitthvert gott út að borða með kærustunni um kvöldið,“ bætir hann við.

Friðrik segist ennfremur hafa átt góðar stundir á Santorini á Grikklandi nú í sumar og myndi gjarnan vilja endurupplifa þær næsta dag, enda allt mögulegt þegar draumahelgi er annars vegar.

„Þarna er alveg einstakt útsýni enda er maður í 300 metra hæð yfir sjónum,“ útskýrir hann fullur ákafa. „Það jafnast fátt á við það að horfa á sólarlagið út um glugga á húsi, alveg við klettabrúnina, í allri þessari hæð. Svo væri ég til í að snæða góðan mat, þó ekki þann gríska sem er heldur sveitalegur fyrir minn smekk. Tilvalið yrði að fá léttvín, en þau grísku eru reyndar ágæt, og ítalskan mat borinn á borð, en rétturinn yrði í raun algjört aukaatriði þar sem Ítalir nota yfirleitt svo vandað hráefni við matseldina. Ætli þetta yrði bara ekki ágætis uppskrift að draumahelgi.“ **-rve**



Friðrik myndi vilja stinga af í sól og steikjandi hita. MYND/HÖRÐUR


allt bílar
Alla laugardaga

HOLE IN ONE ÚTSALA
15% - 70% AFSL

ÚTSALAN ER HAFIN
15% - 70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

LÍTTU Á ÞESSI TILBOÐ!

- Fatnaður allt að **70%** afsláttur
- Skór allt að **50%** afsláttur - verð frá kr. **2.450.-**
- Golfkerrur **25-50%** afsláttur - verð frá kr. **1.800.-**
- Golfpokar allt að **50%** afsláttur - verð frá kr. **3.900.-**
- Rafmagnskerrur - verð frá **9.990.-**

OG SVO MIKLU, MIKLU MEIRA...

Hole in One GOLFVERSLUN

Opnunartími um helgina:
Mán - fös..................10 - 18
Laugardaga.............10 - 17
Sunnudaga...............12 - 17

Hole in One • Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • Sími: 577 4040 • www.holeinone.is

kaldaljós 2006

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Hversu mikið hækkaði ríkisstjórnin rafmagnið?

**UMRÆÐAN**
RAFORKA



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**
ALÞINGISMAÐUR

Talsvert hefur verið rætt um hvers vegna Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur vilja leyna þjóðina hvað hún hefur upp úr krafsinu við að selja raforku til stóriðju. Einhverjir stjórnarliðar hafa reynt að réttlæta þetta laumuspil með mjög svo sérkennilegum hætti, s.s. að ekki megi gera það vegna einhverra samkeppnissjónarmiða.

Það er af og frá að þessi rök haldi m.a. vegna þess að stóriðjan greiðir fyrir orkuna í föstum samningum. Árið 2008 verða um 80% af orkunni seld til stóriðjunnar. Það sem eftir stendur af raforkuframleiðslunni, 20 prósentin er framleiðsla til almennings og annarra fyrirtækja í landinu sem eiga að vera í svokölluðu samkeppnisumhverfi.

Með nýskipan á fyrirkomulagi raforkumála sem átti að leiða til sérkennilegrar samkeppni opinberra fyrirtækja um sölu rafmagns urðu gríðarlegar hækkanir á raforkunni til almennings og fyrirtækja.

Ég hef ítrekað reynt að fá fyrrverandi iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, til að upplýsa hvað Framsóknarflokkurinn hækkaði rafmagnið mikið en hef ekki fengið nein skýr svör um það. Iðnaðarráðherra talaði alltaf um hækkun hér og lækkun þar þannig að ekki var fyrir nokkurn mann að skilja hvað hún var fara. Þetta hefur verið mikill feluleikur, rétt eins og verðlagningin á raforkunni frá Kárahnjúkavirkjun.

Samtök iðnaðarins hafa bent á að fjöldi fyrirtækja hafi orðið fyrir tugprósenta hækkun á raforkureikningum og eru þó nokkur dæmi um allt að 70% hækkun.



**RAFORKA** „Í Þingeyjarsýslu ræddi ég við harðduglegan ferðabónda sem greindi mér frá því að vegna gjörða Framsóknarflokksins hefði upphæð reikningsins sem hann greiddi fyrir raforkuna tvöfaldast.“

Í Þingeyjarsýslu ræddi ég við harðduglegan ferðabónda sem greindi mér frá því að vegna gjörða Framsóknarflokksins hefði upphæð reikningsins sem hann greiddi fyrir raforkuna tvöfaldast.

Feluleikurinn og hækkað raforkuverð er alls ekki traustvekjandi þar sem að efstóriðjusamningarnir gæfu orkufyrirtækjunum vel í aðra hönd ættu almenningur og fyrirtæki miklu frekar að sjá almenna lækkun á raforkureikningum og alls ekki neina hækkun.

Frjálslyndi flokkurinn vill aflétta þessari leynd enda þjónar hún alls ekki hagsmunum almennings en mögulega þjónar hún þröngum flokkshagsmunum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks.

## AF NETINU

### Siv

Fræg saga gekk í þinginu á sínum tíma af heimsókn Framsóknar til DeCode í árdaga fyrirtækisins. Dr. Kári tók á móti liðinu og lét vaða á súðum. Siv Friðleifsdóttir spurði áreitinna spurninga. Að lokum brást vísindamanninn þolinmæðina og sagði af þaulhugsuðum skepnuskap: „Þetta skilja allir hér inni nema þú.“

Siv fór og skellti hurðum. Þessi saga sýnir þau bæði í góðu ljósi. Sá Kári sem ég þekkti í háskólanum í gamla daga - og síðar - hafði með góðri æfingu þróað með sér einstakan hæfileika til meistaralegrar ósvífni. Og Siv var ekkert að láta goðið eiga inni hjá sér. Hún hefur „guts“ stelpan sú. Hún er glaðlynd, ófyrirleitin, og mjög kjörkuð. Þannig stjórnmálamenn eru andstæðingum sínum oft hættulegur. Þessvegna viðurkenni ég fúslega að ég óttast að hún verði formaður Framsóknar.

**Össur Skarphéðinsson af ossur.hexia.net**

### Vextir og skynsemi

Vaxtahækkanir bitna á öllum einstaklingum og fyrirtækjum, líka þeim sem óþarft er að hræða frá óþarfa lántöku. Væri til dæmis ráð að Seðlabankinn réðist í markvissa og upplýsandi auglýsinga- og kynningarherðferð þar sem við værum frædd um kostnaðinn við lántökur? Í stað þess að fæla okkur frá lántökum með svo háum vaxtakostnaði að fjárhag alls almennings og margra fyrirtækja er í voða stefnt, þá verði virkjaður sá drifkraftur sem jafnan hefur reynst best þegar til lengri tíma er litið. Sá drifkraftur heitir skynsemi. Ég er sannfærður um að upplýst, yfirveguð umræða um kostnað af lántöku og samspilið á milli tekna og útgjalda er vænlegri til árangurs en vaxtaskrúfan. Hún eyðileggur líka út frá sér, nokkuð sem skynsemin gerir aldrei.

**Ögmundur Jónasson af ogmundur.is**

### Kristinn H.

Kristinn H. Gunnarsson hefur lýst yfir framboði sínu til embættis ritara Framsóknarflokksins. Ég var svo undrandi við tíðindin að ég gat ekki einu sinni hlegið, sem væri eðlileg viðbrögð við þessari frétt.

Kristinn er að öðrum ólöstuðum sennilega skilvirkasti skemmdaverkamaður þjóðarinnar. Hann hefur skipulagt og af miklum móð alið á vantrausti fólks á flokki sínum og ríkisstjórnina og hefur náð ágætis árangri í stjórnarandstöðu.

**Björn Berg Gunnarsson af frelsi.is**

### Gróði bankanna

Fróðlegt verður að skoða hve mikið bankarnir greiða af þessu í skatta. Varla er það mikið ef marka má svar fjármálaráðherra við fyrirspurn minni á þarsíðasta þingi. Þar kom fram að álagður tekjuskattur á allar peningastofnanir og fjármálaþjónustu þ.e. rekstur banka og sparisjóða, fjárfestingarlánasjóða, verðbréfasjóða og önnur ótalin fjármálaþjónustu var einungis tæpar 1.6 milljarðar króna á árinu 2004.

**Jóhanna Sigurðardóttir af althingi.is/johanna**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að stytta efni.

FARTÖLVUR FYRIR ALLA

www.tolvulistinn.is




acer

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.7GHz Pentium Dothan735<br>Intel Centrino með 2MB flýtiminni |
| Minni | 512MB DDR2 400MHz<br>Stækkanlegt í 2GB |
| Harðdiskur | 80GB Ultra ATA100<br>Ultra ATA100 harðdiskur |
| Skrifari | 8xDVD±RW DL skrifari<br>Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15" TFT XGA skjár<br>Hágæða skjár með 1024x768dpi |
| Skjákort | 128MB Intel GMA900<br>Skjákortið nýtir DDR minni tölvunnar |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort<br>Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | 10/100 base netkort<br>Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows XP PRO - SP2<br>Á íslensku eða ensku |
| Tengi | 3xUSB2, VGA, Type II PC Card<br>Öll helstu tengi |

ACER TRAVELMATE 4062LMI
Á ÓTRÚLEGU SKÓLATILBOÐI

INTEL DOTHAN 2MB
Einn öflugasti örgjörvinn frá Intel með 400MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtiminni

ÞRÁÐLAUST NET
Acer ferðatölvan kemur með 54Mbps þráðlausu 802.11g netkorti og innbyggðu loftneti

8xDVD± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

INTEL GMA 900
Intel GMA900 skjákortið er byggt á PCI-Express tækni og nýtir 128MB af DDR minni tölvunnar

TENGINGAR
Acer Travelmate 4062LMi kemur með öllum helstu tengjum 3x USB2.0, PCMCIA rauf, o.fl

ALLT AÐ 5 TÍMAR
Acer ferðatölvan er aðeins 2.91 kg og með Centrino tækni endist rafhlaðan í allt að 5 tíma

VERÐ 99.900

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndbrengl

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730
AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400
KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400
EGILSSTÖÐUM Miðvangi 2-4 Sími 471 2400

# Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006
Liprir ræstivagnar frá Filmop



21.910 kr.
Arka 21 ræstivagninn
Ræstivagn fyrir gólfhreinsun og afþurrkun með 28 lítra tvískiptri fötu og pressu, afþurrkunarfötum og statífi fyrir sorppoka.



8.793 kr.
Spider Max ræstivagninn
Nettur ræstivagn með 15 lítra tvískiptri fötu og pressu.



11.154 kr.
Fred ræstivagninn
Léttur en öflugur ræstivagn með tveimur 15 lítra fötum og pressu.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6213A



útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala útsala

# Stórútsala á húsgögnum









Ótrúlegt verð, já nú á allt að seljast
td. Sófasett, hornsófar, tungusófar
borðstofuborð, borðstofustólar, skenkir, skápar,
sófaborð, hornborð, körfuskenkir, stakir stólar,
kommóður, skinn-mottur, lampar, hillur, speglar,
kertastjakar, innskotsborð og margt fleira...

Opið virka daga frá 10-18
laugardaga frá 11-16 og sunnudag frá 13-16

GP gæðahúsgögn
Dalshrauni 1 Sími 565 1234





FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


# Hvalveiðar, ef skynsemin ræður

UMRÆÐAN
HVALVEIÐAR




**JÓN GUNNARSSON**
FORMAÐUR SJÁVARNYTJA


Það að taka skynsamlega ákvörðun er að taka ákvörðun á grundvelli réttra upplýsinga með hagkvæmni þjóðarbúsins að leiðarljósi. Fyrir okkur Íslendinga eru þetta mikilvægt þegar kemur að ákvörðunum um nýtingu náttúruauðlinda okkar. Við verðum að vega og meta áhrif ákvörðunarinnar á efnahagslífið og umhverfið. Vega og meta mikilvægi hvers þáttar og taka síðan ákvörðun. Við slíka ákvörðun megum við ekki láta háværar raddir fámennra hópa hafa of mikil áhrif, þó að alltaf verði að skoða allar hliðar. Með þetta að leiðarljósi höfum við náð þeim árangri í þessu landi sem er hreint ótrúlegur. Við höfum fært út landhelgi okkar, tekið þátt í alþjóðlegu varnarbandalagi, virkjað fallvötn landsins og svo má áfram telja.

Þannig verðum við einnig að byggja ákvörðun okkar um nýtingu á hvalastofnum. Ekki út frá því hvað okkur finnst um hundaát í Asíu, kengúruát í Ástralíu, selaát í Kanada, slátrun á sauðfé hjá arabaþjóðum eða kanínuát víða um heim. Við eigum að vera í fararbroddi með að viðurkenna rétt þjóða til skynsamlegrar nýtingar sinna auðlinda og rétt þeirra til fæðuöflunar með þeim hefðum sem þar ríkja. Án tillitsemi milli þjóða og heimsálfa þegar að þessu þáttum kemur nást aldrei sættir.

Nýting á hvalastofnun við Ísland er mjög skynsamleg. Reyndar getur sú stýring á nýtingu auðlinda hafsins hér við land ekki gengið upp án þess að tillit sé tekið til þessara stærstu dýra á svæðinu. Ekki er deilt um að ákveðnir stofnar hvala eru vel nýtanlegir. Þetta á við um tegundir eins og hrefnu, langreyði og sandreyði. Þá er ljóst að hnúfubakur hefur fjölgað sér mjög mikið og er að mati margra orðin plága á miðunum.

Alveg frá því snemma á níunda áratugnum hafa háværir hópar náttúrverndarsinna haft sig í frammi gegn hvalveiðum. Þeir hafa eins og þeirra er vani notað ákaflega ósmekklegar aðferðir til að ná athygli. Beita einstaklinga og fyrirtæki hótunum, eyðileggja atvinnutæki og síðast en ekki síst haldið stöðugt fram ósannindum þar sem ekkert tillit er tekið til einstaklinga, þjóða eða þjóðarbrota.

Nú er komið að því að taka ákvörðun um hvalveiðar í atvinnuskyni hér við land. Að mínu mati, og ég vil fullyrða allra þeirra sem kynna sér málið vel, er það skynsamleg ákvörðun. Eins og dæmin sanna hefur sá dæmalausi hræðsluáróður sem á hefur dunið gegn greininni verið marklaus. Engar af þeim hrakspám sem andstæðingar hvalveiða hafa haldið fram hafa gengið eftir. Tökum dæmi af okkar reynslu. Ferðaþjónusta hefur ekki gengið betur á Íslandi en síðan við hófum vísindaveiðar árið 2003. Markaðir í Bandaríkjunum fyrir íslenskan fisk áttu að hrynja við vísindaveiðar okkar 1986 til 1989. Við höfðum þá í annan tíma ekki átt betri ár. Undanfarin ár hafa einnig verið mjög góð, stöðugt hækkandi verð og vaxandi eftirspurn. Allt þrátt fyrir hrakspár hagsmunaaðila og ógnanir mótmælenda. Nákvæmlega sömu reynslu hafa aðrar hvalveiðiþjóðir, hvergi hafa ógnanirnar og hræðsluáróðurinn gengið eftir.

Lesendur kannast við frasa eins og ekki hægt að selja afurðirnar, verslun á alþjóðavettvangi sé bönnuð og enginn markaður sé hjá okkar helstu fyrri kaupendum hvalaafurða, Japönum, og Íslendingar vilji ekki þetta kjöt lengur. Allt saman ósannindi sem ekki eru rökstudd ef nánar er skoðað og standast alls ekki. Enda er ekki líklegt að einhver stæði í því að reyna að veiða eitthvað sem ekki er markaður fyrir. Þetta væri ansi dýrt sport.

Eins og áður sagði er komið að ávkörðun um hvalveiðar í atvinnuskyni. Þeir sem þekkja þetta mál vita að nú er lag og það tækifæri sem nú er innanlands og á alþjóðavettvangi kemur ekki endilega aftur í bráð.

Tökum skynsamlega ákvörðun, hefjum hvalveiðar í atvinnuskyni.

# *Kosningabaráttan hjá X-B hafin*

UMRÆÐAN
FRAMSÓKNARFLOKKURINN




**GARÐAR H. BJÖRGVINSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMTÍÐAR ÍSLANDS OG LÍFVÖRÐUR LANDGRUNNSINS.


Hverjir eru höfundar misræmis á Íslandi ? Svar x-b.

Hver skóp milljónamæringana og eða fátæklinga? Foringinn Halldór Ásgrímsson, dæmi Grímsey.

Hverjir bera ábyrgð á verðhruni á allri landsbyggðinni? x-b liðið, ( höfundar kvótakerfisins ).

Hverjir eru valdir að ofbeldi bæði á landi og sjó? x-b liðið. Samanber ofbeldið á hálendinu og fangelsun þeirra sem voga sér að mótmæla stærstu mistökum Íslandssögunnar, kvótakerfisins.

Hvað ber heilbrigt hugsandi fólki að forðast við næstu alþingiskosningar? svar x-b.

Dæmi sem allir eru sammála um hvar í pólítik sem þeir standa. Ef kvótakerfið í sjávarútvegi hefði dunið yfir á einni viku með þvílíku umróti og hörmungum, mismunun, og ofbeldi á öllum sviðum sem það hefir valdið, já hvað þá? Þá hefðu svipaðir atburðir gerst eins og gerast víða út um lönd, þ.e. blóðug átök.

Íslendingar eru friðsöm þjóð, dugleg og góðgjörn en minnisleysi hennar gagnvart daglegum viðburðum er einstakt. Til eru þó menn sem hafa látið skoðanir sínar í ljós varðandi gang mála og þjóðlífið í heild, þeir eru smám saman að gefast upp á því að tuða um sannleikann. Dæmi, Jón Sigurðsson, Önundur Ásgeirsson, Lúðvík Gissurarson. En til er einn nægilega þrár til að neita að láta í minni pokann og heldur áfram sem ekkert sé, því að lokum sigrar sannleikurinn.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Tjaldar Landsvirkjun til einnar nætur með Kárahnjúkum

**NÁTTÚRUVAKTIN**
YFIRLÝSING VEGNA KÁRAHNJÚKA

Náttúruvaktin skorar á stjórnvöld að efna tafarlaust til úttektar af hópi óháðra sérfræðinga á Kárahnjúkasvæðinu. Nú liggur fyrir að fjöldi sérfræðinga hefur lýst yfir áhyggjum sínum af jarðfræðihættum tengdum botni Hálslóns og virkni á Kárahnjúkasvæðinu. Svo virðist sem þeim rannsóknum á vegum Landsvirkjunar sem lagðar voru til grundvallar framkvæmdum við Hálslón hafi verið verulega ábótavant og ekki tekið tillit til ástands bergs og aðstæðna á svæðinu. Frá því að framkvæmdir hófust hefur ítrekað komið í ljós að grunur þeirra jarðvísindamanna sem gerðu alvarlegar athugasemdir við matsskýrslu framkvæmdaaðila varðandi jarðfræðilegar aðstæður á framkvæmdasvæði hefur reynst á rökum reistur. Því ber að kalla til óháða nefnd sérfræðinga sem fari yfir stöðuna áður en tekið verður til við að safna vatni í Hálslón með óafturkræfum afleiðingum fyrir náttúru svæðisins, jafnt friðlýst svæði við Kringilsárrana sem lífríki Lagarfljóts og Héraðsflóa.

Náttúruvaktin telur fullnægjandi rök komin fram til að stöðva beri framkvæmdir á meðan óháð úttekt á jarðfræðilegum aðstæðum fer fram nema það sé ætlun stjórnvalda að tjalda til einnar nætur við Kárahnjúka og taka gífurlega áhættu á að stífla og lónsstæðið haldi ekki vatni.

Þá lýsir Náttúruvaktin yfir áhyggjum sínum af trausti stíflunnar á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram eru komnar um ástand bergs við stífluna og telur að ef vatni verður hleypt á lónið sé mögulega verið að stofna lífi, limum og eignum íbúa í næsta nágrenni í verulega hættu.

Ekki þurfi að fara til Brasilíu til að finna leka í og við stíflur, nóg sé að rifja upp vandamál sem upp komu við Sigöldu á 9. áratug síðustu aldar.



# Fjárlög brotin

**UMRÆÐAN**
RÍKISFJÁRMÁL



**HELGI HJÖRVAR**
ÞINGMAÐUR

Í umræðum um agaleysi í ríkisfjármálum reyna stjórnarliðar iðulega að koma ábyrgðinni á forstöðumenn ríkisstofnanna. Sá galli er á því að ráðherrar fá úthlutað útgjaldarömmum og eiga að haga fjárlagatillögum og forgangsröðun verkefna þannig að stofnunum sem undir þá heyra sé fært að veita nauðsynlega þjónustu. Til algjörra undantekninga heyrir að stjórnarmeirihlutinn í fjárlaganefnd breyti tillögum ráðherra enda virðist hann að mestu hafa afsalað sér fjárveitingavaldinu til ríkistjórnarinnar. Landhelgisgæsluna bar m.a. á góma á fundi fjárlaganefndar á mánudag. Hún fór á þriðja hundrað milljónir fram úr fjárheimildum síðasta árs og þrátt fyrir að hafa átt inneign í upphafi árs var hún komin 163 milljónir króna fram úr heimildum um áramót. Ég hélt svo áfram að skoða málið í gær og skv. bráðabirgðatölum er vandi gæslunnar enn að aukast á fyrri hluta ársins, jafnvel á annað hundrað milljónir króna, að hluta vegna þeirra nýju verkefna sem gæslan hefur þurft að taka að sér vegna þyrlusveitarinnar.

Þessi staða þarf engum að koma á óvart. Ég varaði m.a. við henni í Fréttablaðinu í byrjun desember á síðastliðnu ári í tengslum við fjárlagagerðina. Samt krefur dómsmálaráðherra Landhelgisgæsluna ekki um niðurskurð, hann dregur ekki úr skyldum hennar heldur þvert á móti, hann áminnir ekki forstöðumanninn né tryggir hann starfseminni þær fjárveitingar úr sínum ramma að starfsemin sé innan fjárlaga. Staða dómsmálaráðherra er slík að umfram aðra ráðherra er honum nauðsyn að halda þannig á sínum málaflokki að farið sé að fjárlögum. Sá sem halda á uppi lögum í landinu má ekki sýna svo lélega stjórnsýslu að í lykilstofnunum á hans vegum séu fjárlög ekki virt. Það hlýtur að vera hægt að gera þá kröfu til dómsmálaráðherra að undirstofnanir hans fylgi lögum, enda er annað hneyksli. Um leið þyrfti þingið að gera hvort tveggja að innleiða fjárlög til margra ára til að auðvelda fjárstýringu og fara að starfa allan ársins hring svo hægt sé að leita til þingsins vegna ófyrirsjáanlegra útgjalda sem auðvitað geta komið upp.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3024

aukabúnaður á mynd: Álflegur, vindskeiðar og sóllúga

**Skólabíll á aðeins 465 kr. á dag***

Volkswagen Fox er rétti bíllinn fyrir skólafólk. Hann er á góðu verði og ódýr í rekstri, TDI® dísilvélin eyðir einungis 4,9 l/100 km. Hann er lítill, lipur og þægilegur í umferðinni, frábærlega hannaður og flottur eftir því. Niðurstaðan: Draumabíll námsmannsins.

Aus Liebe zum Automobil

M.v. 30% útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar í blandaðri erlendri myntkörfu í 84 mánuði. Verð 1.345.000 kr.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

PÁLL PÁFI IV (1476-1559) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Það á aldrei að gefa fólki ráð þar sem mikill mannfjöldi er saman kominn.“*

*Giovanni Pietro Carafa var kjörinn páfi árið 1555.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 18. ÁGÚST 1227

# *Genghis Khan deyr*

Genghis Kahn (Kahn þýðir leiðtogi) varð leiðtogi Mongóla á þrettándu öld eftir að hafa sameinað alla mongólsku ættflokkana. Genghis Khan var herskár leiðtogi og bjó til veldi sem breiddi úr sér víða um heim.



Faðir Genghis (eða Temüjin eins og hann hét áður en hann varð keisari) var einn leiðtogi þessara ættflokka. Hann var drepinn af óvinaættflokki og eftir það bjó fjölskylda Genghis við mjög kröpp kjör. En Genghis var baráttumaður með mikla persónutöfra og tókst fljótlega að safna miklu herliði og koma ættbálki sínum til áhrifa á ný. Genghis Khan var óvæginn hermaður en mjög sigursæll og lagði aðra ættbálka Mongóla undir sig á skömmum tíma og varð leiðtogi þeirra árið 1206.

Ghengis Kahn lét sér þennan áfanga ekki nægja heldur fór af stað til frekari landvinninga. Hann var snillingur þegar kom að hernaði og átti auðvelt með að laga sig að breyttum aðstæðum.

Genghis Kahn hafði það að markmiði að hertaka Kína og árið 1215 náði hann Peking á sitt vald. Kahn sneri sér þá að því að sigra Khwarezm-veldið en í því stríði urðu Mongólarnir frægir fyrir grimmd sína. Mongólar fóru milli borga og annaðhvort myrtu íbúana eða neyddu þá til þess að ganga til liðs við sig.

Genghis Kahn dró loks lið sitt til baka árið 1223 og barðist ekki aftur fyrr en í lokabardaga sínum við His Hsia á árunum 1226 til 1227.

Genghis Khan dó árið 1227 og er talinn einn mesti landvinningamaður sögunnar.

## MERKISATBURÐIR

1572 Henry prins af Béran (síðar Henry fjórði) kvænist Margaret af Valoes.

1786 Reykjavík fær kaupstaðarréttindi.

1964 Suður-Afríku er bannað að taka þátt í Ólympíuleikunum í Tókýó í Japan.

1989 Enska knattspyrnufélagið Manchester United er selt fyrir tuttugu milljónir punda.

1991 Forseti Sovétríkjanna, Mikhail Gorbachev, er settur í stofufangelsi.

1992 Körfuknattleiksmaðurinn Larry Bird tilkynnir að hann ætli að leggja skóna á hilluna.

1996 Menningarnótt er haldin í fyrsta sinn.

## ÚTFARIR

13.00 **Þuríður Sigrún Þorbjörnsdóttir,** sjúkraliði, Hraunteigi 28, Reykjavík, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

13.30 **Hjördís Jónsdóttir,** Einilundi 10e, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Jón Óskarsson,** Laufskálum 6, Hellu, verður jarðsunginn frá Oddakirkju á Rangárvöllum.

14.00 **Margrét Jóna Sigurðardóttir,** Suðurgötu 26, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

15.00 **Birgitta Ólöf Ebenesersdóttir,** frá Tungu, Valþjófsdal, Önundarfirði, verður jarðsungin frá Garðakirkju.

15.00 **Guðlaug Jóhannsdóttir,** Fróðengi 20, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

15.00 **María Gunnarsdóttir,** kennari frá Ísafirði, Hlíðarhúsum 7, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Kolbrún Ólafsdóttir**

lést 15. ágúst síðastliðinn á Landspítalanum við Hringbraut. Útför fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 26. ágúst kl. 14.00.

**Gunnar Björgvin Sigmarsson**
**Björgvin Ólafur Gunnarsson** **Ólöf Jóhanna Sigurðardóttir**
**Sigmar Gunnarsson** **Hulda Gunnarsdóttir**
**Friðrik Már Gunnarsson** **Guðveig Bjarný Guðmundsdóttir**
**barnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Gunnar Ívarsson**

fyrrverandi verslunarstjóri og fulltrúi skattstjóra, Skarphéðinsgötu 4, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 10. ágúst sl., verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 21. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á Hjartavernd.

**Guðrún Guðlaug Sigurgeirsdóttir**
**Sigurgeir A. Jónsson** **Þóra Hafsteinsdóttir**
**Sonja B. Jónsdóttir** **Guðmundur Kristjánsson**
**Ívar Jónsson** **Lilja Mósesdóttir**
**Fannar Jónsson** **Elísabet S. Auðunsdóttir**
**Jón Þór Sigurgeirsson**
**Guðrún Iðunn Sigurgeirsdóttir** **Einar Bjarni Sigurðsson**
**Birkir Kristján Guðmundsson** **Jón Reginbaldur Ívarsson**
**Hrafnhildur Fannarsdóttir**
**Fannar Gunnsteinsson**
**Óskar Þór Einarsson.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jósep Birgir Kristinsson**

Daggarvöllum 4A, Hafnarfirði, áður til heimilis á Hagamel 6 í Skilmannahreppi,

lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði fimmtudaginn 10. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 18. ágúst kl. 13.00.

**Margrét Kristín Þórhallsdóttir**
**Þórhallur B. Jósepsson** **Herdís Ólafsdóttir**
**Karólína K. Jósepsdóttir** **Gunnar Jónsson**
**Skarphéðinn Jósepsson** **Stefanía Björnsdóttir**
**Ævar Örn Jósepsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**KRABBAVEISLAN Í FYRRA** Skemmtilegar hefðir fylgja hátíðinni en hún hefur verið haldin árlega hjá Sænska félaginu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANNA MARIA HEDMAN

MENNINGARNÓTT: SÆNSK VATNSKRABBAVEISLA

# Hattar, smekkir og krabbar

Á Menningarnótt verður efnt til sænskrar vatnakrabbaveislu en í Svíþjóð er það siður að bjóða til slíkrar veislu í ágúst.

Matilda Gregersdottir, formaður Sænska félagsins á Íslandi, segir að krabbaveislur á vegum félagsins hafi tíðkast um árin en að þetta sé í fyrsta sinn sem gestum og gangandi gefst kostur á að mæta í veisluna. „Þetta er tíminn þegar vatnakrabbarnir eru veiddir í vötnunum og það er stórmerkilegt hvernig það fer fram, ég er reyndar enginn sérfræðingur í því en þetta er veitt um nóttina með vasaljósum og búrum,“ segir Matilda. Beitan er sett í búrin sem eru í vatninu og svo er beðið eftir að krabbinn láti freistast. Þegar krabbarnir eru veiddir eru þeir brúnir og fremur ófrýnilegir en þegar búið er að sjóða þá verða þær skærrauðir og girnilegir.

„Í ágúst er „Kräftskiva“ eins og það heitir á sænsku og það er oft haldið utanhúss því það er mjög subbulegt,“ segir Matilda og bætir við að mjög skemmtileg stemning fylgi hátíðinni. Fólkið situr úti og plokkar kjötið úr skeljunum og drekkur og syngur á meðan. „Þegar krabbarnir eru veiddir eru þeir soðnir í stórum pottum með dilli, króndilli sem er ákveðin tegund sem fæst ekki hér, og svo er þetta borðað kalt svo þetta er bara eins og ópillaðar rækjur,“ segir Matilda.

Matilda segir að sænski vatnakrabbinn sé mjög dýr og margir borði krabba sem er veiddur í Tyrklandi og Kína en sænski krabbinn sé þó bestur á bragðið. Hún segir að skelinni utan af dýrinu sé venjulega hent en það sé hægt að búa til súpur og sósur með því að sjóða hana.

Matilda hefur búið á Íslandi frá árinu 1998, en þegar hún bjó í Svíþjóð fór hún í krabbaveislu að minnsta kosti einu sinni á ári en veislunar hafi oft verið fleiri. „Af því að þetta er subbulegt þá notar fólk oft einhvers konar smekk eða servíettu og svo er fólk oft með til skemmtunar litla hatta, svona „kräft“-hatta“ segir Matilda.

Krabbaveislan hefst klukkan sex á laugardaginn við Óðinstorg í Reykjavík. Matilda segir að skemmtiatriði verði á boðstólum, en meðal annars mæta tveir kórar og er annar þeirra frá frægasta tónlistarskóla Svíþjóðar.

Það er Norræna félagið sem býður til veislunnar í samstarfi við Sænska félagið og Sigga Hall. Enginn ætti að láta ekta sænska veislu fram hjá sér fara enda ekki á hverjum degi sem boðið er til „Kräftskiva“ í Reykjavík.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**




**50 ára afmæli**

**Guðbjörn Gunnarsson**

*„yfir indíánahöfðinginn“*

*er á skokkinu með*

*Mick Jagger í London.*

*Innilega til hamingju með daginn*

*„Leynifélagið“*


## AFMÆLI



**Helgi Gunnlaugsson prófessor er 49 ára.**



**Birgir Hermannsson,** stjórnmálafræðingur er 43 ára.




**ÞJÓÐDANSAR** Fimm skrautlega búnar konur sýna þjóðdansa í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


hagstæðustu heildarinnkaupin
meira fyrir minna
GOÐI
þú sparar 375 kr/kg
289 kr/kg
Verð áður 664 kr/kg
Goða súpukjöt
40% verðlækkun
þú sparar 359 kr/kg
ÍSFUGL
539 kr/kg
Verð áður 898 kr/kg
Ísfugls steiktur kjúklingur
humarveisla
599 kr/pk
Nýveiddur humar 500gr.
fylgir frítt með
Uncle Ben's
Cantonese
SS
Þú kaupir SS kokteilspylsur + Uncle Ben´s Cantonese sósa
og þú færð Uncle Ben´s hrísgrjón frítt með.
MEDAL-BRENNT
GEVALIA
289 kr/pk
Gevalia kaffi 500 gr.
þessi gamli góði
ÍSLENSKUR FETA
í kryddolíu
35% verðlækkun
þú sparar 551 kr/kg
1.024 kr/kg
Verð áður 1.575 kr/kg
BK grísakótilettur Mediterranean
GARNIER
Pure
399 kr/stk
Skin pure
alvöru bragð
nýtt
frábært verð
Náttúra
PIZZA
2 fyrir 1
Náttúra pizzur
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 18. ágúst til 20. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto



# Við erum flutt út á Granda!




*Hárgreiðslustofan Salon Reykjavík hefur flutt sig um set úr Glæsibæ út á Grandagarð 5, gegnt gamla Ellingsen húsinu.*




*Vertu velkomin(n)!*

SALON REYKJAVÍK

Grandagarði 9 • Reykjavík • S. 568 5305
salon@salon.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA í útilegu

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR ÆTLAR AÐ SOFA HEIMA FRAMVEGIS



Þegar ég var barn voru foreldrar mínir mjög duglegir að fara með mig í útilegur á sumrin og ég á margar góðar minningar frá Þingvöllum, Ásbyrgi, Vaglaskógi, og Atlavík. Sjálf hef ég ekki verið jafn útileguglatt foreldri svo að í sumar ákvað ég að fara með son minn í okkar fyrstu útilegu.

Vaglaskógur varð fyrir valinu en ég gat ég ekki annað en glott aðeins á meðan við tjölduðum því við vorum með eina tjaldið á svæðinu innan um óteljandi fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Ég velti því fyrir mér hvað væri eiginlega að Íslendingum að geta ekki lengur farið í útilegu án þess að vera með eitthvert ferlíki aftan í bílnum hjá sér og kenndi lífsgæðakapphlaupinu um vitleysuna.

Við fengum frábært veður í Vaglaskógi svo við nutum bara lífsins þangað til kom að því að fara inn í tjald um kvöldið. Þá hafði kólnað verulega og það var örugglega við frostmark inni í tjaldinu. Ég skreið strax ofan í svefnpoka og reyndi að fá son minn til þess að leggjast hjá mér og halda á mér hita en honum var ekki vitund kalt og fannst alltof spennandi að vera í tjaldi til þess. Það var ekki fyrr en hann fann að nefið á mér var ískalt að hann lagðist hjá mér og hélt um það þangað til við sofnuðum.

Ég get ekki sagt að ég hafi sofið vel í tjaldinu því ég vaknaði á klukkutíma fresti skjálfandi úr kulda og um fimmleytið gafst ég upp og fór í þykka peysu og setti á mig húfu og vettlinga. Um tíuleytið vaknaði ég svo í svitabaði þar sem sólin var farin að skína og allt í einu var orðið ólíft í tjaldinu vegna hita. Við fórum því á fætur, tókum saman dótið okkar og héldum heim á leið.

Þegar ég sagði foreldrum mínum frá svaðilförinni benti pabbi mér á það að svona væru tjaldútilegur alltaf og það væru bara börn sem nytu þeirra í botn. Ég get því ekki annað en dáðst að þeim fyrir hetjuskapinn þar sem ég sé ekki fram á að fara í fleiri útilegur með syni mínum. Að minnsta kosti ekki fyrr en ég hef eignast fellihýsi eða tjaldvagn.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Landsins mesta úrval
af skotvopnum og veiðibúnaði!
Winchester
Browning
Sauer
Mauser
Blazer
Steyr Mannlicher
Bettinsoli
AYA
Bernardelli
FAIR
Sabatti
Schmidt & Bender
Kahles
Hawke
Luger
RIO
Baschieri & Pellagri
La Porte
Ameristep
Mad Dog
Allen Company
Hunters Video
Glæsileg opnunartilboð út ágúst
Bjóðum léttgreiðslur
í 12 mánuði vaxtalaust
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630
Ellingsen
–fullt hús ævintýra
Himinn og haf / SÍA

**! Kl. 12.00**

*Síðustu Föstudagshádegistónleikar Listasumars á Akureyri. Pawel Panasiuk sellóleikari og Aladár Rácz píanóleikari flytja verk eftir Bach, Chopin, Dimitrescu og Stravinsky.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Sjálfskaparvíti Sarte

Heimspeki- og menningarfélag Menntaskólans á Akureyri (HOMMA) og Leikklúbburinn Saga sýna leikritið „Fyrir luktum dyrum“ eftir Jean-Paul Sartre á Menningarnótt. Verkið hlaut fyrirtaks viðtökur þegar það var sett upp á vormánuðum og verður sérstök aukasýning í Tjarnarbíói kl. 19 á laugardagskvöldið. Verkið er í þýðingu Ásgeirs Berg Matthíassonar en Skúli Gautason leikstýrir.

Fyrir luktum dyrum er eitt af þekktari bókmenntaverkum 20. aldarinnar og heitir á frummálinu „Huis-clos“. Það fjallar í stórum dráttum um þrjár manneskjur sem deyja og dæmast til helvítisvistar. Þegar þangað er komið komast þær að raun um að helvíti er hvorki eldur, brennisteinn né líkamlegar kvalir, heldur sér fólkið sjálft um að kvelja hvert annað í sjálfsköpuðu víti. Verkið var frumsýnt á Litla-Hrauni 12. maí síðastliðinn og var sýnt á Akureyri út maímánuð.



**AUKASÝNING Á MENNINGARNÓTT** Leikhópurinn Saga sýnir í Tjarnarbíó.i

## > Ekki missa af...

einstöku tækifæri til að sjá líflegan þverskurð af íslensku listalífi á **laugardaginn**. Á dagskrá **Menningarnætur** eru yfir þrjú hundruð viðburðir svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

sumarsýningum listasafnanna. „**Landslagið og þjóðsagan**“ í Listasafni Íslands og úrval verka úr safneign Listasafns Reykjavíkur á **Kjarvalsstöðum**.

myndlistarsýningu **Sigurðar Örlygssonar** hjá **Ófeigi** gullsmið á Skólavörðustíg 5. Óvenjulegar myndsyrpur unnar með vatnslitum sem listamaðurinn vann í tilefni af **sextugsafmæli** sínu.



**BEC STUPAK** Liðtækur VJ-listamaður á hvolfi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Götulist og goðsagnir

Sýningu bandarísku listakonunnar Bec Stupak í Galleríi Dvergi lýkur um helgina. Sýningin „no no no no no no no no no no no no there's no limit!“ er opin milli 18-19 í dag.

Bec Stupak býr og starfar í New York og hefur bæði sýnt verk sín í Bandaríkjunum en einnig í Englandi og í Rússlandi. Stupak hefur einnig getið sér gott orð og komið fram sem vj-listamaður og flutt lifandi vídeógjörninga undir nafninu Honeygun Lab.

Vídeóverk Bec Stupak, gjörningar og innsetningar eru flest af erótískum toga, með vísanir í sýrulist áttunda áratugarins, goðsagnir, mystík, götulist og ævintýri.

Gallerí Dvergur er í kjallara bakhúss á Grundarstíg 21 í Þingholtunum.

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með dagskrárlið í Menningarnæturblaði gærdagsins. Poppmessa kl. 21.30 í Fríkirkjunni er ekki í umsjón tónlistarmannsins KK heldur sér KKS um dagskrána. Lesendur eru beðnir velvirðingar á mistökunum.

# Harmræn og lauflétt tónlist í bland

**Berjadagar eru löngu orðnir fastur liður í sumardagskránni á Ólafsfirði. Hátíðin er haldin um helgina og verður fjölbreytt efnisskrá í fyrirrúmi, þar sem tangóar og verk eftir afmælisbarnið Mozart fá meðal annars að hljóma.**

„Við höfum haft það fyrir reglu að vera með vandaða dagskrá án þess þó að slá eitthvað af kröfunum. Við veljum eitthvað sem við vitum að er góð músík en líka eitthvað sem er tiltölulega aðgengilegt, bæði fyrir hlustendur og flytjendur,“ segir Örn Magnússon, forsprakki Berjadaga, sem boðar fjölbreytta og skemmtilega dagskrá á Ólafsfirði um helgina.

„Dagskráin hefst með Mozart-tónleikum við kertaljós,“ segir Örn en á tónleikunum verða fluttir píanókvintett og klarinettukvintett ásamt aríu fyrir sópran og litla hljómsveit. „Allt er þetta íðilfögur músík sem Mozart bjó til og ótrúlegt að það skuli einhver einn fæðast sem munar svo mikið um. Öll þessi verk sem hann samdi eru svo mikil gjöf sem hann hefur gefið mannkyninu,“ bætir Örn við.

Á morgun heldur dagskráin áfram með tónleikum í sveitakirkjunni þar sem flutt verða þjóðlög og andlegir sálmar frá miðöldum. „Þar verður leikið undir á langspil og simfón, sem er svona lírukassi. Svo erum við líka með litla hörpu, líru, en það var spilað á þessi hljóðfæri hér fyrr á öldum og þetta eru svona þau hljóðfæri sem við vitum um að hafi verið spilað á,“ segir Örn. Seinni part dagsins er svo sýning Herdísar Egilsdóttur á munum sem unnir eru úr roði af hlíra og laxi. „Þetta er sjávarskart og skjóður, en ég fékk aðeins forsmekkinn af því sem verður á sýningunni og get lofað því að þetta er mjög forvitnilegt og fallegir hlutir.“

Annað kvöld verða svo „Strengleikar“ í Ólafsfjarðarkirkju þar sem Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari, Gunnar Kvaran sellóleikari, Pálína Árnadóttir fiðluleikari og Unnur Sveinbjarnardóttir víóluleikari leika. Kirkjan hýsir einnig harmonikkutónleika Tatu Kantomaa á sunnudaginn þar sem hann flytur rússneska og finnska tónlist, bæði alvarlegri tónsmíðar og léttari. „Það er mikill fengur að því að fá einleikstónleika með Tatu Kantomaa en allir þekkja auðvitað hans snilli,“ segir Örn.

Létta kvöldið verður svo á sunnudaginn þar sem leikin verður ýmiss konar tónlist. „Tónlistin verður bæði harmræn, þar sem markmiðið er að ná út tárunum, og svo lauflétt tónlist, eins og tónlist frá Alpalöndunum og tangó. Argentínskur tangó kemur aðeins inn, en aðallega verður finnskur tangó sunginn. Allt verður sungið við íslenskar þýðingar sem eru gerðar sérstaklega fyrir Berjadaga, og útsetningar eftir Tatu Kantomaa sem einnig eru gerðar sérstaklega fyrir tilefnið,“ bætir Örn við.

Hægt er að nálgast ítarlegri útlistun á dagskrá Berjadaga á heimasíðu Ólafsfjarðarbæjar, www.olafsfjordur.is.

annat@frettabladid.is



**LEIKIÐ Á LÍRU** Örn Magnússon, forsprakki Berjadaga, handleikur hér líru sem leikið verður á ásamt langspili og simfón á tónleikum í Kvíabekkjarkirkju á morgun.



**ÆFT FYRIR MOZART-TÓNLEIKA** Klarinettukvintett eftir Mozart verður fluttur á tónleikum við kertaljós í Tjarnarborg í kvöld.



**ÓLAFSFJÖRÐUR** Tónlistarhátíðin Berjadagar er orðin árviss viðburður á Ólafsfirði.





**MARÍA KJARTANSDÓTTIR** Myndar fegurð íslenskrar náttúru.

# Í kuldaböndum

María Kjartansdóttir ljósmyndari opnar sýningu á Vínbarnum við Kirkjutorg á morgun. Á sýningunni „Landálfur“ eru myndir af íslenskri náttúru í vetrarbúningi.

Hluti verkanna var sýndur á „Young, Contemporary Artists“, samsýningu í Glasgow fyrr á árinu en María hefur verið búsett þar í borg undanfarið þar sem hún stundar nám í Glasgow School of Art.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

15 16 17 **18** 19 20 21

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

- 12.00 Síðustu **Föstudagshádegis tónleikar Listasumars** á **Akureyri**. **Pawel Panasiuk** sellóleikari og **Aladár Rácz** píanóleikari flytja verk eftir Bach, Chopin, Dimitrescu og Stravinsky.
- 20.30 Hljómsveitin **Ask the Slave** spilar á kaffi **Hljómalind**, frítt inn.

### LEIKLIST

- 00.00 Leikhópurinn **ELA** sýnir **Lebanon is a good place for rebirth** á sviðslistahátíðinni **ArtFart** í húsakynnum **Ó. Jónssons & Kaaber** við Sætún.
- 20.00 Leikhópurinn **Veggmyndir** frumsýnir samnefnt leikrit á sviðslistahátíðinni **ArtFart** í húsakynnum **Ó. Johnson & Kaaber** við **Sætún**.
- 21.30 Listahópurinn **Saga** sýnir **Billy Boy** á sviðslistahátíðinni **ArtFart** í húsakynnum **Ó. Johnsons & Kaaber við Sætún**
- 22.00 Leikhópurinn **B8** sýnir **Íslenzk fyndni LOL djók** á sviðslistahátíðinni **ArtFart** í húsakynnum **Ó. Johnsons & Kaaber við Sætún.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is**


Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

MIXA • fít • 60371



**„Hvað er með Ásum?“**
Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings.

**Laxárstöðvar í Aðaldal**



**Orka í iðrum jarðar!**
Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáið myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.

**Kröflustöð í Mývatnssveit**

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn



**Með krafta í kögglum!**
Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmálara við Grettissögu. Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.

**Blöndustöð, Húnaþingi**



**Kynnist Kárahnjúkavirkjun!**
Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

**Végarður í Fljótsdal**



**List og saga**
„Andlit Þjórsdæla – mannlíf fyrr og nú“. Einnig málverkasýning Hlífars Snæbjörnssonar, athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.

**Sultartangastöð ofan Þjórsárdals**



**Ísland í augum innflytjenda**
Hvaða sýn hafa innflytjendur á land og þjóð? Listsýning nokkurra innflytjenda. Skemmtidagskrá margar helgar í sumar.

**Ljósafossstöð við Sog**

Landsvirkjun
Góðir straumar í 40 ár

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar
Nánari upplýsingar á **www.landsvirkjun.is** og í síma **515 9000**

SUMARTILBOÐ Á SAMSUNG SÍMUM

SMS & MMS 5 KR* ALLAR HELGAR Í SUMAR

Síminn



SAMSUNG D820
37.980 kr.
Glæsileg hönnun. Örþunnur, með stórum TFT hágæða litaskjá og 1,3 MP myndavél sem hægt er að snúa 180 gráður. Hægt er að tengjast tölvu, handfrjálsum búnaði og blátannarsímum í gegnum blátannarbúnað.



SAMSUNG X650
14.980 kr.
Gullfallegur samlokusími, sem býður upp á alla helstu möguleikana. Meðal búnaðar má nefna VGA myndavél og hægt að taka upp hreyfimyndir, FM-útvarp, 3MB minni, 6 klukkustunda taltíma á rafhlöðu og margt fleira.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.

* Eingöngu innan kerfis Símans

# Tónar The Juliet Kilo

Bandaríski raftónlistarmaðurinn The Juliet Kilo heldur síðdegistónleika í nýjum salarkynnum í Gallerí Humar eða frægð á Klapparstíg 27 kl. 17.30 í dag. The Juliet Kilo er listamannsnafn hins bandaríska Davids Levin sem hóf að semja og taka upp tónlist undir þessu nafni árið 2003. Levin segir tónlistarmenn á borð við Sufjan Stevens, Jim O'Rourke, Ryoji Ikeda, Tom Waits og fyrirbæri eins og Nintendo-tölvuna sem helstu áhrifavalda sína.

Að venju er frítt inn.



**BLANDA MEÐ MYRKUM LAGLÍNUM** Smekkleysa kynnir The Juliet Kilo.



**UNDIRBÚNINGUR Í FULLUM GANGI** Þegar ljósmyndari Fréttablaðsins heimsótti kúbversku listakonuna Mila Pelaez var hún að leggja lokahönd á listaverkin sín í góða veðrinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kúbversk gleði og gaman

**Kúbversk menningarvika hefst í kvöld með opnun myndlistarsýningar listakonunnar Milu Pelaez og kúbverskri veislu á Barnum.**

Kúbverska listakonan Mila Pelaez og maður hennar Þorbjörn Emil Kjærbo eru hvatamenn að kúbversku menningarvikunni sem haldin verður á Barnum, Laugavegi 22, í næstu viku. „Í vikunni verður boðið upp á kúbverskan mat og drykk á Barnum alveg fram á kvöld,“ segir Þorbjörn, en að sjálfsögðu verður einnig boðið upp á fjölbreytta menningardagskrá í vikunni.

Opnun sýningar Milu er fyrsta atriðið í menningarvikunni en hún hefst klukkan tíu í kvöld á Barnum. „Þetta verður sannkölluð Kúbu-fíesta og trópíkal stemning,“ segir Þorbjörn. Sýning Milu ber heitið Höfin sjö og grímurnar hennar, en þar sýnir hún eigin málverk sem tengjast öll einhverri setningu, ljóðlínu eða spakmæli. Síðastliðið ár hélt Mila sýningu á Kaffi Kúltúr í Alþjóðahúsi og er þetta því önnur sýningin hennar hér á landi. Mila segir að menningarvikan hafi komið í framhaldi af „fíestunni“ í verkunum hennar. „Sýningin snýst um „egóin“, ástina, hatrið, lífið og dauðann og allt þar á milli,“ segir Mila sem sækir innblástur sinn í samansafn allra hennar lífa. Hún hvetur fólk til að fjölmenna á Barinn í kvöld og taka þátt í menningarvikunni. „Þetta er frábær staður til að hitta fólk, hlusta á góða tónlist, dansa og sjá sköpunina,“ segir Mila Pelaez.

Eftir því sem líður á vikuna verður boðið upp á fyrirlestra og fleira, og halda þau Erpur Eyvindarson og Tinna Þórðardóttir hvort sinn fyrirlesturinn, auk þess sem Þorbjörn er að vinna í því að fá sérfræðing um sögu og stjórnmál Kúbu til að ræða um framtíð landsins, sem stendur á suðupunkti um þessar mundir. Dansinn dunar líka á Barnum í vikunni enda Kúbverjar heimsþekktir fyrir heitt blóð og mikla dansmenningu. „Haldin verða danskvöld, salsakvöld og reggaetonkvöld, en það fer bara svolítið eftir því hvaða hópur fólks mætir og áhuga þeirra á hverju danssviði fyrir sig,“ segir Þorbjörn, sem einnig er búinn að fá Heiðar Ástvaldsson til að vera með eldheitt salsa-kvöld sem verður auglýst von bráðar.

Aðspurður segist Þorbjörn búast við því að nokkur fjöldi manns leggi leið sína á Barinn í kúbversku menningarvikunni. „Það eru um þrjátíu Kúbverjar á Íslandi og svo er hérna á Íslandi svona latínó-samfélag, þar sem spænskumælandi fólk heldur saman, ekki bara útlendingar heldur Íslendingar líka,“ segir Þorbjörn.





















# Upphitun helgarinnar

Hljómsveitin Hudson Wayne leikur á síðdegistónleikum í verslun inni 12 Tónum við Skólavörðustíg í dag. Þetta eru fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar í langa hríð en bandið er á leiðinni til Danmerkur til tónleikahalds þar sem plata þess Battle of the Banditos hefur vakið töluverða athygli. Sveitin mun leika á hinum fræga tónleikastað Loppen í Kristjaníu í lok mánaðarins. Tónleikar Hudson Wayne hefjast klukkan 17.

Tækifærið verður einnig nýtt til þess að kynna geisladisk þýskrússneska rithöfundarins og plötusnúðsins Wladimir Kaminer, Russiendisko, í tilefni af komu hans hingað til lands. Í kvöld mun kappinn troða upp ásamt fleiri góðum gestum og leika sína einstöku blöndu af rússneskri popptónlist. Fjörið fer fram á Nasa og hefst klukkan 23.



**HLJÓMSVEITIN HUDSON WAYNE LEGGUR LAND UNDIR FÓT** Leikur í 12 Tónum og síðar í Loppen í Kristjaníu.



**ÞRÍEYKIÐ MOMS SKRÁSETTI GJÖRNING GELITIN** Sýningin „Hugris“ öðlast framhaldslíf. MYND/MOM-S

# Rismikil sýning

Þríeykið MOM-S heldur sýningu á teikningum sem unnar voru í samstarfi við austurríska listahópinn Gelitin sem nýverið setti upp sýningu í Kling & Bang galleríi á Laugavegi. Sýningin verður opnuð í tískuversluninni Kronkron á Vitastíg á morgun en þar geta gestir barið augum skrásetningu félaganna á óvenjulegum gjörningi þessa heimsþekkta hóps sem margir supu hveljur yfir á sínum tíma.

MOM-S hópinn skipa listamennirnir Mundi, Morri og Schuyler en teikningar þeirra verða hluti af bók um viðburðinn sem kenndur er við „Hugris“.

„Í upphafi var okkur boðið að taka þátt í sýningu Gelitin af aðstandendum sýningarinnar og það báðum við með bros á vör enda um að ræða einn áhugaverðasta listahóp Evrópu síðastliðinna ára. Okkur varð vel til vina á meðan þeir dvöldu hér og þeir buðu okkur að koma til Vínarborgar til þess að vinna að bók um gjörninginn. Teikningarnar voru unnar á meðan á gjörningnum stóð, sem tók tæplega fimm klukkutíma í flutningi, en við höfum líka verið að bæta við fullt af teikningum undanfarið, enda er hugmyndin að skrásetja Gelitin-ævintýrið í sem víðustum skilningi, allt frá því þegar þeir komu til landsins og þar til þeir héldu af landi brott,“ segir Schuyler Maehl, einn meðlima MOM-S. „Okkur fannst kjörið að halda sýningu á myndunum eins og þær líta út í dag. Á sýningunni verður líka gaman að fá viðbrögð þeirra sem tóku þátt í gjörningnum sem áhorfendur að myndunum.“

Sýningin verður afhjúpuð kl. 18 á laugardaginn.

# Lífleg sýnishorn af litháískri menningu

**Listaflórunni á Menningarnótt berst liðsauki úr austri því litríkur hópur frá Litháen mun skemmta Íslendingum á morgun.**



ANNE GALLIEN Kemur með fríðu föruneyti til að fagna sjálfstæði og aukinni samvinnu Íslands og Litháen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í farteskinu er listflugmaður og lúðrasveit, ljósmyndasýning og líflegur sönghópur sem er býsna sannfærður um eigið ágæti. Auk þessa verður einnig undirritaður formlegur samstarfssamningur milli Reykjavíkur og höfuðborgarinnar Vilnius og forsvarsmönnum hér færðar 300 þúsund undirskriftir frá íbúum Vilniusborgar sem þakkarvottur fyrir stuðninginn sem Íslendingar veittu þegar Litháen lýsti yfir sjálfstæði árið 1990.

Heimsóknin er skipulögð af þingmanninum Gintautas Babravicius fyrir tilstuðlan forseta landsins, Valdasar Adamkus.

**Lærum hvert af öðru**

Anne Gallien, einn af skipuleggjendum dagskrárinnar frá Litháen, segist binda miklar vonir við samstarfssamninginn því þjóðirnar tvær geti lært mikið hver af annarri. „Við komum hingað til þess að fagna sjálfstæði okkar. Þessar tvær þjóðir eiga talsvert sameiginlegt, til dæmis finnst mér bæði Litháar og Íslendingar eiga það sammerkt að vera opnir en þó íhaldssamir gagnvart hefðum,“ segir hún. „Ég er viss um að Íslendingar munu reynast okkur vel og hjálpa til við að auka víðsýni í Litháen, meðal annars varðandi mannréttinda- og skólamál. Við getum til dæmis nefnt Gay Pride sem var bælt niður í Litháen þar til á síðasta ári.“ Sjálf starfar Anne meðal annars við kennslu í heimalandi sínu en hún segist vilja vinna að því að efla skólastarf og hjálpa munaðarlausum börnum enda áréttar hún að menntamálin séu einna mikilvægust við uppbyggingu í landinu.

**Listafólk og góðir gestir**

Mörgum aðdáendum Eurovisionsöngvakeppninnar er frammistaða litháíska söngflokksins LT United í fersku minni en rjómi þarlendrar popptónlistar steig á svið í Aþenu og söng „We are the winners of Eurovision“. Hinir sönnu sigurvegarar eru mættir til þess að heilla landann upp úr skónum og munu þeir troða upp á Ingólfstorgi.



LITHÁÍSKU SNILLINGARNIR Í TRIMITAS Margverðlaunuð lúðrasveit tekur þátt í hátíðahöldum Menningarnætur.

Skrautfjöður litháíska lýðveldisins og vinsælasta lúðrasveit landsins, Trimitas, kemur einnig með og leikur við formlega opnun Menningarnætur og á ljósmyndasýningunni „Litháen - 24 stundir“ sem verður opnuð í húsakynnum TM. Daginn sem Litháen gekk í Evrópusambandið munduðu fjölmargir ljósmyndarar landsins tæki sín og tól og tóku myndir linnulaust í heila 24 tíma um allt landið. Markmið verkefnisins var að skapa framúrskarandi sýningu um sögulegan viðburð en sýningin er nú komin hingað til lands.

Síðdegis verður líka ástæða til þess að horfa til himins því litháíski listflugmaðurinn Kairys mun takast á loft og sýna kúnstir sínar yfir Reykjavíkurhöfn.

Fjörið hefst raunar í kvöld því þá leikur plötusnúður á vegum litháíska dúósins Partyzanai DJ á skemmtistaðnum Nasa ásamt skemmtikraftinum og kóngi „rússa-diskósins“, Wladimir Kaminer í kvöld. „Það er alveg frábært því við erum hingað komin til þess að fagna sjálfstæði okkar. Það er táknrænt að plötusnúðarnir skemmti fólki saman.“

Nánari upplýsingar um dagskrá Menningarnætur má finna á heimasíðunni, www.menningarnott.is. -khh






TOM PETTY



LILY ALLEN

## > Í SPILARANUM

**Tom Petty:** Highway Companion
**Under Byen:** Samme stof som stof
**Tapes 'n Tapes:** The Loon
**CSS:** Cansey de Ser Sexy
**Lily Allen:** Alright, Still

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Búdrýgindi vakna til lífsins

„Það virðast allir hafa haldið að við værum hættir en það er alls ekki rétt," segir Magnús Ágústsson, söngvari hljómsveitarinnar Búdrýginda. Ekkert hefur farið fyrir hljómsveitinni síðan önnur plata þeirra, Juxtapos, kom út fyrir jólin 2004 og segir Magnús það skrifast á annir þeirra í skóla. Nú sjá þeir fram á bjartari tíma því allir liðsmenn Búdrýginda eru að fara að klára menntaskólann. Og þá á að setja Búdrýgindi aftur á oddinn.

„Það er eitthvað stórkostlegt í uppsiglingu, við erum alla vega að leggja drög að því," segir Magnús með lymskufullum hætti. Hann fæst ekki til að gefa mikið meira upp um áform hljómsveitarinnar en viðurkennir þó að þeir gætu hugsað sér að reyna fyrir sér erlendis. Þeir ætli í það minnsta að snara nokkrum gömlum lögum yfir á ensku og sjá hvað gerist. „Við náðum ekkert að fylgja síðustu plötu eftir og erum því orðnir nokkuð spenntir fyrir því að fara aftur," segir Magnús.



**BÚDRÝGINDI** Fagnar yfirvofandi útskrift úr menntaskóla enda getur sveitin þá sinnt tónlistinni betur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




## > Plata vikunnar

**Guillemots:** Through the Window Pane

„Ein áhugaverðasta plata sem komið hefur frá Bretlandseyjum í dágóðan tíma. Virðist vera einföld og jafnvel einhæf við fyrstu hlustun en er í raun framsækin og frumleg og jafnframt aðgengileg og þægileg." - SHA



## TÓNNINN GEFINN

> Trausti Júlíusson

# Drottningin snýr aftur

Patti Smith hafði það á orði á tónleikunum sem hún hélt á Nasa fyrir tæpu ári að hún hefði gjörsamlega fallið fyrir Reykjavík og yrði að koma aftur. Tónleikarnir á Nasa þóttu frábærir og það ætti þess vegna að vera gleðiefni bæði fyrir þá sem voru á staðnum og ekki síður hina sem ekki náðu í miða í tæka tíð að Patti stendur við sitt. Hún heldur tónleika í Háskólabíói 5. september.

Í fyrra kom Patti með fullskipaða rokkhljómsveit, en í ár tekur hún bara gítarleikarann Lenny Kaye með sér. Þau ætla að spila órafmagnað og Patti ætlar að segja sögur og spjalla á milli laga. Hún gerði reyndar töluvert af því í fyrra líka. Patti er stundum kölluð amma pönksins. Frægasta plata hennar, Horses, sem kom út árið 1975 er háværi og kraftmikil gítarrokkplata og Patti er þekkt fyrir villta og kraftmikla tónleika. Það kemur þess vegna kannski einhverjum á óvart að hún ætli að spila órafmagnað. Ef ferill Pattiar er skoðaður þá er það samt ekkert skrítið. Patti hefur alltaf sett orðið í öndvegi. Það er ekki að ósekju sem hún er kölluð eitt af hirðskáldum rokksins. Það má segja að hún sé að snúa aftur til upprunans því að í upphafi ferilsins í New York snemma á áttunda áratug síðustu aldar las hún ljóðin sín gjarnan við gítarundirleik Lennys. Þeir sem hafa heyrt hana fara með ljóð eins og Piss Factory vita líka að hún þarf engin rafmagnshljóðfæri til þess að búa til læti. Röddin dugir.



En við hverju er að búast? Patti og Lenny hafa haldið nokkra tónleika tvö saman undanfarið, t.d. á Latitude-tónlistarhátíðinni í Bretlandi. Þau spiluðu flest þekktustu lög Pattiar og enduðu á almagnaðri útgáfu af Gloriu. Hún var svo mögnuð að Antony sem var meðal áheyrenda þurfti að eigin sögn að „láta bera sig burt á sjúkrabörum" eftir tónleikana. Það hljóta að vera meðmæli!








**Á UPPLEIÐ** Ungu piltarnir í Oh No! Oh My! hafa að undanförnu vakið umtal víða um netheiminn fyrir plötu sem þeir gáfu sjálfir út og nú virðist plötusamningur í nánd.

# Orðsporið getur gert kraftaverk

**Ýmsir tónlistarmenn hafa að undanförnu verið að koma sér á framfæri með því að gefa sjálfir út plötur sínar og treysta síðan á netmiðla. Slíkt hefur borgað sig upp hjá nokkrum hljómsveitum eins og Steinþór Helgi Arnsteinsson hefur komist að.**

Með tilkomu internetsins hefur flæði tónlistar um heiminn breyst gríðarlega og þannig hefur orðið auðveldara fyrir tónlistarmenn að koma tónlist sinni á framfæri, gömul sannindi en jafnframt dagsönn. Margar áður óþekktar hljómsveitir nutu góðs af þessari þróun og má þar til dæmis nefna Sigur Rós sérstaklega.

**Koma sér á framfæri hjá mp3-bloggurum**

Á síðustu árum hafa síðan svokölluð mp3-blogg orðið vinsælli og vinsælli. Heimasíður á borð við stereogum.com, fluxblog.org og music.for-robots.com fá tugþúsundir gesta á hverjum degi og þess vegna þykir mjög eftirsóknarvert hjá tónlistarmönnum að fá lög sín kynnt á þessum síðum. Margir tónlistarmenn hafa þannig komist að þeirri niðurstöðu að það þýði ekkert að vera að reyna að troða sér upp á plötufyrirtækin og því sé mun betra að gefa sjálfur út plötuna sína í byrjun, koma sér á framfæri á netinu og vona að orðsporið rati til plötufyrirtækjanna.



**KOMNIR Í VIRGIN** Tapes´n Tapes skrifaði nýlega undir samning hjá XL plötufyrirtækinu sem hefur gert það að verkum að plötur þeirra má sjá á áberandi stöðum í stórum plötuverslunum á borð við Virgin Megastore.

**Góður dómur hjá Pitchfork gullsígildi**

Í þessu samhengi má nefna tvær hljómsveitir, Clap Your Hands Say Yeah og Tapes ´n Tapes. Báðar þessar sveitir byrjuðu á því að gefa sjálfar út plötu sína en unnu síðan hörðum höndum að því að dæla tónlist sinni um netið auk þess sem þær fengu báðar mjög góða dóma hjá ýmsum tónlistarmiðlum á borð við Pitchforkmedia.com. Á endanum gat hvorug sveitin annað eftirspurn eftir plötunum sínum og eru hljómsveitirnar nú báðar komnar undir hatt plötufyrirtækja. Nýjasta hljómsveitin sem virðist vera að fylgja í fótspor þessara tveggja sveita er hljómsveitin Oh No! Oh My! sem þegar hefur fengið gríðarlega góða sölu hjá plötunetversluninni insound.com og virðist stutt í það að meðlimir hennar skrifi undir samning hjá plötufyrirtæki.

**MySpace gerir tónlistarfólki gott**

Nýjasta viðbótin við þessa leiðir netsins til þess að koma tónlist sinni á framfæri er hið gríðarstóra fyrirbæri myspace.com. Hefur það þróast út í að vera frábær vettvangur fyrir ýmiss konar tónlistarmenn til að koma sér og sinni tónlist á framfæri, með því að bæta við vinum í hrönnum. Þakkar til dæmis nýjasta stjarna breska poppsins, Lily Allen, vinsældir sínar MySpace. Internetið hefur einnig gert það að verkum að úrval tónlistar hefur aukist gríðarlega, framboðið er í raun meira en eftirspurn, þó að aldrei verði of mikið af góðri tónlist í heiminum. Þróunin getur samt vart verið af hinu illa því nú leita plötufyrirtækin frekar til hljómsveitanna en öfugt og slíkt hlýtur að bjóða upp á meira svigrúm fyrir tónlistarmennina.



**ORÐNIR „FRÆGIR"** Clap Your Hands Say Yeah hefur á örskömmum tíma náð gríðarlegri hylli víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR

## GULLMOLINN THE KINKS ... ARE THE VILLAGE GREEN PRESERVATION SOCIETY

Raymond Douglas Davies og félagar í The Kinks eru Íslendingum að góðu kunnir. Sveitin hélt tvívegis tónleika hérlendis á hátindi ferilsins og forsprakkinn Ray hefur síðan tvisvar komið hingað til tónleikahalds. Village Green... er oft kallað meistaraverk hljómsveitarinnar, þeirra Sgt. Peppers. Platan kom út árið 1968 og féll óneitanlega í skuggann af White Album Bítlanna og Beggars Banquet með Rolling Stones. Hún var líka af allt öðrum meiði en þær tvær og aðrar vinsælar plötur þess tíma. Á meðan Stones sungu um djöfulinn og fleira og Bítlarnir um byltingu voru yrkisefni Davies fortíðin, eins konar upphafin nostalgía um gamla vini, kærustur og æskuna.

Þó Village Green... hafi farið fram hjá mörgum tónlistarunnendum þegar hún kom út hefur platan í seinni tíð fengið réttan virðingarsess. Árið 2004 kom út þreföld útgáfa af henni þar sem upprunalega útgáfan var bæði í mónó og steríó auk þess að yfir 30 aukalög fylgdu með. Þessi endurútgáfa er glæsileg og var til að mynda valin besta endurútgáfa ársins í tímaritinu Uncut.



Meðal eftirminnilegustu laga plötunnar eru Big Sky, Do You Remember Walter og Village Green, þó í raun sé erfitt að ætla að velja ákveðin lög fram yfir önnur. Það segir líka ansi margt um gæði lagasmíðanna að hvorki Ray né Dave Davies komst ekki á upprunalega útgáfu Village Green.

## FYRST OG SÍÐAST

„Fyrstu hljómplöturnar voru klárlega Hattur og Fattur, Eldfærin og Kaffibrúsakallarnir,“ segir Guðrún Dís Emilsdóttir, markaðsráðgjafi og fyrrverandi útvarpskona. „Þar sem ég var mikil strákastelpa sem barn þá fór ég að ráðum eldri bræðra minna og fjárfesti í Bad með Michael Jackson og Welcome to the Pleasuredome með Frankie Goes to Hollywood um leið og geisladiskarnir ruddu sér til rúms. Madonna og Metallica komu síðan sterkt inn á gelgjunni. Nýlega fékk ég gefins diskinn Takk... með Sigur Rós og eðal remix-dansplötu sem DJ Leibbi sauð saman, auk frumraunar íslensku strákanna í Shadow Parade sem kemur út á næstunni og er óhætt að mæla með. Síðasta plata sem ég keypti sjálf prívat og persónulega er alger klassík en það er The Beatles 1967-1970.“





**GUNNA DÍS** Eignaðist ung plötur með Michael Jackson og Frankie Goes to Hollywood.

## Í BÚNINGSHERBERGINU GUNS N' ROSES



### Fyrir Axl Rose

Hunang
Ribeye-steik
Skinka og kalkúnn
Stór krukka af Hellman‘s majónesi
Stór pítsa með pepperoni
Snakk og sýrður rjómi
16 stór glös
Kassi af Evian-vatni
Dom Perignon kampavín
Sælgæti



### Fyrir hljómsveitina

Kjöt
Snakk og ídýfur
Stolichnaya vodka
Jack Daniels og Jägermeister
Bjór og gosdrykkir
Klámblöð



## > Lög vikunnar



**The Who - Wire and Glass** Fyrsta lagið í 25 ár.

**Ske - Jumper** Poppslagari með nýja söngvaranum, Höskuldi Ólafssyni úr Quarashi.

**Regina Spektor - On the Radio** Svalari útgáfan af Noruh Jones.



**Scissor Sisters - I Don’t Feel like Dancin’** Skærasystrurnar hamra járnið meðan enn er velgja í því.



**Justin Timberlake - Sexyback** Poppkonungurinn lætur að sér kveða að nýju.

## NÝJAR PLÖTUR



### BOGOMIL OG FLÍS: Bananaveldið

„Bananaveldið er vel heppnuð og lifandi tökulagaplata sem sýnir að gömlu kalypsó-smellirnir svínvirka enn í dag.“ TJ

### DR. MISTER & MR. HANDSOME: Dirty Slutty Hooker Money

„Þrátt fyrir nokkur fín lög er fyrsta plata Dr. Mister & Mr. Handsome of misjöfn að gæðum til þess að það sé hægt að mæla með henni.“ TJ

### FIELDS: 7 From the Village

„Þórunn Antónía og félagar hennar í Fields geta verið stolt af frumraun sinni. Afbragðs breiðskífa sem hefur þann eina galla að vera allt of stutt.“ BÖS

### MUSE: Black Holes & Revelations

„Fjórða plata Muse er þeirra besta. Stundum eru þeir þó hættulega nálægt því að vera of tilgerðarlegir, en þegar allt kemur til alls er hljómur þeirra magnaður, og algjörlega þeirra eigin.“ BÖS

### PEACHES: Impeach My Bush

„Þriðja breiðskífa elektró-sorakjaftsins Peaches er svipuð og hinar tvær. Ögrandi, grípandi og stuðandi.“ BÖS

### EBERG: Voff voff

„Eberg stimplar sig inn með flottri plötu sem gefur góð fyrirheit um framhaldið. Love Your Bum er án efa eitt af lögum ársins.“ HDM

### SUFJAN STEVENS: The Avalanche

„Sufjan Stevens safnar saman á plötu „afgöngum“ sem hann samdi fyrir síðustu plötu en komust ekki alla leið. Niðurstaðan er líklegast með betri plötum sem eiga eftir að koma út á þessu ári.“ BÖS

### SNORRI SNORRASON: Allt sem ég á

„Hvíti kóngurinn sendir frá sér ófrumlega, bitlausa og óeftirminnilega Ædolplötu. Ekki er þó við Snorra að sakast, þannig séð. Hann skilar sínu ágætlega en líður fyrir hugmyndasnauðar lagasmíðar og einsleitar útsetningar. Íslenskir tónlistarkaupendur hljóta að krefjast meiri gæða frá stærsta tónlistarútgáfufyrirtæki landsins.“ SHA







REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR PÆLIR Í MINNISLEYSI OG VIÐJUM VANANS

# Gísli, Eiríkur eða Helgi?

Ég var stödd í sumarbústað um daginn með ansi skemmtilegu fólki. Við leiddum spjallið að nafnapælingum og komumst að því að við höfum öll upplifað misskemmtileg augnablik þar sem nöfn eru í aðalhlutverki. Ég hef til dæmis gerst svo fræg að kalla alla mína kærasta röngu nafni. Þá tekst mér að kalla þá nöfnum sem ég hef áður vanist að segja, nefnilega nöfnum fyrrverandi kærasta. Þetta hefur gerst þrisvar eða fjórum sinnum og ég er farin að átta mig á því að ég þarf passa mig á þessu því slík nafnabrengl geta haft ansi leiðinlegar afleiðingar. Einn yrti varla á mig í tvo daga þegar ég kallaði hann nafni fyrrverandi kærasta míns en sá fór víst alveg svakalega í taugarnar á honum. Það var alveg sama hversu oft og mikið ég baðst afsökunar, ekkert virtist vera að virka og ég fékk að húka í skammarkróknum í 48 klukkustundir. Þegar ég sagði sumarbústaðafélögum mínum frá þessum hrakförum mínum kom í ljós að þau höfðu öll gert sömu mistök og ég.

Í framhaldi af þessum vangaveltum verð ég eiginlega að segja ykkur frá atviki sem ein vinkona mín lenti í og tengist einmitt nafnaveseni. Hún hafði farið heim með manni af djamminu en verið allsvakalega vel í glasi. Þegar hún vaknaði morguninn eftir hafði hún ekki minnstu hugmynd um það hvar í veröldinni hún var stödd eða hver maðurinn væri sem lá við hliðina á henni. Þegar hún stóð á fætur vaknaði hann og var hinn glaðasti. Hann kippti henni aftur upp í, stökk á fætur og sagðist ætla að færa henni morgunmat í rúmið með öllu tilheyrandi. Hún var að sjálfsögðu eins og kleina og lék með honum leikinn af einskærri skömm yfir minnisleysinu. Þegar þau svo gæddu sér á morgunmatnum ákvað hún að reyna að fiska upp úr honum hvað hann héti því hún hafði ekki getað fundið neitt sem gaf það til kynna. Þá sagði hún þessa frægu setningu sem við vinkonurnar erum allar búnar að hlæja mikið að; hvað varstu eiginlega kallaður þegar þú varst lítill? Maðurinn, sem heitir Sigurður, sagði að sjálfsögðu: þá var ég kallaður Siggi, alveg eins og í dag. Þvílíkt og annað eins endemis klúður hef ég sjaldan heyrt enda var hausinn á henni verulega marineraður í martínii.

Önnur vinkona mín gerði álíka hallærislegan skandal. Hún fór heim með sætum gæja og vaknaði svo við hliðina á honum um morguninn og hrjáðist af þessu umrædda og vel þekkta minnisleysi. Þegar þau vöknuðu í morgunsárið fóru þau að spjalla í von um að kynnast ögn betur. Þá sagði hann henni eina góða sögu en hann hafði þann undarlega sið að tala alltaf um sjálfan sig í þriðju persónu og þegar hann hafði sagt nafnið Arnar, sem var hans eigið, nokkrum sinnum spurði hún: bíddu Arnar, er það bróðir þinn?




KLOSSARNIR VINSÆLU!

KLOSSAR - KLOSSAR- KLOSSAR - KLOSSAR-KLOSSAR - KLOSSAR



2.995 kr. -

stærðir: 36-46

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109




OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16


# Karlstripparar lofa ógleymanlegu kvöldi

**Átta spengilegir sveinar úr Chippendales-fatafellu-hópnum komu til landsins í gær. Þeir voru í meira lagi upplitsdjarfir og sviptu sig klæðum fyrir utan Broadway þar sem þeir ætla að trylla íslenskar konur annað kvöld með mjaðmahnykkjum og bossadillingum.**

„Við erum mjög spenntir og þetta verður alveg æðislegt,“ sagði vöðvastælta fatafellan Stevie Kaders þegar hann skoðaði sig um á Broadway í gær en þar mun hann skaka sig munúðarfullur ásamt sjö félögum sínum annað kvöld.

Strípalingarnir komu til landsins í gær og Stevie segir þá ákveðna í að bjóða íslenskum konum upp á ógleymanlega kvöldstund. „Við stefnum að því að gera þær alveg óðar. Þetta er þeirra kvöld og þær mega vera eins ágengar og þær vilja og mega endilega sleppa fram af sér beislinu. Þannig viljum við að þetta sé.

Chippendales-hópurinn hefur starfað í 38 ár og ekki síst gert garðinn frægan í Las Vegas. Sviðið á Broadway er því öllu smærra í sniðum en dansararnir eiga að venjast en Steve setur það ekki fyrir sig. „Þetta er flott svið og lýsingin er frábær þannig að við verðum ekki í neinum vandræðum með að trylla áhorfendur.“

Kempurnar halda heimleiðis á sunnudag en ætla í millitíðinni að reyna að skoða sig sem mest um á Íslandi og kynna sér næturlíf Reykjavíkur. „Chippendales hafa aldrei komið til Íslands áður og við erum mjög spenntir. Við höfum heyrt að íslenskar konur séu villtar og skemmtilegar og við ætlum að reyna að faðma og kyssa þær allar.“ - þþ




**STEVIE OG FÉLAGAR** Sýna hluta af þeim herlegheitum sem þeir ætla að flagga á Broadway annað kvöld en þeir eru að sögn flottustu kropparnir í Chippendales-dansflokknum sem hefur gert það gott í 38 ár og fækkað fötum um allan heim.


Ekki missa af þessu!

Wladimir Kaminer höfundur metsölubókarinnar Plötusnúður Rauða hersins og víðfrægur diskótekari er staddur á Íslandi helgina 18.–20. ágúst.



Föstudagur 18. ágúst – Kaminer áritar diska sína í Tólf tónum, Skólavörðurstíg 15, kl. 17.00.

Föstudagur 18. ágúst – Rússadiskó á Nasa. Húsið opnar kl. 23.00, aðgangseyrir 500 kr.

Laugardagur 19. ágúst – Upplestur í Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18, kl. 21.00.



Edda
edda.is




**OCEAN'S GENGIÐ** Myndirnar tvær nutu mikilla vinsælda meðal kvikmyndahúsagesta enda stórstjörnur í hverju horni.

# Pacino í Ocean's 13

Al Pacino hefur verið ráðinn til að leika Willy Banks í þriðju kvikmyndinni um Danny Ocean og hinn stelsjúka félaga hans, en Banks er vellauðugur hóteleigandi í Las Vegas. Pacino hefur verið talinn einhver fremsti leikari Hollywood og fékk Óskarinn fyrir túlkun sína á herforingjanum Frank Slade í Scent of a Woman þótt mörgum hafi fundist hann eiga styttuna frekar skilið fyrir hlutverk á borð við Tony Montana í Scarface, Michael Corleone í Godfather-þríleiknum að ógleymdum Serpico í samnefndri mynd.

Myndirnar um Ocean¿s - gengið hafa slegið í gegn enda stórstjörnur í nánast hverju horni. Steven Soderbergh sér sem fyrr um leikstjórnina en meðal annarra leikara nægir að nefna Don Cheadle, Brad Pitt, George Clooney og Matt Damon. Þá er orðrómur á kreiki um að Ellen Barkin ætli að taka að sér hlutverk í myndinni auk söngkonunnar Celine Dion. Tökur standa nú yfir í Las Vegas og er reiknað með að myndin verði einn af sumarsmellum næsta árs.



**AL PACINO** Leikur Willy Banks í þriðju myndinni um Danny Ocean og félaga.



Allt að
70%
afsláttur

STÓRÚTSALA







Parket - flísar - náttúrusteinn - hurðir - þiljur - baðtæki

Egill Árnason hf
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| SNAKES ON A PLANE | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MIAMI VICE | kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 10.50 |
| THE SENTINEL | kl. 8 og 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| SILENT HILL | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| OVER THE HEDGE ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| OVER THE HEDGE ENSKT TAL | kl. 4 |
| STICK IT | kl. 8 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| SNAKES ON A PLANE | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| A PRAIRIE HOME COMPANION | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |
| SILENT HILL | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| CLICK | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| DA VINCI CODE SÍÐ. SÝNINGAR | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| SNAKES ON A PLANE | kl. 8 og 10 B.I. 16 |
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 |
| THE SENTINEL | kl. 6 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 6 |

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað




## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn **Vince Vaughn** gerði grín að **Angelinu Jolie** við kærustu sína, **Jennifer Aniston**, um daginn þegar hún var að biðja hann um að gefa sér hund. Vaughn svaraði að þau gætu sko aldeilis fengið sér hund og bætti því við að þau gæti ættleitt hunda frá hverri heimsálfu. Eins og kunnugt er þá á Jolie þrjú börn, **Maddox** frá Kambódíu, **Zahöru** frá Eþíópíu og svo er hún nýbúin að eignast stúlkubarn með kærasta sínum, **Brad Pitt**, sem heitir **Shiloh** og fæddist í Namibíu. Brad Pitt er fyrrverandi eiginmaður Jennifer Aniston en þau skildu eftir að upp komst um framhjáhald hjartaknúsarans með Jolie.

Leikkonan og nýbakaða móðirin **Katie Holmes** vill byrja að vinna aftur eftir barnsburðarleyfið. Það virðist þó ætla að verða þrautin þyngri því framleiðendur eru hræddir um að ef þeir ráða Holmes muni **Tom Cruise** skipta sér of mikið af kvikmyndatökunum.



Holmes er eins og kunnugt er trúlofuð Cruise og hefur samband þeirra verið mikið í fjölmiðlum einkum vegna þess hversu stjórnsamur Cruise er við unnustu sína.

Engillinn **Drew Barrymore** hefur lýst því yfir að hún sé farin að huga að barneignum. Leikkonan segist bæði vilja eignast barn sjálf og ættleiða börn en kærasti hennar



er trommuleikaranum í hljómsveitinni The Strokes og heitir sá **Fabrizio Moretti**. Barrymore segir að þau verði bæði að fara á námskeið í heimilishaldi áður en þau eignast börn því hvorugt þeirra skötuhjúanna kann að elda mat.







# Nýtt stjörnupar

Tímaritið US Weekly hefur greint frá því að ástæðan fyrir skilnaði Kate Hudson við eiginmann sinn Chris Robinson sé að hún er byrjuð að slá sér upp með leikaranum góðkunna Owen Wilson. Hudson og Wilson leika saman í myndinni „You, Me and Dupree“ sem frumsýnd verður á næstunni hérlendis og hefur fengið góðar viðtökur vestanhafs. Skötuhjúin eru samkvæmt heimildarmönnum tímaritsins ástfangin upp fyrir haus og Hudson mun hafa eytt mörgum nóttum á heimili Wilsons í Santa Monica. Lögfræðingur Wilsons segir hins vegar að hann sé ekki ástæðan fyrir skilnaðinum og vilja talsmenn leikaranna ekki staðfesta þennan orðróm.



**YFIR SIG ÁSTFANGIN** Kate Hudson og Owen Wilson hittust við tökur á kvikmyndinni „You, Me and Dupree“ og eru farin að slá sér upp.

# Heltekin af hjónabandinu

Leikarinn ungi Ashton Kutcher getur ekki hætt að tala um hjónaband sitt og leikkonunnar Demi Moore. Kutcher segist vera hugfanginn af hjónabandinu og fjölskyldunni og að hann hafi aldrei getað trúað því hversu skemmtilegt hjónaband er. „Ég get bara ekki hætt að tala um hjónabandið. Það er svo frábært,“ segir Ashton Kutcher í viðtali við bandaríska tímaritið Parade.

Kutcher og Moore vöktu mikla athygli þegar þau byrjuðu saman, sérstaklega vegna aldursmunarins, en 15 ár eru á milli þeirra. Skötuhjúin giftu sig í september á síðasta ári og varð Kutcher þá stjúpfaðir þriggja dætra Moore sem hún á með fyrrverandi eiginmanni sínum Bruce Willis. „Ég elska engan í heiminum meira en stelpurnar þrjár og móður þeirra,“ segir Kutcher ánægður með sitt nýja líf sem fjölskyldufaðir.



**ENDALAUS HAMINGJA** Demi Moore og Ashton Kutcher hafa nú verið gift í ár og eru ástfangin upp fyrir haus.








## Stórt tap fyrir Grikklandi

U16 landslið pilta í körfubolta tapaði sjötta leik sínum í röð í A-deild Evrópumótsins á Spáni í gær þegar það beið lægri hlut fyrir Grikkjum 68-95. Sigmar Logi Björnsson var stigahæstur í íslenska liðinu með fjórtán stig en það hefur tapað öllum leikjum sínum til þessa og mun leika um 13.-16. sætið.

# sport

sport@frettabladid.is

SÓKNARMAÐURINN GARÐAR GUNNLAUGSSON: FER VEL AF STAÐ MEÐ NORRKÖPING Í SVÍÞJÓÐ

## *Ég smellpassa inn í Norrköping*



Sóknarmaðurinn Garðar Gunnlaugsson gekk í raðir sænska liðsins Norrköping fyrir skömmu og er að koma sér fyrir þar ytra. Hann hefur farið vel af stað í sænska boltanum og skorað tvö mörk í þeim þremur leikjum sem hann hefur leikið til þessa. Hann var ekki lengi að finna fjölina og segist smellpassa inn í liðið.

„Þetta er alltaf spurningin um að ná fyrsta markinu og sem betur fer kom það snemma hjá mér. Strax í fyrsta leik fékk ég tækifæri í byrjunarliðinu vegna meiðsla í liðinu, svo skoraði ég í öðrum leiknum og í þeim þriðja var Stebbi (Stefán Þórðarson) í banni og þá var ég settur á toppinn og náði líka að skora,“ sagði Garðar Gunnlaugsson sem er annar íslenski leikmaðurinn í herbúðum liðsins.

„Flestir leikmenn liðsins eru í kringum 25 ára aldurinn. Þetta er mjög opinn og skemmtilegur hópur, það komu tíu nýir leikmenn fyrir þetta tímabil og mér hefur verið tekið mjög vel. Þetta er miklu betra en ég bjóst við,“ sagði Garðar en Norrköping spilar leikkerfið 4-3-3. Hann var á vinstri vængnum í sóknarlínu liðsins fyrstu tvo leikina en fremstur í þeim þriðja.

Norrköping leikur í næstefstu deild í Svíþjóð og er þar í toppbaráttunni. Íslendingarnir tveir hjá liðinu voru á sínum tíma samherjar hjá liði ÍA. Síðasta vetur fór Garðar til skoska liðsins Dunfermline en þar gekk ekki nægilega vel og kom hann því aftur til Vals. Fyrstu dagarnir í Svíþjóð lofa þó góðu.
„Það hefur verið sól og 25 stiga hiti hér í Svíþjóð síðan ég kom, menn segja að þetta hafi verið besta sumarið í hundrað ár. Ég er ennþá á hóteli og er að bíða eftir að íbúðin mín losni en það gerist vonandi þann 1. september. Ég er einn hérna með litla stráknum mínum og það er svoldið erfitt að hafa hann uppi á hótelherbergi en samt fínt að hafa hann hjá mér. Þá hefur maður eitthvað að gera,“ sagði Garðar Gunnlaugsson.

### > Skjern heimsækir Hauka



Danska handboltaliðið Skjern er um þessar mundir á Íslandi og mun í kvöld mæta Haukum í æfingaleik. Liðið hefur verið við æfingar á Laugarvatni en þjálfari þess er Aron Kristjánsson, fyrrverandi leikmaður Hauka. Annar gamall Haukamaður er í liðinu en það er Vignir Svavarsson. Þá eru þeir Jón Jóhannesson og Vilhjálmur Halldórsson einnig í herbúðum þess. Leikurinn í kvöld verður síðasti liðurinn í heimsókn Skjern hingað til lands en hann hefst klukkan 19.30 og verður á Ásvöllum.



**ALVARLEG MEIÐSLI** Owen meiddist illa á HM. NORDICPHOTOS/GETTY

Áfall fyrir Michael Owen og Newcastle:

## Owen ekkert með í vetur?

**FÓTBOLTI** Líkur eru á því að enski landsliðsmaðurinn Michael Owen spili ekkert með Newcastle í ensku úrvalsdeildinni á tímabilinu vegna meiðsla. Hann sleit liðbönd í hné á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í sumar og reiknar Glenn Roeder, stjóri Newcastle, ekki með honum á komandi leiktíð.

„Talað er um að hann snúi aftur í mars en þá á hann eftir að koma sér í form og ekki verður mikið eftir af mótinu þá,“ sagði Roeder. Newcastle keypti Owen frá Real Madrid fyrir sautján milljónir punda í ágúst 2005 en hann missti af seinni hluta tímabilsins 2005-06 vegna fótbrots. **- egm**









# Eiður hvíldi gegn Espanyol

**Knattspyrnutímabilið á Spáni hófst með formlegum hætti í gær er Barcelona vann 1-0 sigur á Espanyol í fyrri leik liðanna um Ofurbikarinn. Eiður Smári Guðjohnsen var á varamannabekk Börsunga í gær og fékk ekki að spreyta sig.**

**FÓTBOLTI** Spænska knattspyrnutímabilið hófst í gær er Barcelona og Espanyol mættust í fyrri viðureign sinni um Ofurbikarinn sem Spánar- og bikarmeistarar síðasta tímabils kljást um árlega. Þetta var einnig fyrsti stóri leikur Eiðs Smára Guðjohnsens fyrir félagið síðan hann fór til félagsins frá Englandsmeisturum Chelsea í sumar en hann var á varamannabekk liðsins í gær.

Reyndar voru allir þeir þrír nýju leikmenn Barcelona á bekknum í gær, en ásamt Eiði Smára voru það Frakkinn Lilian Thuram og Ítalinn Gianluca Zambrotta. Frank Rijkaard vildi í fyrsta leik tímabilsins stóla á þá leikmenn sem höfðu reynst honum svo vel á því síðasta þegar liðið varð spænskur meistari sem og Evrópumeistari.

Leikurinn fór fram á Ólympíuleikvanginum í Barcelona, heimavelli Espanyol. Og það voru heimamenn sem byrjuðu betur og reyndi tvívegis á Victor Valdes, í síðara skiptið eftir að miðvallarleikmaðurinn Rufete átti laglegt skot að marki eftir snarpa sókn. Valdes var vel á verði og bjargaði Evrópumeistaranum.

Ludovic Giuly fékk svo fyrsta tækifæri Börsunga í leiknum á 30. mínútu en fór illa að ráði sínu einn gegn markverði Espanyol. Hann bætti svo fyrir mistökin á 43. mínútu er hann fékk frábæra sendingu frá Ronaldinho eftir undirbúning Samuel Eto`o. Þarna sýndi sig hversu dýrmætur Ronaldinho er því fjórir varnarmenn hópuðust að honum er hann fékk boltann og gat hann því rennt boltanum á Frakkann sem var einn og óvaldaður.



**MARKINU FAGNAÐ** Ronaldinho fagnar markinu sem Ludovic Giuly skoraði eftir góða sendingu Brasilíumannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Snemma í síðari hálfleik skoruðu heimamenn mark sem var svo réttilega dæmt af vegna rangstöðu. En þrátt fyrir þetta var síðari hálfleikur frekar tíðindalítill en eitt besta færið fékk varamaðurinn Lionel Messi á 76. mínútu en Iraizoz, markvörður Espanyol, var vel á verði. Aðeins mínútu síðar sá hann svo við Ronaldinho sem komst í gott færi eftir sendingu Deco. En ekkert mark var skorað í síðari hálfleik og þar við sat.

Rijkaard notaði þrjá varamenn í leiknum í gær, þá Messi, Zambrotta og Andrés Iniesta en sá síðastnefndi hafði einnig komið inn á sem varamaður í landsleik Íslands og Spánar á þriðjudagskvöldið.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**



**HART BARIST** Fjölnismenn og HK-ingar áttust við í Grafarvoginum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tveir leikir í 1. deild karla í gær:

## HK styrkti stöðu sína

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fóru fram í 1. deild karla í knattspyrnu í gær og lauk þeim báðum með markalausu jafntefli. Í toppslagnum áttust við lið HK og Fjölnis og þurfti Grafarvogsliðið nauðsynlega á sigri að halda ætlaði það að eiga sem mesta möguleika á að tryggja sér sæti í Landsbankadeildinni að ári. En niðurstaðan var jafntefli og er því forysta HK-inga á liðið enn fjögur stig en HK er í öðru sæti deildarinnar, sex stigum á eftir Fram.

Leiknismenn færðust stigi fjær fallsætinu en þar sem liðum í deildinni verður fjölgað á næsta ári fellur aðeins eitt lið í 2. deildina í haust. Liðið gerði jafntefli við Hauka sem munu ásamt Þór frá Akureyri og Víkingi frá Ólafsvík berjast fyrir lífi sínu í deildinni þessar síðustu umferðir. **- esá**



**LEBRON JAMES** Lykilmaður í liði Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/GETTY

Að verða uppselt á HM:

## HM í Japan hefst á morgun

**KÖRFUBOLTI** Heimsmeistaramótið í körfubolta sem fram fer í Japan hefst á morgun en miðasala á keppnina hefur gengið með afbrigðum vel og er uppselt á nánast alla leiki. Riðlakeppnin fer fram í fjórum borgum í Japan, uppselt er á alla leiki í Hiroshima og Sapporo, en eitthvað mun enn vera til af miðum á leikina í Hamamatsu og Sendai.

Flestra augu munu beinast á bandaríska landsliðinu en það burstaði lið Suður-Kóreu með 53 stiga mun, 116 stigum gegn 63, í seinasta æfingaleik sínum fyrir mót. LeBron James var atkvæðamestur Bandaríkjamanna með 23 stig. Bandaríkjamenn freista þess að endurheimta heimsmeistaratitilinn en á HM í Indianapolis fyrir fjórum árum höfnuðu þeir í sjötta sæti. **- egm**




Frelsið er fætt. Allir fá að heyra það sama úr geislaspilaranum. 3ja punkta belti fyrir alla. Sjálfskiptingin sér um sig. Engin eyðslufrekja. Komdu í Brimborg. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

# Jafnréttið er franskt. Veldu C3.

Barátta Frakka um nýjar hugmyndir, frelsi og betra líf varð að byltingu. Jafnrétti varð til. Líka í hönnun Citroën C3. Frelsið er fætt. Aldrei áður hefur verið smíðaður eins bíll og C3. Nóg rými fyrir alla farþega varð að veruleika. Allir urðu jafn rétthár í sætum með betra útsýni yfir lífið og tilveruna. Skoðaðu búnaðinn í C3. Reynsluaktu. Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg Bíldshöfða 8. Kynntu þér þjónustu Brimborgar. Spurðu um sóltilboð Citroën.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



**Citroën C3 SX**
**1,4i 5 dyra, 5 gíra**
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Verð án sóltilboðs 1.629.000 kr.

**sóltilboð**

# 1.599.000 kr.

**Sóltilboð á sjálfskiptum Citroën C3, 1,6i 5 dyra**
**Til viðbótar aðeins 100.000 kr. og þú færð 16" álfelgur í kaupbæti**

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C3:**

- Aksturstölva
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- 4 öryggispúðar
- Loftpúði farþega aftengjanlegur með lykli
- Rafdrifnar rúður framan
- Rafdrifnir útispeglar
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- Upphitanleg sæti
- Armpúðar á framstólum
- Velti- og aðdráttarstýri
- Geislaspilari með fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrð samlæsing
- Stillanleg hraðaaðvörun

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C3 t.d.:**

- Álfelgur 14", 15" og 16"
- Leðuráklæði
- Vindskeið
- Dráttarkrókur
- Sílsahlífar
- Þokuljós að framan
- Hraðastillir
- 5 diska geislaspilari
- Sóllúga
- Vindhlífar á glugga
- Bakkskynjari

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

## Skoðaðu Citroën á sóltilboði í nýjum sýningarsal. Bíldshöfða 8.



**Citroën C1 SX 1,0i 3 dyra 5 gíra 68 hö***
Bílasamningur 16.669 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Sóltilboð 1.355.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.395.000 kr.



**Citroën C2 VTS 1,6i 3 dyra 5 gíra 125 hö***
Bílasamningur 21.455 kr.
Rekstrarleiga 33.600 kr.
Sóltilboð 1.749.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.849.000 kr.



**Citroën C3 SX 1,4i 5 dyra 5 gíra 75 hö***
Bílasamningur 19.730 kr.
Rekstrarleiga 30.900 kr.
Sóltilboð 1.599.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.629.000 kr.



**Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i 3 dyra 5 gíra 110 hö***
Bílasamningur 22.559 kr.
Rekstrarleiga 34.300 kr.
Sóltilboð 1.839.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.919.000 kr.



**Citroën C4 SALOON 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö***
Bílasamningur 22.928 kr.
Rekstrarleiga 34.900 kr.
Sóltilboð 1.869.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.949.000 kr.



**Citroën Xsara Picasso Excl. 2,0i 5 dyra sjálfskiptur 137 hö***
Bílasamningur 28.205 kr.
Rekstrarleiga 42.700 kr.
Sóltilboð 2.299.000 kr.
Verð án sóltilboðs 2.399.000 kr.



**Citroën C5 X 1,8i 5 dyra 5 gíra 117 hö***
Bílasamningur 25.990 kr.
Rekstrarleiga 39.900 kr.
Sóltilboð 2.119.000 kr.
Verð án sóltilboðs 2.219.000 kr.



**Citroën C5 SX 2,0i Station sjálfskiptur 143 hö***
Bílasamningur 31.886 kr.
Rekstrarleiga 48.600 kr.
Sóltilboð 2.599.000 kr.
Verð án sóltilboðs 2.699.000 kr.



**Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísil 5 dyra 5 gíra 90 hö***
Bílasamningur 22.068 kr.
Rekstrarleiga 34.900 kr.
Sóltilboð 1.799.000 kr.
Verð án sóltilboðs 1.889.000 kr.




Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**




**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Aukabúnaður á mynd af C3 eru álfelgur, þokuljós og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Síminn

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

HEFST 31. ÁGÚST

KF NÖRD

ER HÆGT AÐ BREYTA MESTU NÖRDUM LANDSINS Í ALVÖRU KNATTSPYRNULIÐ?

Hvað gerist þegar 16 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta eru þjálfaðir í þrjá mánuði af einum besta þjálfara landsins? KF Nörd eru nýir raunveruleikaþættir þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu fram að loka leiknum við sjálfa Íslandsmeistarana í meistaraflokki karla í knattspyrnu.

sýn
besta sætið




Viðræðurnar um Hólmar Örn hafa gengið hægt og töluvert ber á milli:

# Hefur Silkeborg gefist upp?

**FÓTBOLTI** Danska liðið Silkeborg tilkynnti í frétt á heimasíðu sinni í gær að Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson myndi ganga til liðs við félagið um áramótin. Samningur Hólmars við Keflavík rennur út eftir þetta tímabil en Silkeborg átti í viðræðum við stjórn Keflavíkur um að fá Hólmar sem fyrst. Félagið virðist hafa gefist upp á þeim viðræðum ef eitthvað er að marka heimasíðu þess en þar segir að ekki hafi náðst samningar.

Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði dregið sig út úr þessum viðræðum en hann er faðir Hólmars. „Ég veit þó ekki betur en að viðræðurnar við Silkeborg standi enn yfir þótt þær þokist hægt. Það ber töluvert á milli og þetta mál getur dregist fram að mánaðamótum,“ sagði Rúnar en eins og staðan er núna virðast mestar líkur á því að Hólmar klári tímabilið með Keflavík og fari ekki út fyrr en um áramótin.

„Ég er búinn að skrifa undir samning við Silkeborg og hann tekur formlega gildi þann 1. janúar 2007. Þeir vilja fá mig fyrr og hafa verið að ræða við Keflavík en ég veit ekki hvernig það hefur gengið,“ sagði Hólmar sjálfur í gær. Hann verður þriðji íslenski leikmaðurinn í herbúðum Silkeborgar en fyrir hjá félaginu eru þeir Bjarni Ólafur Eiríksson og Hörður Sveinsson.

**- egm**



**HÓLMAR ÖRN** Eins og staðan er núna eru mestar líkur á því að Hólmar klári tímabilið með Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íslenskir knattspyrnumenn hafa gott orð á sér í Noregi

**Eins og er eru níu íslenskir atvinnumenn í knattspyrnu í Noregi og tveir til viðbótar sterklega orðaðir við norsk lið. Tormod Bergersen, blaðamaður Bergensavisen, segir íslenska knattspyrnumenn hafa gott orð á sér í Noregi.**

**FÓTBOLTI** Íslendingar hafa verið áberandi í norsku knattspyrnunni það sem af er tímabilinu. Veigar Páll Gunnarsson, leikmaður Stabæk, er markahæsti leikmaður deildarinnar með tólf mörk og miðvarðarparið Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason hafa gegnt lykilhlutverki hjá toppliði Brann. Kristján hefur sérstaklega vakið mikla athygli og hlotið lof fjölmiðlamanna sem enduspeglast í háum einkunnum sem hann fær fyrir frammistöðu sína. Veigar Páll er reyndar einnig ofarlega á listunum og í mörgum tilvikum í efsta sæti.

Fréttablaðið hafði samband við Tormod Bergersen, blaðamann Bergensavisen í Björgvin þar sem Brann er staðsett. „Ólafur og Kristján eru báðir góðir leikmenn sem hafa reynst liðinu vel í ár. Þeir mynda líklega eitt af besta miðvarðarpari norsku úrvalsdeildarinnar í ár. Kristján hefur verið lofaður af blaðamönnum þar sem hann er mjög harður af sér og menn hrífast mjög af leikstíl hans. En Ólafur er einnig mjög mikilvægur þar sem hann gegnir leiðtogahlutverki í vörninni og drífur félaga sína áfram.“

Bergersen segir að það sé löng hefð fyrir íslenskum knattspyrnumönnum hjá Brann og það hafi aukist þegar Teitur Þórðarson, núverandi þjálfari KR, tók við liðinu á 9. áratugnum og fékk Ólaf bróður sinn til félagsins. „Áður en ég tók við liðinu 1988 höfðu bæði Bjarni Sigurðsson og Sævar Jónsson leikið með félaginu,“ sagði Teitur. „Brann er án efa mesta Íslendingalið Noregs og má þakka því að maður að nafni Arve Mokkelbost, fyrrum unglingalandsliðsþjálfari hjá norska knattspyrnusambandinu, kynntist íslenskum knattspyrnumönnum í sínu starfi og hreifst af þeim, þeirra hugarfari og dugnaði. Það var hann sem réði mig fyrst til Brann og fékk marga Íslendinga til félagsins.“

Teitur þjálfaði Brann tvívegis og í síðara skiptið fékk hann Ármann Smára Björnsson, núvernandi leikmann FH, að láni frá Val í fáeina mánuði. „Ég vildi gjarnan semja við hann en ég hætti svo um haustið og þeir vildu þá ekki semja við hann. Þeir sjá sjálfsagt mjög eftir því nú,“ sagði Teitur en Ármann hefur verið mikið orðaður við Brann undanfarna daga.

Bergersen segir að forráðamenn Brann vilji fá Ármann Smára þar sem þeir hafa áhyggjur af Ólafi Erni. „Ólafur hefur átt í vandræðum með hnémeiðsli undanfarin ár og vilja því fá annan varnarmann til liðsins. En það er athyglisvert að þrír Íslendingar eru að berjast um sömu stöðurnar,“ sagði Bergersen.

Hann segir að íslenskir leikmenn séu vinsælir í Noregi þar sem þeir hafa gott orð á sér. „Þetta eru sterkir leikmenm, vinnusamir og harðir sem eru þar að auki mjög einbeittir að því að standa sig sem best fyrir liðið.“

Landslagið í norskri knattspyrnu hefur breyst mikið eftir að sjónvarpsstöðin TV2 keypti sjónvarpsréttinn af leikjum úrvalsdeildarinnar fyrir milljarð norskra króna. „Liðin hafa bæði notað peninginn til að byggja við og bæta leikvanga sína auk þess sem þeir eyða meiri pening í að kaupa leikmenn og borga hærri laun. Áður fyrr fóru norskir leikmenn mikið til Danmerkur og Svíþjóðar en nú er gangurinn öfugur,“ sagði Bergersen og gæti það að einhverju leyti útskýrt þann mikla fjölda íslenskra knattspyrnumanna sem leika þar.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**



**ÓLAFUR ÖRN OG KRISTJÁN ÖRN** Hafa hlotið mikið lof fyrir framimstöðu sína með toppliði Brann í norsku úrvalsdeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/BA/GEIR DILLAN

Íslandsmeistarar FH eiga í viðræðum við fleira en eitt erlent félag:

# Brann vill fá Ármann Smára í sínar raðir

**FÓTBOLTI** „Það eru mörg félög sem hafa áhuga á Ármanni, sem er ekki nema von. Hann skrifaði náttúrlega undir nýjan samning við okkur á miðvikudag en það hafa erlend félög áhuga á að fá hann og þar á meðal er Brann,“ sagði Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, við Fréttablaðið í gær. Ármann Smári Björnsson virðist því vera á óskalista nokkurra liða en þar á meðal er norska liðið Brann. Í fjölmiðlum þar í landi var sagt frá því að Ármann myndi skrifa undir þriggja ára samning við félagið í dag.

„Við erum bara að ræða við viðkomandi aðila en erum ekkert að flýta okkur. Það er leikur á sunnudaginn og ekkert sem mun gerast í þessum málum fyrr en eftir helgi,“ sagði Jón Rúnar. Ármann Smári sjálfur segir að það hafi verið rangt haft eftir sér í norskum fjölmiðlum. „Það er eitthvað í gangi í mínum málum en ég veit ekki alveg hvar boltinn er nákvæmlega,“ sagði Ármann.

Hann segist vera mjög áhugasamur fyrir því að ganga til liðs við Brann. „Ég hef verið þarna áður og þetta er mjög góður klúbbur,“ sagði Ármann en Molde sýndi honum einnig áhuga, hann heldur að sá möguleiki sé þó úr sögunni. Ármann er 25 ára og var í herbúðum Brann árið 2002 þegar hann var lánaður frá Val. **- egm**



**ÁRMANN SMÁRI** Þessi hávaxni leikmaður hefur spilað hreint frábærlega fyrir FH-inga í sumar og vakið verðskuldaða athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# VIRÐING*

Skemmtum okkur saman og sýnum hvert öðru
og borginni okkar verðskuldaða virðingu
á listagóðri Menningarnótt.



LISTAGÓÐ
MENNINGARNÓTT
19. ÁGÚST 2006

ÍTR

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

Barnavernd Reykjavíkur

*Virðing no kvk virðing fyrir <honum, henni; manninum>/<lífinu, gildi e-rs, siðum; lögum, skoðunum e-s>.
(Heimild: Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun. Höfundur: Jón Hilmar Jónsson. Útgefandi: Mál og menning Reykjavík 1994)

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS HBS 33704 08/2006



**STEVE MCCLAREN** Sagði enska liðið hafa fyllt sig stolti. NORDICPHOTOS/GETTY

Steve McClaren ánægður:

## Ánægður með vinnusemina

**FÓTBOLTI** Steve McClaren, þjálfari enska landsliðsins, var ánægður með vinnusemina hjá sínum mönnum í hans fyrsta leik við stjórnvölinn. England vann Grikkland 4-0 í vináttulandsleik á Old Trafford. „Þetta var frábær frammistaða, sérstaklega í fyrri hálfleiknum. Liðið varðist sem ein heild og stjórnaði leiknum, sýndi mikla þolinmæði og nákvæmni í sendingum,“ sagði McClaren. „Það er vonandi að ég nái að byggja upp á þessu.“ - egm

Staunton, þjálfari Írlands:

## Vorum teknir í kennslustund

**FÓTBOLTI** Steve Staunton, landsliðsþjálfari Írlands, var allt annað en sáttur við úrslitin gegn Hollandi í æfingaleik á miðvikudag. Hollendingar rúlluðu yfir Íra á þeirra heimavelli og unnu 4-0 sigur. „Við vorum á hælunum í fyrri hálfleik og við fengum sömu meðferð frá þeim og við ætluðum að bjóða upp á,“ sagði Staunton.

„Við gerðum nokkur afdrifarík mistök á meðan hollenska liðið lék mjög vel og tók okkur einfaldlega í kennslustund á okkar heimavelli,“ sagði Staunton. - egm

# Framkvæmdir eitthvað á eftir áætlun

**Unnið er hörðum höndum á íþróttasvæði Vals á Hlíðarenda en ný aðstaða félagsins verður sannkölluð bylting fyrir nær allar deildir. Stúka við nýjan aðalleikvang Vals er farin að taka á sig mynd.**

**FRAMKVÆMDIR** Aðstæður fyrir íþróttafólk á Íslandi eru sífellt að verða betri og umgjörðin fyrir áhorfendur samhliða því. Nú er stúkubygging á Laugardalsvelli langt á veg komin, knatthús að rísa um allt land og í gær var hafist handa við byggingu stúku á Kópavogsvelli svo eitthvað sé nefnt. Á Hlíðarenda er verið að reisa nýtt íþróttasvæði fyrir Val en framkvæmdirnar eru ansi viðamiklar enda verið að gera eitt glæsilegasta íþróttasvæði landsins.

„Þetta er farið að taka á sig mynd, sérstaklega núna þegar þakið er komið á stúkuna. Þetta verður vafalítið stórglæsilegt þegar þetta er fullklárað,“ sagði Ótthar Edvardsson, framkvæmdarstjóri knattspyrnudeildar félagsins, við Fréttablaðið í gær. Framkvæmdirnar eru þó á eftir áætlun en einhverjar tafir urðu á því að fá sérstaka burðarbita fyrir stúkuna. „Það er ekki alveg vitað nákvæmlega hversu langt á eftir áætlun þetta er en það er þó eitthvað.“

Vonast hafði verið eftir að handboltalið félagsins gæti farið að spila í nýja íþróttahúsinu sem verið er að reisa í desember en



**KOMIÐ ÞAK Á STÚKUNA** Stúkan við nýja aðalleikvanginn hjá Val er að taka á sig mynd en nýtt íþróttahús Vals verður samtengt henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**UNNIÐ Í BLÍÐUNNI** Unnið var við framkvæmdir í góða veðrinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

það er mjög ólíklegt eins og staðan er núna. „Það þarf að bíða aðeins lengur eftir því og liðin verða því eitthvað lengur í Laugardalshöllinni. Það er líklegt að sjálfur grasvöllurinn fyrir fótboltann verði ekki tilbúinn fyrr en í júlí,“ sagði Ótthar og því útlit fyrir að meistaraflokkur karla hjá Val hefji tímabilið á næsta ári á Laugardalsvelli.

„Svo er kannski spurning um að við leikum bara allan fyrri hlutan á næsta ári á útivöllum og eigum síðan seinni helminginn á heimavelli,“ sagði Ótthar kímnislega. Nýbúið er að setja upp þak á stúkuna við fyrirhugaðan aðalleikvang knattspyrnudeildar en hinumegin við völlinn mun síðan önnur stúka svipaðrar stærðar rísa í framtíðinni. Bakvið hana verður síðan innanhúss knattspyrnuvöllur sem ráðgert er að verði tilbúinn árið 2008.

Aðalvöllur knattspyrnudeildar mun því verða staðsettur þar sem gamli malarvöllur félagsins var. Áhorfendastúkan sem nú er verið að reisa er sambyggð nýja íþróttahúsinu sem verður talsvert stærra en það gamla sem var rifið fyrir nokkrum mánuðum. Þá verður byggð tveggja hæða tengibygging sem tengir saman nýtt íþróttahús og eldri byggingar. Auk þess verður grassvæði við hlið aðalvallarins ætlað fyrir æfingar og keppni í yngri flokkum. elvargeir@frettabladid.is




Manchester United heldur áfram að reyna að styrkja miðsvæðið hjá sér:

## Hargreaves nálgast Old Trafford

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Owen Hargreaves er líklega á leið til Manchester United, samkvæmt fjölmiðlum í Englandi. United hefur látið þýsku meistarana í Bayern München fá tilboð í hann. „Tilboðið frá United er frábært,“ lét Hargreaves hafa eftir sér en hann er enskur landsliðsmaður og hefur leikið 35 leiki fyrir Englands hönd. Hans fyrsti landsleikur var vináttulandsleikur gegn Hollandi á White Hart Lane í ágúst 2001 en hann lék frábærlega með liðinu á miðvikudagskvöld í 4-0 sigri gegn Grikklandi.

„Að sjálfsögðu er ég áhugasamur enda er ég enskur landsliðsmaður, maður veit aldrei hvort eða hvenær svona tækifæri býðst aftur. Ég held að það gæti verið rétta skrefið fyrir mig,“ sagði Hargreaves sem er 25 ára. Hann



**OWEN HARGREAVES** Manchester United vill fá hann en Bayern München vill ekki sleppa honum. NORDICPHOTOS/GETTY

var í leikmannahópi Englands á heimsmeistaramótinu 2002 og Evrópumótinu 2004 en átti ekki fast sæti í byrjunarliðinu. Hann var settur í margar mismunandi stöður á vellinum og náði oft á tíðum ekki að sýna sínar bestu hliðar.

Hins vegar var hann frábær á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í sumar og fór á kostum á miðjunni í leikjunum gegn Svíþjóð og Portúgal. Allan sinn atvinnumannaferil hefur hann leikið með Bayern München en sextán ára gamall flutti hann frá fæðingarlandi sínu, Kanada, til Þýskalands. Með Bayern hefur hann unnið þýsku deildina fjórum sinnum og var hluti af liðinu sem vann Meistaradeildina 2001.

Uli Höness, stjórnarmaður Bayern München, hafði sagt að félagið ætlaði sér ekki að selja leikmanninn en sjálfur hefur Hargreaves þrýst á það að fá að fara. Spennandi verður að sjá hvort þeir þýsku verða við óskum hans en talið er að United þurfi að reiða fram þrettán milljónir punda fyrir leikmanninn. - egm

Hollenski sóknarmaðurinn Dirk Kuyt er kominn í búning Liverpool:

## Liverpool er draumafélagið mitt

**FÓTBOLTI** Liverpool vann í gær kapphlaupið við Newcastle um hollenska sóknarmanninn Dirk Kuyt sem kemur frá Feyenoord. Þessi 26 ára sóknarmaður kostar Liverpool rúmar tíu milljónir punda en hann hefur lengi verið heillaður af enska boltanum. „Liverpool er draumafélagið sem ég leitaði að,“ sagði Kuyt við heimasíðu Liverpool. Í maí hafði hann látið hafa eftir sér að það væri draumur að ganga til liðs við Newcastle þegar það félag sýndi honum áhuga.

„Það var ekkert félag eins stórt og Liverpool sem sýndi mér áhuga. Stórkostlegt félag sem er með magnaða sögu,“ sagði Kuyt sem var einnig um tíma orðaður við Tottenham. Hann spilaði með hollenska landsliðinu á HM í Þýskalandi en náði sér ekki á



**DIRK KUYT** Verður með Liverpool í ensku úrvalsdeildinni í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY

strik. Hann hefur þó sýnt mátt sinn í hollensku deildinni þar sem hann hefur raðað inn mörkum.

Feyenoord gerði allt sem það gat til að halda leikmanninum en félagið játaði sig sigrað í gær. „Við gerðum allt sem við gátum til að halda Dirk hjá Feyenoord. Hann var opinn fyrir því að vera áfram en gat á endanum ekki hafnað Liverpool,“ sagði Jorien van den Herik, stjórnarformaður Feyenoord.

Dirk Kuyt er fæddur 22. júlí 1980 og skoraði 71 mark í 101 leik hjá Feyenoord á þeim þremur árum sem hann dvaldi þar. Með þessum kaupum ætti Liverpool að vera búið að loka fyrir leikmannakaup en einnig er annað hægt að segja en að leikmannahópur liðsins sé orðinn ansi sterkur á pappírnum. Liverpool mætir Sheffield United í opnunarleik úrvalsdeildarinnar í hádeginu á laugardag. - egm

# NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ!

Öll skrefin, teygjurnar, svitinn, harðsperrurnar, rigningin, tíminn, vatnssopinn, rokið, maturinn, sólin, blöðrurnar, skórnir, bragðið í munninum, úrið, endaspretturinn, öndunin.
Loksins er komið að því að framkvæma það sem þú hefur verið að búa þig undir. Fréttablaðið styður Reykjavíkurmaraþon Glitnis með stolti og sendir þér baráttukveðjur á stóra deginum.
**Gangi þér vel!**



FRÉTTABLAÐIÐ

Stoltur stuðningsaðili
Reykjavíkurmaraþons Glitnis

Fíton/SÍA

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„Diane was my wife. I loved her, and she loved dope. So we made a good couple.“**

Svar: Bob úr Drugstore Cowboy frá 1989.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON NEYÐIST TIL AÐ HORFA Á ROCKSTAR**

## *Rokkhjartað missir úr slag*

Ég mun aldrei viðurkenna að ég horfi á Rockstar: Supernova mér til ánægju og yndisauka enda fæ ég ekkert út úr því að hlusta á amatöra djöflast á sígildum slögurum sem helstu hetjur rokksögunnar hafa gert ódauðleg. Er enn að jafna mig eftir að hafa horft upp á einhvern stórundarlegan hobbita með fáránlega augnmálningu slátra Stones-laginu Paint it Black. Mick Jagger lagðist veikur í kjölfarið og þarf engan að undra.

Starfsins vegna legg ég það þó á mig að sitja fram eftir nóttu undir þessum ósköpum þar sem við Íslendingar eigum okkar fulltrúa þarna. Ég vissi nú ekkert hver Magni var áður en Supernova-ævintýrið hans hófst en hann má eiga það að hann ber af keppinautunum. Hann skákar þeim á flestum sviðum og býr yfir breidd, hæfileikum og háttprýði sem hin skortir. Þau trompa hann hins vegar í tilgerð og hroka þannig að hann verður væntanlega kominn heim eftir tvær til þrjár vikur þó hann sé í náðinni hjá rokkhundunum þremur sem ráða örlögum keppenda. Það segir auðvitað sitt um úrvalið að íslensk sveitaballakempa skuli skyggja á þá fulltrúa milljónaþjóða sem mættir eru til leiks. Það vantar bara illu heilli allt rokk í okkar mann og þess vegna mun hann ekki þurfa að bergja á þeim beiska kaleik að starfa með þessum þremur útbrunnu rokkhundum. Það er að vísu ákveðin þversögn fólgin í þessu þar sem það kom í ljós á miðvikudagskvöld að Supernova eru óttalegar kerlingar. Goðin tróðu upp í þáttum í gær og voru ekki harðari en svo að Loverboy voru þyngri á sínum tíma.

Skemmtigildi þáttanna felst annars fyrst og fremst í frummanninum Tommy Lee sem er greinilega alveg jafn vitlaus og slúðurfregnir hafa gefið til kynna í gegnum árin. Villimaðurinn úr Motley Crue er orðinn að gömlum, sorglegum kalli en það gleður mig alltaf að horfa upp á útbrunnið lið reyna að klóra í bakkann.



**TOMMY LEE** Rokkhundurinn er orðinn hjákátlegt gamalmenni og trúður sem er óvart fyndinn í hvert skipti sem hann opnar munninn.



▶ **20.05** *Gaman*

FOOLS RUSH IN



▶ **21.20** *Ævintýri*

INDIANA JONES II



▶ **23.40** *Gaman*

ME, MYSELF & IRENE



▶ **20.30** *Gaman*

TRAILER PARK BOYS



▶ **21.10** *Fréttaskýringar*

48 HOURS

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C. Andersen (22:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (17:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.05 Ekki er flas til fagnaðar** (Fools Rush In) Bandarísk bíómynd frá 1997 um par sem ákveður að gifta sig þegar konan verður ófrísk eftir skyndikynni en ólíkur uppruni þeirra verður þeim til trafala.
**21.55 Góður dagur með Gaudi** (Gaudi Afternoon) Spænsk/bandarísk bíómynd frá 2001. Bandarísk kona sem býr í Barcelona fær hjálparbeiðni frá dularfullri konu en ekkert af því sem hún segir reynist satt. Leikstjóri er Susan Seidelman og meðal leikenda eru Judy Davis og Marcia Gay Harden.

**23.25** Gullmót í frjálsum íþróttum **1.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** Alf **10.45** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.35** George Lopez **15.00** Extreme Makeover: Home Edition **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Mr. Bean** (13:14)
**20.05 The Simpsons (8:22)**
**20.30 Two and a Half Men (20:24)** (Tveir og hálfur maður)
**20.55 Derren Brown: Hugarbrellur (3:6)** Sjónhverfingamaðurinn og hugarlesarinn Derren Brown snýr aftur í nýrri þáttaröð þar sem hann býður upp á ótrúlegri hugarbrellur en nokkru sinni hafa sést.
▶ **21.20 Indiana Jones and the Temple of Doom** (Indiana Jones og musteri óttans) Önnur myndin í hinum sívinsæla myndaflokki um ævintýri fornleifafræðingsins og svaðilfarans Indiana Jones. 1984. Bönnuð börnum.

**23.15** Impostor (Stranglega bönnuð börnum) **0.50** Bark! **2.25** Hunter: Return to Justice (Bönnuð börnum) **3.50** The Real Thing (Stranglega bönnuð börnum) **5.15** Fréttir og Ísland í dag

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Bernie Mac (19:22) (e)**
**20.00 Jake in Progress (13:13)**
**20.25 Sirkus RVK (e)**
**20.55 Pípóla (6:8) (e)** Í þættinum Pípóla fara þáttarstjórnendur af stað og kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags.
**21.25 Twins (12:18) (e)** (Blonde Ambition) Lee hjálpar Mitchee að taka sig til fyrir starfsmannapartí.
**21.55 Stacked (10:13) (e)** (Third Date) Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélagana hennar.
**22.25 Sushi TV (10:10) (e)**
**22.55 Invasion (20:22) (e)** (Run And Gun)

▶ **23.40** Me, Myself and Irene (Bönnuð börnum)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.00** Courting Alex (e) **16.30** Point Pleasant (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Melrose Place**
▶ **20.30 Trailer Park Boys** Þegar ekkert virðist ætla að ganga upp hjá Julian tilkynnir hann öllum að hann sé á förum.
**21.00 Parental Control – NÝTT!** Stefnumótaþáttur með skemmtilegri fléttu.
**21.30 The Bachelor VII** Hann er myndarlegur, rómantískur, vel menntaður húmoristi úr viðskiptalífinu og kemur frá upp-örvandi og samheldinni fjölskyldu, piparsveininn sem fannst eftir mikla leit. Hann er mikill ævintýramaður og á eftir að nýta sér það þegar hann byrjar leit sína að hinni einu sönnu ást.
**22.30 Law & Order: Criminal Intent**

**23.20** C.S.I: Miami (e) **0.10** C.S.I: New York (e) **1.00** Love Monkey (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Melrose Place (e) **3.15** Jay Leno (e) **4.00** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Peningarnir okkar** Þáttur um fjármál heimilanna, einskonar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.
**20.00 Fréttayfirlit**
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (10:12)**
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Peningarnir okkar**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Peningarnir okkar

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Cowboy Bebop: Tengoku no tobi **8.00** The Man With One Red Shoe **10.00** The Importance of Being Earne **12.00** Dragonfly (Bönnuð börnum) **14.00** Cowboy Bebop: Tengoku no tobi **16.00** The Man With One Red Shoe **18.00** The Importance of Being Earnest **20.00 Dragonfly** (Drekafluga) **22.00 The Last Samurai** (Síðasti samúræinn) **0.30** Control (Stranglega bönnuð börnum) **2.30** Derailed (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Darkwolf (Stranglega bönnuð börnum)

### SKJÁR SPORT

**18.00** Fallegustu mörkin 2005 – 2006
**19.00 Upphitun**
**19.30 Tímabilið 2006 – 2007**
**20.30 Upprifjun 2005 – 2006**
**21.30 Upphitun (e)** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**22.30 Fallegustu mörkin2005 – 2006 (e)**
**23.30** Dagskrárlok

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **14.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **15.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **17.00** Sexiest Latin Lovers **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Hip Hop Wives **20.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Sexiest Celebrity Brunettes **0.00** THS Hip Hop Wives **1.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **2.00** 101 Most Starlicious Makeovers

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15





*ÍVAR GUÐMUNDSSON*
*9-12 ALLA VIRKA DAGA*

*HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?*

*Bylgjan er vinsælasta útvarpsstöð landsins skv. nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup. Það eru sérlega ánægjuleg tíðindi á afmælisárinu sem eru okkur hvatning til frekari afreka.*

BYLGJAN 20 ÁRA

*- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!*

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

PGA-meistaramótið í golfi **Sýn** kl. 20.00

### *Annar keppnisdagurinn*



Bein útsending frá öðrum keppnisdeginum á PGA-meistaramótinu í golfi sem er síðasta risamót ársins í golfi. Mótið í ár fer að þessu sinni fram á Medinah-vellinum í Illinois-fylki Bandaríkjanna en hann þykir með þeim lengstu í heiminum. Phil Mickelson á titil að verja en hann hefur þegar sigrað á einu risamóti á þessu ári. Hann, ásamt fleiri bestu kylfingum heims, er að sjálfsögðu mættur á völlinn enda vilja allir vinna þetta mót. Í gær hófst keppni og mun henni síðan ljúka á sunnudag. Niðurskurður heldur því áfram í dag og því verður forvitnilegt að sjá hverjir detta út og hverjir halda áfram í þessari erfiðu keppni.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 9 | 6 | 2 | |
| | | | 8 | | | 7 | | |
| | | | | 1 | 7 | 3 | | |
| | | 8 | | | | | 1 | 2 |
| 4 | | | | | | | | 9 |
| 6 | 2 | | | | | 8 | | |
| | | 6 | 3 | 9 | | | | |
| | | 4 | | | 5 | | | |
| | 7 | 3 | 1 | | | 2 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 2 | 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 4 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 4 | 5 |
| 8 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 3 |
| 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 |



▶ **18.30** *Íþróttir*

GILLETTE SPORTPAKKINN

SÝN besta sætið

**15.00** PGA meistaramótið í golfi 2006 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

▶ **18.30 Gillette Sportpakkinn** Magnaður þáttur þar sem allar íþróttir eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í fjöldamörg ár við miklar vinsældir.

**19.00 Súpercross** (World Supercross GP 2005-06)

**20.00 PGA meistaramótið í golfi 2006** (US PGA Championship 2006)Bein útsending frá öðrum degi PGA meistaramótsins í golfi sem fram fer í Illinois í Bandaríkjunum. Þetta er síðasta risamótið af fjórum og hér á Phil Mickelson titil að verja en hann hefur þegar sigrað á einu risamóti á þessu ári. Nú skýrist hverjir komast í gegnum niðurskurðinn eftir tvo leikdaga af fjórum.

**23.00** Pro Bull Riders **23.55** Supercopa 2006 (Espanyol – Barcelona)

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.10** Veðurfregnir **16.13** Djassgallerí New York **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.00** Litla flugan **19.40** Samfélagið í nærmynd **20.40** Kvöldtónar **21.00** Bryggjuball **21.55** Orð kvöldsins **22.10** Veðurfregnir **22.15** Músík og mas **23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Næturvaktin

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




VAKNAÐU VEL

Heimir og Sirrý vekja Íslendinga með fréttatengdum dægurmálaþætti.
Ísland í bítið á NFS, Stöð 2 og Bylgjunni alla virka daga frá 7 - 9.

NFS 2 BYLGJAN 989 nfs@365.is digital ísland vísir VEF TV Skjárinn Breiðband Símans



## HRÓSIÐ

*...fær Ómar Ragnarsson fyrir að senda ráðherrum landsins opið bréf og bjóða þeim í skoðunarferð um Kárahnjúkasvæðið.*

# Taco Bell í Hafnarfjörð

Veitingastaðurinn Taco Bell mun opna í nóvember í húsnæði KFC í Hafnafirði. Þetta er fyrsti Taco Bell staðurinn sem mun opna utan Ameríku, að bandarískum varnarsvæðum undanskildum.

„Við höfum verið að berjast fyrir því í mörg ár að fá leyfi fyrir þessu merki,“ segir Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri KFC á Íslandi. Taco Bell-staður var á varnarliðssvæðinu á Miðnesheiði en hann hvarf með hernum.

Taco Bell afgreiðir mexíkóskan mat í skyndibitaformi og telur Kristín að það fari ágætlega saman að afgreiða slíkan mat með kjúklingnum á KFC. „Þetta tíðkast í Ameríku og gengur vel þar,“ segir Kristín, sem er dóttir Helga Vilhjálmssonar í sælgætisverksmiðjunni Góu.

Taco Bell-staðurinn mun sem fyrr segir opna í nóvember en fyrirhugað er að opna fleiri slíka staði um allt land.

Þess má til gamans geta að fyrsti KFC staðurinn hér á landi opnaði einmitt í Hafnarfirði.



**HELGI Í GÓU** Dætur Helga hafa séð um rekstur KFC á Íslandi og nú bætist Taco Bell við.



**MINI ME** Dvergurinn Wern Troyer, sem lék Mini me í Austin Powers myndunum, kom um tíma fram fyrir hönd Taco Bell.



**TACO BELL** Vinsæli skyndibitinn á leið til landsins.



**LÁRÉTT** 2 eyja 6 hæð 8 efni 9 arr 11 númer 12 harmur 14 teiti 16 í röð 17 rá 18 spíra 20 til 21 hjartaáfall.

**LÓÐRÉTT** 1 dýrka 3 bardagi 4 bragðefni 5 drulla 7 hringfari 10 litningar 13 loft 15 lands 16 rámur 19 samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 java, 6 ás, 8 tau, 9 sig, 11 nr, 12 tregi, 14 knall, 16 hí, 17 slá, 18 ála, 20 að, 21 slag.

**LÓÐRÉTT:** 1 dást, 3 at, 4 vanilla, 5 aur, 7 sirkill, 10 gen, 13 gas, 15 láðs, 16 hás, 19 aa.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Elín Thorarensen.
2. Sirkus.
3. Snakes on a Plane.

allt
bílar
Alla laugardaga

HEMMI GUNN: STJÓRNAR NÝJUM SKEMMTIÞÆTTI Í BEINNI

# Tekur á móti stórstjörnum í miðborginni

Hermann Gunnarsson, betur þekktur sem Hemmi Gunn, stjórnar nýjum skemmtiþætti, Í sjöunda himni, sem verður á dagskrá Stöðvar 2 á fimmtudagskvöldum í vetur. Þátturinn verður í beinni útsendingu frá skemmtistaðnum Nasa í miðbæ Reykjavíkur en gert er ráð fyrir að hann hefji göngu sína í lok september. Stöð 2 og Saga Film, sem framleiða þættina, ætla að tjalda öllu til við gerð þáttarins, sem verður einstakur að sögn þeirra sem til þekkja. Var lögð mikil vinna í að finna rétta upptökustaðinn og kom gamla Sjónvarpshúsið á Laugaveginum til greina. Að endingu var ákveðið að velja skemmtistaðinn Nasa sem hefur að undanförnu hýst tónleikahald í miðborginni.

Verið er að hanna svið fyrir þáttinn og þá stendur einnig yfir leit að tónlistarmönnum í hljómsveit hússins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa margir valinkunnir hljóðfæraleikarar boðið fram aðstoð sína en tónlistin leikur stórt hlutverk í þáttunum. Þá gera aðstandendur þáttarins sér vonir um að þær alþjóðlegu stórstjörnur sem sækja landið heim öðru hvoru, muni sjá sér fært að mæta í þáttinn til Hemma, eins og gengur og gerist í svipuðum þáttum á Norðurlöndunum. Ljóst má vera að stjórnendur Stöðvar 2 binda miklar vonir við vinsældir Hemma þar sem brúðuþátturinn Búbbarnir, sem upphaflega var gert ráð fyrir að yrði á laugardagskvöldum, hefur verið settur á undan Í sjöunda himni.

Hemmi var að venju í miklu stuði þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann hefur stjórnað þættinum Það var lagið sem nú leggst í dvala eftir að hafa notið mikilla vinsælda, ekki síst úti á landi að sögn Hemma. Ekki var annað að heyra en að sjónvarpsmaðurinn væri ákaflega spenntur fyrir þessu nýja verkefni. „Ég tók mér tíma til að spá aðeins í hvort þetta væri eitthvað fyrir mig og þegar kom í ljós að þátturinn átti að vera í beinni útsendingu og það átti að kasta svolitlu til gat ég ekki annað en verið með,“ segir Hemmi. „Nú er ég bara kominn í stuttbuxurnar og farinn að hlakka til,“ bætir hann við og hlær. Aðspurður hvort hann væri ekki smeykur við að þátturinn yrði alltaf borinn saman við hin geysivinsæla Á tali sagði Hemmi: „Það er enginn að finna upp hjólið í þessum bransa og þetta verður bara stækkuð mynd af þeim ágæta þætti í nútímanum.“



**HEMMI GUNN** Býður unga sem aldna velkomna í sófann til sín í nýjum skemmtiþætti sem ber heitið Í sjöunda himni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þættirnir verða eins og áður segir á fimmtudagskvöldum sem hingað til hafa ekki verið vinsæl sjónvarpskvöld í íslenskri dagskrárgerð. Hemmi blæs þó á allar efasemdaraddir enda sátu sjötíu prósent af þjóðinni límd fyrir framan skjáinn á miðvikudagskvöldum þegar Hemmi tók á móti góðum gestum í sjónvarpssal fyrir rúmum áratug. „Þetta verða bara sjónvarpskvöldin í vetur,“ lýsir Hemmi yfir og rýkur út í veðurblíðuna.

- fgg

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndatökumaðurinn **Óttar Guðnason** hefur verið ráðinn til að stjórna upptökum á næstu hasarmynd Hollywoodleikstjórans **Jan de Bont**, Stopping Power, eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu. Nú berast þær fregnir frá englaborginni að gerð myndarinnar hafi verið frestað fram á næsta ár en ekki fengust uppgefnar ástæður þess.



Óttar mun því væntanlega einbeita sér að gerð auglýsinga næstu mánuðina en hann hefur skapað sér gott nafn á þeim vettvangi erlendis, einmitt í félagi við áðurnefndan de Bont.

Í nýjasta hefti breska tímaritsins Esquire er fjallað um þrjár skandinavískar söngkonur sem spáð er góðu gengi á næstunni. Ein þeirra er fyrrum Gus Gus-söngkonan **Hafdís Huld Þrastardóttir** sem hefur verið búsett í London undanfarin fimm ár. Fyrsta sólóplata Hafdísar, Dirty Paper Cup, kemur út í byrjun október. Í viðtalinu lýsir blaðamaðurinn því að hreimur Hafdísar sé enn augljós þrátt fyrir að hún hafi búið lengi í London. Hafdís gerir heldur ekkert til að draga úr hefðbundinni ímynd sem erlendir blaðamenn draga upp af íslenskum tónlistarmönnum, talar um að álfar og fleira í þeim dúr hafi mikil áhrif á yrkisefni sín.



Karl Júlíusson leikmyndahönnuður er sagður vera með enn eitt stórt verkefni í burðarliðnum. Frægt varð þegar Karl var fenginn til að hanna leikmynd fyrir stórmyndina K-19 sem **Kathryn Bigelow** leikstýrði og **Ingvar E. Sigurðsson** fór með hlutverk í. Hermt er að Kathryn hafi verið svo ánægð með störf Karls að hún sé búin að bóka hann fyrir næstu mynd sína. Sú mynd er þó ekki komin lengra í framleiðsluferlinu en svo að hennar er ekki getið á imdb.com, biblíu kvikmyndaáhugamanna en þess verður vart langt að bíða.



-hdm



Stór humar, túnfiskur og úrval fiskrétta á grillið

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Tómur klukkuturn á afmælinu

Klukkuturninn í Melaskóla hefur sýnt Vesturbæingum hvað tímanum líður undanfarin sextíu ár. Því hefur einhverjum brugðið í brún við að líta á turninn þar sem nú blasa við tómir gluggar þar sem klukkurnar voru eitt sinn.

„Klukkurnar voru teknar niður því það er verið að gera við turninn, hann lekur svo mikið,“ segir Ragnar Jónsson, umsjónarmaður í Melaskóla, um klukkuskortinn. Vesturbæingar geta því andað léttar því von er á klukkunum aftur í turninn.

Aðspurður segist Ragnar þó ekki búast við því að klukkurnar verði komnar í gagnið á ný áður en skólinn byrjar aftur í næstu viku. „Það er svo erfitt með iðnaðarmennina sem hafa svo mikið að gera,“ segir Ragnar en iðnaðarmenn borgarinnar hafa víst í nógu að snúast áður en grunnskólarnir byrja á ný.

Tækifærið var nýtt við turnviðgerðirnar til að koma fyrir rafmagnsmótor í klukkuna sem snýr út að Hagamelnum en hún hefur farið „frjálslega“ með tímann upp á síðkastið. Ragnar segist vona að nýr mótor tryggi að klukkan komist í lag og fari að slái í takt við systur sína sem snýr út að Melaskólaplaninu.

Melaskóli er sextíu ára í haust og verður haldið upp á afmælið með pompi og pragt. Ragnar segist ekki geta staðfest að klukkurnar verði komnar upp áður en haldið verður upp á afmælið snemma í október. „Þetta verður vonandi komið í lag því auðvitað er mjög tómlegt að sjá turninn svona.“

- at



**KLUKKURNAR BÍÐA** Iðnaðarmenn Borgarinnar hafa ekki tíma til að setja klukkurnar aftur upp í turn Melaskóla, sem heldur upp á sextíu ára afmæli sitt í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN


Skór fyrir skólann
...frábær verð!
VERÐ: 3.995 kr. STÆRÐIR: 27-35
VERÐ: 7.995 kr. STÆRÐIR: 41-46
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-46
VERÐ: 11.995 kr. STÆRÐIR: 37-41
VERÐ: 2.995 kr. STÆRÐIR: 36-46
VERÐ: 7.995 kr. STÆRÐIR: 27-46
VERÐ: 4.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 11.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 5.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 7.995 kr. STÆRÐIR: 36-41
MIAMI VICE
HÖNNUN GREIND
Bíómiði
fylgir hverju pari á meðan birgðir endast!
Haust 2006
EURO SKO
Kringlan 568 6211
*BIRT MEÐ FYRIRVARA UM MYNDBRENGL OG PRENTVILLUR

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR
SIGURJÓNS KJARTANSSONAR

# Plott

Flott hefur stundum þótt að hafa plott. En eitthvað segir mér að plott séu að fara út tísku. Á kaldastríðsárunum voru plott inni en nú eru þau úti. Framsóknarflokkurinn staðfestir það nú í eitt skipti fyrir öll.

**ÞEGAR** Halldór Ásgrímsson hætti í sumar var hann blindaður af þeirri lummulegu skoðun að plott væru flott og taldi mikilvægt að hrista eftirmann fram úr erminni, svona eins og ás í pókerspili. Óvæntan eftirmann.

**EFTIRMAÐURINN** óvænti hljóp spangólandi fram á sjónarsviðið líkt og Tarzan apabróðir. Margt er reyndar líkt með Tarzan og eftirmanninum, Jóni Sigurðssyni. Þeir eru báðir kraftalega vaxnir og hvorugur kann að tala við fréttamenn.

**JÓNI** er ætlað að bjarga flokknum og endurheimta agann sem Halldór glopraði niður í sinni tíð. Gott plott. En það er aðeins eitt sem virðist hafa gleymst að hugsa fyrir. Til að geta stjórnað flokki og haldið aga þarf flokkurinn að vera til. Og það verður hann ekki eftir næstu þingkosningar.

**NEMA** að plottið sé svo gott að öll kurl séu ekki komin til grafar. Til eru þeir menn sem halda því fram að við höfum ekki séð allt. En spennandi. Eða hitt þó heldur.

**AF** hverju ætli plott virki ekki lengur? Kannski vegna þess að mannskepnan hefur þróast og þroskast og menn hafa komist að því að það er miklu heillavænlegra að tala bara saman og segja skoðun sína umbúðalaust í stað þess að senda mönnum óræð skilaboð í gegnum torskilin plott.

**EN** það tíðkast ekki í Framsóknaflokknum að segja hluti umbúðalaust. Enda væri það illframkvæmanlegt þar sem flokkurinn hefur ekkert að segja. Hann hefur enga stefnu. Allavega enga sem hann vill að komi fram í dagsljósið. Ekki frekar en ítalska mafían.

**ENDA** er stefna þeirra svipuð. Trygging innvígðra á öruggri framfærslu um ókomin ár gegn því að þeir vinni fyrir hagsmuni klúbbsins, sem mun veita þeim örugga vernd.

**ÞESS** vegna þurfa framsóknarmenn alltaf að hafa plott. Í hverri viku þurfa þeir nýtt handrit til að leika eftir. En það er flopp í aðsigi. Plottið er orðið þunnt.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000







Lækkaðu ferðakostnaðinn enn meira með MasterCard ferðaávísun!

SUMARAUKI
Í BOÐI MASTERCARD

MasterCard býður korthöfum sínum einstök tilboð á sólríka og freistandi áfangastaði Sumarferða.

Þú finnur Sumarauka MasterCard á www.sumarferdir.is. Tilboðið gildir í valdar ferðir með brottför 22. ágúst–15. september.

**Eingöngu er hægt að bóka á netinu** en mundu að nú er hægt að dreifa greiðslum á www.sumarferdir.is.

BENIDORM & CALPE (Costa Blanca)
Afslöppun í góðri íbúð frá **39.000,-**

LANZAROTE
Fimm stjörnu lúxus frá **52.900,-**

TENERIFE
Fimm stjörnu lúxus frá **49.900,-**
Íbúðir frá **39.900,-**

MALLORCA
Frábærar íbúðir frá **34.500,-**

Verð er á mann í viku. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

SUMAR FERÐIR
MasterCard

Nánari upplýsingar á kreditkort.is eða sumarferdir.is